MYRIAM STEINUNN GUÐMUNDSDÓTTIR
*Dáir hvítt leður*
Tíska Heilsa Heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




RÁÐSTEFNUR OG HVATAFERÐIR
*Fjör á fjórhjóli*
Sérblað um hópefli og ferðalög
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. september 2006 — 259. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Sitji guðs englar á sviði Þjóðleikhússins



Guðrún Helgadóttir rithöfundur samdi vinsælar sögur um stórfjölskyldu á stríðsárunum en leikgerð byggð á sagnaþrenningu hennar verður frumsýnd á morgun.

MENNING 40

### Old Spice svífur yfir vötnum á ný

Gauti Torfason flytur inn Old Spice og vill auka veg rakarastofunnar sem athvarf karlmannsins.

TILVERAN 18

### Bannaðir í Bretlandi



Ómar Örn Hauksson og Hannes Friðbjarnarson þykja ekki æskilegar fyrirmyndir breskra unglinga.

FÓLK 58

### Ólafur til Fram



Skagamaðurinn Ólafur Þórðarson mun þjálfa Fram næstu þrjú árin. Hann neitaði hins vegar að skrifa undir samninginn í gær þar sem hann er mjög hjátrúarfullur maður.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




VINDASAMT - Í dag verður yfirleitt stíf norðaustanátt, hvassast norðvestan og suðaustan til. Rigning við suðurströndina, skýjað og úrkomulítið vestan til, annars rigning eða súld með köflum. Hiti 6-14 stig, mildast syðra.

VEÐUR 4

# Afrituðu tölvupóst af Hotmail og Yahoo

**Í máli Íslenskrar erfðagreiningar gegn fyrrverandi starfsmönnum sínum er lagður fram fjöldi einkatölvubréfa. ÍE telur sig hafa heimild til að skoða póstinn til að verja sína hagsmuni. Persónuvernd segir aðferðina geta varðað við hegningarlög.**

**DÓMSMÁL** Í máli Íslenskrar erfðagreiningar gegn fimm fyrrverandi starfsmönnum sínum leggur fyrirtækið fram fjöldann allan af tölvubréfum sem hinir stefndu sendu sín á milli og til aðila á Barnaspítala Fíladelfíu, þar sem fjórir þeirra starfa nú.

Tölvupósturinn er sendur frá einkanetföngum sem starfsmennirnir stofnuðu hjá þekktum fyrirtækjum á borð við Hotmail og Yahoo en vistuðust inni á gagnagrunni Íslenskrar erfðagreiningar þar sem hann var sendur úr tölvum fyrirtækisins. Samkvæmt upplýsingum Persónuverndar eru engar þekktar dómaframkvæmdir til á Íslandi um eftirlit eða afritun einkafyrirtækis á einkatölvupósti manna og því ljóst að um fordæmisgefandi mál er að ræða.

Þórir Haraldsson, lögmaður Íslenskrar erfðagreiningar, segir að allur tölvupósturinn sem var skoðaður hafi verið vistaður á tölvum fyrirtækisins og samkvæmt 7. tölulið 9. greinar persónuverndarlaga þá hafi fyrirtækið heimild til þess að fara í þessi gögn til að verja sína lögmætu hagsmuni.

Særún María Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd, segir að almennt sé meginreglan sú að fyrirtæki megi ekki skoða einkatölvupóst starfsmanna þó hann sé móttekinn á tölvu eða hugbúnaði fyrirtækisins. Greinina sem Íslensk erfðagreining vísi í sé ekki hægt að styðjast við til að fara inn í einkagögn. Undantekningar séu þó í mjög þröngum tilvikum þegar um er að ræða skæðan tölvuvírus eða annað af þeim meiði. Hún segir að það geti jafnvel varðað við hegningarlög ef fyrirtæki opni slíkan póst.

„Það er svipað og að fara heim til þín og opna þar sendibréf stílað á þig. En 228. grein hegningarlaganna tekur til einkamála fólks. Það getur vel verið að viðskiptaleyndarmál falli ekki undir þau lög. Það er bara ekki til nein framkvæmd um það á Íslandi.“ - þsj / sjá síðu 2



**ÓMAR RAGNARSSON** Ómar fer bátsferð sem ekki verður endurtekin.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vatnssöfnun í Hálslón:

## Ómar fer á báti niður gljúfrin

**KÁRAHNJÚKAR** Ómar Ragnarsson, fréttamaður Ríkisútvarpsins, ætlar sér að fara á báti frá Sauðá og niður eftir gljúfrunum sem fara undir Hálslón, þegar vatnssöfnun í lónið hefst í dag.

„Við ætlum okkur að sigla á slóðum sem aldrei hefur verið siglt eftir fyrr, og aldrei verður siglt eftir aftur,“ sagði Ómar í gærkvöld þegar hann var að undirbúa bátinn undir ferðina. - mh

Slökkt á öllum götuljósum:

## Uppselt í Perlunni í kvöld

**MYRKVUN Í tilefni af opnun Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík verða öll götuljós í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum slökkt frá klukkan 22.00-22.30 í kvöld.**

**Mikil eftirvænting virðist meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins vegna þessa gjörnings sem birtist meðal annars í því að öll borð í Perlunni eru frátekin í kvöld en þar verður útsýnið eins og best verður á kosið. Samkvæmt upplýsingum í bókun Perlunnar heyrir slíkt til algerra undantekninga á fimmtudögum nema í kringum jól.**

- hs/kdk / sjá síðu 16



**DRÖG LÖGÐ AÐ LANDVINNINGUM Á SKÓLALÓÐINNI** Landafræðinámið í Hagaskóla virkar óneitanlega spennandi í veðurblíðunni. Þessir krakkar höfðu engan tíma fyrir ljósmyndara svo uppteknir voru þeir af því að kanna lendur heimsins með bækur og hugarflug að vopni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Endurfjármögnun allra bankanna lokið fyrir árið 2007:

# KB banki sótti 210 milljarða

**FJÁRMÁLAKERFIÐ** KB banki lauk í gærkvöldi við útgáfu skuldabréfa fyrir þrjá milljarða Bandaríkjadala eða 210 milljarða króna. Bankinn hefur því lokið endurfjármögnun allra langtímalána sem eru á gjalddaga næsta ár. Þetta er stærsta skuldabréfaútgáfa íslensks banka.

Glitnir lauk slíkri fjármögnun fyrir nokkru og Landsbankinn einnig með stórri útgáfu fyrir um mánuði. Þar með hafa allir bankarnir lokið fjármögnun langtímalána næsta árs, en óvissa um kjör og hversu hratt það tækist var meðal þess sem erlendir greinendur tiltóku sem veikleika í starfsemi þeirra.

Skuldabréfaútgáfa KB banka er þrískipt, til þriggja, fimm og tíu ára. Kjörin á þriggja ára bréfunum eru 70 punktar eða 0,7 prósentustig yfir millibankavöxtum. Trú á íslensku bankana hefur farið vaxandi á ný og nýtur KB banki þess í fimm punkta betri kjörum í þessu útboði, en Landsbankinn fyrir mánuði. Alls nam upphæð þriggja ára bréfanna einum milljarði dala, 1,5 milljarðar voru til fimm ára og 500 milljónir dala til næstu tíu ára.

Kaupendur skuldabréfa í útboði KB banka voru um 200 bandarískir stofnanafjárfestar sem óskuðu eftir sem nemur 630 milljörðum króna, en 210 voru í boði. - hh



## SPURNING DAGSINS



*Er gjörbreyting góð breyting?*

Mörgum finnst eflaust jákvætt að herinn sé að fara en á sama tíma hafa stjórnvöld náð að viðhalda nánu varnarsamstarfi við Bandaríkin.

Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur sagði í Fréttablaðinu í gær gjörbreytingu hafa átt sér stað á varnarsamstarfinu.

Hönnuður Kárahnjúkastíflu segir opinbert eignarhald á Landsvirkjun óskynsamlegt:

# Opinber eiga skapar vanda

**KÁRAHNJÚKAR** Pálmi Jóhannesson, hönnuður Kárahnjúkastíflu, segir það mikilvægt til framtíðar litið að Landsvirkjun verði gerð að hlutafélagi.

„Svo lengi sem Landsvirkjun er í opinberri eigu er ekkert óeðlilegt við það að fólk láti sig framkvæmdina varða. Eðlilegast er að fyrirtækin, sem fá heimild til þess að nýta sér orkulindir, séu í eigu einkaaðila. Það er skynsamlegra að einkaaðilar fari út í framkvæmdirnar eins og þessar. Þá ráða þeir sem taka áhættuna för, það eru þeir sem leggja til fjármagnið en ekki stjórnmálamenn sem alltaf berjast hver á móti öðrum,“ segir Pálmi sem komið hefur að hönnun vatnsaflsvirkjana í fimmtán löndum á yfir 30 ára löngum ferli sem hönnuður.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segist ekki vera tilbúinn til þess að láta draga sig inn í umræðu af þessu tagi. „Ég er ekki tilbúinn til þess að láta draga mig inn í umræðu af þessu tagi. En mér sýnist Pálmi Jóhannesson, sem ég þekki ekkert til, vera að blanda saman algjörlega óskyldum málum.“ - mh



**PÁLMI JÓHANNESSON** Svo lengi sem Landsvirkjun er í opinberri eigu er eðlilegt að fólk láti framkvæmdina sig varða.

ÖBÍ sendir stjórnsýslukæru:

# Segir brotið á öryrkjum

**RÉTTINDAMÁL Öryrkjabandalagið hefur sent fjármálaráðherra stjórnsýslukæru fyrir hönd sjö félagsmanna sinna vegna skerðingar lífeyrisgreiðslna. Telur Öryrkjabandalagið að við ákvörðunina um lækkunina, hafi ekki verið fylgt stjórnsýslureglum, fólki ekki gefinn kostur á að andmæla lækkuninni auk þess sem fólkinu hafi ekki verið leiðbeint nægjanlega um hvernig það gætu brugðist við. Einnig telur Öryrkjabandalagið að réttur fólksins til greiðslna njóti verndar stjórnarskrárinnar. Með lækkuninni sé brotið gegn eignarrétti þeirra.** -kdk



**FRÁ FUNDINUM** Fóru yfir alla þætti virkjanaframkvæmdanna.

Fundað um vatnssöfnun:

# Funduðu fram á kvöld

**KÁRAHNJÚKAR** Farið var yfir alla verkþætti Kárahnjúkavirkjunar í gærkvöldi og endanleg ákvörðun um tímasetningu vatnssöfnunar í Hálslón tekin að þeirri athugun lokinni. Hönnuðir virkjunarinnar, framkvæmdaeftirlitið, talsmenn verktakans Impregilo og Landsvirkjunar skrifuðu upp á samninga í gærkvöldi þar sem það var skjalfest, að mannvirkin væru tilbúin til þess að hefja söfnun vatns í Hálslón. - mh

Sér ekki galla hjá Hæstarétti:

# Vísar máli dagföður frá

**DÓMSSTÓLAR Mannréttindadómstóllinn í Strassborg hefur vísað frá máli dagföður í Kópavogi sem dæmdur var fyrir manndráp af gáleysi árið. Honum var gefið að sök að hafa hrist níu mánaða dreng svo harkalega, meðan hann var í umönnun hans, að hann lést skömmu síðar. Hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi í héraðsdómi árið 2001 en dómurinn var styttur um helming fyrir Hæstarétti.**

**Maðurinn og verjandi hans töldu galla á málsmeðferðinni og var málinu því skotið til Mannréttindadómstólsins. Mannréttindadómstóllinn sér ekki að galli hafi verið á málsmeðferðinni fyrir Hæstarétti og mun því ekki taka málið fyrir.** - kdk

# Olíumengun við veturstöðvar fugla

**Þrjátíu mengaðir staðir eru innan varnarsvæða á Íslandi. Alvarleg mengun getur verið á Stokksnesi og Stafnesi nærri svæði á náttúruminjaskrá. Varnarliðið virðist aðeins telja sig bera ábyrgð á átta menguðum svæðum.**

**UMHVERFISMÁL** Þrjátíu mengaðir staðir eru innan varnarsvæða á Íslandi, að sögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Á flestum stöðum hefur mengunin verið staðfest með rannsóknum en sum svæðin hafa ekki verið rannsökuð. Út frá sögulegum heimildum má þó ætla að þau séu menguð.

Þetta kemur fram í yfirliti sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vann í vor fyrir varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Í yfirlitinu kemur fram að gömlu ruslahaugarnir ofan við Hafnaveg hafi ekki verið rannsakaðir en þar sé líklega mesta mengunin. Haugarnir hafi verið notaðir fram á áttunda áratuginn og á þessum árum hafi mikið verið notað af klórheldnum leysiefnum.Hér kann að vera á ferðinni mest mengaða svæðið innan varnarsvæða,“ segir í yfirlitinu.

Staðfest er að PCB lekur frá gömlum urðunarstað varnarliðsins á Stokksnesi auk þess sem umtalsvert magn af olíumengun er á svæðinu. „Gat kom á lagnir við olíugeymi við kafbátahlerunarstöðina nærri Stafnesi,“ segir einnig. „Varlega áætlað eru tugir tonna af olíu sem fljóta þar á grunnvatninu. Fyrr eða síðar, ef ekkert verður að gert, má ætla að olían seytli út í fjöruna. Rétt sunnan við svæðið eru Ósabotnar sem eru á náttúruminjaskrá,“ segir ennfremur og bent er á að þar hafi margir fuglar veturstöðvar.

Margir aðrir staðir eru nefndir, til dæmis fjarskiptastöð flotans þar sem allt að tuttugu og fimm tonn af olíu láku úr geymum árið 1989. Mengun í grunnvatni hefur verið staðfest. Þá flæddu tonn af olíu úr tanki við olíuafgreiðslustöð um 1995 og árið 1989 bilaði loki í eldsneytiskerfi. Óþekkt magn af olíu flæddi úr geyminum.

Mengun er talin á gömlu æfingasvæði flugvallarslökkviliðs og nítratmengun hefur verið staðfest í grunnvatni. Þá er talin mengun allt í kringum flughlöðin auk þess sem rannsaka þyrfti olíuleka við olíubirgðastöðina í Hvalfirði.

Í sambærilegri skýrslu Bandaríkjahers kemur fram að sextíu staðir séu hugsanlega mengaðir innan varnarsvæða á landinu en mengun talin líklegust á fjórtán stöðum. Gamli ruslahaugurinn er sérstaklega nefndur svo og nítratmengun í grunnvatni. Svo virðist sem varnarliðið telji sig aðeins bera ábyrgð á átta af þessum fjórtán stöðum, samkvæmt orðunum „US exercises no control“ við hina sex. ghs@frettabladid.is



**SAMNINGANEFNDIR ÍSLANDS OG BNA** Samkomulag er um að Íslendingar standi straum af hreinsun vegna mengunar sem herinn skilur eftir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**SOLANA OG LARIJANI** Vel fór á með þeim í Berlín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfram rætt um Íran:

# Bandaríkin láta af þrýstingi

**BERLÍN, AP** Ali Larijani, aðalsamningamaður Írana í kjarnorkumálum, hitti í gær Javier Solana, utanríkismálafulltrúa Evrópusambandsins, í Berlín þar sem þeir hófu að nýju viðræður um kjarnorkuáform Írana.

Condolezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hringdi í Solana í gær og sagði hann hafa fullan stuðning Bandaríkjanna. Sean McCormack, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, sagði Bandaríkin reiðubúin að veita Írönum nokkurra vikna frest til þess að ljúka viðræðum áður en áfram verður haldið að ýta á um refsiaðgerðir. - gb

Lögmaður ÍE:

# Fordæmalausar iðnaðarnjósnir

**DÓMSMÁL** Þórir Haraldsson, lögmaður Íslenskrar erfðagreiningar segir að ekkert fordæmi sé í íslenskri lagaframkvæmd fyrir iðnaðarnjósnum af því tagi, sem fimm fyrrum starfsmenn fyrirtækisins eru sakaðir um.

„Þetta mál er sérstaks eðlis og það fyrsta sinnar tegundar sem kemur upp á Íslandi,“ segir Þórir. „Ég tel vafalaust að margir angar þess verði til þess að menn þurfi að fara yfir reglurnar sem um þetta gilda í þessu samfélagi. Magn og umfang þessara svika eru geysileg. Þess vegna tel ég okkur hafa haft heimild til að leita þessara gagna. Þessar aðferðir eru alls ekki óvenjulegar miðað við þær sannanir og þær vísbendingar sem við höfðum fyrir okkur.“

Þórir bendir á að skýrar reglur séu innan fyrirtækisins sem heimila skoðun á tölvupósti ef grunur vaknar um að starfsreglur fyrirtækisins hafi verið brotnar. „Þessar reglur eru að okkar mati í fullu samræmi við vinnureglur Persónuverndar.“ - þsj




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Maður dæmdur í fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands:

# Nauðgaði 15 ára gamalli stúlku

**DÓMSMÁL** Euardo Useda Correra, Kolumbíumaður sem búsettur hefur verið á Íslandi um skeið, var í gær dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands, fyrir að nauðga fimmtán ára stúlku. Maðurinn, sem er 44 ára, var dæmdur til að sæta fangelsi í tvö og hálft ár. Þá var honum gert að greiða stúlkunni 700 þúsund krónur í miskabætur með vöxtum og dráttarvöxtum. Loks var hann dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, rúmlega 600 þúsund krónur.

Kærasti stúlkunnar var við vinnu á veitingastað á Hellu kvöldið sem atburðurinn átti sér stað. Er hann kom heim tjáði stúlkan honum grátandi að Correra hefði nauðgað sér fyrr um kvöldið í sófa í holi fyrir framan sjónvarp. Holið var sameiginlegt rými leigjenda, en kærasti stúlkunnar leigði herbergi á efri hæð hússins, þar sem eru nokkur herbergi í útleigu.

Í niðurstöðum dómsins kemur fram að stúlkan hafi lýst aðdraganda nauðgunarinnar og atburðinum sjálfum þannig að dómurinn dragi ekki í efa vitnisburð hennar. Frásögn kærasta stúlkunnar færi vitnisburði hennar aukið vægi, þrátt fyrir tengsl þeirra. Niðurstöður úr DNA-rannsókn á sæði Kólumbíumannsins, sem fannst í handklæði sem hann hafði notað til að þurrka sig upp úr sófanum, færi auk þess lögfulla sönnun á því að hann og stúlkan hafi haft kynmök umrætt kvöld, þrátt fyrir neitun og síðan minnisleysi mannsins. - jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Réttindalaus í umferðinni

Héraðsdómur Suðurlands dæmdi mann um þrítugt í 30 daga fangelsi í gær fyrir að hafa ekið bíl án ökuréttinda og fyrir að hafa skýrt lögreglu rangt frá nafni sínu og fæðingardegi. Hann játaði brot sín fyrir dómi. Refsingin fellur niður haldi hann skilorð í tvö ár.




# Slökkvum ljósin og horfum á stjörnurnar

## Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

Í kvöld klukkan 22.00 getum við slökkt ljósin og opnað leiðina til stjarnanna.
Lengi hefur birta borgarljósanna takmarkað sýn okkar inn í dýpt himinsins. En í einn hálftíma slokkna götuljósin, við teygjum okkur í rofana, heimilin myrkvast, við förum út og sjáum opnunarsýningu Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík: sjáum stjörnurnar lifna á himninum.

Myrkvun borgarinnar er einstakur atburður sem við hvetjum alla til að taka þátt í að skapa.

Öll götuljós á höfuðborgarsvæðinu frá Reykjanesbæ og upp á Akranes verða slökkt klukkan 22.00 og kveikt aftur klukkan 22.30. Umferðarljós verða að sjálfsögðu í gangi og lögreglan verður með sérstaka vakt vegna atburðarins. Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur lýsir því sem fyrir augum ber beint á Rás 2.

Og til að ná hámarksáhrifum þarft þú að vera með, slökkva ljósin á þínu heimili eða vinnustað og koma síðan út og njóta stjarnanna með okkur.

Vertu með.
Slökkvum ljósin. Opnum augun. Horfum á stjörnurnar. Saman.

## í kvöld kl. 22:00

Reykjavík International Film Festival

Landsbankinn

## GENGIÐ 27.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,72 | 70,06 |
| Sterlingspund | 131,73 | 132,37 |
| Evra | 88,47 | 88,97 |
| Dönsk króna | 11,859 | 11,929 |
| Norsk króna | 10,689 | 10,751 |
| Sænsk króna | 9,541 | 9,597 |
| Japanskt jen | 0,5939 | 0,5973 |
| SDR | 103,12 | 103,74 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,3617

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ellefu hundruð manns skora á Árna Johnsen:

# Líkur á framboði Árna aukast

**STJÓRNMÁL**. „Já, ég er búinn að fá í hendur bréf frá fólki um allt Suðurkjördæmi. Og lista með 11 hundruð áskorunum þess efnis að ég gefi kost á mér,“ segir Árni Johnsen.

Miklar vangaveltur hafa verið uppi um hvort Árni Johnsen muni gefa kost á sér í prófkjör Sjálfstæðismanna fyrir næstu alþingiskosningar. Hann myndi þá bjóða sig fram í Suðurkjördæmi. Árni segir þennan mikla gang í undirskrifasöfnun ekki draga úr sér nema síður sé. „Ég held strikinu og svo er að taka stefnuna á markið.“

Að sögn Árna er ákvörðunar að vænta fljótlega í framhaldi af þessu. „Þetta gleður mig mjög og er mikil hvatning. Og ekki síst fyrir það að áskoranir berast úr öllum byggðarlögum, sveitum og af sjó. Nú síðast fékk ég fax frá báti, Drangavíkinni, sem er með tíu menn í áhöfn. Þar voru átta sem skrifuðu undir.“

Þá bendir Árni á að undirskriftarlistar þar sem lýst er yfir stuðningi við framboð hans hafi hvergi legið frammi heldur gengið manna á milli meðal almennings og á vinnustöðum.

„Úr hinum venjulega ranni hvunndagsfólksins. Ég held að þeir sem settu þetta í gang hafi verið að gæla við að ná í tvö til þrjú hundruð en nú eru sem sagt, komnir ellefu hundruð manns.“ - jbg



**ÁRNI JOHNSEN** Átta úr tíu manna áhöfn Drangavíkur skora á Árna að fara fram.

Hryðjuverkarannsókn:

## Með farsíma í einangruninni

**DANMÖRK Farsími fannst í klefa eins sjömenninganna sem dúsa nú í gæsluvarðhaldi í Óðinsvéum, grunaðir um að hafa skipulagt stórfelld hryðjuverk í Danmörku. Fanganum tókst að hringja hið minnsta einu sinni úr símanum áður en hann fannst, að því er kemur fram á fréttavef Fyns Stiftstidende.**

**Rannsókn málsins hefur ekki gengið sem skyldi. Fyrr í þessum mánuði fundust skýrslur leyniþjónustu Danmerkur á glámbekk. Leyniþjónustan hefur verið ásökuð um að hafa komið símanum fyrir í klefanum en talsmenn hennar þvertaka fyrir það.** - smk

# Fatlaðir beittir nauðung

**Þvinganir og valdbeiting í ýmsum birtingarmyndum hafa átt sér stað á sambýlum fyrir fólk með þroskahömlun hér á landi. Nauðung er beitt í þágu einstaklings, en Þroskahjálp kallar eftir réttindagæslu.**

**FÉLAGSMÁL** Fólk með þroskahömlun sem býr á sambýlum hér á landi hefur verið beitt ýmiss konar þvingunum og valdbeitingu. Má þar nefna að íbúum hefur verið haldið föstum, þeir hafa verið beittir nauðung við ýmsar athafnir daglegs lífs, svo sem tannburstun, böðun og þess háttar. Þá hafa íbúar verið læstir inni, eða hlutir sem þeir eiga, gegn vilja þeirra. Í sumum tilvikum er fjarvöktunarbúnaður inni á heimili íbúa, en ekki eru til verklagsreglur um fjarvöktunarbúnað.

Þetta er niðurstaða könnunar sem Jenný Þ. Magnúsdóttir vann og notaði sem innlegg í lokaverkefni sitt á þroskaþjálfabraut við Kennaraháskóla Íslands á síðasta ári. Sendir voru út 112 spurningalistar til forstöðumanna sambýla og var svörun 95,5 prósent.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa í níu ár barist fyrir því að þessi mál verði tekin til skoðunar og í framhaldi af því að gripið verði til viðeigandi aðgerða, að sögn Friðriks Sigurðssonar framkvæmdastjóra samtakanna.

„Þessari réttindagæslu er nú þannig fyrirkomið að í lögum um málefni fatlaðra er ákvæði um trúnaðarmenn,“ segir Friðrik. „Þeir eru einn í hverju kjördæmi, samkvæmt gömlu kjördæmaskipuninni. Störf trúnaðarmanna eru hlutastörf, nema í Reykjavík og Reykjanesi, þar sem er einn maður í fullu starfi.“

Friðrik segir skort á persónulegri trúnaðargæslu fyrir fatlaða, en henni hafi þjóðir á hinum Norðurlöndunum komið sér upp og sumar sett í lögræðislög.

„Hér vantar einshvers konar fyrirkomulag á persónulegri trúnaðargæslu, sem varðar ekki einungis eignir á meðferð fjármuna hins fatlaða,“ heldur hann áfram. „Við höfum bent á að það kunni að vera til önnur mannleg verðmæti heldur en peningar, til að mynda maður sjálfur. Með persónulegri trúnaðargæslu er átt við að einstaklingurinn sjálfur eigi sér sinn talsmann, sem hann geti allt eins valið sjálfur. Traust ríki á milli þeirra. Það er óöryggi í því kerfi sem við búum við nú. Sem dæmi má nefna ef þjónustuaðili tekur ákvörðun um að einstaklingur verði fluttur úr einni búsetu í aðra. Við slíka ákvörðun þarf einstaklingur með þroskahömlun að hafa talsmann sér til stuðnings til að tryggja að flutningurinn sé í hans þágu.“

jss@frettabladid.is

### NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL FORSTÖÐUMANNA SAMBÝLA






**TVÆR HLIÐAR** Friðrik Sigurðsson segir tvær hliðar á nauðungarmálum sem upp hafi komið. Nauðung sé beitt í þágu einstaklingsins, en aðgerðin sé þess eðlis að ástæða sé til að vaka vel yfir málum.

### SKILGREINING NAUÐUNGAR*

- Líkamleg nauðung er þegar einstaklingi er haldið föstum eða hann lagður á gólf, til dæmis til þess að koma í veg fyrir að hann skaði sig eða aðra, verði sér til minnkunar eða skemmi eigur sínar eða annarra.
- Húsnæði er læst sem tilheyrir einstaklingnum eða hann læstur inni.
- Hlutir sem eru í hans eigu eru læstir inni eða fjarlægðir gegn vilja hans, eins og matur í ísskáp, fjámunir og fleira.
- Einstaklingurinn er þvingaður til að taka lyf eða nota hjálpartæki gegn vilja sínum.
- Valdi er beitt við athafnir daglegs lífs, til dæmis mötun, böðun og tannburstun.
- Fjarvöktun með myndavélum eða hljóðnema er ávallt talin það mikið inngrip í sjálfræði að það telst vera nauðung.

*Samkvæmt norskum lögum um þvingun og nauðung gagnvart fólki með þroskahömlun.



**UNGVERSKIR MÓTMÆLENDUR** Mótmælin hafa nú staðið í meira en viku. Þau náðu hámarki á laugardagskvöld, þegar minnst 20.000 manns komu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrum forseti Ungverjalands:

## Gyurcsany á að segja af sér

**BÚDAPEST, AP** Ferenc Madl, fyrrverandi forseti Ungverjalands, hvatti Ferenc Gyurcsany forsætisráðherra á þriðjudag til að segja af sér. Talsmaður sósíalistaflokksins hafði lýst því yfir á dögunum að afsögn forsætisráðherrns „væri ekki á dagskrá“.

Mótmælin við þinghúsið í Búdapest hafa nú staðið yfir í tíu daga. Þau hafa minnkað talsvert og virtist um stund sem mesta púðrið væri úr þeim. Síðustu daga hefur þó fjölgað nokkuð í tjaldbúðum mótmælenda.

Ferenc Gyurcsany reitti almenning í landinu til reiði með því að segjast hafa logið frá morgni til kvölds um efnahagsástandið í landinu í kosningabaráttunni í vor sem leið. - kóþ

### ÍRAK

**Aldrei meira ofbeldi**

Sjálfsmorðsárásir í Írak hafa aldrei verið fleiri en einmitt núna, eftir að föstumánuðurinn Ramadan hófst. Yfirhershöfðingi Bandaríkjamanna segir að ætlun árásarmannanna sé að „grafa undan ríkisstjórn Íraks og öryggisáætlun Bagdad-borgar“.

BÍLL DAGSINS

OPEL ZAFIRA-A 1.8

Nýskr. 08.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 40 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**KÓLNAR UM HELGINA**

Það verður fremur vindasamt á landinu í dag og á morgun en síðan fer að lægja. Á laugardag byrjar að kólna og á sunnudag verður að líkindum frost á heiðum nyrðra og á Vestfjörðum. Rétt er að hafa í huga að búast má við stöku éljum á fjallvegum fyrir norðan á sunnudag og þvíástæða fyrir þá sem leið eiga um fjallvegi komandi helgi að huga að dekkjabúnaði bíla sinna.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur stíf norðaustanátt. Skýjað og lengst af þurrt. Hiti 8-13 stig.







um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C heiðskírt | London | 17°C skúrir | Alicante | 29°C hálfskýjað |
| Billund | 18°C léttskýjað | París | 23°C hálfskýjað | Mallorca | 24°C hálfskýjað |
| Osló | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 20°C alskýjað | Algarve | 25°C skúrir |
| Stokkhólmur | 15°C alskýjað | Friedrichshafen | 21°C hálfskýjað | Krít | 28°C skúrir |
| Gautaborg | 16°C hálfskýjað | Berlín | 19°C rigning | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

FORVARNARDAGURINN 2006

# TAKTU ÞÁTT!

## HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

**Þrjú heillaráð til að forða börnum og unglingum frá fíkniefnum:**

**Verjum sem mestum tíma saman. Klukkutíma samvera foreldra og barna á hverjum degi getur ráðið úrslitum.**

**Hvetjum börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Okkar stuðningur skiptir sköpum.**

**Því lengur sem unglingar sniðganga áfengi því ólíklegra er að þeir ánetjist fíkniefnum. Hvert ár skiptir máli.**

**Fimmtudagurinn 28. september er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins**

Þessi þrjú einföldu heillaráð eru byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Rannsóknirnar hafa vakið alþjóðlega athygli.

**www.forvarnardagur.is**

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Skátahreyfinguna og Samband íslenskra sveitarfélaga með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.

Forseti Íslands · Reykjavíkurborg · ÍSÍ · UMFÍ · Samband íslenskra sveitarfélaga

Verkefnið er styrkt af

actavis
*hagur í heilsu*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5492

**KJÖRKASSINN**



*Á að friða rjúpuna á nýjan leik?*

| | |
|---|---|
| Já | 63,5% |
| Nei | 36,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu sátt/ur við við nýja varnarsamninginn?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Leynd létt af leyniskýrslu um hryðjuverk sem leiðir fátt nýtt í ljós:

# Stríðið í Írak er olía á eldinn

**BANDARÍKIN** Af leyniskýrslu bandarískra leyniþjónustustofnana um hættuna af hryðjuverkum, sem leynd hefur nú verið aflétt af að hluta, er vart hægt að lesa annað en að hryðjuverkamönnum hafi vaxið ásmegin eftir að Bandaríkjamenn réðust inn í Írak ásamt bandamönnum sínum.

Bush lét birta kafla úr skýrslunni til þess að almenningur gæti sjálfur lagt mat á, hvort stríðsreksturinn í Írak væri vanhugsaður, eins og haldið var fram eftir að dagblaðið New York Times skýrði frá inntaki skýrslunnar um síðustu helgi, þegar hún var enn leynileg með öllu.

Í skýrslunni segir, að ef Bandaríkin hefðu sigur í Írak þá myndi það draga úr baráttuþreki hryðjuverkamanna. Að flestu leyti er þó dregin upp neikvæð mynd af áhrifum Írakstríðsins. Meðal annars segir að barátta herskárra múslima gegn innrásarliðinu geti af sér nýja kynslóð hryðjuverkamanna auk þess sem andúð á Bandaríkjunum verði sífellt útbreiddari í múslimaheiminum vegna stríðsins.

Bush Bandaríkjaforseti hélt því fram í vikunni að íslamskir hryðjuverkamenn hefðu bara fundið sér aðra ástæðu til að stunda ódæði sín, þótt ekkert stríð væri í Írak. **- gb**



**GEORGE W. BUSH** Bandaríkjaforseti sagði skýrsluna ekki styðja það að Íraksstríðið væri misráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deildarráð læknadeildar HÍ:

# Nýtt sjúkrahús þýðingarmikið

**HEILBRIGÐISMÁL Deildarráð læknadeildar Háskóla Íslands telur afar þýðingarmikið fyrir þjóðina að byggt verði nýtt háskólasjúkrahús sem fyrst, svo unnt verði að ljúka sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þetta kemur fram í ályktun frá ráðinu.**

**Í ályktuninni segir að starfsemi Landspítala - háskólasjúkrahúss sé nú margskipt og dreifð víða um borgina. Telja megi að orsakir margra vandamála sem við sé að etja í dag felist í óhagræði þessarar dreifingar. Því sé afar þýðingarmikið að nýtt háskólasjúkrahús verði byggt sem fyrst.** **- sþs**





Framsóknarflokkurinn boðar til funda með nýrri forystu flokksins. Jón Sigurðsson formaður, Guðni Ágústsson varaformaður og Sæunn Stefánsdóttir ritari verða á 20 opnum fundum um land allt á næstu vikum.
Þar munu þau ræða stjórnmálin í aðdraganda kosninga og svara fyrirspurnum. Allir hjartanlega velkomnir.


Jón Sigurðsson


Guðni Ágústsson


Sæunn Stefánsdóttir

| | | | |
|---|---|---|---|
| 30. sept. | kl. 11.00 | **Reykjanesbær** | Hafnargötu 62 |
| 4. okt. | kl. 20.30 | **Reykjavík** | Grand Hótel |
| 5. okt. | kl. 20.30 | **Selfoss** | Hótel Selfossi |
| 10. okt. | kl. 20.30 | **Akranes** | Framsóknarhúsinu við Sunnubraut |
| 12. okt. | kl. 20.30 | **Borgarnes** | Landb.hásk. á Hvanneyri - Matsal |
| 17. okt. | kl. 20.30 | **Stykkishólmur** | Hótel Stykkishólmi |
| 28. okt. | kl. 11.00 | **Akureyri** | Hótel KEA |
| 28. okt. | kl. 16.00 | **Húsavík** | Veitingastaðnum Sölku |
| 28. okt. | kl. 21.00 | **Vopnafjörður** | Félagsheimilinu Miklagarði |
| 31. okt. | kl. 17.00 | **Egilsstaðir** | Austra salnum |
| 31. okt. | kl. 20.30 | **Reyðarfjörður** | Safnaðarheimilinu Reyðarfirði |
| 2. nóv. | kl. 17.30 | **Kópavogur** | Digranesvegi 12 |
| 11. nóv. | kl. 11.00 | **Ísafjörður** | Hótel Ísafirði |
| 11. nóv. | kl. 17.00 | **Patreksfjörður** | Félagsheimilinu |
| 14. nóv. | kl. 17.30 | **Blönduós** | Félagsheimilinu Blönduósi |
| 14. nóv. | kl. 21.00 | **Sauðárkrókur** | Kaffi Krók |
| 16. nóv. | kl. 20.30 | **Húnaþing vestra** | Félagsh. Hvammstanga |
| 18. nóv. | kl. 11.00 | **Vestmannaeyjar** | Akóges salnum |
| 18. nóv. | kl. 14.30 | **Hella** | Árhúsum |
| 21. nóv. | kl. 20.30 | **Höfn í Hornafirði** | Hótel Höfn |

Í sókn í **90** ár



**550 5600**

**Hringdu ef blaðið berst ekki**






**ÁNÆGÐUR AÐ LEIKSLOKUM** Geir H. Haarde forsætisráðherra kveðst sáttur við niðurstöður varnarviðræðnanna. Hér sést hann koma til fundar við formenn stjórnarandstöðuflokkanna á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hugleiddi uppsögn varnarsamningsins

**Geir H. Haarde forsætisráðherra velti fyrir sér hvort tilefni væri til að segja upp varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1951. Niðurstaða hans var að slíkt gæti haft hættu í för með sér sem hann vildi ekki bera ábyrgð á.**

**VARNARMÁL** Eftir skyndalega og einhliða ákvörðun bandarískra stjórnvalda 15. mars síðastliðinn um að kalla herlið sitt fá Íslandi hugleiddi Geir H. Haarde forsætisráðherra að segja upp varnarsamningum við Bandaríkin.

„Ég velti fyrir mér í upphafi hvort það sem gerðist 15. mars væri tilefni til að segja samningnum upp og hætta þessu samstarfi. Ég taldi hins vegar að það væri miklu verri kostur sem hefði hættu í för með sér sem ég vildi ekki bera ábyrgð á,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið. Eftir að ákvörðun var tekin um að hefja viðræður við Bandaríkjamenn um nýjar leiðir í vörnum landsins hafi ekki komið til greina að standa upp frá samningaborðinu.

Geir kveðst ánægður með niðurstöðuna. Samningsstaðan hafi verið þröng en Bandaríkin séu skuldbundin til að verja Ísland með öllum sínum hernaðarmætti.

„Það vorum við sem vorum að sækja á um ákveðna hluti en ég held að þetta samkomulag sé mikilvægt fyrir báðar þjóðir þó vissulega sé það mikilvægara fyrir okkur. Bandaríkin skuldbinda sig enn frekar en áður til að annast varnir Íslands með allri sinni hernaðargetu.“

Geir vill ekki segja til um hve mikið af upphaflegum kröfum Íslendinga hlutu samþykki en nefnir að hann hafi viljað fleiri heræfingar hér á landi og skýrari ákvæði um Ratsjárstofnun. „En á móti koma önnur ákvæði sem við erum mjög ánægð með.“ Hann segir skil á mannvirkjum og landi á varnarsvæðunum bjóða upp á mikil tækifæri til efnahags- og atvinnuþróunar og eins sé tryggt að flugvallarstarfsemin á Keflavíkurflugvelli gangi snurðulaust fyrir sig. Sex mánuðir liðu frá því að viðræður hófust þar til samningar voru í höfn. Geir segir þar ekki síst um að kenna hinu stóra stjórnkerfi Bandaríkjanna sem, eðli máls samkvæmt, sé þyngra í vöfum en hið íslenska.

Að sögn Geirs þurfa Íslendingar nú að búa sig undir að geta varið sig gagnvart óhefðbundinni hættu, til dæmis hryðjuverkahættunni. „Og til að geta það þurfum við að búa þannig um hnútana hjá lögreglu að hún geti aflað upplýsinga um menn sem hafa eitthvað slíkt á prjónunum. Það er nauðsynlegt að við áttum okkur á að við þurfum að verja meiri fjármunum til innri öryggismála.“

**bjorn@frettabladid.is**

Kjarasamingur leikskólakennara gerir ráð fyrir 15,20% meðaltalslaunahækkun:

# Nýr kjarasamningur í höfn

**KJARASAMINGAR** Samninganefndir Félags leikskólakennara og LN hafa undirritað nýjan kjarasamning til tveggja ára.

Þröstur Brynjarsson, varaformaður félags leikskólakennara, segist sáttur við útkomuna en bætir við að félagsmenn hafi síðasta orðið. „Nú verður farið í að kynna félagsmönnum um allt land samninginn og að því búnu verða greidd atkvæði. Leikskólastjórar fá hlutfallslega meiri hækkun en aðrir vegna tímabundinna hækkana sem leikskólakennarar og fleiri fengu í janúar 2006.“

Eftir samninginn verða byrjunarlaun leikskólakennara, 34 ára og yngri án reynslu, 207.600 krónur við upphaf samingstímans. Þá fá deildarstjórar, 34 ára og yngri, án reynslu 237.368 krónur við upphaf samnings en 1. janúar 2008 verða þau 255.601 krónur.

Samingurinn sem nú er gerður byggir á innanhústillögu ríkissáttarsemjara, en deilunni var vísað til hans eftir að slitnaði upp úr kjaraviðræðum um miðjan september. Meðallaunahækkanir verða samkvæmt samningnum 15,20 prósent á samningstímanum. Ef taldir eru með launaflokkar og eingreiðslur frá því í janúar á þessu ári eru hækkanir frá síðasta samningi 27,35 prósent. **- hs**



**LEIKSKÓLASTARF** Eftir samninginn verða byrjunarlaun leikskólakennara, 34 ára og yngri án reynslu, 207.600 krónur.




Borðleggjandi gæði í 50 ár

Egill Árnason hf
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is




Forysta Bændasamtakanna fundaði með þingflokki Samfylkingarinnar:

# Við rökstuddum okkar mál

**STJÓRNMÁL** Forysta Bændasamtakanna reifaði sjónarmið sín varðandi áætlanir Samfylkingarinar um lækkun matvælaverðs á fundi með þingflokki flokksins í gærmorgun.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir fundinn hafa verið ágætan. „Við fórum yfir það hvernig landbúnaðurinn er rekinn og tjáðum okkar viðhorf til tillagnanna sem þýða í stuttu máli hrun úrvinnsluiðnaðar og landbúnaðar, líkt og við höfðum bent á. Ingibjörg Sólrún hafði kvartað svolítið undan okkur og sagt að við værum vondir við sig en við rökstuddum okkar mál.“

Haraldur segir stefnt að öðrum fundi með bændum og fulltrúum Samfylkingarinnar í landbúnaðarnefnd Alþingis þar sem málin verði rædd enn frekar. „Ég á ekki von á öðru en að Samfylkingin endurskoði framsetningu sína enda sameiginlegt markmið okkar að lækka matvælaverð þó okkur greini á um leiðir.“

Kristján Möller, varaformaður þingflokksins, tekur undir með Haraldi um ágæti fundarins og býst við að málinu verði lent farsællega. „Það stendur í okkar tillögum að þær verði framkvæmdar í fullu samráði við bændur og ég held að það sé enginn vandi að finna sameiginlegar leiðir í samvinnu við þá.“ - bþs



**HARALDUR BENEDIKTSSON** formaður Bændasamtakanna.



**FEÐGAR VIÐ VINNU** Feðgarnir Björgvin og Bragi á Eiríksstöðum voru við bústörfin þegar blaðamaður og ljósmyndari litu við hjá þeim. Þeir segja einkennilegt að hugsa til þess að Jökulsá á Jökuldal verði aldrei söm aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einkennilegt líf án Jöklu á Jökuldal

**Jökulsá á Dal, sem rennur niður Jökuldal, verður vatnslaus stóran hluta ársins eftir að vatnsöflun í Hálslón hefst. Einkennilegt að hugsa sér lífið án Jöklu segir Björgvin Geirsson bóndi á Eiríksstöðum á Jökuldal.**

**HÁLSLÓN** „Það er hálf einkennilegt að hugsa sér hverdagsleikann hér á Jökuldal án iðandi rennslis Jöklu,“ segir Björgvin Geirsson bóndi á Eiríksstöðum I á Jökuldal.

Stíflun jökulsáa sem renna úr Brúarjökli hefur þau áhrif að áin á Jökuldal verður vatnslaus stóran hluta ársins en bergvatnsár renna áfram í farveg Jöklu, úr hlíðunum við farveg hennar.

Björgvin segist eiga erfitt með átta sig á því hvaða áhrif jökulárlaus Jökuldalur hefur á íbúa. „Það er erfitt að átta sig á því hversu mikil viðbrigði það verða fyrir íbúa á Jökuldal að kynnast jökulsárlausum Jökuldal. Það er eitthvað sem enginn þekkir á þessum slóðum. Áin hefur haft mikil áhrif á sálarlíf fólks hér í dalnum. Af henni hefur stafað ógn en um leið hefur hún verið lífæð í dalnum, vegna þeirra óttablöndnu virðingar sem fyrir henni hefur verið borin alla tíð.“

Sonur Björgvins, Bragi, sem býr ásamt þýskri konu sinni á Eiríkisstöðum II, vonast til þess að áin geti orðið veiðiá við þessar breytingar. „Það er erfitt að átta sig á því hvort áin getur orðið laxveiðiá. En það má reikna með því að bleikja þrífist betur í ánni eftir þessar breytingar. En jökulvatni verður hleypt hérna niður síðsumars á hverju ári, auk þess sem rennsli í gegnum virkjunina verður alltaf eitthvað, sem gæti komið í veg fyrir að lax geti þrifist í ánni.“

Hákon Aðalsteinsson, sem alinn er upp á bænum Vaðbrekku í Hrafnkelsdal, útdal Jökuldals, segir óttann sem íbúar á Jökuldal þurfa að búa við einkennilegan. „Það er óþægilegt að hugsa til þess, fyrir íbúa á Jökuldal, að búa við þá ógn sem hlýst af því að vera með útbúnar viðbragðsáætlanir og neyðarúrræði, vegna hugsanlegs stíflubrests við Kárahnjúka, sér við hlið alla daga. Það er ótti sem ósjálfsrátt sest í undirmeðvitundina og verður þannig órjúfanlegur hluti af lífi fólksins fyrir neðan stíflu.“ magnush@frettabladid.is

**JÖKULDALUR ÁN JÖKLU:**

## Sér ekki eftir jökulniðnum

Óli Stefánsson, er bóndi í Merki á Jökuldal og segist ekki sjá á eftir Jöklu. „Það hefur verið afar ógnvekjandi að vita af ánni hér í grennd og það hafa í gegnum tíðina orðið válegir atburðir henni tengdir. Ég er hlynntur því að virkja aflið í ánni til góðs, frekar en að láta hana ógna fólki hér látlaust.“

Bærinn Merki stendur ekki langt frá bakka Jöklu og þar er þó nokkur hæð niður í árfarveginn.



**ÓLI Í MERKI** Vill að aflið sé virkjað til góðs.

## Verður myndarlegur lækur

Snæbjörn Ólafsson, bóndi á Hauksstöðum við bakka Jöklu, segist sjá á eftir árniðnum í Jöklu. „Það verður óneitanlega svolítið einkennilegt að upplifa lífið hér án jökulsárinnar. Hins vegar eru margar bergvatnsár sem renna í árfarveginn og þess vegna gæti áin nú verið myndarlegur lækur, þegar upp verður staðið,“ sagði Snæbjörn þar sem hann var við reykkofa sinn að taðreykja silung. „Áin hefur alltaf verið ógnvekjandi en þó verið notalegt að finna fyrir henni hérna nálægt samt sem áður.“



**VIÐ REYKKOFANN** Snæbjörn kann vel við árniðinn.

# ÓDÝRASTA ADSL TENGING Á ÍSLANDI




www.btnet.is - þjónustuver sími 588 1234



**RAMADAN Í ÍRAK** Stúlka biður til guðs á fyrsta degi Ramadan-mánaðarins helga. Á bak við hana er bænahús sjía í Najaf-borg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjárfestar misreiknuðu sig illa eftir að hlutafé sænsks lággjaldaflugfélags var aukið:

# FlyMe olli heilabrotum

**VIÐSKIPTI** Eitthvað virðast fjárfestar hafa misreiknað sig illilega þegar viðskipti með hlutabréf í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe hófust á ný eftir hlutafjáraukningu. Félagið er að stærstum hluta í eigu fjárfestingarfélagsins Fons sem Pálmi Haraldsson fer fyrir.

Í útboði til hluthafa á dögunum bauðst þeim að kaupa þrjú ný bréf fyrir hvern hlut sem þeir áttu fyrir og var hluturinn seldur á 65 sænska aura. Þar sem lokagengi á FlyMe var 193 aurar á þriðjudaginn hefði gengið átt að falla niður í 97 aura eftir hlutafjáraukninguna. En svo var aldeilis ekki því fyrstu viðskipti fóru fram á 148 aura hlutinn, sem jafngilti í raun fimmtíu prósenta hækkun frá deginum áður.

Verðbréfasali segir við Dagens Industri að mörg viðskiptanna hafi einfaldlega orðið þar sem litlir fjárfestar hafi reiknað stöðuna rangt. Einhverjir töldu að gott kauptækifæri lægi í bréfum FlyMe á genginu 1,48 þar sem þau höfðu lækkað svo mikið frá deginum áður. Þeir sem seldu græddu auðvitað mikið en þegar leið á daginn í gær virtist sem fjárfestar hefðu áttað sig á stöðunni og var lokagengið 109 aurar, sem þó var 13,4 prósenta dagshækkun. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem svipað þessu gerist eftir aukningu hlutafjár í FlyMe. Gengi félagsins hækkaði um 146 prósent í janúar eftir að hlutafé var tífaldað en þá fengu hluthafar líka að kaupa ný bréf með afslætti. - eþa



**PÁLMI HARALDSSON** Stærsti hluthafinn í FlyMe, en gengið hækkaði óvænt eftir hlutafjárútboð.

Dæmdur til sektargreiðslu:

# Skaut sjö friðaðar gæsir

**DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur maður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Austurlands til að greiða 70 þúsund krónur í sekt, auk sviptingar skotvopnaleyfis í eitt ár. Sakarefni var veiðilagabrot, þar sem maðurinn hefði skotið sex friðaðar gæsir og eina heiðagæs í Hornafirði í lok apríl, en allir þessir fuglar voru friðaðir.**

**Dómurinn féllst á kröfur ákæruvalds um að taka bæði Mossberg 500-haglabyssu og Winchester 70 XTR-riffil með sjónauka og af manninum en bæði vopnin hafði hann notað við veiðarnar. - jss**

ÞÚ LÉTTTIST
UM KÍLÓ Á VIKU!




Einfaldara getur það ekki verið!

Byrjaðu strax í dag og kjörþyngd þín er handan við hornið.

Hættu í megrun og lifðu lífinu til fulls!

Hefurðu fengið nóg af hefðbundnum megrunarkúrum? Koma aukakílóin alltaf aftur? Í bókinni *Þú léttist án þess að fara í megrun!* er kynnt ný og byltingarkennd leið til að léttast til frambúðar – án þess að nokkuð sé minnst á mat eða líkamsrækt!

Megrunarfæðið heyrir sögunni til og þú léttist til frambúðar!

★★★★½ - amazon.co.uk

Veröld BÓKAFORLAG
BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - VER 34354 09/2006



**DAVID GARMAN** Aðstoðarumhverfisráðherra Bandaríkjanna, til hægri, er staddur hér á landi ásamt samstarfsmönnum á ráðstefnu alþjóðlegs samstarfs um vetnismál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sérstaða Íslands er mikilvæg

**Mikil framtíð er í framleiðslu og þróun vetnis, bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum, að sögn aðstoðarumhverfisráðherra Bandaríkjanna. Hann bindur góðar vonir við samstarf þjóðanna tveggja.**

**VETNI** Ísland og Bandaríkin eiga góða samleið þegar kemur að umhverfisvænni orkuframleiðslu, sagði aðstoðarumhverfisráðherra Bandaríkjanna, David Garman, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Garman er staddur hér á landi í tengslum við ráðstefnu alþjóðlegs samstarfs á sviði vetnismála (International Partnership for the Hydrogen Economy, IPHE), sem Íslendingar eru aðilar að ásamt sextán öðrum þjóðum. Garman stýrir nú stjórnarnefnd IPHE, en félagið var stofnað að frumkvæði Bandaríkjamanna árið 2003.

„George W. Bush Bandaríkjaforseti setti IPHE á stofn með það í huga að barn sem fætt var árið 2002 geti eignast vetnisknúna bifreið á samkeppnishæfu kaup- og rekstarverði þegar það fær bílpróf árið 2020,“ sagði Garman.

Stór hluti þessa samstarfs felst í að rannsaka og leysa tæknileg vandamál í tengslum við vetni, svo sem við framleiðslu.

„Sérstæð staða Íslands er afar mikilvæg í þessari samvinnu, því Íslendingar, sem þurfa nú að flytja allt eldsneyti til landsins, sáu af sjálfsdáðum hversu mikilvægt vetni gæti orðið þjóðinni,“ sagði Garman.

„Þó að kalda stríðið hafi vissulega sett mikinn svip á þróun samskipta Íslands og Bandaríkjanna, þá eru komnir nýir tímar nú og mikilvægt er því að báðar þjóðirnar einbeiti sér að því hvernig best sé að bæta orkuöryggi beggja landa,“ sagði Garman.

Garman og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, báru saman bækur sínar á fundi á þriðjudag og ræddu meðal annars um orkumál og möguleika á samstarfi ríkjanna á sviði endurnýjanlegrar orku, sérstaklega á sviði jarðhita og vetnis, burtséð frá alþjóðlega samstarfinu.

„Forsetinn ykkar er hugsjónamaður,“ sagði Garman. „Við Bandaríkjamenn eigum mikla auðlegð í jarðhita vestan Mississippiárinnar, og við getum lært af ykkur um meðferð jarðhita, og á móti getið þið Íslendingar notið góðs af þeirri þekkingu sem við höfum aflað okkur á sviði djúpborunar eftir olíu.“

Þó að margir telji George W. Bush og stjórn hans ekki setja umhverfismál á oddinn sagði Garman það í raun ekki vera rétt. „Margir hafa þessa skoðun á Bush vegna Kyoto-sáttmálans, en ég get sagt þér að það sem við höfum á móti þeim sáttmála er sú staðreynd að þetta mun aldrei takast. Hins vegar má ekki gleyma því að Bandaríkjamenn setja meira fé en nokkur önnur þjóð í rannsóknir á framleiðslu umhverfisvænna eldsneytis. Og vetni er svo sannarlega eitt þeirra,“ sagði aðstoðarumhverfisráðherra Bandaríkjanna. smk@frettabladid.is

Skýrsla um búsetuúrræði:

# Sex vikna töf á skýrslunni

**BÚSETUÚRRÆÐI** Skýrsla um búsetuúrræði fyrir geðfatlaðra mun að öllum líkindum ekki líta dagsins ljós fyrr en um miðjan október.

Skýrslan átti upphaflega að verða tilbúin í byrjun september en nú lítur út fyrir að útkoma hennar tefjist um sex vikur.

Auður Styrkársdóttir talsmaður aðstandendahóps geðfatlaðra segir aðstandendur og geðfatlaða orðna langeygða eftir búsetuúrræðum. Nú er ár síðan miljarði var úthlutað til búseturúrræða geðfatlaðra en þeir peningar liggja ónotaðir á meðan skýrslan er í vinnslu. **- hs**

Sjósundmenn Sundfélags Hafnarfjarðar æfa sjósund fyrir bandaríska lyfjaauglýsingu:

# Ætla að synda í Jökulsárlóni

**SJÓSUND** Sundmenn á vegum Sundfélags Hafnarfjarðar, SH, leika í sjónvarpsauglýsingu fyrir erlent lyfjafyrirtæki með því að synda í Jökulsárlóni í byrjun október. Sundmennirnir verða um og yfir tíu talsins, konur og karlar, á aldrinum 23 upp í 49 ára.

„Ég giska á að vatnið verði um fimm til sex gráðu heitt,“ segir sjósundmaðurinn Hrafnkell Marinósson sem hefur tekið þátt í undirbúningnum. „Það gætir flóðs og fjöru á þessum stað þannig að við fáum inn sjö til átta gráðu heitan sjó sem hjálpar okkur.“

Líkaminn ræður við fimm til tíu mínútur í vatninu á klukkustundarfresti. „Aðalálagið er að ná upp hita aftur í líkamann en það verða læknar og allur aðbúnaður á staðnum, til dæmis heitt kar, þannig að ég hef ekki áhyggjur af því hvort við getum þetta eða ekki,“ segir hann.

Talsverður straumur er í Jökulsárlóni en Hrafnkell segir að það verði lágmarksstraumur ef myndað verði í háflóði og bætir við að þeir hafi tveir velt fyrir sér að synda yfir lónið og verða þá kannski fyrstir Íslendinga til að gera það. Sjósundmennirnir hafa verið að æfa í sjónum við Álftanes síðustu daga. Þeir hafa eignast þar forvitinn sel að vini. **- ghs**



**ÆFA VIÐ ÁLFTANES** Um og yfir tíu sjósundmenn munu synda í Jökulsárlóni í sjónvarpsauglýsingu fyrir bandaríkst lyfjafyrirtæki. Vatnið verður líklega fimm til sex gráðu heitt en sjö til átta gráðu heitur sjór flæðir inn í lónið í flóði og hitar jökulvatnið meðan á tökum stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**SÉRA BJARNI KARLSSON** Hvatti fólk til þátttöku í Jökulsárgöngu í útvarpsauglýsingu í fyrradag.

Séra Bjarni Karlsson:

# Hvatti fólk til Jökulsárgöngu

**UMHVERFISMÁL Séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, auglýsti í útvarpinu í fyrradag að trúfræðsla sín félli niður og hvatti fólk til að slást í för með Ómari Ragnarssyni í Jökulsárgöngu frá Hlemmi að Austurvelli í fyrrakvöld.**

**„Ég hef ekki samvisku til að standa inni í safnaðarheimilinu og tala um náttúruvernd, á meðan aðrir eru að framkvæma hana,“ sagði Bjarni í bréflegri útskýringu á þessari ákvörðun til safnaðarins. Hann biður fólk að umbera það að hann hafi umdeilanlegar skoðanir og taki pólitíska afstöðu.** **- ghs**



**ÁRNI FRIÐRIKSSON** Karfamerkingum er lokið í ár. Þetta er fjórða árið sem karfarannsóknir með merkingum fara fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leiðangri Árna Friðrikssonar:

# Alls 570 karfar voru merktir

**HAFRANNSÓKNIR** Nýlega lauk leiðangri rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar þar sem karfi var merktur með neðansjávarmerkingarbúnaði. Er þetta í fjórða sinn sem slíkur leiðangur er farinn. Markmið rannsóknanna er að varpa ljósi á óvissu þá sem verið hefur um tengsl karfastofna á Íslandsmiðum og nálægum hafsvæðum á Reykjaneshrygg.

Í ár var markmiðið að merkja hinn eiginlega úthafskarfa sem heldur sig á alþjóðlegu hafsvæði um 200 sjómílur suður af Hvarfi. Vegna tæknilegra örðugleika í upphafi leiðangurs og lítillar fiskgengdar var ákveðið að halda á svipaða slóð og karfi var merktur 2004 og 2005. Merktir voru 570 karfar, þar af 29 með rafeindamerkjum. **- shá**





ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS FJA 34373 09/2006

**„Að mínu mati er fjölbreytt og sterkt atvinnulíf eitt það mikilvægasta fyrir lifandi og frjótt samfélag. Meðal annars þess vegna líður mér vel í Fjarðabyggð.“**

Fjarðabyggð býður upp á öflugt og vaxandi atvinnulíf. Áhersla á fjölbreytt atvinnutækifæri og jöfn tækifæri karla og kvenna til atvinnu er meðal þess sem gerir Fjarðabyggð að framsæknu bæjarfélagi.

**Fjarðabyggð** er fjölbreytt samfélag þar sem höfuðáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði.
Á traustum undirstöðum er byggt upp framsækið og fjölskylduvænt samfélag þar sem allir eru mikilvægir og allir fá tækifæri.

FJARÐABYGGÐ | **þú ert á góðum stað** **fjardabyggd.is**

Mjóifjörður Neskaupstaður Eskifjörður Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður



**FATLAÐIR DANSA** Meðlimir þessa kínverska danshóps eru allir fatlaðir og er hópurinn best þekktur fyrir dansinn „Bodhisattva með þúsund hendur“. Dansflokkurinn sýndi listir sínar í Japan í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsfólk verslana stendur á bak við helming búðarþjófnaða hérlendis:

# Forvarnir minnka þjófnað

**BÚÐARÞJÓFNAÐUR** Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu segir það hafa færst í aukana að heilu gengin hafi samstarf um að fara í verslanir og stela. „Algengast er að einhverju sem er auðvelt að koma í verð sé stolið eins og raftækjum, hljómdiskum og fatnaði. Það sem einnig vekur athygli er að starfsfólk verslana stendur á bak við helming búðarþjófnaða.“

Sigurður segir fjölþjóðlega könnun hafa sýnt að hlutfall þjófnaða meðal starfsmanna sé hlutfallslega hátt hér á landi. „Þegar starfsfólk verður uppvíst að þjófnaði er það rekið en allur gangur á því hvernig farið er með þessi mál í dómskerfinu og í mörgum tilfellum eru þau látin niður falla. Þetta getur verið bagalegt því þá er ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi fari að vinna í næstu verslun.“

Þess má geta að þjófnaðir úr verslunum nema þremur milljörðum króna árlega. Sigurður segir lögregluna í Kópavogi hafa náð góðum árangri í baráttunni gegn búðarþjófnaði meðal yngri aldurshópa. „Lögreglan hefur verið með áherslu á forvarnarstarf og fræðslu til unglinga og foreldra. Verkefnið hefur skilað þeim árangri að mun minna er um þjófnaði af völdum unglinga undir sakhæfisaldri.“ - hs



**SIGURÐUR JÓNSSON** Mál starfsfólks sem stelur eru oft látin niður falla í dómskerfinu. Sigurður telur það bagalegt.

Umhverfisverndarsamtök:

# Vara Evrópubúa við fiskáti

**BRETLAND** Umhverfisverndarsamtökin World Wildlife Fund, WWF, vara Evrópubúa við fiskáti í skýrslu sem birt var í gær. Ástæðan er sú að mikið af þeim fiski sem seldur er í Evrópu er afrakstur ólöglegra, eyðileggjandi eða skaðlegra veiða, segir í skýrslunni, sem varar jafnframt við því að haldi Evrópubúar áfram að kaupa fisk, munu margir fiskstofnar komast í útrýmingarhættu.

Sérstaklega á þetta við um kola, en í skýrslunni er því haldið fram að helmingi veidds kola sé hent aftur út í sjó. Fréttavefur BBC fjallaði um málið. - smk


AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI

Sjúkranuddstofan

Moonstartherapy

Síðumúli 15, 108 Reykjavík

Sími/fax 588-1404 Gsm: 895 9404

Heilnudd - Body massage / Bandvefsnudd - Connective tissue massage / Ristilnudd - Colon massage / Sogæðameðferð - Lymphdrainage / Orkumeðferð - Akupoint massage / Bakmeðferð - Back and spine therapy / Svæðanudd - Feetrelaxzonetherapy



550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


Spurt um afstöðu til sex þingmanna Sjálfstæðisflokksins í könnun Capacent:

# Sjálfstæðisþingmenn mældir

**STJÓRNMÁL** Afstaða fólks til sex þingmanna Sjálfstæðisflokksins er nú mæld á vegum fyrirtækisins Capacent rannsóknir. Þingmennirnir sem um ræðir eru Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður, Björn Bjarnason, Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur Blöndal og Sigurður Kári Kristjánsson.

Að öllu óbreyttu sækist Geir einn eftir fyrsta sætinu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og mun í kjölfarið skipa fyrsta sætið í öðru tveggja Reykjavíkurkjördæmanna. Björn og Guðlaugur stefna á annað sætið og vilja þar af leiðandi skipa fyrsta sætið í hinu Reykjavíkurkjördæminu. Pétur Blöndal stefnir á 2.-3. sæti í prófkjörinu og Sigurður Kári á fjórða sætið. Þorgerður Katrín vill leiða lista flokksins í Suðvesturkjördæmi.

Í könnun Capacent, sem gerð er innan svonefnds viðhorfahóps og framkvæmd er á netinu, eru þátttakendur meðal annars beðnir um að segja til um hvort viðkomandi þingmenn séu skemmtilegir eða leiðinlegir, alþýðlegir eða hrokafullir, sanngjarnir eða ósanngjarnir, líflegir eða daufir, hlýlegir eða kaldir. Þá er spurt hversu vel eða illa þingmennirnir koma fyrir í sjónvarpi.



BJÖRN BJARNASON



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



PÉTUR BLÖNDAL



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON



GEIR H. HAARDE

Fréttablaðinu er ekki kunnugt um fyrir hvern mælingin er gerð. Einar Einarsson, framkvæmdastjóri Capacent rannsókna, vildi ekkert upplýsa um málið, enda ríki trúnaður milli fyrirtækisins og viðskiptavina þess. -bþs





HYSTER

Heildarlausnir í lyfturum




Viðurkennd viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi

Húmor að hausti

Karlakór Eyjafjarðar 1996



Karlakór Eyjafjarðar og hagyrðingarnir,

Björn Ingólfsson, Einar Kolbeinsson, Pétur Pétursson og Reynir Hjartarson.

Þeim stjórnar Birgir Sveinbjörnsson

Súlnasal Hótel Sögu, 30. september.

Húsið opnar fyrir matargesti kl. 19.00 og á skemmtun kl. 21.00.

Verð kr. 6.300 á mat, skemmtun og dansleik. Kr 2.000 á skemmtun og dansleik. Miðar seldir við inngang á skemmtun en upplýsingar v. Matargesta hjá Birgi Guðmundssyni sölustjóra. S:525-9932

Aðrar uppl. Páll S:897-6013 og Anton S:863-4010

Hvatningarverðlaun leikskóla:

# Jákvæð hvatning í starfi

**LEIKSKÓLAMÁL** Ákveðið hefur verið að stofna til hvatningarverðlauna leikskóla í Reykjavík. Þessi ákvörðun var tekin á fundi leikskólaráðs í síðustu viku og verða verðlaunin sambærileg þeim sem veitt eru árlega til grunnskóla í borginni. Hvatningarverðlaunin verða veitt sex leikskólum ár hvert. Markmið verðlaunanna er að veita leikskólum í Reykjavík jákvæða hvatningu í starfi og vekja athygli á því sem vel er gert. Foreldrar, kennarar, skólar, starfsmenn og aðrar stofnanir geta sent inn tilnefningar en auglýst verður eftir þeim í byrjun nóvember. - hs

Íbúar Reykjanesbæjar geta sótt um umönnunargreiðslur á mittreykjanes.is:

# Umönnunargreiðslur 100 prósent rafrænar

**VEFÞJÓNUSTA** Nú gefst íbúum Reykjanesbæjar kostur á að sækja um umönnunargreiðslur á slóðinni www.mittreykjanes.is.

Ingibjörg Ólafsdóttir og Sebastiano Ferraú opnuðu formlega fyrir umönnunargreiðslurnar ásamt dóttur sinni Maríu Valentínu. Umönnunargreiðslurnar eru 100 prósent rafrænar og aðeins hægt að sækja um þær á ofangreindri vefslóð.

Dagný Gísladóttir, kynningarstjóri hjá Reykjanesbæ, segir foreldra í bæjarfélaginu nú eiga rétt á 30 þúsund krónum í umönnunargreiðslur á mánuði frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til börn komast á leikskóla. „Þeir sem eiga börn á þessu aldursbili geta sótt um greiðslur til 5. október fyrir fyrsta mánuðinn en eftir það verður hægt að sækja um til 1. hvers mánaðar.“

Dagný segir markmið umönnunargreiðslna að leggja áherslu á samveru fjölskyldunnar. „Til að öðlast rétt á greiðslunum þurfa foreldrar að sækja kynningu á vegum bæjarins um uppeldi en fræðslan er í samvinnu við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.

Markmið kynninganna er að foreldrar þekki skyldur sínar í uppeldishlutverkinu, grundvallaratriði í þroska barna og þá þjónustu sem foreldrum í Reykjanesbæ býðst. - hs



**OPNAÐ FYRIR UMÖNNUNARGREIÐSLUR Á VEFNUM** Árni Sigfússon bæjarstjóri ásamt Sebastiano Ferraú, Ingibjörgu Ólafsdóttur og dóttur þeirra Maríu Valentínu.

Atli Gíslason varaþingmaður:

# Í fyrsta sæti í Suðurkjördæmi

**STJÓRNMÁL** Atli Gíslason, hæstaréttarlögmaður og varaþingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboð, gefur kost á sér í fyrsta sæti á lista flokksins í Suðurkjördæmi.



ATLI GÍSLASON

Atli skipaði annað sæti á lista flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður í síðustu kosningum.

Kjördæmisráð VG í Suðurkjördæmi skoraði nýverið á Atla að bjóða sig fram í kjördæminu.

Atli hefur rekið eigin lögfræðistofu í rúman aldarfjórðung. - bþs

Kristján Sveinbjörnsson:

# Í prófkjör Samfylkingarinnar

**STJÓRNMÁL Kristján Sveinbjörnsson, forseti bæjarstjórnar Álftaness, gefur kost á sér í eitthvert af efstu sætunum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Kristján hefur starfað að sveitarstjórnarmálum á Álftanesi undanfarin ár en áður í Kópavogi. Hann er rafverktaki og rekur eigið rafverktakafyrirtæki.**



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

**Kristján er formaður Svifflugfélags Íslands og varaforseti Flugmálafélags Íslands.** - bþs

Sigríður Jóhannesdóttir:

# Í prófkjör Samfylkingarinnar

**STJÓRNMÁL** Sigríður Jóhannesdóttir, fyrrverandi alþingismaður, býður sig fram í 2.-3. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi. Sigríður sat á þingi fyrir Alþýðubandalagið 1996-1999 og fyrir Samfylkinguna frá 1999-2003. Hún er kennari að mennt og hefur kennt lengst af starfsævinnar. Sigríður er varaformaður stjórnar MS-félagsins.



SIGRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Prófkjörið fer fram 4. nóvember. - bþs

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



www.byko.is
verslaðu á netinu

# LJÓSA VEISLA

**790**
~~1.371~~

Vnr. 51867020
**Loftljós**
TESSUTO loftljós
30 cm, króm.

**1.390**
~~2.802~~

Vnr. 52100022
**Útiljós**
GEOSUN útiljós ílangt 32x21 cm
IP44, 100W, hvítt.



**2.650**
~~4.134~~

Vnr. 52224994
**Kastari**
Halogen kastari kos,
4x50W.

Útiljós/Inniljós
Garðljós/Baðljós
Lampar/Halogenljós
Innréttingaljós o.fl.



**690**
~~1.190~~

Vnr. 52220738
**Loftljós**
Loftljós opal/gler, E27, 60W.



**1.790**
~~2.754~~

Vnr. 52100215
**Borðlampi**
LOONEY TUNES borðlampi,
E27, 60W.



# 35% afsláttur

## af öllum ljósum

### og enn meiri afsláttur af völdum ljósum

Allar vörur eru til í BYKO Breidd en minna úrval er öðrum verslunum. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



**9.490** ~~14.634~~

Vnr. 51827343

**Ljósakróna**

BIEMME ljósakróna 3xE14.



**760** ~~1.173~~

Vnr. 51026015

**Kastari**

Halogen kastari GU10, 50W, króm.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI




Birt með leyfi Námsgagnastofnunar og Liber Karter, Stokkhólmi

# Svanurinn, Örninn og Harpan sýnileg

**Ef skilyrði verða góð í kvöld verður hægt að sjá Vetrarbrautarslæðuna en innan hennar má sjá aragrúa stjarna. Þá mun stjornuskodun.is bjóða upp á stjörnuskoðun í gegnum sjónauka í minjasafni Orkuveitunnar í kvöld.**

Í Elliðaárdalum býðst gestum og gangandi kostur á að skoða stjörnurnar í gegnum sjónauka sem verður á staðnum. Ljós verða slökkt í dalnum klukkan 21.00 og stendur stjörnuskoðunin til kl. 23.00.

Meðal stjörnumerkja sem sjá má í kvöld eru Svanurinn, Örninn og Harpan sem verða sýnileg á suðurhimni.

Sverrir Guðmundsson stjörnufræðingur segir fáar reikistjörnur sjást á himninum í kvöld þegar myrkvað verður. „Tungl sést heldur ekki en það getur verið til bóta því ljósið frá tunglinu getur komið í veg fyrir að stjörnur sjáist. Þetta á sérstaklega við um daufari stjörnur og einnig eru meiri líkur á að sjá norðurljós og Vetrarbrautarslæðuna þegar tunglsljóss nýtur ekki við.“

Sverrir segir Vetrarbrautarslæðuna vera sýnilega í suðri en hún birtist sem ryk og gasský sem lítur út eins og slæða. „Ef maður horfir í Vetrarbrautarslæðuna má sjá aragrúa af stjörnum. Ef skilyrði verða góð í kvöld gæti einnig verið hægt að sjá dauf norðurljós.

Í norðri er hægt að sjá Karlsvagninn sem er hluti af Stóra Birni sem margir þekkja. Tvær fremstu stjörnur í Karlsvagninum benda á Pólstjörnuna sem er í hánorðri. Þá ætti stjörnumerkið Kassíópeia að vera sýnilegt en það myndar áberandi W hátt á himninum.“

Á vefsíðunni www.stjornuskodun.is má fá nánari upplýsingar um það sem fyrir augu ber í kvöld. Þar kemur fram að á milli Kassíópeiu og stjarnanna í Andrómedu megi sjá Andrómeduvetrarbrautina sem daufan þokublett. Hún er eina fjarlæga vetrarbrautin sem sést með berum augum. Andrómeduvetrarbrautin er í um tveggja milljóna ljósára fjarlægð frá okkur, sem þýðir að við sjáum hana eins og hún leit út þegar ljósið frá henni lagði af stað fyrir um tveim milljónum ára.



**SVERRIR GUÐMUNDSSON** Andrómeduvetrarbrautin er í um tveggja milljóna ljósára fjarlægð.

Sverrir segir best að fara út í garð til að sjá stjörnurnar og gott sé að nota litla handsjónauka því þeir stækki sjö til tíu sinnum.

hugrun@frettabladid.is

## SLÖKKT Á GÖTULJÓSUM Í HÁLFTÍMA Í KVÖLD

Einstakur viðburður á sér stað í kvöld þegar götuljós verða slökkt í hálftíma. Þetta hefur hvergi verið gert áður. Fólk er hvatt til að vera heima og njóta þess að horfa upp í himininn.

Myrkvunin verður kl. 22-22.30 og markar upphaf alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Segja má að þessi gjörningur sé kvikmynd í boði náttúrunnar því hvergi er að finna jafnstórt sýningartjald og himininn sjálfan. Á nokkrum stöðum á landsbyggðinni verður einnig slökkt á götuljósum, meðal annars Akranesi, Borgarnesi og Dalvík.

Myrkvunin var kynnt á blaðamannafundi í gær en yfirskrift hennar er: Slokkni ljós - kvikni stjörnur.

„Það er líka gaman að myrkvunin hittist á sama dag og forvarnardagur er kynntur í grunnskólum landsins til að hvetja börn og foreldra til að eyða meiri tíma saman,“ sagði Andri Snær Magnason rithöfundur.

Andri segir marga stjörnufræðinga hafa gengið með það í maganum að slökkva götuljósin til að geta séð stjörnubjartan himininn betur. „Það er alveg hægt að ímynda sér að myrkvun verði notuð í framtíðinni þegar stórviðburðir eiga sér stað á stjörnuhimninum.“

Karl Steinar Valsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að ekki verði slökkt á umferðarljósum. „Á meðan myrkvunin stendur yfir verður lögreglumönnum á vakt fjölgað og þeir verða sýnilegir á gatnamótum og öðrum fjölförnum stöðum. Annars ætti fólk helst að vera heima á þessum tíma og njóta þess sem stjörnuhimininn hefur upp á að bjóða.“

Guðjón Magnússon hjá Orkuveitu Reykjavíkur sagði ekkert tæknilega flókið við myrkvunina því sama tækni væri notuð á hverjum degi til að kveikja og slökkva á götuljósum.

...höfum opnað ævintýralega verslun fyrir konur..



maïa

kvenföthúsbúnaðurtónlistbækurbarnaföt fylgihlutirundirföt

laugavegur 86-94, sími 5526066

## „ORÐRÉTT“

*Yfirlýsing um verðandi samstarf*

**„Þetta eru frekar yfirlýsingar um verðandi samstarf frekar en búið sé að negla nákvæmlega niður hvernig samstarfi þessara íslensku stofnana verði háttað.“**

BALDUR ÞÓRHALLSSON STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR UM SAMKOMULAG UM VARNARMÁL ÍSLENDINGA.

*Mótun á ekki að vera hjá fyrirtækjum*

**„Það á ekki að vera í höndum stóriðjufyrirtækja, orkufyrirtækja eða sveitarfélaga að móta auðlinda-, efnahags- eða náttúruverndarstefnu fyrir landið allt.“**

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR, Í FRÉTTABLAÐINU Í GÆR.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

## *Syngur sem Tina Turner á sviðinu á Broadway*



„Það er allt mjög gott að frétta,“ segir Sigríður Beinteinsdóttir tónlistarkona. „Við erum núna að byrja að æfa nýja sýningu á Broadway sem verður frumsýnd 10. nóvember. Þetta er Tinu Turner-sýning og við erum í þessu ég og Bryndís Ásmundsdóttir auk eins karlsöngvara sem við erum ekki alveg búin að ákveða ennþá hver verður.“

Sigga segist hafa verið hoppandi á milli Noregs og Íslands undanfarið, enda er hún með tvo söngskóla í Osló. „Í sumar hef ég verið að undirbúa haustið og veturinn og við bjóðum til dæmis upp á söngleikjatengt nám. Þetta er hugsað fyrir börn 10 ára og upp úr, kannski meira fyrir unglinga heldur en söngskólarnir sem ég hef verið með á Íslandi.“

Sigríður segist ekki sakna Idolsins, þótt gaman hafi verið að taka þátt í því. „Þrjú ár eru fínn tími og mér finnst sniðugt hjá þeim að prófa X-factor. Þetta hefur verið einn vinsælasti þátturinn í Bretlandi og ég er viss um að hann geri góða hluti hér.“

Sigga hefur ekkert komist í frí ennþá, en það verður loksins af því í næstu viku – „Þá fer ég í viku til Spánar,“ segir hún. „Ég verð í íbúð nálægt Alicante og það er gaman að geta lengt sumarið aðeins á þennan hátt.“

## SÖGUSTUND: GULU MIÐARNIR

*Í kvikmyndinni Romy and Michele's High School Reunion heldur persónan sem Lisa Kudrow leikur því fram að hún hafi fundið upp gulu „post-it“ minnismiðana, sem milljónir manna nota nú daglega.*



Hið rétta er að miðarnir eru uppfinning tveggja uppfinningamanna hjá 3M fyrirtækinu sem framleiðir miðana. Spencer Silver fann upp hið veika lím árið 1968, en sex árum síðar datt Arthur Fry í hug að nota það á litla minnismiða. Miðarnir komu á markaðinn árið 1980 með tilfallandi herferð og slóu í gegn.

## SJÓNARHÓLL

**ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK**



THOR VILHJÁLMSSON

### *Sprengt í þvergirðingsvegg*

„Ég er glaður að fá tækifæri til að lyfta mér á kreik og hugsa mér gott til glóðarinnar“ segir Thor Vilhjálmsson rithöfundur um Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík sem hefst í dag. „Ég er þessa stundina að fletta hinu veglega dagskrárblaði og verð æ glaðari eftir því sem ég kemst lengra. Það er margt gott í boði eins og vænta mátti af slíkum frömuðum. Ég fagna því innilega að það sé sprengt í þennan þvergirðingsvegg gegn gæðum sem virðist ríkja í kvikmyndahúsum borgarinnar. Ég gleðst yfir að fá tækifæri til að kynnast nýjum höfundum auk þess sem ýmsir gamalkunnir eru í færi. Þar get ég nefnt Atom Egoyan og Aki Kaurismäki, sem ég hef miklar mætur á. Hátíðin er tækifæri fyrir alla til að beita skilningarvitunum til þroska og farsældar og er glæsilegt framtak hjá ungu fólki undir forystu Hrannar Marinósdóttur.“

# Old Spice svífur yfir vötnum á Rakarastofunni

**Gauti Torfason í Rakarastofunni Neðstutröð 8 í Kópavogi flytur inn hinn gamalkunna rakspíra Old Spice og er með stórar hugmyndir um að hefja rakarastofuna – athvarf karlmannsins – aftur til vegs og virðingar.**

„Rakarastofan er búin að vera hér á saman stað í 45 ár og er með elstu fyrirtækjum í Kópavogi,“ segir Gauti. Faðir hans, hinn goðsagnakenndi Torfi rakari, stofnaði stofuna og nú er sonur Gauta, Andri Týr, sem er nítján ára, að læra hjá pabba sínum – „Þetta er að verða fjölskylduhefð.“

Gauti er mikill áhugamaður um iðn sína og hefur sankað að sér ýmsum fornum raksturshnífum og tækjum. Hann rakar menn með gamla laginu með rakhníf sem hann brýnir á leðuról. Þá er hann sérstakur áhugamaður um frægasta rakspíra á Íslandi, sem þó var ófáanlegur hér um árabil. „Old Spice kom fyrst á markaðinn árið 1938 og þeir eru enn að framleiða nákvæmlega sama ilminn. Þeir tóku reyndar hliðarspor á níunda áratugnum og breyttu ilminum. Þá fór Old Spice-heimurinn á annan endann og þeir voru fljótir að breyta aftur í gamla ilminn. Þetta var eiginlega þeirra Kárahnjúkadæmi.“

Old Spice var ófáanlegur hérlendis árum saman en í fyrra fór Gauti að flytja gömlu hvítu flöskurnar inn á ný. „Pétur Pétursson flutti þetta inn á árum áður, en svo lognaðist það út af. Þessi lykt var ríkjandi hér lengi. Það sem skemmdi fyrir var að menn hálfpartinn böðuðu sig upp úr þessu. Þegar þú fórst á mannamót lá þessi lykt yfir öllu. Og þetta er náttúrlega ansi sérstök lykt.“

Gauti segir að menn hafi hreinlega fengið nóg og því hafi rakspírinn horfið. „En Old Spice á samt fullt erindi aftur. Ungt fólk þekkir þetta frá öfum sínum og langar til að prófa. Og þegar gömlu karlarnir fá að þefa upp úr flösku lygna þeir aftur augunum og verða ungir á ný. Ég nenni samt ekki að vera neinn stórgrosser og fara í einhvern heildsalabisness, en ég sel þetta á stofunni hjá mér og líka til kolleganna, sem finnst gaman að bjóða upp á þetta.“

Gauti er það mikill áhugamaður um Old Spice að hann hefur keypt nokkrar gamlar tegundir á eBay, en á árum áður létu framleiðendur Old Spice gera sérstakar skrautflöskur einu sinni á ári.

Gauti er í nánu sambandi við elstu rakarastofu í heimi, Truefitt & Hill í London, og sonur hans Andri Týr var í læri þar í sumar. „Þeir hafa verið að síðan 1805 og klippt og rakað snobblið og kóngafólk. Þeir leggja nú hart að mér að opna útibú á Íslandi og ég er að gæla við að af því geti orðið á næsta ári. Það yrði náttúrlega algjört karlaathvarf, eins og stofan mín er. Hingað koma bara karlar og það vantar ekkert nema skilti í gluggann um að konur séu bannaðar. Nei nei, ég segi bara svona.“

Rakarinn á Neðstutröð er búinn að útbúa bækling um það hvernig menn eiga að raka sig. Bæklinginn má bæði fá á stofunni og lesa á heimasíðu rakarastofunnar, Herramenn.is. „Þú færð ekki betri rakstur en með gamla góða rakhnífnum og svo er þetta góð afslöppun líka. Ég hef meira að segja selt nokkrum kúnnum rakhnífa, en ég held smá námskeið fyrir þá áður en ég hleypi þeim út svo að þeir drepi sig nú ekki á þessu.“

gunnarh@frettabladid.is



**GAUTI TORFASON MEÐ ANDRA SYNI SÍNUM OG HLUTA OLD SPICE-SAFNSINS** Gamlir karlar verða ungir á ný þegar þeir finna ilminn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR






**HERMAÐUR LÆTUR TRUFLA SIG** Réttir hér gógó-stelpunum vatnssopa og brosir breitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvað varð um húmorinn?

## Banna dansandi stelpur

**TAÍLAND, AP** Fyrir fimm dögum síðan var hermönnum þeim sem gæta þinghússins í Taílandi skipað að brosa meira og sýna þannig almenningi hið glaðlega andlit valdaránsins.

Nú virðist brosmildin horfin af herforingjunum, því á síðustu dögum hefur léttleikinn verið fullmikill við þinghúsið. Fjöldi fólks safnast daglega saman, ekki bara til að votta hermönnum virðingu sína, heldur einnig til að fylgjast með gógó-danssýningum ungra stúlkna í boði útvarpsstöðvar í Bangkok. Herforingjarnir brugðu í gær á það ráð að banna allan kynferðislegan dans í grennd við skriðdreka. Þeir vilja meina að ögrandi sýningar trufli hermennina og að viðhalda þurfi alvarleika hernámsins. **- kóþ**

# ÓTRÚLEG FYLLING
## HÁMARKSLENGING

AÐSKILUR OG BRETTIR ÓVIÐJAFNANLEGA VEL.
INIMITABLE – nýr maskari frá CHANEL – með nýja burstanum finnum við meiri aðlögun litar og augnhára, og þau enda í fjórvídd. Þér er boðið að kynnast honum núna!

SÉRFRÆÐINGAR FRÁ CHANEL VERÐA Í VERSLUNUM HAGKAUPA Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND DAGANA 28. SEPTEMBER TIL 4. OKTÓBER.
Komdu við og fáðu persónulega ráðgjöf í öllu því nýjasta í förðun, auk þess að kynnast nýju byltingarkenndu kremi frá CHANEL. ÖLLUM KAUPUM FYLGIR ÓVÆNTUR GLAÐNINGUR!




Gildir til 4. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# NÓATÚN




























NÓATÚN

Bestir í kjöti

★★★★★

**Heitt MEÐ Heim**

## PANNA DAGSINS

## ÍTALSKUR PASTARÉTTUR

Fljótlegir og hollir réttir í hádeginu eða á kvöldin, heitt með heim.

Ýmsir heilsu- kjöt- fiski- núðlu- eða pastaréttir ásamt meðlæti í pönnunum á hverjum degi.



# Töfrar Ítalíu

## í Nóatúni



### Fylltar kjúklingabringur

4 kjúklingabringur
4 Parma hráskinkusneiðar
2 kúlur af mozzarella osti, skornar í tvennt
12 fersk basil blöð
1 dl hvítlauksolía (fæst tilbúin í Nóatúni)
Salt og pipar

Rúllið 3 basilblöðum og ½ kúlu af osti inn í skinkuna og kryddið með pipar. Skerið vasa í bringurnar og stingið skinkurúllunum í þær. Penslið bringurnar með hvítlauksolíu, kryddið með salti og pipar og brúnið þær í restinni af hvítlauksolíunni á pönnu. Bakið bringurnar að lokum í 180° heitum í 15-20 mínútur.

MÓA KJÚKLINGABRINGUR **1.999** kr./kg
MAGNKAUP



LAMBAGÚLLAS
Í HVÍTLAUKSSÓSU
**1.398** kr./kg



PARMA SKINKA
GÓMSÆT MEÐ MELÓNU
**40%** afsláttur



**30%** afsláttur

ÍTÖLSK OFNSTEIK
GOÐA GOURMET
**1.148** kr./kg



GALBANI OSTAVEISLA
EKTA ÍTALSKIR OSTAR
**15%** afsláttur



LAVAZZA KAFFI
MALAÐ EÐA ÓMALAÐ
**399** kr./pk.



NÝ ÍTÖLSK BRAUÐ Í NÓATÚNI
BAKAÐ Á STAÐNUM

*„Verði ykkur að góðu!"*

## Svona erum við

> Starfsfólk við kennslu með og án kennsluréttinda




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NÝR HEILDSÖLUBANKI VERÐUR EKKI AÐ VERULEIKA Í STAÐ ÍBÚÐALÁNASJÓÐS:

# *Lagt til að þróa nýtt fjármögnunarkerfi*

Stýrihópur félagsmálaráðherra átti að efna til víðtæks samráðs um framtíðarstefnumótun á íbúðalánamarkaði og koma með tillögur um uppbyggingu nýs íbúðabanka, um rekstrarform og fjármögnun. Hópurinn átti einnig að leggja til útfærslu á því hvernig markmiðum um framboð lána á sömu kjörum, óháð búsetu eða félagslegri stöðu, yrði náð.

**- Hvað gerðist?**
Eftir samráðsferlið varð ljóst að ekki næðist samkomulag við hagsmunaaðila, til dæmis bankana, um nýjan heildsölubanka og þar með breytingar á framtíðarfyrirkomulagi Íbúðalánasjóðs. Með tillögum sínum reynir stýrihópurinn samt að koma til móts við óskir bankanna um jafnari samkeppnisstöðu á íbúðalánamarkaði og leggur því til að ríkisábyrgð íbúðalána verði afnumin.

**- Hvað leggur hópurinn þá til?**
Hópurinn leggur til að stjórnvöld hlutist til um lagabreytingar sem heimili Íbúðalánasjóði að setja á fót fjármögnunarkerfi á heildsölustigi. Fjármögnunarkerfið myndi byggja á útgáfu svokallaðra sérvarinna skuldabréfa og þyrfti ekki ríkisaðstoð að koma til. Kerfið yrði sjálfstæð rekstrareining innan Íbúðalánasjóðs. Það er því ekki um neinn heildsölubanka að ræða.

- Hvaða áhrif á þetta að hafa?
Breytingin er talin hafa fyrst og fremst áhrif á markaðinn og samkeppnisstöðu Íbúðalánasjóðs og íbúðalána bankanna. Ekki er talið að vextir Íbúðalánasjóðs muni hækka. Almenningur kemur eftir sem áður til með að geta fengið íbúðalán hjá Íbúðalánasjóði.



MAGNÚS STEFÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

**- Hvaðan kemur þessi hugmynd um sérvarin skuldabréf?**
Tillögur hópsins byggja á fyrirmyndum sem hafa gefist vel í nágrannalöndum Íslendinga áratugum saman.

**SPURT OG SVARAÐ**
**NÝTT SJÚKRAHÚS**

## *Sem fyrst*

Starfsemi Landspítala-háskólasjúkrahúss er nú margskipt og dreifð víða um borgina. Stefán B. Sigurðsson, forseti læknadeildar segir nauðsynlegt að byggja nýtt sjúkrahús.



STEFÁN B. SIGURÐSSON

**Hvers vegna nýtt sjúkrahús?**
Starfsmenn sjúkrahússins þurfa í daglegum störfum sínum að samflétta klíníska þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisstétta og rannsóknavinnu sem er undirstaða þróunar heilbrigðisþjónustunnar. Við teljum mjög mikilvægt að hafa þessa starfsemi sem unnin er á spítalanum á einum stað. Það er mun betra fyrir sjúklinga og starfsmenn. Nýtt sjúkrahús leysir mörg vandamál og kemur í veg fyrir að þau skapist ef allt verður óbreytt.

**Er Hringbrautin góður staður?**
Það komu í byrjun þrír staðir til greina. Fram fór mikil umræða um staðsetninguna og kostir þeirra og gallar kannaðir í þaula. Niðurstaðan var að þetta svæðið við Hringbraut hentar best. Það svæði er ekki minna en það í Fossvogi. Það lítur út fyrir það en er ekki.

# Nýting og verndun fari saman

**Umhverfissamtökin Landvernd hafa kynnt sýn til framtíðar um verndun Reykjanesskagans. Samtökin vilja að náttúruvernd sé í hávegum höfð samhliða fjölbreyttri nýtingu á auðlindum skagans. Hugmyndirnar hafa vakið athygli og umræður, ekki síst á nýtingarmöguleikum háhitasvæða á skaganum.**



**BLÁA LÓNIÐ** Ein af perlum Reykjanesskagans. Hvatt er til að á virkjunarsvæðum séu starfrækt heilsuböð og nýting jarðhitaefna til dæmis í framleiðslu húðvara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framtíðarsýn Landverndar er að frá Þingvallavatni út á Reykjanestá og Eldey, þar með talið Hengilssvæðið, verði stofnaður „Eldfjallagarður og fólkvangur“. Skaginn hefur að mati Landverndar jarðfræðilega sérstöðu á heimsvísu. Sem dæmi er nefnt að Reykjanes er eini staðurinn á jörðinni þar sem berlega má sjá hvar úthafshryggur gengur á land með eldsumbrotum og jarðhræringum. Fjölmörg náttúruvætti og minjar á náttúruminjaskrá yrðu innan „Eldfjallagarðsins“ og Reykjanesfólkvangur og Bláfjallafólkvangur myndu falla innan hans. Verðmætar menningarminjar eru í Selvogi, Herdísarvík, Krýsuvík og víðar auk þess sem lífríki Eldeyjar, Hafnarbjargs og Krísuvíkurbergs er rómað. Landvernd vill sjá vakningu fyrir því að varðveita menningarlandslag og lífríki þessara svæða og skagans í heild.

### Auðlindanýting

Á Reykjanesskaga eru nokkur háhitasvæði, Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Sandfell, Trölladyngja, Krísuvík, Hengilssvæðið og Brennisteinsfjöll. Orkuvinnsla er töluverð austast og vestast á skaganum en Landvernd hvetur eindregið til að þróa áfram nýtingu jarðvarmans á þeim svæðum sem nú þegar hafa verið virkjuð að hluta.

Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að Brennisteinsfjöll séu ósnortin víðerni sem þurfi að taka frá fyrir náttúruvernd og koma þurfi í veg fyrir rannsóknarboranir þar. „Á Reykjanesi eru fjögur eldstöðvakerfi. Tvö af þessum kerfum hafa þegar verið virkjuð að talsverðu leyti og það eru komnar af stað rannsóknarboranir á þriðja svæðinu sem er Trölladyngjusvæðið. Brennisteinsfjöllin eru síðasta kerfið sem er ósnortið. Við leggjum áherslu á rannsóknir og djúpboranir á þeim svæðum sem þegar eru nýtt til orkuvinnslu með jarðvarma því hver virkjun; Hellisheiðarvirkjun, Reykjanesvirkjun og Svartsengi, getur orðið ígildi Kárahnjúkavirkjunar.“

### Fjölgun og ferðaþjónusta

Á og við Reykjanesskaga búa nú um 200 þúsund manns og fyrirsjáanlegt að íbúum fjölgi hratt á næstu árum. Þannig vex þörfin fyrir fjölbreytt og skipulagt útivistarland í nágrenni þéttbýlisins enn frekar. Flestir ferðamenn sem koma til landsins fara um Keflavíkurflugvöll og spár benda til að fjöldi þeirra verði um ein milljón eftir áratug. Bergur Sigurðsson hjá Landvernd bendir á rannsóknir sem sýna að íslensk náttúra dregur þá flesta til landsins og bætt aðgengi að náttúru og menningarminjum skagans myndi efla ferðaþjónustu mikið.

Í ályktun Landverndar um Reykjanesskaga er bent á að mögulegt er að nýta tækifæri skagans til náttúruverndar, útivistar og ferðaþjónustu við hlið orkuvinnslu og nýtingar jarðhitaefna. Þessi nýting telur Landvernd að hafi jákvæð áhrif á efnahag, samfélag og umhverfi í anda sjálfbærrar þróunar.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is






## BRENNISTEINSFJÖLL – SJÓNARMIÐ STJÓRNVALDA

Umhverfisráðuneytið lagðist í sumar gegn því að veitt yrðu leyfi til rannsóknarborana í Brennisteinsfjöllum en iðnaðarráðuneytið óskaði eftir umsögn í febrúar 2005. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun hafa lagst gegn því að slíkt leyfi verði veitt. Í umsögnum stofnananna er bent á að Brennisteinsfjöll séu innan Herdísarvíkurfriðlands, Reykjanesfólkvangs og Bláfjallafólkvangs og því þurfi leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda á svæðinu. Álit umhverfisráðuneytisins um rannsóknaleyfi í Grændal og Krísuvík er væntanlegt á haustmánuðum en starfandi er nefnd um rannsóknaleyfi og framtíðarnýtingu auðlinda í jörðu og skilar hún niðurstöðum sínum um komandi mánaðamót.

Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, sagði á ráðstefnu Landverndar um Reykjanesskagann nýlega að á næstu árum verði hægt að taka afstöðu til þess hvaða háhitasvæði beri að varðveita út frá verndargildi þeirra. Ingimar sagði að nú stæði yfir gerð rammaáætlunar um virkjanakosti þar sem verndargildi háhitasvæði sé metið. Áformað sé að vinna að þessu á næstu árum þannig að hægt verði að taka afstöðu til framhaldsins á árunum 2009 eða 2010. Á meðan, segir Ingimar, er mikilvægt að ekki sé ráðist í framkvæmdir á þeim háhitasvæðum sem ekki hafa verið metin út frá verndargildi.

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagðist í viðtali við Fréttablaðið nýlega ekki geta tjáð sig um þær hugmyndir að gera Reykjanes að friðlandi á meðan umsóknir Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknarboranir í Brennisteinsfjöllum eru til afgreiðslu hjá iðnaðarráðuneytinu.

Í þessu samhengi má nefna að Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, segir það valda fyrirtækinu vandræðum að fá ekki svör við umsóknum um rannsóknaleyfi á nýjum svæðum á Reykjanesi. Júlíus segir að strax þurfi að fara í rannsóknir ef gangsetja eigi álver í Helguvík 2010. Þá þurfi að byrja á framkvæmdum 2008 og til þess þurfi að standa fyrir víðtækum rannsóknum strax á næsta ári.

filmfest.is
BAUGUR GROUP



Drottningin
Tjarnarbíó 20:00

The Queen

*Helen Mirren fékk nýverið gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir túlkun sína á Elísabetu Englandsdrottningu í þessari ótrúlegu mynd sem segir frá því hvernig konungsfjölskyldan brást raunverulega við dauða Díönu prinsessu.*

Himinninn
22:00 | Slokkni ljós - kvikni stjörnur

Tjarnarbíó
14:00 | Uppstoppun
16:00 | Sæluvíma
20:00 | Drottningin
22:30 | Shortbus

Iðnó
14:00 | Óhlekkjaðir
16:00 | Dæmdir heim
18:00 | Florence afhjúpuð
20:00 | Brosað á stríðssvæði
22:30 | Eins og Rollingarnir

Háskólabíó
18:00 | Mescal
18:00 | Rússneska örkin
18:00 | Púðurtunnan
20:00 | Sumarhöllin
20:00 | Draumur á Þorláksm...
20:10 | Skjaldbökur geta flogið
20:15 | Tjón
22:30 | Umsátur
22:30 | Norðurkjálkinn
23:00 | Prinsessa

Reykjavík International Film Festival
Sept 28 Okt 8 2006



Notkun tilbúins áburðar á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** FELIX BERGSSON LEIKARI OG UMSJÓNAMAÐUR SEX TIL SJÖ:

## *Keypti tjalddýnur en fer aldrei í útilegur*



Þessa dagana er Felix að taka til í bílskúrnum sínum og þá segir hann blasa við þá hluti sem hann hafi keypt en síðan ekki haft not fyrir. „Það slær mig hversu stórt hlutfall þess sem er í bílskúrnum hefur ekki verið notað. Ætli mín verstu kaup séu ekki fjórar upplásnar dýnur sem ég keypti í Rúmfatalagernum. Það rifjaðist ekki upp fyrir mér fyrr en kaupin voru afstaðin að ég er ekki mikill útilegumaður en til þess voru dýnurnar ætlaðar. Þetta var því alveg vita tilgangslaus fjárfesting.“

Felix segir það góða í kaupunum vera það að krakkarnir séu farnir að nota þær í útilegur. „Annars er þeirra eina gagn að taka pláss í bílskúrnum.

Bestu kaupin sem ég hef gert er líklega reiðhjólið mitt. Ég keypti það fyrir fjórum árum í reiðhjólaversluninni Erninum fyrir einhvern fjörutíuþúsund kall. Þetta hjól hefur verið mér mikill gleðigjafi og það hrópar á mig að nota það meira. Ég vinn í útjaðri miðbæjarins þar sem Skjár einn hefur aðsetur en bý í Vesturbænum og er um korter að hjóla á milli sem er fín hreyfing. Það tæki mig sennilega lengri tíma að fara þessa leið á bíl.“

Felix segir mun auðveldara að hjóla eftir að nýja Hringbrautin var tilbúin og segir hann ekkert mál að hjóla allan ársins hring. „Það eru aðeins örfáir dagar sem ekki er hægt að hjóla vegna snjóa og hálku á hverjum vetri.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### MATSEÐILL FYRIR VIKUNA

■ *Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður segir það spara tíma og peninga að gera matseðil fyrir vikuna.*

„Þetta lærði ég þegar ég bjó í Danmörku og notaði þetta mikið. Þá byrjaði ég á því að gera matseðil og keypti allt í einu. Með þessu slapp ég við óþarfa ferðir í búðir sem verða oft til þess að maður kaupir óþarfa. Guðrún segist nota þetta húsráð minna í seinni tíð, í og með út af tímaleysi.



„Ég er samt ekki hætt að nota húsráð og nýlega málaði ég gólf- og veggdúk sem er á baðherberginu hjá mér í stað þess að rífa þá niður. Með þessu gerði ég upp baðherbergið fyrir lítinn pening.“

■ **DÝRAST/ÓDÝRAST**

## Farsímar



Ódýrasti farsími landsins er af gerðinni Nokia 1112 og má fá hjá Elko á 5.495 krónur. Síminn er 80 grömm og allt stýrikerfi er á íslensku. Dýrasti farsími landsins er hins vegar Nokia N93, sem kostar 89.995 kr. hjá Hátækni og er 180 grömm. Það má því fá rúmlega sextán af þeim ódýrstu fyrir þann dýrasta. Dýri síminn þykir einhver magnaðasti margmiðlunarsími sem komið hefur út frá Nokia. Hann tekur upp myndskeið í DVD-gæðum, er með WLAN-tengingu, Blátönn, FM-útvarp, innbyggt 50MB minni og stuðning við allt að 2GB miniSD-minniskort.

■ **ALLT ER NÚ TIL**

## Innfluttur harðfiskur



Sælkerabúð Nings á Suðurlandsbraut býður upp á margt sérkennilegt, þ.á.m. Taro-harðfisk frá Taílandi. Þetta er reyndar ekki kallað harðfiskur heldur „fisksnakk“ og eru þetta næfurþunnir strimlar unnir úr þurrkuðum eðlufiski sem veiðist í Suður-Asíu. Tvær tegundir eru í boði, „hot chili“ og „spicy“, og er bragðið eins og af harðfiski, nema hann er sætur og kryddaður. Hver poki er 37 grömm og kostar 95 krónur. Kílóið er því á 2.568 krónur sem er þó nokkuð lægra en gerist með íslenskan harðfisk, en auðvitað er þetta ekki alveg það sama.

■ **Nýr kortavefur um Ísland**

## Hægt að fá vegvísun milli staða



Opnaður hefur verið nýr kortavefur um Ísland en slóðin á hann er www.map24.is Á vefnum er hægt að leita að heimilisföngum, fá vegvísun milli staða og finna og bóka hótel. Fyrirtækið Loftmyndir ehf og MapSolute standa að vefnum og er hann öllum opinn. Kortin af Íslandi eru hluti af nýjum kortagrunni Loftmynda ehf. sem í dag nær yfir allt landið. Hægt er að fletta upp í heimilisfangagrunni vefsíðunnar en þar er skráð nákvæm staðsetning yfir 99 prósent heimilisfanga á Íslandi. Hægt er að fá vegvísun milli staða eða jafnvel landa, til dæmis hvaða leið er best að aka frá ákveðnu heimilisfangi í Reykjavík til Þingvalla. Á map24.is er einnig hægt að skoða kort af Evrópu og Ameríku og fá akstursleiðbeiningar. Á vefnum má einnig finna nákvæm götukort af öllum helstu viðkomustöðum ferðalanga erlendis.

# Margfalt ódýrari flugmöguleikar hjá Dohop

**Það gerist nú æ algengara að fólk skipuleggi ferðir sínar og panti flug á netinu. Áður fyrr þurfti að vaða í gegnum frumskóg heimasíðna í leit að hagstæðustu og heppilegustu ferðinni en nú hefur íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Dohop.com komið fram með öflugustu flugleitarvél í heimi, sem leitar að besta verði og tengingum hjá nær öllum starfandi flugfélögum í heiminum.**

Frosti Sigurjónsson er einn af stofnendum Dohop. „Hugmyndin fæddist í desember 2003 þegar ég var að leita að flugi frá Keflavík til Nice. Ég sá að hvergi var til á netinu flugleitarvél sem innihélt bæði lággjaldafélög og önnur félög og gat fundið möguleg tengiflug ef á þurfti að halda. Það var því ákveðið að reyna að búa til svona leitarvél.“

Fyrsta útgáfa Dohop var kynnt í upphafi árs 2005 og hafði þá sérstöðu að geta fundið tengiflug með evrópskum lággjaldafélögum. Í desember í fyrra var leitarvélin stækkuð og leitar nú hjá um 660 flugfélögum um víða veröld. „Við getum leitað hjá stærstu fyrirtækjum niður í smáfyrirtæki sem eru kannski með tvær sjóflugvélar í áætlun á milli eyja í Kyrrahafinu,“ segir Frosti. Hann þakkar Rannís fyrir stuðninginn sem fyrirtækið fékk í upphafi. „Þeir höfðu trú á þessu og studdu verkfnið. Starf Rannís er geysilega mikilvægt fyrir íslensk sprotafyrirtæki.“

Dohop hefur aðsetur á Klapparstíg þar sem sex starfsmenn vinna við þróun hugbúnaðar. „Það er endalaust hægt að bæta þjónustuna og bæta við nýjum möguleikum. Við höfum ekki eytt krónu í auglýsingar, enda höfum við ekki efni á því, og byggjum allt á orðsporinu. Til að ná athygli þurfum við sífellt að bæta okkur og koma með eitthvað nýtt, eitthvað sem enginn annar býður upp á. Fyrirtækið er drifið áfram af tækninýjungum.“ Dohop hefur fengið umfjöllun víða, m.a. hjá CNN og The Times. Frosti segir að markmiðið í dag sé að 300 þúsund manns noti vefinn á mánuði og segist vongóður um að það markmið náist. „Það hefur myndast mikil þekking innan fyrirtækisins og við erum farnir að bjóða flugfélögum upp á tækniráðgjöf. Flugfélög, t.d. Iceland Express, eru farin að bjóða upp á vefleit okkar á heimasíðum sínum.“



**FROSTI SIGURJÓNSSON (LENGST TIL VINSTRI) ÁSAMT STARFSMÖNNUM DOHOP** Sitja sveittir á Klapparstígnum við að fullkomna flugleitarvélina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Notkun á Dohop er ókeypis og ekki þarf að skrá sig inn. Kosturinn fyrir neytandann er augljós. „Fólk getur hugsanlega fundið miklu ódýrara flug ef það leitar með Dohop. Núna leitar forritið ekki lengra en að ferðum sem hægt er að fara í þremur flugferðum, en ætlunin er að lengja tengiflugs-möguleikana. Á döfinni er að koma með margfalt öflugri leitarvél en við bjóðum upp á í dag. Möguleikarnir eru nær óþrjótandi í þessu og markmiðið er að bjóða áfram upp á bestu flugleitina. Það er enginn annar að sinna þessum lággjaldatengingum í dag og við sjáum fram á bjarta framtíð á meðan við stöndum okkur.“

**gunnarh@frettabladid.is**

**Kaffivél, brauðrist**
og **hraðsuðukanna**
í sama stíl




**SIEMENS**
**Kaffivél**, TC 60201
Tækifærisverð
**5.900 kr. stgr.**

**SIEMENS**
**Brauðrist**, TT 61101
Tækifærisverð
**3.900 kr. stgr.**

**SIEMENS**
**Hraðsuðukanna**, TW 60101
Tækifærisverð
**5.900 kr. stgr.**

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4
Sími 520 3000
Skoðið
öll tilboðin á
www.sminor.is
Verið ávallt velkomin í heimsókn

Ostadagar í Smáralind:

# Gestir eiga að mæta svangir



Um helgina verða haldnir Ostadagar í Vetrargarðinum í Smáralind. Á Íslandi eru framleiddir í kringum eitt hundrað tegundir af osti og verða þær kynntar á sýningunni auk nýrra tegunda. Þar á meðal er Delfi, sem er ferskur smurostur frá MS Blönduósi, Gottamysingur frá Norðurmjólk, ný súkkulaðiostakaka og jalapeño-ostur frá Osta- og smjörsölunni. Að auki verður frumsýnd ný uppskriftabók, Ostar – það besta úr osti og smjöri, og nýtt vefsvæði, www.ostur.is, verður opnað um helgina. Þá keppa ostagerðarmenn sín á milli og veitt eru gull, silfur og brons í föstum ostum, desertostum og flokknum aðrir ostar. Í lokin stendur einn ostaframleiðandi uppi sem Íslandsmeistari og einn ostur sem sá besti á landinu.

Skipuleggjendur hvetja gesti til að mæta svanga því boðið verður upp á osta og ostakökur eins og hver getur í sig látið.


INDVERSKU SÓSURNAR
Indversk sósa
159 KR.
Pyngd: 475g
KORMA
MADRAS
SWEET SOUR
ROGAN JOSH
Gott í réttina!
Mild sætsúr sósa með grænmeti
Millikrydduð karrýsósa með tómötum og lauk
"Heit" karrýsósa með ostakúmeni (cumin) og hvítlauk
Rjóma karrýsósa með jógúrt og mildum kryddum
FERSK KJÚKLINGABLANDA: 3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR
BÓNUS KJÚKLINGUR
30% afsláttur við kassann
Ferskir bitar og bringur
FERSK BLANDA
kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1399KR.
bonus.is
Innmatur
...fyrir góðan dag!
KS
KS LAMBALIFUR
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.
50% afsláttur við kassann
KS LAMBAHJÖRTU
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.
50% afsláttur við kassann
KS LAMBANÝRU
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.
Dilkahjörtu
Dilkanýru
Dilkalifur
Komdu í Bónus!
EKKERT BRUÐL
4 SVÍNABUFF Í RASPI
FERSKAR KJÖTVÖRUR
SVÍNABUFF Í RASPI
199 KR.
4 STK.
SNEIDDUR 17%
kílóverð nú:
930 KR.
Merkt verð 1163KR.
GOUDA
OSTAsneiðar
20% afsláttur við kassann
EKKERT BRUÐL
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Kornbrauð
BÓNUS
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
FERSKAR KJÖTVÖRUR
UNGNAUTAHAKK
8-12% FITA
899 KR.
KÍLÓVERÐ
EKKERT BRUÐL
Ferskt ungnautahakk
20% afsláttur við kassann
LAMBAFILLE
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Frosið KS lambafille
með puru/haustslátrun 2006
www.bonus.is
ERAN/Landlist

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.315 **+0,63%** **Fjöldi viðskipta:** 600 **Velta:** 12.404 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Dagsbrún** | +7,71% | **Sláturfélag Suðurlands** | -5,26% |
| **Straumur-Burðarás** | +2,30% | **Exista** | -1,28% |
| **Icelandic Group** | +1,28% | **Grandi** | -0,83% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,10 -0,15% ... Alfesca 5,12 +0,59% ... Atlantic Petroleum 581,00 +0,17% ... Atorka 6,42 +0,63% ... Avion 29,10 +0,00% ... Bakkavör 58,70 +0,69% ... Dagsbrún 5,03 +7,71% ... FL Group 23,70 +1,28% ... Glitnir 20,30 +1,00% ... KB banki 850,00 +0,47% ... Landsbankinn 26,80 -0,37% ... Marel 78,00 -0,64% ... Mosaic Fashions 17,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,80 +2,30% ... Össur 127,50 +0,39%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Hagfræði hundrað og einn**
Ritstjóri Stúdentablaðsins gerir stýrivexti að umfjöllunarefni í fyrsta tölublaði blaðsins á þessu misseri. Ritstjórinn bölsótast yfir háum vöxtum og spyr hvað réttlæti að Íslendingar taki lán á fjórtán prósenta vöxtum meðan Japanar greiði nær enga vexti. Svarið við spurningu ritstjórans er í raun einfalt: Stýrivextir eru tæki Seðlabanka til að slá á þenslu. Nú fyrst sjást merki þess að mesta þensluskeiði Íslandssögunnar sé að ljúka. Japanska hagkerfið hefur hins vegar verið staðnað undanfarinn áratug og hefur hagvöxtur raunar á stundum verið neikvæður. Þess vegna standa stýrivextir í Japan í 0,25 prósentum en stýrivextir á Íslandi í fjórtán prósentum. Seðlabankarnir freista þess annars vegar að draga úr neyslu og hins vegar að ýta undir hana. Síðan má alltaf halda því fram að vaxtalækkunarferlið ætti að vera hafið, en það er önnur umræða.



**Næsta ráðstefna á Íslandi**
Uppi eru hugmyndir um að halda næstu SNW – Europe ráðstefnu hér á landi að ári, en þær eru með stærstu ráðstefnum sinnar tegundar í Evrópu og tengjast gagnavistun. Data Íslandia er nýkomið af ráðstefnunni í Frankfurt í Þýskalandi þar sem voru hátt í 1.500 þátttakendur, fimmtungi fleiri en í fyrra. „Við sóttumst sérstaklega eftir því að fá að halda næstu ráðstefnu á Íslandi" er haft eftir Bjarna Madsen, formanni Norrænu nefndarinnar á vegum SNIA í Evrópu, í tilkynningu frá Data Íslandia. „Ísland er í hugum allra ákaflega áhugaverður staður þar sem undanfarin ár hefur verið gríðarlega mikill vöxtur og uppgangur í atvinnulífinu. Við sjáum Ísland í forystuhlutverki í heiminum hvað varðar hagnýtingu á upplýsingatækni og því fannst okkur það kjörinn staður fyrir vettvang sem þennan." Einnig var sóst eftir að fá Data Íslandia til að vera með kynningu á ráðstefnu í Dubai í febrúar næstkomandi.

## MARKAÐSPUNKTAR

Bandaríska Dow Jones vísitalan er við það að ná nýjum sögulegum hæðum. Vísitalan stóð á þriðjudeg í 11.669,4 stigum sem er 80,88 punktum undir hæsta gengi vísitölunnar árið 2000.

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) varar atvinnurekendur við fulltrúum erlendra fyrirtækjaskráa sem hafa sett sig í samband við íslensk fyrirtæki og leita eftir staðfestingu á upplýsingum um viðkomandi fyrirtæki.

Verðmatsgengi á Alfesca hefur verið hækkað úr 4,4 í 5,0 krónur á hlut. Greiningardeild Glitnis segir matið vera lítillega undir gengi á markaði en það stendur í 5,09 krónum á hlut. Er fjárfestum því ráðlagt að halda bréfum sínum í félaginu.

# Verð hækkar hér en lækkar annars staðar

Norrænn samanburður sýnir að GSM þjónusta hækkar í verði á Íslandi meðan hún lækkar á hinum Norðurlöndunum. Þetta er meðal niðurstaðna nýrrar samnorrænnar skýrslu eftirlitsstofnana á fjarskiptamarkaði. Farsímamarkaðurinn hér er sagður einkennast af fákeppni.

Skýrslan var samin til að meta áhrif reglugerða á markaðsþróun og samkeppni til þess að hægt væri að meta reynsluna og árangur eftir þörfum. Vinnan við skýrsluna var sett af stað á sameiginlegum fundi forstjóra systurstofnana Póst- og fjarskiptastofnunar á Norðurlöndunum í byrjun nóvember í fyrra.

„Hvað varðar íslenska markaðinn þá eru meginniðurstöður þær að hann einkennist af fákeppni, þar sem tvö fjarskiptafyrirtæki skipta markaðnum á milli sín og hefur Síminn 65 prósenta markaðshlutdeild og Og Vodafone hefur 35 prósenta markaðshlutdeild," segir í frétt PFS og bent er á að verð til neytenda fyrir farsímaþjónsutu hafi hækkað hér frá árinu 2002 á meðan það hafi lækkað á hinum Norðurlöndunum.



„Þessi staða er áhyggjuefni. Viðbrögð Póst- og fjarskiptastofnunar eru þau helst að hlutast til um lækkun og jöfnun lúkningaverðs farsímafyrirtækjanna og leggja aðgangskvöð á Símann til að auðvelda nýjum þjónustuaðilum leið inn á markaðinn," segir þar jafnframt.


**Námsstefna um tengslaröskun og meðferð hennar**

**Að skilja margbreytileika ættleiddra barna**

Föstudaginn 29. september nk. mun Foreldrafélag ættleiddra barna gangast fyrir námsstefnu um tengslaröskun og meðferð hennar. Námsstefnan fer fram í Bratta, sal Kennaraháskóla Íslands og stendur frá kl. 9:00 - 16:00.
Fyrirlesarar á námsstefnunni verða Dr. Ronald Federici tauga- og þroskasálfræðingur og meðferðarsérfræðingarnir Nadya Molina M.Ed. og Krystyna Biena M.A.
Fundarstjórar verða Unnur Steina Björnsdóttir læknir og foreldri og Málfríður Lorange taugasálfræðingur.

Almennt þátttökugjald er 4.000 kr., en 6.000 kr. fyrir hjón. Hægt er að skrá sig á netfanginu gjaldkeri@aettleiding.is eða við innganginn.

Frekari upplýsingar um ráðstefnuna eru birtar á vef Foreldrafélagsins www.aettleiding.is

**Foreldrafélag ættleiddra barna**

Ættleiðing.is
Vefur Foreldrafélags ættleiddra barna


# Óvíst að bankarnir vilji fara íbúðabankaleiðina

**Boðað hefur verið að félagsmálaráðherra leggi á haustþinginu fram frumvarp um framtíðarskipan Íbúðalánasjóðs. Stýrihópur sem ráðherra skipaði í febrúarlok leggur til íbúðabankaleið sem viðskiptabönkunum er lítt hugnanleg.**




**Í HÖFÐABORG** Íbúðabankinn sem stýrihópur félagsmálaráðherra leggur til að verði úr Íbúðalánasjóði myndi hafa umsjón með greiðslumati og samþykkt fasteignalána.

Enn er talsverður ágreiningur um hvert endurskoðað starfssvið Íbúðalánasjóðs á að vera. Stýrihópur félagsmálaráðherra hefur lagt til að stjórnvöld hlutist til um lagabreytingar sem heimili Íbúðalánasjóði að setja á fót fjármögnunarkerfi á heildsölustigi.

„Í fljótu bragði virðist sem tillögur hópsins gangi í meginatriðum út á að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags á fasteignalánamarkaði. Gert er ráð fyrir að bankar og sparisjóðir gerist afgreiðsluaðilar nýs Íbúðabanka á hans skilmálum. Hlutverk þeirra verði að framkvæma greiðslumat og veita þjónustu vegna lánanna, fram að verulegum vanskilum," segir í vegvísi Landsbankans um málið.

Á vinnslustigi álits stýrihópsins gerðu Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) athugasemdir við fyrri tillögur og ber enn nokkuð í milli núna. Því er ekki talið sjálfgefið að bankarnir fallist á að gerast afgreiðsluaðilar fyrir nýjan Íbúðabanka og segja bankarnir tillögurnar ekki líklegar til sátta.

Greiningardeild KB banka bendir á að framkvæmd fjármögnunarkerfis á heildsölustigi hljóti að byggja á samvinnu við aðildarfélaga SBV og því enn óljóst hver verði framtíð Íbúðalánasjóðs. „Ljóst er þó að SBV mun ekki ganga til samstarfs á þeim grundvelli sem stýrihópurinn leggur til en ef bankar og sparisjóðir ganga ekki til samstarfs við ríkisvaldið í þessum tillögum ganga þær illa upp," segir jafnframt í áliti greiningardeildar Glitnis og álit stýrihópsins sagt litlu breyta um þá óvissu sem ríkt hafi um framtíð Íbúðalánasjóðs. „Enn fremur óttumst við að ekkert muni verða gert frekar til að eyða þeirri óvissu fram yfir kosningar næsta vor."

Samkvæmt tillögum stýrihópsins verður Íbúðalánasjóður hinn eiginlegi lánveitandi fasteignalána. Hann setur reglur fyrir greiðslumat og samþykkir umsóknir rafrænt og tekur við innheimtu lánanna lendi þau í verulegum vanskilum. Íbúðabankinn heldur utan um miðlægt tölvukerfi sem sér um umsóknir, greiðslumat og samskipti við banka og sparisjóði. Munurinn á nýju og eldra kerfi íbúðalána fælist svo í útgáfu sérvarinna skuldabréfa (e. covered bonds) og afnámi ríkisábyrgðar.

olikr@frettabladid.is

# Kaupþingssjóður í rússagullsávöxtun

**Verðbréfasjóður KB banka sýndi yfir 500% ávöxtun.**

Verðbréfasjóður á vegum KB banka, Kaupthing IF Icelandic Equity, er í flokki þeirra erlendu verðbréfasjóða sem hafa sýnt mestu ávöxtun á undanförnum fimm árum. Þetta kemur fram í samantekt Standard & Poor´s sem Daily Telegraph birtir.

Rússneskir verðbréfasjóðir skipa níu af tíu efstu sætunum á lista S&P en Kaupþingssjóðurinn situr í því sjötta. Sjóðurinn er stílaður almennt inn á evrópska fjárfesta og hefur haft það viðmið að fjárfesta í Úrvalsvísitölunni. Hefur hann gefið um 557 prósenta ávöxtun á fimm árum þegar reiknað er með áhrifum gengisbreytinga. „Ávöxtun sjóðsins sýnir það fyrst og fremst hvað íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur gert það gott á liðnum árum," segir Þórarinn Sveinsson, framkvæmdastjóri eignastýringar KB banka við Fréttablaðið.

Rússnesku sjóðirnir hafa notið góðs af fjárfestingum í olíufyrirtækjum og hráefnisframleiðendum en hrávöruverð hefur hækkað mikið á liðnum árum. Efstur á lista S&P er Prosperity Quest Power, rússneskur verðbréfasjóður, sem hefur fimmtánfaldast á fimm árum. Sá sem keypti í sjóðnum fyrir eitt þúsund sterlingspund (130.000 kr.) fyrir fimm árum síðan á nú um 16.259 pund (um 2,2 milljónir kr.).

- eþa

**SEX HÆSTU ERLENDU VERÐBRÉFASJÓÐIRNIR UNDANFARIN FIMM ÁR SAMKVÆMT S&P**

| Sjóður | Land | Fimm ára ávöxtun |
|---|---|---|
| Prosperity Quest Power Fund | Rússland | 1526 % |
| Prosperity Quest Fund | Rússland | 754 % |
| Russian Prosperity Fund | Rússland | 680 % |
| Russian Opportunities Fund | Rússland | 671 % |
| Siberian Investment Company | Rússland | 640 % |
| Kaupthing IF Icelandic Equity | Ísland | 557 % |

Heimild: Daily Telegraph



HOF TAPAÐI 1,5 MILLJÖRÐUM

# HoF rekið með tapi

Vöruhúsakeðjan House of Fraser, sem Baugur, FL Group og fleiri fjárfestar hyggjast yfirtaka, tapaði 11,6 milljónum punda á fyrri hluta rekstrarársins sem lauk í júlí. Samsvarar tapið rúmum 1,5 milljörðum króna og jókst um 275 prósent á milli ára.

HoF skilaði hins vegar um 1,4 milljarða króna rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) og jókst hann um rúm níu prósent á milli ára.

Einskiptiskostnaður vegna endurbóta á nýjum verslunum skýra það tap sem varð. Uppgjörið ber með sér að framlegð batnar á milli ára og sala eykst vegna fjárfestinga.

Afkoman er í takt við væntingar stjórnenda HoF sem höfðu spáð því að fyrri hluti ársins yrði erfiður á breskum smásölumarkaði. Það kom síðar á daginn.

- eþa

# Verslun eykst í Þýskalandi

Verslun hefur stóraukist í Þýskalandi það sem af er ári. Ástæðan er hækkun á virðisaukaskatti sem mun standa í 19 prósentum eftir áramótin. Aukningin er svo mikil að samdráttar gæti gætt í verslun og viðskiptum á næsta ári. Neytendur eru svartsýnni nú en áður.

Í nýrri könnun þýska markaðsrannsóknarfyrirtækisins GfK kemur fram að þýskir neytendur eru hvorki sérstaklega svartsýnir né bjartsýnir vegna hækkunar á virðisaukaskattinum. Væntingavísitalan er hins vegar langtum minni en hún var fyrir þremur mánuðum en Þjóðverjar óttast að hækkun á mat- og raforkuverði éti upp launahækkanir landsmanna. Enn gætir þó nokkurrar bjartsýni í landinu eftir að ný ríkisstjórn Angelu Merkel tók við stjórnartaumunum á síðasta ári.

Með hækkun á virðisaukaskattinum, horfa stjórnvöld í Þýskalandi til þess að ná 20 milljörðum evra, jafnvirði tæplega 1.800 milljarða íslenskra króna en vonast er til að með gjörningnum takist að grynnka á fjárlagahalla þýska ríkisins. - jab

# Bílarisar ræðast við

Rick Wagoner, forstjóri bandaríska bílaframleiðandans General Motors (GM), og Carlos Ghosn, forstjóri bílaframleiðendanna Nissan Motors og Renault SA hittust í París í Frakklandi í gær til viðræðna um hugsanlegt samstarf fyrirtækjanna á sviði bílaframleiðslu. Viðræðurnar munu standa yfir með hléum fram í miðjan næsta mánuð.



CARLOS GHOSN

Greiningaraðilar segja viðræðurnar fram til þessa hafa strandað á því hversu víðtækt samstarfið eigi að vera. Ghosn er sagður fylgjandi víðtæku samstarfi en Wagoner setur ákveðna fyrirvara við það. Er vegna þessa talið harla ólíklegt að af samstarfi verði nema að litlu leyti. - jab

# Árangurstengd laun á undanhaldi hér

Á tímabilinu milli áranna 2003 og 2006 hefur dregið úr því að laun séu tengd frammistöðu í starfi. Er það í takt við þróunina í nágrannaríkjum okkar og kemur meðal annars til af neikvæðri umræðu í þjóðfélaginu um slíka umbun.

Þetta kom fram í máli Finns Oddssonar, lektors við HR og eins höfundar rannsóknar á stöðu mannauðsstjórnunar á Íslandi, sem kynnt var í Háskólanum í Reykjavík í gær. Auk Finns unnu og kynntu rannsóknina þær Ásta Bjarnadóttir lektor og Arney Einarsdóttir, sérfræðingur hjá HR. 319 fyrirtæki og stofnanir sem hafa að lágmarki sjötíu starfsmenn tóku þátt í rannsókninni á árunum 2003 til 2006. Meðal annarra niðurstaðna skýrslunnar var að einungis sextíu prósent stjórnenda taka markvisst á því þegar starfsfólk nær ekki þeim árangri sem til er ætlast af því. Er því meðal annars um að kenna að meiri hluti íslenskra fyrirtækja metur ekki frammistöðu starfsfólks eða stjórnenda með beinum hætti.

Rannsóknin sýnir líka að að mörgu leyti hafi jákvæð þróun átt sér stað að undanförnu á Íslandi og meiri þungi lagður í mannauðsmál en áður. Svo virðist sem opinberi geirinn sé skemmra á veg kominn en einkageirinn að mörgu leyti. Til að mynda er einungis í 44 prósentum tilvika til staðar skilgreind starfsmannadeild í skipuritum opinberra fyrirtækja samanborið við 71 til 74 prósent í öðrum geirum. - hhs



**TVEIR AF ÞREMUR HÖFUNDUM** Ásta Bjarnadóttir, lektor við HR, og Arney Einarsdóttir, sérfræðingur við HR.












40% afsláttur
899 kr. kg
1165
Goða lambalæri frosið
389 kr. kg
649
Móa kjúklingalæri magnpakkning
40% afsláttur
Goða lifrapylsa ósoðin 4 stk í pakka
Goða blóðmör ósoðin 4stk í pakka
7-up 2Ltr
99 kr/2Ltr
Kellogg's special K
299 kr/pk
Vínber græn
249 kr/kg
Epli gul
99 kr/kg
Cillit Bang Anti fedt
Cillit Bang spray
Cillit Bang power cleaner
20% afsláttur
Surf þvottaefni 7kg
999 kr/pk
Len mýkir
229 kr/pk
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


Alltaf betra verð!
43% afsláttur
599 kr. kg 780
Ýsa fjörfiskur roð og beinlaus
898 kr. kg 1568
Goða Bayonneskinka
99 kr. kg 149
Krónubrauð stórt og gróft
Katla Kartöflumús
99 kr/pk
Maryland 3-pack
225 kr/pk
Rís kubbar
199 kr/pk
Goða skinka 2fyrir1
398 kr/2pk
Mini risk mýkingarefni verð frá
98 kr/stk
Delon hreinlætisvörur verð frá
99 kr/stk
Closan starter & refill
399 kr/pk
Persil þvottaefni 5.1kg
1398 kr/pk

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt verðmætamat á öræfum landsins er að fæðast meðal þjóðarinnar.

## Arfleifð Kárahnjúkavirkjunar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það var ansi magnað sjá um tólf þúsund manns mæta í göngu Ómars Ragnarssonar gegn Kárahnjúkavirkjun í fyrrakvöld. Að allt þetta fólk skyldi vera tilbúið að koma og sýna andóf sitt í verki, gegn einhverju sem það þó svo sannarlega vissi að varð ekki stöðvað, er áhrifamikill vitnisburður um hversu djúp spor framkvæmdirnar á hálendinu austan Vatnajökuls hafa markað í íslenska þjóðarsál.

Í dag hefst vatnssöfnun í Hálslón, uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunar, þegar lokað verður fyrir rennsli Jöklu um Dimmugljúfur þar sem hún hefur streymt til sjávar í þúsundir ára.

Þegar lónið verður orðið fullt að ári liðnu teygir það sig 25 kílómetra upp að Brúarjökli og þekur alls 57 ferkílómetra lands; tröllaukinn minnisvarði um þá 44 þingmenn sem samþykktu frumvarp ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um heimild til handa Landsvirkjun um að reisa og reka virkjun í Fljótsdal og virkja til þess Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal.

*Þótt mótmælin hafi beinst gegn Kárahnjúkavirkjun er hægt að skoða þau sem vísbendingu um viðbrögð við hugmyndum um aðrar stórvirkjanir í framtíðinni.*

Andstæðingar framkvæmdanna halda því fram að virkjunin verði um alla framtíð áminning um skammsýni þeirra sem voru tilbúnir að fórna ósnortnu víðerni Íslands, ám, fossum og heimkynnum villtra dýra, undir uppistöðulón til raforkuframleiðslu.

Ef eitthvað er að marka þá þungu undiröldu sem hefur farið um samfélagið undanfarna mánuði má þó ætla að Kárahnjúkavirkjun setji ekki aðeins ör á búk landsins heldur hafi hún þegar markað huga þjóðarinnar varanlega.

Fólkið sem mætti í bæinn og gekk með Ómari kom þangað til að styðja tillögu hans um að hætt verði við að fylla Hálslón, vinnu við virkjunina verði hætt og álverinu í Reyðarfirði útveguð orka eftir öðrum leiðum. Þar með yrði að afskrifa alla þá milljarða sem framkvæmdirnar hafa kostað.

Þetta er merki um að nýtt verðmætamat á öræfum landsins er að fæðast meðal þjóðarinnar. Þótt mótmælin hafi beinst gegn Kárahnjúkavirkjun er ekki síður hægt að skoða þau sem vísbendingu um væntanleg viðbrögð við hugmyndum um aðrar stórvirkjanir í framtíðinni.

Hugmyndin um Kárahnjúkavirkjun mætti vissulega háværum mótmælum strax frá byrjun en þar var á ferðinni tiltölulega lítill hópur sem þorri þjóðarinnar leit nánast hornauga.

Það landslag er breytt. Enginn vafi leikur á því að arfleifð Kárahnjúkavirkjunar er að aldrei framar munu jafn umfangsmiklar framkvæmdir og umhverfisspjöll renna eins mótstöðulítið í gegnum kerfið, sama hversu aukin veraldleg hagsæld getur mögulega fylgt þeim fyrir þjóðina.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Pólitískir forsetar**

Vígdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, gagnrýndi Ólaf Ragnar Grímsson á NFS í gær fyrir að skrifa undir lög um óafturkræfa Kárahnjúkavirkjun en neita að staðfesta lög um fjölmiðla. Þetta hefur hún sagt áður. Haft var eftir Svani Kristjánssyni stjórnmálaprófessor í sama fréttatíma að afskipti Vígdísar af landsmálum væru óvenjuleg samanborið við aðra fyrrverandi forseta. Ein skýringin væri sú að þeir voru ekki jafn langlífir og Vigdís eftir að þeir létu af embætti. Sé túlkun Svans rétt má búast við að margir geti vel lifað við það að Ólafur Ragnar gegni embætti mörg kjörtímabil til viðbótar.



**Ungir og óþreyjufullir**

Arnar Þór Stefánsson, stjórnarmaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna, segir að sextán ár á Alþingi sé feykinógur tími til að koma baráttumálum í framkvæmd. „Þingmenn Sjálfstæðisflokks sem komu inn á þing árið 1991 eða fyrr hafa til að mynda haft öll tækifæri í þessum efnum og nýtt þau reyndar býsna vel. Nú er hins vegar að mati pistilshöfundar komið að leiðarlokum,“ segir hann í grein á Deiglunni. „Þarna er ómaklega vegið að formanni Sjálfstæðisflokksins en hann hefur eins og allir þekkja, setið lengst sjálfstæðismanna sem hyggjast sitja áfram. Geir kom inn á þing 1987,“ svarar Friðjón R. Friðjónsson, fyrrverandi stjórnarmaður í SUS. Vitjunartímar geta greinilega verið afstæðir í hugum ungra manna.

**Eldflaugar og varnir**

„Þorgerður [Katrín Gunnarsdóttir] minnir hins vegar óþægilega á Ariane eldflaugarnar sem skinu skært eftir að þeim var skotið á loft en klikkuðu alltaf á því að komast upp úr gufuhvolfinu og baða sig meðal stjarnanna,“ segir Össur Skarphéðinsson í skemmtilegum vangaveltum um næsta formannsefni Sjálfstæðisflokksins á heimasíðu sinni. Ágætt hjá Össurri að minna á í leiðinni hvað geimskutluáætlanir stærstu Evrópusambandsríkjanna hafa verið misheppnaðar. Eins gott að Ísland þurfi ekki að stóla á varnaráætlanir sömu ríkja!



bjorgvin@frettabladid.is

## Mannlegt eðli og allsnægtir



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Framleiðsla og hamingja

Framleiðsla lands er ófullkominn mælikvarði á árangur þess í efnahagsmálum, en hún er samt yfirleitt notuð í hálfgerðri neyð, því að aðrir skárri kvarðar eru ekki á hverju strái. Landsframleiðslan er ófullkominn kvarði af þrem höfuðástæðum.

Skráð landsframleiðsla nær í fyrsta lagi ekki yfir alla framleiðslu lands. Hún nær til dæmis ekki yfir ólaunað framlag heimavinnandi fólks eða þeirra, sem dylja framleiðslu sína til að skjóta sér undan skattgreiðslum eða landslögum. Neðanjarðarhagkerfinu var að vísu kippt inn í ítalska þjóðhagsreikninga fyrir allmörgum árum, til þess þurfti líflegt ímyndunarafl, og skráð landsframleiðsla á mann á Ítalíu skauzt þá upp fyrir framleiðslu á mann á Bretlandi; Bretum var ekki skemmt. Ekki hefur enn tekizt að finna sambærilega leið til að koma ómældu vinnuframlagi ítalskra mæðra til fulls inn í þjóðarbókhaldið þarna suður frá, en við það myndi landsframleiðsla Ítalíu trúlega taka annan fjörkipp.

Í annan stað segir landsframleiðslan okkur ekki neitt um fyrirhöfnina á bak við framleiðsluna. Sumar þjóðir skila mikilli framleiðslu og afla eftir því mikilla tekna með því að þræla sér út myrkranna á milli og vanrækja börnin sín eða með því að spilla náttúrunni, ganga á aðrar auðlindir sínar eða safna skuldum í útlöndum. Aðrar þjóðir skila sömu framleiðslu og tekjum með minni fyrirhöfn og án þess að ganga á eignir sínar eða safna skuldum. Þjóðarbókhaldið nær ekki að greina þarna á milli. Þarna skilur þó milli feigs og ófeigs, því að flestir kysu að vinna minna og rýra hvorki eigur sínar né safna skuldum, ættu þeir kost á því að óbreyttum tekjum. Framleiðsla á vinnustund er skárri kvarði en framleiðsla á mann að því leyti, að framleiðsla á vinnustund tekur fyrirhöfnina með í reikninginn. Ekki hefur enn tekizt að búa til græna þjóðhagsreikninga, en með því er átt við almennt nothæfan mælikvarða á varanlega framleiðslu þjóða að óbreyttum eignum þeirra og skuldum til langs tíma litið og óspjallaðri náttúru. Vinnan heldur áfram.

*Hamingja fólks – vellíðan þess í víðum skilningi, lífsgleðin – fer öðrum þræði eftir tekjum þess með hliðsjón af tekjum annarra.*

Í þriðja lagi ber opinberum tölum um landsframleiðslu ekki vel saman við nýlegar athuganir sálfræðinga og annarra á hamingju manna, því að hana er nú orðið hægt að mæla með því að hlusta á fólk og bera lýsingar þess á líðan sinni við skjálftamælingar á rafstraumum í heilafrumum fólksins. Og þá kemur þetta í ljós: hamingja manna í fátækum löndum stendur að sönnu í beinu sambandi við tekjur fólks, hagvöxturinn þar er sums staðar spurning beinlínis um líf og dauða, en í ríkum löndum er sambandið milli tekna og skráðrar hamingju svo veikt, að það er varla sýnilegt. Landsframleiðsla Bandaríkjanna, Evrópu og Japans hefur til að mynda margfaldazt síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk 1945, en hamingja fólksins, sem byggir þessi lönd, virðist eigi að síður hafa staðið í stað.

Var þá allur þessi vöxtur til einskis? Nei, öðru nær. Hamingja fólks – vellíðan þess í víðum skilningi, lífsgleðin – fer öðrum þræði eftir tekjum þess með hliðsjón af tekjum annarra. Karl Marx kunni skil á þessu. Hann segir einhvers staðar: „Hús getur eftir atvikum verið stórt eða lítið, það skiptir ekki öllu máli, ef önnur hús í næsta nágrenni eru svipuð að stærð. En ef höll er reist við hlið lítils húss, þá breytist litla húsið í kofa.“ Rannsóknir sálfræðinga renna stoðum undir þessa skoðun Marx á mannlegu eðli. Ef mönnum er boðið að velja á milli tveggja kosta: (a) fimmtíu þúsund króna kaupauka við óbreyttum launum annarra og (b) hundrað þúsund króna kaupauka að því gefnu, að vinnufélagarnir fái þá tvö hundruð þúsund króna kaupauka, þá kjósa flestir heldur fyrri kostinn. Þannig birtist rótgróin réttlætiskennd manna í tilraunum atferlissálfræðinga og í lífinu sjálfu. Ójafnaðarmenn geta kallað þetta öfund, ef þeir vilja, en það gerir engum gagn. Nær væri að nota orðið öfund heldur um þá, sem ganga lengra en flestir aðrir í samanburði eigin kjara við annarra kjör, og örlæti um þá, sem ganga skemmra.

Mannlegt eðli kallar á eftirsókn eftir hæfilegum jöfnuði milli manna. Hamingja manna ræðst því bæði af eigin hag og annarra í ýmsum hlutföllum. Þetta á ekkert skylt við að gleðjast yfir óförum annarra; það gera fæstir. Hamingja manna fer eftir líðan þeirra í sínu nánasta umhverfi. Heimurinn er að minnka, svo að menn vita sífellt meira hver um annars kjör. Aukinn ójöfnuður innan um allsnægtir dregur úr gleði manna yfir góðum árangri.

## Samfylkingin mun lækka matarverðið

**Umræðan**

Lækkun matarverðs



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Samfylkingin vill lækka matarreikning heimilanna um 200 þúsund krónur á ári. Matvælakostnaður hvers heimilis er að meðaltali 750.000 krónur á ári og lækka tillögur Samfylkingarinnar því matarreikninginn um rúmlega fjórðung. Almenning munar svo sannarlega um slíkar lækkanir.

Matarverð á Íslandi er með því hæsta í heiminum eins og stendur og er um 50 prósentum hærra en hjá nágrannaþjóðunum. Hátt verð á matvælum á Íslandi er hins vegar heimatilbúinn vandi.

Tillögur Samfylkingarinnar eru almenningi tvímælalaust til hagsbóta og þær eru að stærstum hluta byggðar á tillögum formanns matvælanefndar, Hallgríms Snorrasonar Hagstofustjóra, en fjölmargir aðilar tóku undir þær, þar á meðal ASÍ og Samtök iðnaðarins. Samfylkingin leggur þó fram, til viðbótar tillögum Hallgríms, lækkun á virðisaukaskatti á matvælum um helming. Við höfum ítrekað lagt þetta til á Alþingi en ríkisstjórnarflokkarnir alltaf fellt það.

Þessum tillögum er ekki beint gegn bændum því Samfylkingin mun sérstaklega koma til móts við bændur með mótvægisaðgerðum í samráði við bændur. Í tillögum Samfylkingarinnar er ekki lagður til niðurskurður á beingreiðslum til bænda. Auðvitað er hægt að deila um tímasetningar um tilteknar aðgerðir og er eflaust hægt að ná samkomulagi um slíkt séu aðilar máls sammála um meginmarkmið aðgerðanna, sem er lægra matvælaverð og bætt kjör bænda í frjálsara kerfi.

Núverandi landbúnaðarkerfi er hins vegar að ýmsu leyti gallað. Skattgreiðendur greiða fyrir eitt dýrasta landbúnaðarkerfi í heimi samkvæmt úttekt OECD, neytendur greiða eitt hæsta matarverð í heimi samhliða fjölmörgum könnunum og á sama tíma búa bændur við þrengri kost en þeir þyrftu. Er þetta kerfi sem bændur og landsbyggðarfólk vilja verja? Hinir raunverulegu fjandmenn bænda og landsbyggðarinnar eru því þeir sem vilja óbreytt kerfi.

Bændur eiga skilið betra starfsumhverfi og neytendur eiga skilið lægra matvælaverð.

*Höfundur er varaformaður Samfylkingarinnar.*

**STUTTIR OG KVENLEGIR KJÓLAR**
Mikið bar á stuttum og sætum kjólum á nýafstaðinni tískuviku í London
TÍSKA 2



**HUGMYNDIR AÐ HEIMABAR**
Vertu barþjónn á eigin bar
HEIMILI 8





## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI HEILSA]**

**Rakamaska** er gott að bera á andlitið áður en farið er í háttinn og fyrir vikið fær húðin aukinn ljóma næsta morgun. Þegar kólnar í veðri kallar húðin eftir næringu, en rakamaskar eru einkar góðir til þess að gefa henni það sem til þarf.



**Pelsar** eru góðir í kulda og þá þarf ekki endilega að nota við sérstök tilefni. Í búðum sem selja notaðar flíkur fæst oft gott úrval af fallegum, notuðum pelsum á góðu verði og þeir fara vel við gallabuxur og stígvél hvort sem er á mánudegi eða laugardagskvöldi.

**Veturinn** gerir það að verkum að fólk heldur sig meira innandyra og þá er gott að kúra uppi í sófa og fylgjast með framhaldsþáttum í sjónvarpi. Verslunin Rúm og sófi í Borgartúni 28 býður upp á allt að 70 prósenta afslátt af góðum sófum, svo nú er lag að finna sér einn notalegan sófa sem fjölskyldan getur sameinast í.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 28. september, 271. dagur ársins 2006**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.28 | 13.18 | 19.07 |
| Akureyri | 7.13 | 13.03 | 18.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



„Ég er sjálf mjög lágvaxin og þess vegna finnst mér alltaf mjög gott að vera á smá hælum". FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Dáir hvítt leður

***Myriam Steinunn Guðmundsdóttir á hvít eskimóa-stígvél.***

Myriam er í miðjum tískustraumunum á hverjum degi, en hún starfar fyrir Eskimo Models. Hugsanlega er það þess vegna sem stígvélin hvítu höfðuðu einstaklega mikið til hennar, en þau eru sannarlega í anda eskimóa eða indíána en jafnframt sígild tískuvara.

Systir Myriam keypti þau notuð handa henni í menningarborginni Berlín og stígvéin góðu smellpassa sem hún segir að sé ekki algengt þegar skófatnaður er keyptur í verslunum með notaðan fatnað. „Mér finnst þetta æðisleg stígvél og hvítt leður þykir mér alveg ógeðslega flott. Þau eru líka mjög svo þægileg sem er aðallega vegna þess að hælarnir eru svo góðir. Þeir eru frekar þykkir en það finnst mér betra en að vera á pinnahælum sem gerir mig þreytta í fótunum. Ég er sjálf mjög lágvaxin og þess vegna finnst mér alltaf mjög gott að vera á smá hælum, sérstaklega svona hælum. Stígvélin eru líka fóðruð að innan svo þau verða góð í vetur. Ég hef reyndar aðallega notað þau við fín tilefni hingað til en hyggst ganga meira í þeim þegar kólnar í veðri," segir Myriam, sem þessa dagana er upptekin við að innrita ungar stelpur á framkomu- og fyrirsætunámskeið hjá Eskimo Models.

*mhg@frettabladid.is*

FORVARNARDAGURINN 2006

## Í dag er haldinn forvarnardagur tileinkaður vímuefnaforvörnum

Forvarnardagurinn er sprottinn af auknum áhyggjum af vímuefnaneyslu í landinu, sem hefur aukist hratt á aðeins nokkrum árum.

Í tilefni af deginum var dreifiblaði með þremur heillaráðum stungið inn um póstlúgu allra landsmanna í gærmorgun. Heillaráðunum er ætlað að forða ungmennum frá fíkniefnum. Er þess farið á leit við foreldra að þeir verji sem mestum tíma með börnum sínum, hvetji þau til þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi og sneiði hjá áfengi. Auk dreifiblaðsins hefur sérstök dagskrá verið skipulögð fyrir 9. bekki allra grunnskóla af þessu tilefni.



Eiturlyfjaneysla er vaxandi vandamál hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR ÞÓRIR STEINÞÓRSSON

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, á frumkvæði að deginum í samvinnu við Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Skátahreyfinguna, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Lyfjafyrirtækið Actavis styrkir átakið.

Nánari upplýsingar á www.forvarnardagur.is

**Tessa eikarhúsgögn á betra verði**



Sjónvarpsskápur
48x108x75 Kr. 49.000,-



Sjónvarpsskápur
48x158x58 Kr. 59.000,-



Glerskápur
48x108x150 Kr. 79.000,-
48x108x200 Kr. 99.000,-

Glerskápur ofan á skenk
154x110 Kr. 79.000,-



Skenkur
48x154x90 Kr. 79.000,-
48x200x90 Kr. 130.000,-



Leðurstó:: bicast
Eikarfætur Kr. 15.900,-

Stækkanleg
um 48 cm. við sinnhvorn endann



Borðstofuborð
210x100x75 Kr. 99.000,-
200x90x75 Kr. 69.000,-
160x90x75 Kr. 59.000,-

Tessa vörurnar eru dönsk hönnun úr gegnheilli olíuborinni eik og afhendast samsettar.



Sófaborð
140x70x45 Kr. 39.000,-
110x65x43 Kr. 35.000,-
100x100x52 Kr. 39.000,-



Lampaborð
70x70x45 Kr. 29.000,-
55x55x43 Kr. 23.000,-

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Fataskápurinn** á það til að safna í sig alls kyns flíkum sem eru hreint hræðilegar útlits. Ágæt regla er að hreinsa út úr skápnum að minnsta kosti í upphafi hverrar árstíðar.



Trigger®
KULDASTÍGVÉL
Stærðir 21-38
FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR




ÚTSÖLUAÐILAR:
Steinar Waage, Kringlan, Smáralind - Iljaskinn ehf. , Háaleitisbraut 58-60 - Xena, Mjódd, Glæsibær, Spöng
Valmiki, Kringlan - Skóbúðin Hafnarg. 35, Reykjanesbær - Verslunin Sirrý, Grindavík - Skóstar Axel Ó, Selfoss,
Vestmannaeyjar - Tangó, Höfn Hornafj. - Klörubúð, Djúpivogur - Veiðiflugan, Reyðarfjörður
KHB Samkaup, Egilsstaðir - Beint í mark, Vopnafjörður - Skóbúð Húsavíkur Skóhúsið, Akureyri - Siglósport, Siglufjörður
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur - Skóhornið, Ísafjörður - Dalakjör, Búðardalur - Heimahornið, Stykkishólmur
Verslunin Hamrar, Grundarfjörður - Blómsturvellir, Hellissandur
Xena Borgarnes - Ozone, Akranes.
Dreifingaraðili: www.leikco.is

# Stuttir og kvenlegir kjólar

***Fátt er kvenlegra en fallegur kjóll.***

Fæstar konur ganga í kjólum frá degi til dags. Þetta ættu kannski einhverjar að endurskoða því það er fátt kvenlegra en fallegur kjóll. Á haustin og veturna er líka hægt að ganga í kjólum en þá er bara að passa sig að verða ekki kalt og fara í sokkabuxur og jafnvel legghlífar sem eru mjög móðins þessa dagana.

Tískuvikan í London er nýlega afstaðin en hún stóð yfir frá 18.-22. september. Þar sýndu margir hönnuðir sköpunarverk sín en mikið bar á stuttum og sætum kjólum.

*mhg@frettabladid.is*



Þessi stíll frá Jessicu Ogden minnir svolítið á myndina A Clockwork Orange eftir Stanley Kubrick.



Elegant svartur silkikjóll með bróderingum yfir brjóstið frá Gardem og töffaralegur hattur í stíl.

Fallegur, léttur og leikandi kjóll frá Ashley Isham sem dregur fram sakleysið í hverri konu.

Svarthvítt og svolítið sixtís. Fallegur flögrandi kjóll frá Amanda Wakeley.



Skæslegur skyrtukjóll frá Biba sem hentar við flest tækifæri.



Dúnúlpur • Rúskinnsúlpur • Leðurjakkar
Vattkápur • Hattar • Húfur • Leðurhanskar
Ullarsjöl • Góð gjöf

Útsöluhorn
50% afsláttur
Góðar vörur

TOPP HÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Stakir jakkar



Rita
Bæjarlind 6 - s. 554-7030
Eddufelli 2 - s. 557-1730

Mest
lesna tímaritið*
birta
*Gallup Október 2005

25% afsláttur*



Sept. 2006
Nicorette Fruitmint
Nýtt bragð
sem kemur á óvart

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.**
Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**

*Tilboðsverð 2006



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Ruslatunnutíska, so chic!

Meðan sumir hlaupa á milli tískuhúsa og leita að ómissandi handtösku eða flottum jakka sem sést hefur á tískusíðum Elle eða Vogue eru aðrir sem sitja heima yfir gömlum fatalörfum og skapa sér sína eigin tísku. Um leið er það eins konar umhverfis- eða endurvinnslustefna þó að í upphafi sé hugmyndin kannski ekki sú að endurvinna. Aðferðirnar eru fleiri en ein. Til dæmis eru þeir sem að stunda það sem í París kallast „frippes“-búðir sem selja notuð, tiltölulega venjuleg föt á ansi skynsamlegu verði. Í „frippes“-búðunum þarf að róta og leita til að finna eitthvað áhugavert og stundum er hægt að finna hreina gullmola innan um. Svo er sömuleiðis hægt að blanda saman ólíkum stíl með ýmiss konar fötum sem þannig öðlast alveg nýja vídd. Auðvitað eru sömuleiðis til „vintages“ búðir sem selja notaðar vörur, oftar en ekki merkjavöru sem með auknum vinsældum hefur hleypt upp verðinu á notuðum fötum.

Einn skemmtilegasti staðurinn í París til að stunda leitina að týndu flíkinni er flóamarkaðurinn við norðurmörk Parísar „Marche de puces de Saint Ouen“ sem er sá frægasti í borginni. Þar ægir saman gömlu og nýju dóti, jafnt húsbúnaði, fötum, geisladiskum og snyrtivörum. Reyndar er hægt að detta niður á ótrúleg húsgögn jafnvel antík sem aðeins sérfræðingar koma auga á. Á leiðinni á markaðinn er hægt að kaupa falsað Louis Vuitton eða Diortöskur eða Chanel-ilmvötn sem hafa „óvart dottið niður af flutningabíl“ á leiðinni úr ilmvatnsverksmiðjunum í Grasse. Reyndar færast falsanir sífellt í aukana í lúxusiðnaðinum. Á dögunum var eigendum eBay stefnt fyrir dómstóla hér í Frakklandi af tískuhúsi Dior sem krefst 17 milljóna evra í skaðabætur þar sem á eBay mátti finna hálsfestar og keðjur frá Dior á um tvær evrur. Eftir að stefnan var birt finnast skyndilega ekki lengur neinar falsaðar Diorkeðjur hjá eBay. Nú fylgir Louis Vuitton í kjölfarið og krefst þess að fá 37 milljónir evra í bætur.

Einn sá frumlegasti í því að nota flíkur sem annars enduðu kannski í ruslatunnunni er DJ Crazy, sem er vinsæll plötusnúður hér í borg. Hann endurhannar allt það sem hann notar og gerir að sínu. Leðurbuxur eru þrengdar í anda vetrartískunnar og eiga að vera eins og önnur húð, kvenskyrta fær ásaumuð axlarbönd, Bugs Bunny-bolur verður að handtösku.

Kannski má kalla þetta einhvers konar andtísku því þeir sem hana nota neita að gangast undir þrælslund almennings sem tæmir veskin sín til að geta verið í merkjavöru. Um leið er þetta endurvinnsluhugsun sem minnkar mengun vegna úrgangs sem fyrir vikið endar ekki í tunnunni. Ekki veitir af hér í borg.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

# Partí hjá Armani

*Bono, Beyoncé og aðrir milljónamæringar létu sig ekki vanta þegar Armani bauð í partí í London á dögunum.*



Gyðjan Beyoncé tók lagið eftir að tískusýningu Armanis lauk. Línan sem hann kynnir nú til leiks kallast einfaldlega RED og margs konar eftirlíkingar af henni eigum við eflaust eftir að berja augum á næstu misserum. Eftirlíkingar, því fáir hafa efni á ekta Armani.



Lily Cole er vinsæl fyrirsæta sem lét sig vitanlega ekki vanta hjá Armani. Takið eftir hippalegum klæðaburði Lilyar. Sandalar og síður hippakjóll, en hvar er vatnspípan?



Hönnuðurinn sjálfur og krúttið Leonardo DiCaprio eru hér kumpánlegir saman í partíi eftir sýninguna í Earls Court.

# Einn vatnsheldur frá Lancóme

***Nú er kominn á markaðinn nýr augnblýantur frá Lancóme sem rennur ekki til og er mjög endingargóður.***



Blýanturinn heitir Crayon Kohl Waterproof og er vatnsheldur eins og nafnið gefur til kynna. Augnblýanturinn endist allan daginn og stenst tár, regn og raka svo nú geturðu farið á sorglega en rómantíska bíómynd, grátið úr þér augun en komið óaðfinnanleg út í hléi eins og ekkert hafi í skorist. Blýantarnir eru fáanlegir í mörgum litum.




FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000






Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Nýtt á Íslandi! NO STRESS




FLOTTAR PEYSUR
Cores
bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Sími 554 3533

Full búð af nýjum vörum

6.990,- 6.990,-

13.990,- 16.990,-
EURO SKO
Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420



Eggert Jóhannsson feldskeri, sem hefur starfað við sitt fag í rúm þrjátíu ár, hefur verið valinn einn af færustu feldskerum heims.

# Framleiðir flíkur eftir óskum viðskiptavina

***Eggert feldskeri hefur starfað sem slíkur í þrjátíu ár. Hann var nýverið valinn í „Purple Club“, sem er virtasti klúbbur feldskera í heimi.***

„The Purple Club“ er án nokkurs vafa einn virtasti klúbbur hönnuða og sérfræðinga í feldskeraiðninni sem starfandi er í dag. Í þennan klúbb eru einungis valdir feldskerar sem hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir loðfeldi sína – feldi sem teljast með því besta sem býðst.

Eggert segir það hafa mikla persónulega þýðingu fyrir sig að hafa verið valinn í þennan úrvalshóp. „Í dag hef ég verið starfandi í rúm þrjátíu ár og á þessum tíma hef ég verið að byggja upp handverksfyrirtæki sem er farið að skila sér meira og meira.

Það er alltaf að aukast að fólk komi hingað, erlendir viðskiptavinir, sem hafa einhvern veginn heyrt af mér og í raun er það orðinn tiltölulega stór hluti viðskiptanna. Þetta fólk kaupir ýmislegt, til dæmis íslenskar mokkakápur, selskinn og það sem ég hef verið að gera úr kanadískum villimink og „purple“-minknum. Í dag eru þeir feldskerar orðnir frekar fáir sem framleiða flíkur eftir óskum viðskiptavina sinna og þar af leiðandi er meiri ásókn í okkur sem sinnum þessum þörfum. Fólk er farið að hugsa meira um sinn persónulega stíl og um leið eykst rýmið fyrir menn eins og mig.“


Þýskir hönnuðir skoða selskinn í búðinni hjá Eggert.

Aðspurður hvort það gefi viðskiptunum aukið vægi að hann skuli vera Íslendingur segir Eggert að það geri það að ákveðnu leyti.

„Við Íslendingar viljum alltaf ná langt í því sem við gerum og köllum ekki allt ömmu okkar, þannig að í þeim skilningi hefur þjóðernið kannski gefið mér vægi. En í mínum bransa þurfa menn samt alltaf að endurnýja sig. Það er ekki hægt að lifa á gamalli frægð, sem ber að skilja sem svo að hafi ég einu sinni gert fallegan loðfeld get ég ekki lifað á því endalaust.“

Kopenhagen Fur, sem stendur að þessari útnefningu, er í fararbroddi fyrirtækja sem kaupa og selja loðskinn. Fyrirtækið sér meðlimum „Purple Club“ fyrir skinnum, sem síðan fara í framleiðslu sérmerktra loðfelda í hæsta gæðaflokki. Samtökin kaupa rúmlega 16 milljónir loðskinna árlega, en innan við eitt prósent þeirra er valið fyrir vörumerkið „Kopenhagen Purple“ sem meðlimir „Purple Club“ bjóða bestu viðskiptavinum sínum.

*margret.hugrun@frettabladid.is*

# Ný munstur

***Prjónabók með fjölbreyttum uppskriftum að flíkum úr íslenska lopanum er nýkomin út.***

Nýja prjónabókin heitir einfaldlega Lopi 26 og það er Ístex sem gefur hana út. Uppskriftirnar eru fyrir allar gerðir lopa og henta ýmist byrjendum í prjónaskap og þeim sem meira kunna. Védís Jónsdóttir er hönnuður hjá Ístexi og hún er höfundur allra uppskriftanna í nýju bókinni, ekki bara munstra og lögunar heldur litanna líka. Lopinn nýtur mikilla vinsælda sem efni í fínar flíkur og sem dæmi um það má nefna að á síðasta ári tvöfaldaðist lopasalan hér á landi.


Pils úr léttlopa og húfa sem henta vel í haustkalsann.


Stórir kragar verða áberandi í vetur.



Úr vor og sumarlínu Pollini sem kynnt var í Mílanó í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hrífandi höfuðskraut

***Fylgihlutir draga oft á tíðum athyglina frá fatnaði.***



Tískuvikur standa nú yfir um allan heim. Svo er einnig á Ítalíu þar sem borgin Mílanó hefur stimplað sig rækilega inn sem miðstöð hátísku. Í vikunni var sýnd nýja vor- og sumarlínan frá Pollini eftir hönnuðinn Rifat Ozbek. Hann notaðist við skemmtilegt höfuðskraut til að undirstrika föt sín. Skrautið er vissulega fallegt en kannski mætti segja að það drægi töluverða athygli frá sjálfum fötunum.






Skartgripir og fylgihlutir frá Bvlgari njóta vinsælda um heim allan. MYND/BVLGARI

# Armbönd, belti, bindi

***Nýjar verslanir frá Bvlgari með áherslu á fylgihluti verða opnaðar víðs vegar um Evrópu.***

Forráðamenn skartgripakeðjunnar Bvlgari ætla sér að leggja meiri áherslu á framleiðslu og sölu fylgihluta með því að opna fleiri fylgihlutaverslanir.

Verslun á vegum Bvlgari í Via della Spiga í Róm hefur verið endurhönnuð með þessi sjónarmið í huga. Er það fyrsta verslunin af þessu tagi í Evrópu, en slíkar búðir fyrirfinnast þegar í Tókýó, Osaka, Shanghai, Seúl, Bangkok og Washington.

Í nýju búðinni í Róm verða töskur, fylgihlutir úr leðri eins og armbönd og belti, gleraugu, ilmvötn, bindi og hálsklútar fyrir konur.

Orðrómur er á kreiki um að önnur Bulgari-fylgihlutaverslun verði opnuð í Flórens og sú þriðja í Róm á næsta ári, en talsmenn Bvlgar neita honum alfarið.



Ofurfyrirsætan Heidi Klum fer fyrir dómnefndinni í Project Runway.

# Kattaslagur á tískupallinum

***Allt er farið í loft upp á lokasprettinum á nýjustu seríu af Runway Project.***

Það er heldur betur farið að hitna í kolunum í nýjustu seríu af raunveruleikaþættinum Project Runway, þar sem þátttakendur vonast til að verða valdir besti hönnuðurinn.

Oft hefur verið stíft á milli keppenda en slagurinn hefur sjaldan verið harðari en nú. Ásakanir ganga á víxl um alls kyns svikastarfsemi og sem dæmi hefur einn þátttakenda verið sakaður um að sauma ekki eigin föt. Þáttastjórnendur þurfa hreinlega að hafa sig alla við til að keppendur klóri ekki augun úr hver öðrum.

Nýja serían hefur enn ekki verið tekin til sýningar hér á landi en miðað við þessar fréttir geta íslenskir áhorfendur farið að hlakka til.





**Reyniber** eru alls staðar á þessum tíma ársins. Fallegt er að tína nokkrar greinar með berjum og blöðum og nota sem skraut innan heimilisins. Einnig má frysta nokkur í ís og þá eru komnir fallegir klakar.








Theresa Himmer fann stólana úti á götu í Árósum en kistilinn á götu í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Forláta ferðakistill og fínustu stólar

***Theresa Himmer fann borðstofustólana heimilisins úti á götu í Árósum. Forláta ferðakistil fann hún svo á götu í New York, þar sem hún og unnustinn voru búsett fyrir nokkrum árum. Á þeim tíma var allt innbúið samansett úr munum sem þau fundu í fínni hverfum borgarinnar.***

Theresa er af dönsku og tékknesku bergi brotin. Hún er menntuð sem arkitekt og býr ásamt íslenskum unnusta sínum hér á landi.

Theresa er ánægð með borðstofustólana sína, sem er kannski ekki furða þar sem hún þurfti ekki að láta eina einustu krónu fyrir þá.

„Ég fann þessa stóla einn morguninn þegar ég var á leiðinni í skólann. Þetta var svona dagur þegar ruslabílarnir keyra um hverfin til að safna saman húsgögnum og fleiru sem er of fyrirferðarmikið til að flokka sem almennt rusl. Þá lætur fólk húsgögn og annað út á götu. Um leið og ég sá stólana þrjá flýtti ég mér að fara með þá inn til mín, enda eru þetta mjög fínir stólar síðan 1958. Mig grunar að þeir hafi samt ekki staðið inni í stofu hjá neinum heldur hafi einhver verið að tæma hjá sér geymsluna... þó að ég viti það samt ekki fyrir víst,“ segir Theresa.

„Ég verð að viðurkenna að stór hluti af þeim húsgögnum sem ég hef eignast í gegnum tíðina hefur komið til mín á þennan hátt. Ferðakistilinn fína fann ég á götu í „Upper East Side“-hverfinu í New York, svo á ég líka fallegt járnborð sem á ættir sínar að rekja til einhverrar skurðstofu, en það nota ég undir hljómtækjasamstæðu. Gamla skjalaskúffu fann ég í yfirgefnu orkuveri í Danmörku og svo mætti lengi telja. Það sem mér þykir samt skemmtilegast er að blanda saman skínandi fínum nýjum hlutum við gamla hluti sem eiga sér sögu og sál. Ferðakoffortið hefur nýst mér á margan hátt síðan ég fann það fyrst. Ég notaði það meðal annars til að flytja dótið heim frá New York; það hefur verið nýtt sem geymsla undir sængurföt en undanfarið hefur það aðallega þjónað tilgangi sem borð í ganginum okkar þar sem maður hendir hönskum og lyklum. Þegar við áttum heima í New York samanstóð nánast allt innbúið okkar af hlutum sem við fundum úti á götu í fínni hverfum borgarinnar. Það er mikil neyslumenning á þeim slóðum og fólk oftar en ekki mjög duglegt við að skipta hlutum út. Þá vil það losna við gamla dótið sem fyrst, fátækum námsmönnum til mikillar ánægju þar sem þetta eru oft miklar gæðavörur,“ segir arkitektinn og smekkmanneskjan fundvísa Theresa Himmer.

*margret.hugrun@frettabladid.is*







# Kerti í sokkabuxum

*Ný not fyrir gamla hluti.*

Í stað þess að kaupa nýtt hreinsiefni í hvert sinn sem á að þrífa eitthvað getur verið nóg að líta í kringum sig. Margt af því sem fellur til á venjulegu heimili getur komið að góðum notum í hinni eilífu baráttu við óhreinindin.

Majónes er til dæmis ekki bara grunnurinn að góðu eggjasalati, heldur er líka hægt að nota það til að fjarlægja lím. Smyrðu góðu lagi af majónesi á límflöt og notaðu svo mjúkan kíttisspaða til að hreinsa í burtu.

Sokkabuxur sem hafa lokið upprunalegu hlutverki sínu geta nýst áfram. Ef mikið er um kerti í íbúðinni getur verið tómur höfuðverkur að dusta ryk og ló af þeim. Setjið kerti inn í sokkabuxurnar og snúið þeim. Þau verða eins og ný.

Blettir í kaffibrúsum og á blómavösum eru sérstaklega erfiðir þar sem erfitt er að ná til þeirra. Myljið eggjaskurn og setjið í brúsann eða vasann ásamt vatni og örlitlum uppþvottalegi. Hristið duglega og skurnin sér um að skrapa erfiðustu óhreinindin í burtu.



Rykfallin kerti um alla íbúð? Náðu þá í gömlu sokkabuxurnar.

# Minningakrukkur

KRUKKUR HAFA MARGS KONAR NOTAGILDI OG ERU ÁGÆTIS GEYMSLUSTAÐUR FYRIR HLUTI ÚR FRÍINU.



Áttirðu skemmtilegt sumarfrí sem þig langar aldrei til að gleyma? Þá getur verið tilvalið að safna saman nokkrum minjagripum og ljósmyndum úr fríinu og setja ofan í glerkrukku. Krukkan verður fyrir vikið eins og lítill heimur sem má heimsækja hvenær sem er og þannig er hægt endurupplifa fríið góða að vild. Krukkan er líka tilvalið leikfang fyrir börn, sem geta bæði leikið sér með innihaldið og bætt við það.

Krukkurnar geta verið af öllum stærðum og gerðum, allt eftir því hvað þær eiga að geyma. Það getur því verið tilvalið að geyma krukkuna undan sultunni og veitt henni endurnýjun lífdaga.



# Ljósaseríur

*Ljósaseríur þurfa ekki að vera bundnar jólunum.*

Þær gefa mjúka og þægilega birtu og séu þær notaðar rétt eru þær mikil heimilisprýði. Hægt er að gera skreytingu úr seríum, setja þær á pottablóm, í loft eða hvar sem ímyndunaraflið segir þér að setja þær.

# Teppi fyrir veturinn



Nú fer að kólna enda veturinn á næsta leiti. Gott er finna gömlu teppin frá síðasta vetri og sjá hvort ekki sé komið tími á endurnýjun. Það er svo gott að hjúfra sig niður undir teppi fyrir framan sjónvarpið þegar haustregnið lemur gluggana.


*Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.*



**MYND**
Hafnarfirði S: 565 4207
www. ljosmynd.is



















Það er ekki flókið mál að búa til bar heima og koma öllum í rífandi stemningu.



Þessi skemmtilegi bar er í formi opnanlegrar tunnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Hugmyndir að heimabar

***Það er ekki flókið mál að koma sér upp einum bar. Allt sem til þarf eru nokkur áhöld og drykkir til að blanda.***

Finnst þér orðið leiðinlegt að fara í bæinn til að fá þér í tána? Þarftu kannski að fara langt til að komast á leiðarenda og getur varlað hugsað þér það í vetur, þegar dimmt er orðið og kalt í veðri? Hvernig væri þá að koma sér upp myndarlegum heimabar?

Kostirnir við heimabar eru mýmargir. Fyrir utan að spara sér sporin og losna við kvef í vetur þarftu ekki að burðast með seðlaveski, bíða eftir afgreiðslu og fá síðan illa blandaða drykki. Það ert þú sem átt barinn og þú ræður.

Að auki er tiltölulega auðvelt að koma sér upp bar sem jafnast alveg á við þá flottustu, eða allt eftir því hvað valið er í hann. Hér eru nokkrir hlutir í vandaðri kantinum sem ættu að gera gæfumuninn.



Vandaður víntappi úr Villeroy & Boch.



Tappatogari og hnífur.



Þetta skemmtilega sett fæst í Tékk-kristal.



Hitamælir á vínflöskuna. Fæst í Tékk-kristal.



Vínpeli úr Villeroy & Boch.



Stílhreinn og nútímalegur hristari úr Villeroy & Boch.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Svalt klakabox með fylgihlutum úr Tékk-kristal.



Fallegur hristari úr Tékk-kristal.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Loftljós í litum sem einkennandi eru fyrir hönnun Panton.

# Framúrstefnu-leg hönnun

*Verner Panton (1926-1998)*

Verner Panton er talinn vera einn áhrifamesti húsgagna- og innanhússhönnuður Dana á síðustu öld. Hönnun hans þykir hafa verið skapandi og framúrstefnuleg, en efniviður hans var margvíslegur og vann hann mikið með plast í sterkum litum. Stíll hans þótti mjög í anda sjöunda áratugarins, en náði þó ekki vinsældum fyrr en við lok 20. aldarinnar. Hans þekktasta hönnun er enn í framleiðslu í dag og nýtur vaxandi vinsælda, eins og Vitra-stólinn og fleira.

Panton hlaut menntun í arkitektúr með áherslu á verkfræði sem hann nam við Det Kongelige Danske Kunstakademi í Kaupmannahöfn. Árin 1950-1952 vann hann fyrir hinn fræga danska arkitekt og húsgagnahönnuð Arne Jacobsen. Þremur árum seinna stofnaði hann sína eigin stofu og hélt áfram að þróa hugmyndir sínar. Í lok sjötta áratugarins fór hönnun hans á stólum að verða sífellt óhefðbundnari, þar sem hann hannaði stól án fóta og baks. Árið 1960 varð Panton fyrsti hönnuðurinn til að hanna stól sem búinn var til sem ein heild. Það var plaststóllinn S, sem er hans frægasta hönnun.



Hinn frægi S-stóll.



Skemmtilegur bekkur sem liðast eftir gólfinu.



Þetta ljós er eitt af þekktari hönnun Panton.



Nauðsynlegt er að koma skipulagi á skósafnið.

# Skóhillur til hjálpar

***Komdu skipulagi á skótauið.***

Hverri fjölskyldu fylgja ógnarmörg skópör. Fínir skór, hversdags skór, stígvél, gönguskór og inniskór. Til að skófatnaðurinn yfirtaki ekki heimilið þarf að koma skipulagi á það. Ákveða hvað eigi að vera inní íbúð og hvað verði í geymslu. Skóhillur eru þarna stórar hjálparhellur. Með því að raða skóm upp á við sparast pláss auk þess sem fallegt er á að horfa.



Stígvél og gönguskór eiga heima í bílskúr eða geymslu. Til að skótauið yfirtaki ekki gólfið má raða þeim í góða hillu. NORDICPHOTOS/GETTY





# Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400gr. umbúðum, Java Mocca, Columbia Santos og Espresso Roma. Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.



stundin - bragðið - stemningin

Láttu drauminn rætast!

30% afsláttur af sérsmíðuðum sófasettum

þú velur áklæði stærð og gerð og við smíðum fyrir þig

Einungis fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 5. Október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




FALLEG KARFA UNDIR KERTASAFNIÐ. SÖSTRENE GRENE. SMÁRALIND.



FLÍSAR SEM SNIÐUGT ER AÐ NOTA UNDIR KUBBAKERTI. SÖSTRENE GRENE.



LJÓSKER FYRIR KUBBAKERTI. MINNIR Á FRANSKA SVEITASTEMNINGU. HOME ART. SMÁRALIND.

# Ljós í myrkri

Sólin lækkar á lofti með hverjum deginum sem líður og því er kominn tími til að kveikja á kertum og hafa það kósí. Það er notalegt að kveikja á kertum við morgunverðarborðið, kvöldverðinn, þegar farið er í bað og jafnvel getur verið svolítið huggulegt að lesa við kertaljós. Svo er um að gera að nota dimmerinn, kveikja á borðlömpum og lýsa umhverfið á sem fallegastan máta til að fá indæla birtu á heimilið.



KERTASTJAKI MEÐ KERTAHRING FRÁ HOME ART Í SMÁRALIND.



DREKAFLUGULJÓSKER ÚR HOME ART. SMÁRALIND.



KAMPAVÍNSLITIR KERTASTJAKAR OG KERTI Í STÍL. TIGER-BÚÐIN.



KERTAGLAS MEÐ FALLEGU OG MÓÐINS LAUFBLAÐAMYNSTRI. TIGER-BÚÐIN.



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Havaírósin - langvarandi vinátta

Flestum grasafræðingum ber saman um að havaírósin muni vera sprottin af samruna og blöndun nokkurra náskyldra tegunda í Suðaustur-Asíu. Líklega fyrir tilstuðlan manna í fyrndinni og að þaðan hafi hún borist til Indlands, Suður-Kína og suður og austur um Kyrrahafseyjar allt til Hawaii-eyja með þjóðflutningum sem áttu sér stað fyrir þúsundum ára. Hvarvetna er havaírósin í hávegum höfð í þessum löndum og víðast hvar eru blóm hennar tákn um langvarandi vináttu, virðingu og ást. Einnig voru þau notuð til lækninga og úr þeim var unnið rautt litarefni sem bæði var brúklegt til líkamsmálningar og við að lita trefjar í klæðisplögg. Havaírósin er þjóðarblóm Malasíumanna og heiðurskransar Pólýnesíumanna eru yfirleitt gerðir úr havaírósarblómum.



### Til Evrópu frá Kína

Havaírósin barst til Evrópu frá Kína seint á sautjándu öld og var fyrst ræktuð við Miðjarðarhaf. En von bráðar bárust nokkur eintök þaðan norður um álfuna þar sem þau voru höfð í hinum sérstöku „appelsínuhúsum“ aðalsherranna á veturna og þóttu mjög tilkomumikil. Í þann tíð var plantan kölluð „kínarós“ og þess vegna gaf hinn sænski Carl von Linné henni vísindaheitið Hibiscus rosa-sinensis, hibiskus er gamalt grískt nafn á lækningamölvu (stokkrós) en viðurnefnið þýðir að sjálfsögðu „rósin frá Kína“. En það var ekki fyrr en um miðbik síðustu aldar að plantan hélt innreið sína í pottaplöntumarkaðinn um víða veröld. Og það var þá fyrir áhrif frá bandarískum garðyrkjumönnum að hún fékk nafnið „havaírós“, þ.e. rósin frá Hawaii. Gott sölunafn, þótt það sé svolítið bögglingslegt í íslenskuninni. Víða um heim eru starfandi klúbbar og áhugamannafélög fyrir unnendur havaírósa – og af þeim eru til þúsundir nefndra afbrigða, ýmist með einföldum eða ofkrýndum blómum. Blómin eru stór og í ýmsum rauðum, hvítum, gulum og rauðgulum litum í margvíslegum litatónum á þeim litaskala.

### Feng-Shui – samkennd fjölskyldunnar

Havaírósin blómgast án afláts allt sumarið fái hún að standa við sólbjartan glugga og njóti hún reglulegrar vökvunar. En hvert blóm stendur bara einn til tvo daga. Það kemur þó ekki að sök því blómin leysa hvert annað af svo að alltaf eru einhver blóm á greinunum. Havaírósin er runni og getur orðið allt að fjögurra metra há þar sem rými og veðurfar leyfir. En í pottarækt inni í stofum látum við yfirleitt nægja að hafa svo sem 40-50 sentimetra háar plöntur í 20-25 sentimetra víðum pottum. Stærri plöntur ganga svo sem líka, en taka mikið pláss og erfitt getur verið að halda lífi í þeim inni í stofum á veturna. Í dimmasta skammdeginu verður nefnilega að draga úr vökvun og lofthita. Í mars þarf svo að stytta hliðargreinar um svo sem tvo þriðju. Tekið er aðeins ofan af toppnum um leið og skorið er drjúgt utan af rótunum og plantan síðan sett í nýja mold í pott af sömu stærð og hún stóð í. Eftir það þarf að vökva vel og setja plöntunar á bjartan og hlýjan stað. Sex til átta vikum síðar má vænta blóma á nýjum greinum. Dauf áburðargjöf vikulega á sumrin. Í Feng-Shui fræðunum er havaírósin talin mjög mikilvæg til að halda jafnvægi í heimilislífinu og efla samkennd fjölskyldunnar. Þar er talið best að hafa hana í sólríku suðvestur- eða vesturhorni á „svæði fjölskyldunnar“, gjarna þar sem tekið er á móti gestum.

# Hugmynd að mynd

***Á netinu er skemmtileg vefverslun sem sérsníður myndir fyrir viðskiptavini sína.***

Myndirnar koma í öllum hugsanlegum stærðum og breiddum, en viðskiptavinir geta líka sjálfir valið hvaða liti þeir kjósa að hafa á myndunum og hvaða form. Myndirnar eru svo prentaðar á striga eftir „smag og behag“ kaupandans.

Velja má á milli margra flokka. Til dæmis er hægt að velja litríkar myndir í barna- og unglingaherbergi, blómamynstur í ótal tegundum, abstrakt myndir, gamlar ljósmyndir, tónlist, uppáhalds staðinn þinn á jörðinni og svo framvegis.

Þetta er fyrirtaks lausn þegar fólk vill prýða heimilið sitt fallegum og skemmtilegum myndum sem eru klæðskerasniðnar að smekk kaupandans. Vefverslunina er að finna á slóðinni www.icandyartwork.com en myndirnar kosta á bilinu 11-15.000 krónur miðað við gengi dollarans í dag.



Klæðskerasniðar myndir á vegginn er að finna á vefversluninni www.icandyartwork.com

# Væn plaköt á veggi

***Plaköt geta verið mikil veggjaprýði.***

Hver kannast ekki við að hafa hengt upp plakat af sinni uppáhaldshljómsveit, sætum leikara eða leikkonu í herberginu á unglingsárum? Plaköt koma að góðum notum enda eru þau yfirleitt ódýrt veggjaskraut sem hægt er að skipta út eftir því sem smekkur unglingsins breytist. Plaköt þurfa samt sem áður ekki að vera ósmekkleg og foreldrar sem fussa yfir myndum af illa til höfðum rokkurum geta jafnvel notast við plaköt til að prýða veggi í herbergjum og stofum líkt og unglingarnir.

Til eru plaköt af öllu milli himins og jarðar. Allt frá Prúðuleikurunum til listaverka Picassos. Með því einu að skella myndinni í ramma verður hún fínni en ella og á þar með vel heima fyrir ofan Chesterfield-sófasettið.



Plaköt eru til af öllu milli himins og jarðar þar á meðal af málverkum.



Unglingar hafa í gegnum tíðina hengt upp plaköt af hljómsveitum, leikurum og söngvurum. Það sniðuga við plaköt er að þau eru ódýr og því hægt að skipta þeim oft út eftir því sem smekkurinn breytist. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Leiðist þér að ryksuga? En ef þú neitaðir þér um kvöldmatinn áður en það væri búið? LJÓSMYND NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Heimilisstörfin í töfluna

***Hættu að fresta því að ryksuga, skúra, vaska upp og brjóta þvott.***

Fæstum finnst sérlega gaman að sinna heimilisverkum þó svo að hreinar vistarverur séu undirstöðuatriði þess að heimilisfólki líði vel.

Ef þér hættir til að hlaupast undan heimilisverkum gætir þú prófað að gera þau að hluta af daglegri rútínu. Ákveddu til dæmis að áður en þú borðar kvöldmat á miðvikudögum verðir þú að vera búinn að ryksuga stofuna og svefnherbergið. Á þriðjudögum er ekkert sjónvarp fyrr en baðherbergið hefur verið þrifið og það fer enginn í ræktina á fimmtudögum fyrr en skipt hefur verið á rúmunum.

Öruggasta leiðin til að þetta gangi er að finna hverju verki pláss í stundatöflu vikunnar þar sem er raunhæft að tími sé til þess og að hafa það á undan einhverju sem þig annað hvort langar að gera eða þarft að gera, líkt og frístundaiðkun eða matmálstími.

Ef þér finnst eftir sem áður leiðinlegt að þrífa heima fyrir geturðu prófað að gefa þér lítil verðlaun eftir að hverju verki lýkur, hvort sem það er góðgæti, hálftíma blundur í þétt skipulagðri viku eða heitt bað með kertum og góðri bók.

## Frá fjarlægum ströndum

Allir hlutirnir á heimilum okkar koma einhvers staðar frá. Sumir koma úr verksmiðju á Vesturlöndum á meðan aðrir eiga mun lengri og skrautlegri sögu að baki. Það er skemmtilegt að eiga persónulega hluti og ekki skemmir að þeim fylgi merkileg saga. Sú saga þarf ekki að vera löng eða flókin, bara eitthvað sem gefur hlutnum líf.



Fæstir hugsa um hvaðan húsgagn er og hver framleiddi það. Við hugsum um útlit, gæði og jafnvel merki, en meira getur legið að baki. Teppi sem víðs vegar eru á gólfum geta þess vegna verið framleidd í fábrotinni vefnaðarstofu í smáþorpi í Kína. Það getur líka verið frá Alsír, eða Pakistan, en það getur líka verið frá Minnesota. Hvaðan er þitt teppi?



**Tannlæknaheimsóknir** eru ekki það skemmtilegasta sem hægt er að gera en þó nauðsynlegar að minnsta kosti einu sinni á ári. Skárra að láta sig hafa það frekar en stóraðgerð á munninum vegna hirðuleysis.















# Líkamsrækt fyrir alla á Fusion Fitness Festival

***Heilsuhátíðin Fusion Fitness Festival verður haldin í fjórða skipti um næstu helgi. Unnur Pálmarsdóttir einkaþjálfari sér um að skipuleggja hátíðina.***

Fusion Fitness Festival verður að þessu sinni haldið í World Class í Laugum en hátíðin byrjar á föstudag og stendur fram á sunnudag. „Dagskráin verður fjölbreytt og samanstendur af alls konar líkamsræktartímum og fyrirlestrum auk þess sem ýmsar uppákomur verða yfir alla helgina,“ segir Unnur.

Hátíðin verður að sögn Unnar bæði sniðin að þörfum þeirra sem eru í góðri þjálfun og þeirra sem eru að byrja að hreyfa sig. „Hátíðin er opin öllum frá tólf ára aldri og við erum með mjög góða kennara sem gæta þess að æfingarnar séu ekki of flóknar fyrir þá sem eru að byrja,“ segir hún.

Á föstudaginn verða meðal annars fyrirlestrar frá fjögur til átta þar sem fjöldi fyrirlesara kemur fram. „Sölvi Fannar mun kynna nýja bók, Gígja Gunnarsdóttir frá Lýðheilsustöð verður með fyrirlestur og Valgeir frá Gáska kynnir nýtt fyrirtæki sem heitir Vinnuvernd. Boðið verður upp á blóðþrýstings- og fitumælingar og síðan verðum við með góða hóptíma, meðal annars risahóptíma klukkan hálf sjö. Í stóra tímanum verðum við sex kennarar auk danshöfundarins Milo Levell sem hefur meðal annars unnið með Michael Jackson. Páll Óskar verður plötusnúður og boðið verður upp á veitingar frá Salatbarnum.“

Á laugardaginn byrjar dagskráin klukkan tíu og stendur til fimm. „Þá verður hægt að velja um hreyfileiklist, danstíma, pallatíma, fitball og bodypod-tíma og fullt að gerast. Á laugardagskvöldið ætlum við svo að hafa Fusion-skemmtun á Salatbarnum þar sem Milo verður með danssýningu og Ingvar á Salatbarnum



Hátíðin er opin öllum frá tólf ára aldri.



Unnur Pálmarsdóttir einkaþjálfari skipuleggur hátíðina, sem að þessu sinni er haldin í World Class í Laugum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

með veitingar á góðu verði.“

Sunnudagurinn verður síðan lokadagur hátíðarinnar. „Ellý Ármanns og fleiri ætla að spá fyrir gestum frá klukkan tólf til eitt á sunnudaginn og það svífur örugglega góður andi yfir vötnunum þá.“

Unnur á sjálf hugmyndina að hátíðinni en hún hefur stækkað tölvert síðan hún var fyrst haldin fyrir fjórum árum. „Ég byrjaði með hátíðina árið 2001 í litlum sal í KR-heimilinu og svo hefur hún bara stækkað og stækkað og ég er alltaf að reyna að bæta við til að hafa þetta sem fjölbreyttast. Til að byrja með þurfti ég sjálf að biðja fólk um að kenna en ég er mjög ánægð með það að núna er fólk farið að hafa samband við mig að fyrra bragði og biðja um að fá að kenna eða vera með fyrirlestra. Ég stefni á að vera komin með nóg af fólki og risahátíð eftir svona fimm til tíu ár.“

Unnur sér að mestu ein um skipulagningu hátíðarinnar í ár. „Núna er ég ein með hátíðina en ég fæ náttúrlega dyggan stuðning frá Laugum. Ég ætla að reyna að fá fleiri með mér í þetta á næsta ári því þetta er rosaleg vinna. Á næsta ári stefni ég líka á að vera með dagskrá fyrir yngri kynslóðina og ætla að fá gott fólk til liðs við mig til þess að búa til barnadagskrá.“

Kennarar á hátíðinni í ár verða frá ýmsum löndum. „Við verðum með fjölda íslenskra kennara og svo koma kennarar frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi. Hátíðin er opin öllum sem vilja koma fram og sýna hæfileika sína til þess að komast í sambönd erlendis. Á hátíðinni verða til dæmis tveir aðilar að kenna sem standa fyrir stærstu líkamsræktar- og heilsuhátíð í Evrópu og ég tel svona hátíð vera mjög góða leið til þess að mynda tengslanet og kynnast fólki.“

Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í Fusion Fitness Festival geta keypt aðgang að allri hátíðinni fyrir 12.500 krónur en einnig er hægt að kaupa einn dag, stakan tíma eða stakan fyrirlestur. Verðskrá og allar aðrar upplýsingar um hátíðina er að finna á heimasíðu hennar, www.fusion.eu.com.

*emilia@frettabladid.is*

Að fá Thai nudd er eins og að fara í jóga tíma án þess að hafa neitt fyrir því og fá svæðanudd í leiðinni. Meðferðin tekur venjulega 2 klst. framkvæmd á þéttri gólfdýnu og nuddþeginn klæðist léttum víðum fötum á meðan.

**Sogæðanudd**
60 mín: 4.900,-

Hjálpar til við að auka sogæðaflæðið og styrkja ofnæmiskerfið. Skaðlegur úrgangur er fjarlægður úr vefjum til eyðingar í eitlunum með þeim afleiðingum að verkir og bólgur minnka og orkan eykst.

**Fótanudd**
60 mín: 4.900,-

Svæðanudd á svörunarpunkta undir iljunum örva yfir 7000 taugaenda sem svara til mismunandi svæða víðsvegar um líkamann til lækninga, styrkinga og jafnvægisstillingar. Verkir í vöðvum, kvíði, ógleði, gigt, svefntruflanir, höfuðverkur, stress, meltingatruflanir og margir aðrir kvillar hafa batnað við þetta nudd.

**Thai nudd**
60 mín: 5.900,-
120 mín: 9.200,-

Aldagömul aðferð til að:
jafna beinagrindina
bæta teygjanleika
losa um vöðva og liðverki
örva innkirtla og innilla starfssemi
jafna orkuflæði líkamans
einstaklega slakandi og endurnýjandi

Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk • S. 577 7007



## FJÓRHJÓLIN STÓRSKEMMTILEG

*Kjóastaðir II við Geysi*

SJÁ BLS. 8



## FERÐIR SEM LÉTTA LUND

*Íshestar í Hafnarfirði*

SJÁ BLS. 11

[ SÉRBLAÐ UM HÓPEFLI OG FERÐALÖG – FIMMTUDAGUR 28. SEPTEMBER 2006

# Ráðstefnur og hvataferðir



## EFNISYFIRLIT



REYNIR Á FORYSTUHÆFNI OG SAMVINNU
*Fólki þjappað saman í litbolta*
BLS. 4

MEÐFRAM FALLEGUM FJÖRUM
*Kajaksiglingar fyrir hópa*
BLS. 6

SLAKANDI FUNDARHÖLD
*Fundað í Bláa lóninu*
BLS. 8

EITT FYRSTA KVENNAFYRIRTÆKIÐ
*Ráðstefnuþjónustan Gestamóttakan 10 ára*
BLS. 10

BÆÐI FYRIR SAUMKLÚBBA OG STÓRFYRIRTÆKI
*Hópadeild Iceland Express*
BLS. 12

KÚREKAVEISLUR OG ÚTREIÐARTÚRAR
*Íshestar létta lundina*
BLS. 13

congress
REYKJAVÍK

Ráðstefnuþjónusta
Engjateig 5
105 Reykjavík
Sími: 585 3900
www.congress.is

# Vertu góður yfirmaður



Mikilvægt er að sýna þakklæti í garð starfsfólksins þegar það hefur skilað af sér góðu verki.

Það er starfsfólki afar mikilvægt að það finni til mikilvægis í starfi sínu. Yfirmaðurinn þarf að hrósa starfsmanninum þegar hann á það skilið og þarf oft ekki mikið til. Orð eins og, takk fyrir, vel unnið og frábært hjá þér, eru hvetjandi og auka á vellíðan starfsmanns. Eftir erfiða vinnutörn er tilvalið að koma stafsfólkinu á óvart með því að bjóða upp á axlanudd á vinnustaðnum, eða útbúa litlar gjafakörfur með góðgæti handa hverjum starfsmanni með korti sem þakkar fólki fyrir vel unnin störf.

Góður yfirmaður ætti að leggja sig fram við að þekkja starfsfólk sitt. Það getur verið erfitt þegar um marga er að ræða, en bara það að hann muni nöfn starfsmanna sinna skiptir miklu máli. Á smærri vinnustöðum ætti hann að gera sér far um að vita um einkahagi fólks, vita hvenær fólk á afmæli eða nöfnin á börnum þess. Allt þetta fær starfsmanninn til að líða eins og hann skipti máli.



Starfsmaður Practical hefur umsjón með skemmtilegum hópeflisleik undir berum himni.
MYND/PRACTICAL

# Fara með hópa á erlendar slóðir

Fyrirtækið Practical sérhæfir sig í hvata- og hópeflisferðum fyrir minni og stærri hópa. Að auki er Practical ferðaskrifstofa og skipuleggur ferðir út fyrir landsteinana.

Marín Magnúsdóttir framkvæmdarstjóri segir Practical geta séð um skipulagningu á nærri því hvaða viðburði sem er. „Við erum mjög mikið í því að sjá um stóra starfsdaga hjá fyrirtækjum þar sem við flettum inn í hópefli og skipulagðri dagskrá,“ segir hún

„Við leggjum mjög mikið upp úr því að klæðskera hverja ferð eftir hópnum í stað þess að hafa alveg staðlaða dagskrá. Við reynum að gera hverja ferð og hvern viðburð einstakan.“

Þar sem Practical hefur ferðaskrifstofuleyfi segir Marín að ekkert sé því til fyrirstöðu að fyrirtækið fari með heilu starfsmannahópana í borgarferðir erlendis. „Við byrjum á því að hita fólk markvisst upp og byggja upp spennu, svo förum við með þau í flotta utanlandsferð þar sem við sjáum um alla skipulagninguna. Við getum í rauninni gert nær hvað sem viðskiptavinir okkar vilja gera, hvort sem það er að fara í utanlandsferð eða þá í köfun á Þingvöllum,“ nefnir hún sem dæmi.

Við höfum séð um stórar árshátíðir frá a til ö, við skreytum salinn, útvegum veitingar og sjáum í raun um allt saman. Við höfum verið með hópa frá sex manns og upp í tæp sex hundruð manns.“

Hún telur engan vafa á því að það borgi sig að láta fagaðila sjá um slíka viðburði. „Fyrirtæki eru í ríkari mæli að átta sig á því að það er hagur í því að kaupa faglega þjónustu annars staðar frá í staðinn fyrir að missa sumar lykilmanneskjur fyrirtækjanna í skipulagningu á þessum viðburðum.“ *- vör*

# Tengslanetið eflt og stækkað

Ráðstefnur eru staður til að mynda gott tengslanet. Gefðu þig á tal við aðra ráðstefnugesti þegar færi gefst og þú skalt skiptast á nafnspjöldum. Skrifaðu aftan á nafnspjaldið hvernig manneskjan lítur út og hvað ykkur fór á milli. Ef þú hittir einhvern sem þú telur gott að eiga frekari samskipti við, skaltu senda tölvupóst nokkrum dögum eftir að ráðstefnunni lýkur. Í tölvupóstinum skaltu þakka fyrir síðast og jafnvel vitna í samtalið. Vertu vinsamleg/ur, en varastu að vera of persónuleg/ur. Þess fyrir utan er gaman að kynnast öðru fólki sem er á sama áhugasviði og þú, og getur það verið þér hvatning í leik og starfi.







Litbolti er vinsæll meðal vinahópa og einnig er mjög vinsælt að steggjahópar mæti og merki stegginn vel og rækilega.

# Reynir á forystuhæfni, traust og samvinnu

Fjörefli ehf. rekur Litbolta, þar kemur fólk saman og merkir hvort annað með litakúlum.

Litbolti hefur verið starfræktur á Íslandi í ein sex ár. Fyrst á Lundi í Kópavogi en nú við Straum í Hafnarfirði. Leikurinn gengur út á að skipt er í lið og reynt er að skjóta andstæðinginn og ná einhverju markmiði. Til dæmis að setja upp fána á sem stystum tíma.

Í litbolta kemur fólk á öllum aldri og af öllu tagi. Allt frá saumaklúbbum upp í Víkingasveit lögreglunnar. Litbolti nýtur þó einna mestra vinsælda hjá steggjahópum sem njóta þess að merkja stegginn sem hleypur um í kanínubúningi.

Leikurinn er þó einnig tilvalinn til að hrista saman vinnustaðahópa enda fátt sem lætur fólk finnast því vera meira saman í liði en að liggja í gröfum og merkja andstæðinginn í markaðsdeildinni. Þá reynir leikurinn á rökhugsun, snögga ákvörðunartöku, traust, samvinnu og forystuhæfni til að ná settu markmiði. Hjá Fjörefli er því boðið upp á hvataferðir fyrir slíka hópa en skemmtilegt er að ljúka góðum degi á grilli.

Litbolti er jafnt fyrir stelpur og stráka og stelpur standa sig oft betur að sögn forsvarsmanna Fjöreflis. Þær beiti skynsemi og rökhugsun meðan strákarnir ætli að sigra heiminn í tveimur skrefum.

Margir eru hræddir við að meiða sig í leiknum. Því er þó haldið fram að ekki sé vont að fá litakúlurnar í sig enda eru aðalreglurnar þær að allir leikmenn verði að bera hlífðargrímur og ekki sé leyfilegt að merkja andstæðinga innan við fimm metra frá þeim. Þá á ekki að vera erfitt að ná litum úr fötum enda er innihald kúlnanna matarlitur, jurtaolía og þykknir.

Fyrirtækið er opið allan ársins hring og því engin fyrirstaða að skipuleggja hópeflisferðir á hvaða árstíma sem er. Fjöldinn er einnig ekki vandamál enda geta allt frá 15 til 150 manns tekið þátt í keppnismótum sem Fjörefli sér um að skipuleggja.

Nánari upplýsingar fást á vefsíðunni www.litbolti.is.



Litbolta er einnig hægt að stunda sem íþrótt. Þá mætir fólk reglulega á æfingar.



Leikurinn reynir á rökhugsun, snögga ákvörðunartöku, traust, samvinnu og forystuhæfni til að ná settu markmiði.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN HILMARSSON



Maður kynnist fólki á allt annan hátt á litboltavellinum en inni á skrifstofu.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN HILMARSSON




# 4 RÉTTA VEISLUR

*Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!*



## 4ra rétta villibráð

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**KRÓNHJARTARFILLE**
með kartöflukrókettum, rjómasoðnu
hvítkáli og kóngasveppasósu

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Perlur hafsins

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**FISKI-TVENNA**
ferskasta sjófang hverju sinni

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Veldu þér veislu á 5.950 kr.

*4ra rétta veislur eru aðeins í boði fyrir allt borðið.*
*Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matseðli sem er kr. 8.750,-*

## Villbráðarhlaðborð

*19.október - 22.nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.590 kr.**
*Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590* kr.

## Jólahlaðborð

*23.nóvember - 30.desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.250 kr.**
*Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250* kr.

PERLAN

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is

Hringbrot

# Meðfram fallegum fjörum

Kajakferðir á Stokkseyri bjóða upp á kajaksiglingar fyrir fjölskyldur og hópa um fallegar fjörur Stokkseyrar.

„Við erum með nokkrar mismunandi ferðir í boði. Við getum tekið allt að 45 manna hópa í einu og alveg niður í fjölskyldur eða einstaklinga," segir Reynir Sigurvinsson hjá Kajakferðum.

Það er margt á döfinni hjá Reyni og félögum, sem tóku við rekstri fyrirtækisins síðasta vor. „Við stefnum að því að útvíkka starfsemina með ýmsum leiðum. Við munum bjóða upp á fleiri ferðir á haustin og vorin, auk þess sem við stefnum að því að koma okkur upp nýrri aðstöðu þar sem verður frábær grillaðstaða."

Þeir sem hafa áhuga á því að prófa að róa á kajak geta leigt bát til þess að sigla á vatninu á Stokkseyri og segir Reynir að það sé algjörlega öruggt fyrir óvana einstaklinga. Ef fólk hefur áhuga á því að róa úti á sjó þarf það hins vegar að vera með leiðbeinanda frá fyrirtækinu. „Við erum með kajaka sem fólk situr ofan á og eru breiðari en hefðbundnir sjókajakar. Þeir eru þess vegna mjög stöðugir og velta í raun ekki nema maður ætli sér að velta þeim."

Kajakferðir á Stokkseyri geta tekið á móti öllum gestum og segir Reynir að svo sé raunin. „Á vorin erum við að fá rosalega mikið af skólakrökkum, á sumrin eru þetta mikið erlendir ferðamenn og íslenskar fjölskyldur og á haustin fara fyrirtækin að koma í hvataferðir."

Reynir segir ferðirnar sérstaklega vinsælar í steggja- og gæsaveislum enda sé það kjörið að busla aðeins í vatninu í góðra vina hóp. „Við erum með aðgang að sundlauginni á Stokkseyri hvenær sem er, þá skiptir ekki máli hvort hún er opin fyrir almenningi eða ekki. Fólk þarf bara að mæta með hlý föt, handklæði og sundföt. Við sjáum um allt annað."



Kajakferðir á Stokkseyri útvega allan búnað fyrir gesti sem geta annaðhvort róið á vatninu eða farið út á sjó með leiðbeinendum fyrirtækisins.
MYND/KAJAKFERÐIR



Mikil eftirspurn hefur verið hjá Icelandair eftir hópaferðum til Barcelona en því miður er eingöngu flogið þangað einu sinni í viku.

# London og Kaupmannahöfn alltaf vinsælastar

Árshátíðarferðir eru ætíð vinsælastar hjá hópadeild Icelandair en eins og á öðrum sviðum utanlandsferða hefur hvataferðum fyrirtækja einnig fjölgað.

„Langflestir hóparnir eru að fljúga á okkar áfangastaði og þar eru London og Kaupmannahöfn mjög vinsælar. Töluvert er einnig spurt um Barcelona en því miður er einungis flogið þangað einu sinni í viku. Einnig eru nýlegir áfangastaðir á borð við Manchester, Berlín og San Francisco vinsælir meðal hópa," útskýrir Aðalheiður Halldórsdóttir, forstöðumaður hópadeildar Icelandair. Hún segir jafnframt að hópadeildin sjái ekki eingöngu um að skipuleggja og bóka flug fyrir hópa heldur einnig margt annað tengt sjálfri ferðinni, allt frá hótelum og rútum upp í skoðanaferðir og veislukvöldverði.

Aðalheiður segir að ferðir hjá starfsmannahópum á ýmsa viðburði erlendis, svo sem tónleika, sýningar, íþróttaviðurði og annað slíkt séu vel til þess fallnir til þess að hrista saman hópinn og bæta móralinn. „Það hefur verið mikil aukning í þessum ferðum eins og öllum öðrum ferðum. Mér finnst eins og allir séu að fara til útlanda einu sinni í mánuði og flestir eru að fljúga meira en við starfsfólkið hjá flugfélaginu," segir Aðalheiður með bros á vör að lokum.



Í góðu veðri eru miklar líkur á því að rekast á þessar tignarlegu skepnur.

# Siglt um sundin blá

Vinsældir hvalaskoðunarferða eru töluverðar meðal ferðamanna hér á landi. Hvalaskoðunarfyrirtækið Elding er eitt þeirra sem sérhæfa sig í siglingum um sundin blá.

Hjá Eldingu eru margs konar afþreyingarmöguleikar í boði. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu eru vinsælustu ferðir fyrirtækisins hvalaskoðunarferðir og sjóstangveiðiferðir þar sem siglt er út frá Reykjavíkurhöfn. Fyrirtækið er með tvo báta á sínum snærum og komast allt að 145 manns í stærri bátinn, sem búinn er eldhúsi og vínveitingastað.

Vinsælustu ferðir Eldingar taka um það bil þrjá til fjóra klukkutíma. Þá er siglt út á Faxaflóa og ýmist farið á í sjóstangveiði eða siglt á hvalaslóðir þar sem allar líkur eru á því að rekast á hval ef vel viðrar. Í sjóstangveiðiferðunum er aflinn svo flakaður og grillaður um borð á meðan gestir gæða sér á veitingum á barnum um borð.

Að sögn starfsmanna fyrirtækisins eru það gjarnan stærri vinnustaðir sem koma í hvalaskoðun og sjóstangveiði en þó eru minni fyrirtæki alltaf velkomin. „Við bjóðum hópum upp á að njóta matar og drykkja um borð á meðan þeir sigla um hafið bláa."




Elding hvalaskoðun er við Reykjavíkurhöfn.








Hvert einasta herbergi með útsýni

– einstakar aðstæður fyrir fundi og ráðstefnur

Á Hótel Búðum er frábær aðstaða til að þjappa saman vinnuhóp eða til að halda fundi og allt að 40 manna ráðstefnur fjarri skarkala hversdagsins.

Náttúrufegurðin skapar einstaka og óvenjulega umgjörð og frá þessu stórbrotna umhverfi stafar jákvæðum straumum til sköpunar. Herbergin eru gullfalleg og hvert einasta með guðdómlegt útsýni.

Að loknu fundahaldi er síðan hægt að slaka á, njóta rómaðrar matargerðar Hótels Búða, kanna nánasta umhverfi eða skreppa á jökul.



*Ef þú vilt gleðja góðan starfsmann eru gjafakortin okkar frábær hugmynd.*

*Allar upplýsingar í síma 435 6700 eða á www.budir.is*

**Opið alla daga – allan ársins hring Aðeins tveggja stunda akstur frá Reykjavík!**

Hótel Búðir Sími 435 6700 budir@budir.is www.budir.is

Fíton/SÍA


Fullkominn svefn
Árið 1852 hóf fjölskylda í litlum sænskum bæ, Köping, að handgera rúm. Fimm kynslóðum síðar eru þau enn að búa til rúm sem af mörgum eru talin vera þau bestu í heimi og hvergi er slegið af kröfunum um þægindi. Hästens rúmin eru einu handgerðu rúmin í heiminum sem eru eingöngu unnin úr náttúrulegum efnum. Það er hvorki einfalt né ódýrt, en árangurinn er óviðjafnanleg þægindi. Ullin heldur á þér hita þegar kalt er en heldur hita frá þér þegar heitt er. Hrosshárin loftræsta raka úr dýnunni. Hörinn kemur í veg fyrir stöðurafmagn. Bómullin gefur rúminu mýkt. Viðarumgjörðin er úr furu sem vex hægt norðan við heimskautsbaug og gerir rúmið eins sterkbyggt og endingargott og hugsast getur. Syfjar þig? Komdu í verslun okkar og upplifðu hvernig svefninn í Hästens rúmi er gjöf frá náttúrunni.
Við munum örugglega vekja þig fyrir lokun.
Hästens
since 1852
Gæðavara byggð á 150 ára sænskri hefð nú fáanleg á Íslandi.
Verið velkomin.
Hästens verslunin í Reykjavík
Grensásvegi 3
108 Reykjavík
sími 581 1006
www.hastens.com

# Jólahlaðborð í Glersalnum






Öll aðstaða er eins og best gerist með góðum hljómburði og fullkomnu hljóðkerfi.

– og útsýnið verður hver einasti maður að upplifa...



Við bjóðum hópum að halda jólahlaðborð hjá okkur á tímabilinu frá 23. nóvember til 20. desember. Matreiðslumeistari er Sturla Birgis.

**Kíktu á heimasíðu okkar, glersalurinn.is, eða hringdu og fáðu nánari upplýsingar í símum 586 9006 og 564 2112.**

ENNEMM / SÍA / NM23622

**Einnig erum við með**
Árshátíðir
Kvöldverði
Brúðkaup
Fermingar
Afmæli
Þorrablót



Glersalurinn

Með kærri kveðju

Salavegi 2
201 Kópavogi
Sími 586 9006
Gsm 862 0713
freyja@glersalurinn.is
glersalurinn.is




Frá einni af hasarferðum Ráðstefna og funda ehf. hér á landi.

# Þörf á fimm stjörnu hótelum

**Íslenska fyrirtækið Ráðstefnur og fundir ehf. hefur í áraraðir sérhæft sig í ýmiss konar ráðstefnu- og hvataferðum fyrir erlend fyrirtæki og hópa.**

„Við teljum okkur hafa verið í fararbroddi í ráðstefnu- og hvataferðum síðan við byrjuðum fyrir um átján árum og höfum því djúpan grunn af reynslu,“ segir Matthías Kjartansson, framkvæmdastjóri Ráðstefna og funda ehf. Aðspurður um þá þróun sem hefur orðið á ferðum erlendra gesta hingað til lands nefnir Matthías sem dæmi að ferðir gestanna séu að styttast. „Í hvataferðunum er síðan alltaf verið að leita að einhverju nýju og þar teljum við Ísland eiga mjög góðan möguleika. Landið er forvitnilegt og fáir hafa komið hingað.“ Matthías segir að erlendu gestirnir sækist mikið eftir því að hafa eitthvað fyrir stafni og helst smá hasar. „Þá er mjög hefðbundið að fara með gestina upp á jökla og svo hafa fjórhjólin verið að koma svolítið sterk inn.“

Matthías er ekki í vafa um að þjónustan við erlenda ferðamenn eins og þá sem koma hingað til lands í hvataferðir hafi stóraukist og finnur hann fyrir auknu streymi hópa hingað til lands. „Við líðum hins vegar svolítið fyrir gengishækkun krónunnar en það hefur verið að jafnast aðeins núna og menn eru fegnir að þurfa ekki að borga eins mikið. Við erum samt ekki byrjaðir að auglýsa 30 prósenta lægra verð,“ segir Matthías og hlær.

Eins og áður segir hefur fyrirtækið Ráðstefnur og fundir verið lengi í bransanum en hvað má betur fara að mati Matthíasar? ‚Miklu betri aðstöðu vantar á ýmsum stöðum, til dæmis í kringum jöklana en þar eru aðstæður mjög frumstæðar. Samgöngubætur þurfa einnig að batna verulega en þó þannig að við getum haldið áfram að fara með ferðamenn í stórar jeppaferðir.“ Matthías nefnir einnig að þrátt fyrir að fleiri fjögurra stjörnu hótel hafi verið að rísa þá sé enn mikil þörf á alvöru fimm stjörnu hóteli. „Fólk vill fá keðjur, eitthvað sem þau geta vitnað í. Það þýðir ekkert að segja Hótel Borg. Hvað er það? Og þá þarf ég að fara í hálftíma útskýringu á því hvernig hótel það sé. Ef hér væru hins vegar Hilton hótel eða eitthvað álíka þá vita menn nákvæmlega að hverju þeir ganga,“ segir Matthías og telur hann að það sé ekki spurning að hér sé markaður fyrir slík keðjuhótel. *- sha*



Eldborg er ráðstefnusalur í aðeins fimm mínútna fjarlægð frá Bláa lóninu.

# Slakandi fundarhöld

**Bláa lónið hefur á undanförnum árum verið vinsæll staður fyrir fundarhöld, ráðstefnur og annað slíkt enda aðstæður á svæðinu allar til fyrirmyndar.**

„Bláa lónið er vinsæll staður fyrir ráðstefnur og hvatahópa að öllum stærðum og gerðum,“ svarar Heiður Gunnarsdóttir, sölustjóri Bláa lónsins, spurð hverjir séu helst að leita til lónsins bláa. Í Bláa lóninu er fundarherbergi en í fimm mínútna fjarðlægð frá lóninu er stærri og betri aðstaða fyrir stóra jafnt sem minni hópa. „Í Eldborg eru tveir salir sem fella má saman í einn sal og tekur rúmlega 200 gesti í sæti og 400 standandi. Þar er einnig vel útbúið stjórnarherbergi fyrir fjórtán gesti,“ útskýrir Heiður og bætir jafnframt við að salirnir séu skemmtilega hannaðir og veita gestum útsýni yfir náttúrulegt umhverfið.

Bláa lónið er þó einstakt fyrir þær sakir en nær enginn staður í heiminum er eins vel skapaður til þess að slaka á. „Hér er alltaf hægt að eiga góðan dag, slaka á í eimbaði og sauna og einnig er boðið upp á nudd sem fram fer ofan í lóninu þar sem tveir geta verið í nuddi samtímis. Svo má ekki gleyma Blue Lagoon kokkteilnum sem er borinn fram í lóninu og er afar vinsæll meðal hópa,“ segir Heiður glöð í bragði.

Veitingastaðurinn í Bláa lóninu býður auk þess upp á marga skemmtilega möguleika sem henta bæði stærri sem smærri hópum. „Fyrirtæki koma gjarnan með séróskir varðandi hópana en vinsælt er til dæmis að fá merki fyrirtækisins grafið í ís og ef til vill að skreyta salina á einhvern hátt.“ Heiður bendir einnig á að á næsta ári verður nýr og glæsilegur veitingastaður tekinn í notkun sem mun rúma 250 gesti. Auk þess mun búnings- og baðaðstaða breytast til muna og í boði verða einkaklefar með sér innilóni, sem er tilvalinn kostur fyrir smærri hópa sem vilja slaka vel á eftir fundinn.




Fiton/SÍA

## VIÐ GERUM ÞIG AÐ GÓÐUM GESTGJAFA

Iceland Travel hefur víðtæka reynslu af skipulagningu á öllu því sem viðkemur ráðstefnu-, sýninga- og fundahaldi. Láttu það vera okkar verkefni að sjá um skipulagið, hvort sem þú átt von á 10 gestum eða 1000. Við bókum fundarstað og gistingu, höfum yfir nægu starfsfólki að ráða, skipuleggjum skoðunarferðir og pöntum veitingar. **Við hlökkum til að starfa með þér.**

Iceland Travel
RÁÐSTEFNUR

Iceland Travel | Lágmúli 4 | 108 Reykjavík | Sími 585 4300 | Fax 585 4390 | www.icelandtravel.is | conferences@icelandtravel.is

# Ferðir á fjórhjóli stórskemmtilegar

Við Geysi í Haukadal er staðsett ferðaþjónustan Kjóastaðir II sem sérhæfir sig í fjórhjólaferðum en markaður fyrir ferðum á slíkum farartækjum fer ört vaxandi.

Á Kjóastöðum II hefur verið starfrækt ferðaþjónusta undir formerkjunum ATV tours. Sigurður Sigurðsson, sem er umsjónarmaður ATV tours, segir að í fyrstu hafi ekki margir haft trú á því að fjórhjólaferðir gætu gengið. Núna, fjórum árum seinna, hefur Sigurður ferðast með alls ellefu þúsund manns. Sigurður telur að í dag séu um 90 prósent viðskiptavina sinna erlendir fyrirtækjahópar og fara langflestir um klukkutíma langar ferðir í skóginum upp á Jökulsdalsheiði. Í byrjun voru það hins vegar mest megnis Íslendingar sem komu í ferðir að Kjóastöðum þar sem þeir léku sér í hálfgerðri Go-kart keppni en Sigurður segist nú blessunarlega vera laus við það.

Vegna mikils snjóleysis undanfarin ár segir Sigurður að fjórhjólin gætu vel orðið vinsælli en vélsleðarnir. „Fordómar hafa ríkt í garð fjórhjóla en þeir hafa þó verið að minnka og núna er annar hver bóndi kominn á svona hjól. Fjórhjól skemma heldur ekki neitt miðað við til dæmis mótorkrosshjól. Menn vita að hjólin eru á breiðum dekkjum og eru létt tæki þannig að þau fljóta vel yfir. Það mætti hins vegar setja skýrari reglur varðandi fjórhjólin.“

En hvað finnst erlendu ferðamönnunum um fjórhjólaferðirnar? „Norðurlandaþjóðirnar sækja mikið í þetta þar sem mjög strangar reglur gilda í þessum löndum um fjórhjól. Upplifunin er því mikil fyrir þá. Stórborgarfólkið sem kemur hingað og hefur aldrei séð jökul eða alvöru fjöll fær líka helling upp úr því að fara hér aðeins upp á heiði og sér þá jafnvel jökulinn, Hekluna og Bláfellið.“ svarar Sigurður glaður í bragði. *- sha*



Fjórhjól eru afar einföld farartæki sem auðvelt er að stjórna en fá jafnframt adrenalínið til að streyma. MYND/ATV TOURS

## Ráðleggingar

Öll þekking hefst á spurningu.



Yfirleitt er gefinn tími til fyrirspurna eftir fyrirlestra á ráðstefnun. Ef það er eitthvað sem þú átt erfitt með að skilja skaltu ekki hika við að spyrja, og ekki örvænta þótt þú hafir ekki skilið allt. Skrifaðu hjá þér spurningar meðan á fyrirlestrinum stendur, svo þú gleymir þeim ekki að honum loknum. Engu skiptir þó að allir í kringum þig virðast hafa náð innihaldinu, og ekki hafa áhyggjur af því að spurningar þínar séu kjánalegar. Öll þekking hefst á spurningu og því er það mikilvægt fyrir þig að spyrja. Ef málið vekur sérstakan áhuga þinn skaltu spyrjast fyrir um lesefni eða annað efni sem þú gætir nýtt þér til að skilja málið enn betur.



Myndir frá vélsleðaferð Gestamóttökunnar.

# Eitt fyrsta kvennafyrirtækið

Ráðstefnuþjónustan Gestamóttakan fagnaði nýverið tíu ára afmæli sínu. Fréttablaðið ræddi við Ingu Sólnes um starfsemi fyrirtækisins.

„Við höfum ávallt sérhæft okkur í því að skipuleggja ráðstefnur, fundi og hvataferðir fyrir Íslendinga og erlenda gesti frá a til ö,“ segir Inga. „Stærsti hlutinn af okkar starfsemi er ráðstefnur. Við skipuleggjum allt saman, setjum saman dagskrá sem oftast saman stendur af hópefli, fundarhöldum og einhvers konar afþreyingu. Við skipuleggjum allt sem fólk vill gera, hvort sem það eru jeppaferðir upp á jökul eða einfaldir hópeflisleikir.“

Inga segir Gestamóttökuna eitt af fyrstu fyrirtækjunum á þessu sviði sem er eingöngu skipað konum. „Það hafa alltaf verið konur að vinna í þessum ferðaþjónustugeira en þær eru sjaldan eigendur eða rekstraraðilar slíkra fyrirtækja.“

Að mati Ingu hefur helsta breytingin í geiranum verið sú að fjölbreytnin hefur aukist stöðugt með hverju ári. „Fjölbreytnin hefur aukist mikið á sviði afþreyingar, fólk vill vera virkir þátttakendur í ferðum með því að gera eitthvað sérstakt, svo sem að fara á hestbak en ekki sitja bara í rútu og láta segja sér hvað umhverfið í kringum sig sé fallegt og spennandi.“

Jeppaferðir, hestaferðir, hópeflisleikir og ratleikir eru mjög vinsælir hjá Gestamóttökunni. „Við höfum til dæmis farið með hópa inn í Þórsmörk á jeppum þar sem þeir fá að fara yfir árnar og djöflast aðeins á jeppum um leið. Svo þegar inn í Þórsmörk er komið bíða þeirra hópeflisleikir sem þau þurfa að vinna í sameiningu.“



Hákarl og brennivín að lokinni vélsleðaferð er einstök upplifun. MYND/GESTAMÓTTAKAN

Inga segir framtíðina fela í skauti sér auknar kröfur um gæði og þjónustu. „Ég tel einnig að sérhæfing þeirra aðila sem reka slík fyrirtæki muni aukast mikið í framtíðinni.“




Veislusalur - fundir - ráðstefnur

RÚGBRAUÐSGERÐIN

Veislusalurinn Rúgbrauðsgerðin ehf
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 517-6545
www.rugbraudsgerdin.is

Salurinn hentar fyrir alls konar veislur

brúðkaup • fermingar • skírnir • erfidrykkjur • afmæli • árshátíðir • þorrablót • jólahlaðborð

# Sjóðheitur og öðruvísi matsölustaður



## Vertu góður liðsmaður

Hópurinn er aldrei sterkari en veikasti liðsmaðurinn.

Góður andi og sterk liðsheild skiptir sköpum ef fyrirtæki á að ná árangri. Góður starfsmaður gerir sér grein fyrir þessu og leggur sitt af mörkum. Hér eru nokkur atriði sem gera þig að góðum liðsmanni:

**1 Sýndu ábyrgð.** Taktu ábyrgð, þegar tækifæri gefst, á einhverju sem er utan þíns verkahrings. Sýndu að þú sért viljug/ur til að leggja þitt af mörkum og læra meira. Ef verkefni klúðrast sem féll þér í skaut, taktu ábyrgðina í stað þess að kenna öðrum um.

**2 Leiðbeindu.** Ef þú ert góð/ur í einhverju, skaltu kenna það öðrum. Þekking eykst með því að dreifa henni. Þetta geturðu gert með því að taka vel á móti nýjum starfsmanni og kenna honum tökin. Ef þú ert hjálpleg/ur, eru aðrir líklegir til að hjálpa þér.

**3 Hafðu opinn huga.** Þú skalt hvetja til umræðna og gagnrýnnar hugsunar. Aldrei gera lítið úr eða gera grín að hugmyndum annarra. Taktu alla í hópnum alvarlega, og aldrei gera þér hugmyndir fyrirfram um vankunnáttu eða þekkingu annarra. Varastu að veita of harða gagnrýni því þá er líklegt að það dragi úr fólki með að koma með nýjar hugmyndir. Það sem mestu skiptir þó, er að kunna að taka gagnrýni. Vertu opinn fyrir gagnrýni á störf þín og hugmyndir og aldrei svara gagnrýni með afsökun.

**4 Vertu rausnarleg/ur.** Hrósaðu fólki þegar það á það skilið. Og ekki taka heiðurinn af starfi annarra. Lærðu af mistökum annarra, því það er mikilvægt fyrir heildina að sömu mistökin séu ekki endurtekin. Sýndu samstöðu, og hjálpaðu til svo að fólk komist heim fyrr þegar eitthvað kemur upp á, veikindi heima fyrir eða jafnvel þegar það heldur afmælisveislu.

**5 Sýndu gott fordæmi.** Þú getur kvartað og vælt yfir því sem betur mætti fara, en ættir frekar að gera eitthvað til að bæta



ástandið. Ekki bíða eftir að aðrir geri hlutina, heldur sýndu gott fordæmi og taktu af skarið. Ekki losa þig undan leiðindavinnu og koma henni yfir á aðra.

**6 Myndaðu tengsl.** Auðvelt er að fylgja öllu þessum atriðum hér að ofan þegar þú myndar góð tengsl við samstarfsfólk þitt. Við eyðum átta til tíu tímum á dag í vinnunni með samstarfsfólki okkar og því eðlilegt að vinasambönd myndist. Hins vegar kemur það manni oft á óvart hversu lítið maður veit um samstarfsfélaga sína í raun og veru. Við vitum oft ekki hvenær þeir eiga afmæli, hvað börnin þeirra heita eða hvort þeir eiga börn. Leggðu þig fram við að kynnast fólki og vertu vinaleg/ur. Aldrei móðga samstarfsmann þinn eða baktala hann og slúðra um hann. Hámarksárangur næst aðeins ef allir spila með, og því er mikilvægt að allir séu vinir.



Mikið er um að fyrirtæki sendi starfsfólk sitt utan í hvataferðir. London er ein vinsælasta borgin sem Íslendingar sækja heim.

# Hentar bæði saumaklúbbum og stórfyrirtækjum

**Hópadeild Iceland Express auðveldar hópum skipulag á ferðum erlendis og sér um að bóka allt frá flugi upp í miða á tónleika.**

Hjá Iceland Express er starfandi sérstök hópadeild, sem sér um skipulagningu og útbýr tilboð til hópa sem eru á leið til útlanda. Þar er bæði fyrirtækjum og einkahópum sinnt, og þó að erindi hópanna séu misjöfn, er kappkostað við mæta þörfum allra. Viðskiptaferðir eru orðnar daglegur þáttur í starfi fyrirtækjanna og mikið er um að fyrirtækin sendi starfsfólk sitt út í hvataferðir, á árshátíðir og fleira.

„Við sjáum um að bóka flug, hótel og akstur til og frá hóteli, auk þess sem við útvegum sali, rútur, skipuleggjum spennandi skoðunarferðir og bókum miða á tónleika," segir Auður Gísladóttir, yfirmaður hópadeildar Iceland Express.

Í vetur verða áfangastaðir Iceland Express fimm: London, Kaupmannahöfn, Berlín, Frankfurt Hahn og Alicante. Í lok desember mun svo flug hefjast aftur til Friedrichshafen og auk þess sem flogið verður frá Akureyri til London, frá og með deginum í dag til 29. október, en þá verður flogið frá Akureyri til Kaupmannahafnar til 3. desember.

„London og Köben eru alltaf vinsælustu áfangastaðirnir fyrir árshátíðir og hvataferðir, þó að auðvitað fljúgi hópar á alla okkar áfangastaði," segir Auður og bætir við að stundum séu hóparnir svo stórir að þeir fylli heila flugvél. „Við skilgreinum hópa sem 10 eða fleiri sem eru saman á ferðalagi," segir Auður. Hún segir að best sé að leita tilboða hjá félaginu með góðum fyrirvara, til þess að fá hagstæðustu fargjöldin.




Fosshótel Húsavík ***
- Mikið endurnýjað hótel
- Ný og glæsileg herbergi
- Hvalaþema & Moby Dick Pub
- Þráðlaust Internet
-Fjölbreytt afþreying
- 90 km frá Akureyri

FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land

Veldu Fosshótel fyrir:
- Ráðstefnur
- Stóra sem smáa fundi
- Árshátíðir
- Hópefli
- Sauma- og veiðiklúbba
- Óvissuferðir
og margt, margt fleira

Önnur heilsárs Fosshótel eru:
Fosshótel Lind, Reykjavík
Fosshótel Baron, Reykjavík
Fosshótel Valaskjálf, Egilsstöðum



Fosshótel Nesbúð
- Frábærar gönguleiðir
- Heitir pottar
- Stórbrotið umhverfi
- Þráðlaust Internet
- Hópefli og ævintýri
- 25 km frá Reykjavík



Fosshótel Reykholt ***
- Menningartengt þema - Norræn goðafræði, íslenskar bókmenntir & klassísk tónlist
- Heilsusetur & heitir pottar
- Þráðlaust Internet
- 100 km frá Reykjavík



www.fosshotel.is



Nánari upplýsingar og bókanir:
Sími: 562 4000
Fax: 562 4001
Netfang: vala@fosshotel.is

# Ferðir til þess að létta lund og fagna

Hjá Íshestum í Hafnarfirði er boðið upp á skemmtilega afþreyingu og góða aðstöðu.

Íshestar hafa sérhæft sig í ferðum fyrir bæði innlend og erlend fyrirtæki og segir Bryndís Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Íshesta, að kúrekaveislan sé alltaf vinsælust. „Þá er farið á hestbak eða í gönguferð, svo í skeifukastkeppni, línudans og loks er kúrekamatur. Í raun eru samt einu takmörkin hjá okkur bundin við ímyndunaraflið.“

Spurð af hvaða tilefni fyrirtæki séu helst að leita til Íshesta segir Bryndís að þau séu margvísleg. „Til dæmis þegar fyrirtæki eru að fara í gegnum breytingarferli og einnig eru svona hvataferðir notaðar sem umbun þegar ákveðin sölumarkmið hafa náðst eða annað álíka, til þess að létta lund og fagna. Einnig eru mörg fyrirtæki sem nota okkur mjög mikið fyrir fundarhald, þar sem fyrirtækin vilja fá að komast aðeins út úr hinu daglega amstri.“

Vinsælastu leiðirnar eru að sögn Bryndísar þær sem liggja við og kringum Hafnarfjörðinn. „Hér eru rosalega skemmtilegar leiðir í átt að Kaldárseli og svo er Hvaleyrarvatn algjör perla.“ Vinsælustu árstíðirnar fyrir slíkar hvataferðir eru að sögn Bryndísar haust og vor. „Þá er einmitt besta tækifærið til þess að þjappa hópnum saman. Þetta tengist samt vissulega árstíðunum og því sem fyrirtækin eru að gera þá og þegar.“

Bryndís er heldur ekki í vafa um að hvataferðir innan fyrirtækja fari ört vaxandi. „Við erum alltaf að finna meira og meira fyrir því að íslensk fyrirtæki eru almennt að breytast og átta sig á hversu mikil auðlind starfsfólkið er,“ segir Bryndís að lokum.

*- sha*



Gleði og gaman í einni af ferðum Íshesta.
MYND/SIGURÐUR JÖKULL



## Hvernig á að haga sér í vinnupartíinu

Mikilvægt er að sýna sínar bestu hliðar og missa sig ekki í drykkju.

Hvataferðir enda oft á góðum kvöldverði þar sem áfengi er haft um hönd. Mikilvægt er að hafa það í huga að maður er að skemmta sér með vinnufélögunum, og því á maður að haga sér vel. Varastu að drekka of mikið, því þú gætir sagt eða gert eitthvað sem þú sérð eftir. Fljótt flýgur fiskisagan og næsta dag vita flestir í vinnunni um afglöp þín. Klæddu þig á viðeigandi máta og ekki vera í of ögrandi fatnaði. Gerðu þér far um að spjalla við sem flesta, ekki bara þá sem þú talar við á hverjum degi í vinnunni. Tilgangurinn með kvöldinu er að þjappa hópnum saman og fá fólk til að kynnast betur. Spjallaðu við fólk sem þú færð nánast aldrei tækifæri til að spjalla við.

Ekki daðra. Saklaust daður getur komið í bakið á þér í vinnunni næsta dag. Það er óviðeigandi á vinnuskemmtun.

Ferðir sem þessar eru kjörnar til að sýna þínar bestu hliðar. Sýndu að þú getir verið glaðlynd og skemmtilega manneskja og átt í vitrænum og skemmtilegum samræðum við fólk. Hafðu vit á því að fara ekki of seint heim, og sýndu með því að þú sért manneskja sem berð ábyrgð á sjálfri þér.


Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.
550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið






Frjó hugsun nærist best með góðri slökun í kraftmiklu umhverfi. Kynntu þér frábæra aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur í nærandi andrúmslofti Bláa lónsins.

Nánari upplýsingar í síma 420 8806 og á radstefnur@bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND

www.bluelagoon.is

www.icelandexpress.is/hopar




Fiton/SÍA

# ÚT MEÐ HÓPINN!

## Hópadeild Iceland Express sér um vinnuna og þú færð hrósið.

Er stemning í hópnum? Langar hópinn þinn til að bregða sér út fyrir landsteinana? Hópadeild Iceland Express býður ferðir fyrir hópa og félög, 11 eða fleiri á frábærum kjörum.

Hópadeildin bókar flugið, gistinguna og ferðir til og frá flugvelli og svo höfum við upplýsingar um ótalmargt annað sem getur gert ferðina enn skemmtilegri. Við bókum sal fyrir hópinn ef þarf, skipuleggjum spennandi skoðunarferð, útvegum miða í leikhús, tónleika eða annað það sem kryddar hópferðina og gerir hana ógleymanlega.

Hafðu samband eða smelltu þér á www.icelandexpress.is/hopar og kynntu þér málið!

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

# Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

## Hreyfing er til alls fyrst

Þið hafið líklega flest tekið eftir því hvað hreyfing og mataræði eru samtengdir þættir. Þegar maður hreyfir sig lítið sem ekkert spáir maður minna í hvað maður lætur ofan í sig. „Gleymir“ sér jafnvel og veit ekki af fyrr en maður er farinn að klára kexpakkann eftir kvöldmatinn, sækja ógurlega í sætindi eða er farinn að borða skyndibita annan hvern dag. Og líða eftir því... Það er líkt og matarlöngunin verði önnur og/eða meiri þegar við hreyfum okkur lítið sem ekkert.

**Dregur úr sykurlöngun**

Þegar hreyfingunni er svo kippt inn í daglega rútínu virðist sem hollara mataræði komi sjálfkrafa. Eins og líkaminn kalli á næringarríkari fæðu vegna þess að líkaminn er farinn að vinna. Þið kannist líklega flest við þetta! Þess vegna segi ég að hreyfing sé til alls fyrst. Hún getur hjálpað til við að draga úr sykurlöngun og okkur fer að langa meira í næringarríka fæðu heldur en fituríkan skyndibita. Þetta vindur svo upp á sig og vegna þessarar einstöku tilfinningar sem fylgir reglulegri hreyfingu og næringarríku fæði fer maður að huga að hollari lífsvenjum almennt. Þetta gerist kannski ekki á einum degi, en góðir hlutir gerast hægt.

**Við erum hönnuð til hreyfingar**

Líkaminn er hannaður til hreyfingar og nýtingar á orku og ef orkan er kraftlaus og endingarstutt hlýtur líkaminn að verða eftir því. Þetta er auðvitað bara „common sense“, er það ekki? Kannski hálf hallærislegt að vera eitthvað að nefna þetta... eða hvað? Ef þú nennir ekki að spá í þetta þýðir heldur ekkert að vera að kvarta undan þreytu og sljóleika ef morgunmaturinn er kókópöffs, hádegismaturinn pakkasúpa, kvöldmaturinn ódýr skyndibiti og þú situr fyrir framan tölvuna allan daginn. Gerðu það fyrir sjálfan þig, kæri lesandi að hugleiða þetta í fimm mínútur og þá er markmiði mínu náð. Finndu þér svo skemmtilega hreyfingu, eins og fjallgöngur, línuskauta, eróbikk, útiskokk, kvöldgöngur í góða veðrinu og nýttu þá orku sem þú hefur í dag, því án hreyfingar gætir þú ekki haft hana á morgun!

Hér er svo uppskrift að góðum heilsuskonsum. Verði ykkur að góðu!

1 bolli bókhveiti (einnig hægt að nota haframjöl)
1 bolli heilhveiti
1 egg
1 msk. vínsteinslyftiduft (eða venjulegt lyftiduft)
2 bollar vatn
½ bolli ósætt eplamauk
1 tsk. vanilludropar (má sleppa)

Hrærið bókhveiti, heilhveiti, eggi og lyftidufti vel saman. Bætið svo vatni, eplamauki og vanilludropum saman við og hrærið vel. Deigið á að vera frekar þykkt líkt og lummudeig. Steikið á pönnukökupönnu og snúið við þegar botninn er farinn að brúnast.
Bestar heitar t.d. með léttu viðbiti og osti eða smá hlynsýrópi (e. maple syrup).

*Kær kveðja, Borghildur*



Lifurígræðsla fyrir virka alkóhólista þykir á siðferðilega gráu svæði.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Er skorpulifur auðlæknanleg?

***Læknar telja að hægt sé að lækna skorpulifur með ódýru og auðfáanlegu lyfi, súlfúrsalasíni. Frá þessu er greint á vef BBC.***

Þegar lifrin skaddast verður til örvefur í sárinu. Í heilbrigðri lifur hverfur þessi vefur og í staðinn kemur nýr starfhæfur lifrarvefur. Í skorpulifur gerist það ekki. Örvefurinn hverfur ekki heldur breiðist út og sem saman minnkar virkni lifrarinnar þar til hún verður óstarfhæf. Hingað til hafa læknar talið að þetta ferli sé óafturkræft, sem sagt að glataður lifrarvefur endurnýist ekki hjá skorpulifrarsjúklingum, en nú hefur annað komið á daginn.

Lyfið sem um ræðir kallast súlfúrsalasín og er notað gegn gigt og iðrabólgu. Lyfið er bæði ódýrt og auðvelt í framleiðslu. Lyfið hindrar seitingu prótína sem halda lífi í örvefnum þannig að hann hverfur með tíð og tíma. Í staðinn kemur heilbrigður vefur rétt eins og í heilbrigði lifur.

Skorpulifur er lífsstílstengdur sjúkdómur og eru offitusjúklingar og áfengissjúklingar í áhættuhópi, ásamt fleirum. Lyfið gæti gagnast þessum hópum sérstaklega en hingað til hefur það þótt á gráu svæði siðferðilega að gefa alkóhólistum nýja lifur með ígræðslu. Lyfið gæti leyst þessa siðferðisklemmu því með lyfi sem kostar innan við 1.500 krónur á viku er hægt að bjarga, eða í versta falli halda við, lifur þeirra.

Prófanir eru skammt á veg komnar en áætlað er að prófa virkni lyfsins innan tíðar á virkum alkóhólistum. Læknar vara við of mikilli bjartsýni og benda á að prófanir séu en á frumstigi. *- tg*



Meindýraeitur í fæðu vekur óhug.

# Meindýraeitur í þriðjungi fæðu

NÝ RANNSÓKN Í BRETLANDI LEIÐIR Í LJÓS AÐ LEIFAR AF PLÁGUEYÐI FARA ÚT YFIR LEYFILEG MÖRK Í ÁKVEÐNUM FÆÐUTEGUNDUM.

Í ljós hefur komið að nærri þriðjungur breskrar fæðu og drykkjarfanga inniheldur leifar af meindýraeitri.
Í 1,7% tilvika fór magnið út fyrir leyfileg mörk, sem er þriðjungi meira en á síðasta ári þegar sambærileg rannsókn var framkvæmd. Aukningin er rakin til þess að meira af framandi mat var nú tekin til skoðunar.
Rannsókn gerð á skólamáltíðum barna leiddi svipaðar niðurstöður í ljós. 132 sýnishorna af 166 innihéldu leifar af meindýraeitri undir leyfilegum mörkum.
Af þeim fæðutegundum sem skoðaðar voru í heildarrannsókninni má nefna ávexti, grænmeti, kjöt, morgunkorn, te, ávaxtasafa og barnamat. Engar leifar fundust í kjúklingakjöti, eggjum, barnamat, mjólk eða gulrófum.
Skiptar skoðanir eru um hvort þessar niðurstöður séu ástæður til að óttast eða ekki. Sjá nánar á www.bbc.co.uk



Tengsl foreldra og barna verða seint ofmetin. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Tengslaröskun

HALDIN VERÐUR RÁÐSTEFNA UM TENGSLARÖSKUN FÖSTUDAGINN 29. SEPTEMBER NÆSTKOMANDI. RÁÐSTEFNAN ER Á VEGUM FORELDRAFÉLAGS ÆTTLEIDDRA BARNA.

Tengslaröskun getur myndast þegar samband ungbarns við þann sem annast það raskast eða rofnar. Efni námsstefnunnar verður að miklu leyti helgað því til hvaða fyrirbyggjandi aðgerða kjörforeldrar eiga að grípa um leið og ættleiðing á sér stað, til að forðast að tengslaröskun geti þróast yfir í ástand sem þarf viðameiri meðferðar við. Efni hennar ætti því að höfða jafnt til nýbakaðra kjörforeldra og þeirra sem eru að bíða eftir að ættleiða.
Námstefnan fer fram í Bratta, sal Kennaraháskóla Íslands og stendur frá kl. 9:00 - 16:00. Fyrirlesarar á námsstefnunni verða dr. Ronald Federici tauga- og þroskasálfræðingur og meðferðarsérfræðingarnir Nadya Molina M.Ed. og Krystyna Biena M.A. Nánari upplýsingar er að finna á www.aettleiding.is **- tg**

## bætiefnið }

## Alfaalfa

ÞVAGRÆSILYF NÁTTÚRUNNAR

Alfaalfa er jurt af belgjuraætt. Laufin innihalda átta ómissandi ensím. Í því er að finna A-vítamín, D-vítamín og K-vítamín. Alfaalfa er einnig góð uppspreta prótíns, fitu, steinefna, beta-karótíns, B1, B2, C,D og E-vítamína.
Alfaalfa er nærandi og styrkjandi og bætir matarlyst. Það er notað við þróttleysi og handa afturbatasjúklingum. Jurtin er góð fyrir fólk sem þjáist af blóðleysi.
Alfaalfa er talið gagnast í meðhöndlun ofnæmis og í meðferð á liðagigt. Ennfremur gæti það unnið gegn magaóþægindum og vindverkjum og aukið matarlyst.
Heimild: Ný og betri bætiefnabiblía

Jurtakennsla
í Jurtaapótekinu

- **SPA meðferðar kennsla,** 2 Október.
- **Smyrsla- og olíugerð,** 10 október.
- **Kremgerð,** 17 október.

*Kennarar eru Ásdís Ragna Einarsdóttir og Kolbrún Björnsdótir. Námskeiðin eru frá kl. 19-22.*

JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2
101 Reykjavík
Sími 552 1103

ENGLAKROPPAR
Heilsustúdíó

ERUM FLUTT!!
Í Langarima 21-23 (Miðgarði)

Grennum, stinnum, losum þig við appelsínuhúð, afeitrum líkamann, Fakebake brúnkumeðferð, leirvafningar, jurtavafningar og margt fleira.

4,6 og 8 vikna átak í boði!

Frábær opnunartilboð!
Þú nærð árangri hjá okkur!
Ókeypis prufutími og greining.

Pantaðu tíma
í s. 587-3750

Líka fyrir karlmenn!

www.englakroppar.is
Langarima 21-23
(Miðgarði)
sími 587-3750



allt hús
Alla mánudaga

## Dýrahald

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gessi@simnet.is S. 868 6058. Kveðja Anna.

## Ýmislegt

atlantskaup.is
S:533 3700
STIGAR & HANDRIÐ



Sérsmíðað handrið, úr ryðfríu stáli, gleri eða áli, jafn úti sem inni. Einnig sérsmíðaðir stigar eða sttigar kit. Bæjarflöt 6, Grafarvog. S. 533 3700.



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

Skrifborð og Píanó til sölu. Beyki skrifborð með kálfi frá ÁG 2x2.20. KAWAI píanó, digital MR120. S. 664 6906.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




### Gervigæsir

Reelwings gervifuglarnir komnir aftur,sjá www.reelwings.com Fást í Vesturröst og í Veiðisport á Selfossi. Íslensk-Rússneska ehf. S.8956594

## Hestamennska

### Hestamenn/bændur

Eik í hesthúsagrindur, Eik í veggjaklæðningar, Eikarspelar í fjárhúsgrindur, Eikargirðingastaurar. Pantið tímanlega. Sími 691 8842.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu glæsileg rúmlega 130 fm sérhæð við Hringbraut í Hafnarfirði. Laus 01. okt. Reykleysi og snyrtileg umgengni skilyrði. Tilboð sendist á oli@remax.is.

Herb. frá 35 þ. Stúdíó frá 70 þ. 2ja herb. íb. 100 þ. Allt m. húsg. Hverfi 108. til 1 júní 2007. S. 696 9699.

Íbúð -atvinna ! Óskum eftir 1-2 starfsmönnum. 2-3ja herbergja íbúð í getur fylgt. Quiznos Sub Suðurlandsbraut 32 s. 577 5775.

Til Leigu ca 70 fm risíbúð í 101 Rvk. Verð 70 þ. pr. mánuð m/hita. Uppl. í s. 897 1488.

Tvær 2 herb. íbúðir á sv. 101 til leigu fram í maí 2007. Önnur er fullbúin húsgögnum, verð 95 þús., íbúð án húsgagna 85 þús. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 866 9116.

### Víðimelur

3-4 herb. íbúð til leigu á efri hæð. Leiga 110 þús. með hita og rafmagni. Laus strax. Uppl. í s. 894 2806 & 861 2806.

Til leigu 8fm herb. v. 35 þ. eða 12fm v. 45 þ. og bílskúr 20 þ. á mán. frá 1. okt. til 1. mars í Álftamýri, 108 Rvk. Uppl. í s. 865 7293.

Glæsilegt raðhús til leigu á sv. 109, ca 150 fm. Laus nú þegar til apríl eða eftir samk., með innbúi. S. 895 9443 & 862 9443.

## Húsnæði óskast

**Bráðvantar húsnæði!**
**Par utan af landi sem er að hefja nám í Reykjavík óskar eftir að taka á leigu 2ja-3ja herb. íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Erum með lítinn, stilltan hund. Mjög góð meðmæli, mikil reglusemi og skilvísar greiðslur. Greiðslugeta allt að 80 þús. Frekari upplýsingar í s. 690 6346.**

Tveir háskólanemar með eitt barn BRÁÐVANTAR 3ja - 4ja herb. íbúð sem fyrst . Fyrirframgreiðsla og góð meðmæli ef óskað er. S. 698 4942.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu, skilvísar greiðslur. S. 896 8568.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherb. til leigu á svæði 110. Uppl. í s. 899 5309.

## Geymsluhúsnæði




### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl.

Uppl. í s. 864-3176 & 895-3176

## Bílskúr

45 fm bílskúr til leigu í Háaleitishverfi frá 01. okt. Uppl. í síma 553 4641.

## Gisting

Til leigu nýuppgerðar og fullbúnar íbúðir í hjarta Akureyrar. Íbúðirnar leigjast til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í 820 7080, Vignir.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Störf í leikskóla**
**Einstaklingur með menntun /reynslu af starfi með börnum óskast til starfa sem fyrst í 80-100 % stöðu í Regnbogann leikskóla sem staðsettur er á Ártúnsholti. Óskum einnig e. einstaklingi í c. 25 % starf síðdegis milli kl. 15 og 17. Starfið er upplagt fyrir námsmann. Nánari uppl. veitir undirrituð í s. 557-7071 og 899-2056 Leikskólastjóri**

Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

**American Style á Bíldshöfða og Hafnarfirði**
**Afgreiðsla og grill. Vilt þú vera hluti af vinningsliðinu og vinna á góðum vinnustað? Vaktavinna :) Mjög samkeppnishæf laun American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri. og góð íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir á www.american-style.is**

**KVÖLD & HELGAR**
**Aktu Taktu leitar eftir fjörugu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði. Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á www.aktutaktu.is**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í fullt starf og hlutastarf. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar í síma 846 3500.**

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðstofuna Smart, Grensásveg. Dagvinna. Reyklaus vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Bakaríið Hagamel**
**Óskar eftir góðu fólki til afgreiðslustarfa. Vinnutími 7-13 annan daginn og 13-18.30 næsta dag. Unnið er aðra hvora helgi eða eftir samkomulagi. Nánari uppl. gefur Gunnar í s. 897 8101 & Anna Rósa í s. 869 3320.**

**Örlagalínan**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni. Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Aukavinna um helgar.**
**Leitum af vönu fólki.**

**1. Þjónustufólk, kvöld og helgarvinnu. Lámarksaldur er 18 ár.**

**2. Dyravörðum, helgarvinna. Lámarksaldur er 25 ár. Upplýsinga um störfin veitir Sophus s. 893 2323. www.kringlukrain.is**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13 og 08.00 - 16.00. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00.**

**Einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is www.bakarameistarinn.is**

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut 58-60**
**Óskum eftir að ráða dugmikið og þjónustulundað fólk til starfa í nýja og glæsilega verslun okkar að Háaleitisbraut 58 - 60. Eftirfarandi störf eru í boði:**

**-Fyrir hádegi frá 7:00 - 13:00 og einn dag aðra hverja helgi.**

**-Eftir hádegi frá 13:00 - 18:30 og einn dag aðra hverja helgi.**

**-Helgarvinna, tilvalin fyrir skólafólk. Allar upplýsingar veitir Áslaug í síma 894 7407.**

GT Verktakar ehf

G.T verktakar óska eftir vönum kranabílstjóra sem fyrst. Áhugasamir hafi samband í síma 580 1600 á skrifstofutíma.

**Járnprýði.**
**Járnsmiður/blikksmiður óskast til starfa, þarf að vera fjölhæfur og geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar hjá Járnprýði í s. 822 1717.**

**Vinna með námi.**
**Starfsmaður óskast í hlutastarf á leikskólann Lindarborg, Lindargötu 26, 101 rvk. Vinnutími frá kl. 15-17.30 eða eftir nánara samkomulagi. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 551 5390.**

**Vélamaður óskast.**
**Óskum eftir að ráða vélamann á hjólagröfu. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Upplýsingar í síma 861 5577.**

**Bakaríið Kornið**
**Óskar eftir starfsfólki í hlutastörf í helgarvinnu og seinni part virka daga. Uppl. í s. 864 1585 eða á kornid.is**

**Bakaríið Kornið**
**Óskar eftir starfsfólki í hlutastörf og hálfsdagsstörf. Hentar fólki á öllum aldri. Um er að ræða bakarí frá Hafnarfirði, Grafavogi, og miðbæ Reykjavíkur. Uppl. í s. 864 1585 eða á kornid.is**

**Starfsmaður í eldhús.**
**óskum eftir starfsmanni í eldhús, lærðum eða með mikla reynslu Upplýsingar í síma 864 6112.**

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 12-17.30 Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093.**

**Uppvaskari/salur**
**óskast í NK Kaffi Kringlunni Upplýsingar á staðnum s. 568 9040 & 693 9091.**

**Hjólbarðaverkstæði Nýbarði**
**Okkur vantar starfsfólk á hjólbarðaverkstæði Nýbarða Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669 eða á staðnum Goðatúni 4-6.**

**Hárgreiðslufólk A.T.H.**
**Atvinnutækifæri í Kaupmannahöfn ef þú hefur áhuga á að vinna sjálfstætt, góð laun í boði, einnig húsnæði. Hafið samband við Védísi í s. 691 7089.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

### Starfskraftar og bakaranemar.

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólki. Getum bætt við okkur bakaranemum. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

**Atvinna.**
**Óska eftir manneskju til afgreiðslustarfa í söluturni á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er frá 10-18 virka daga og 10-16 á laug. Upplýsingar í síma 664 7408.**

**Bílstjóri með meirapróf!**
**Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða öflugan bílstjóra með meirapróf. Uppl. í s. 893 2048.**

**Atvinna.**
**Fyrirtæki á stórreykjarvíkur svæðinu leitar eftir smiðum, í tímabundna vinnu. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 661 0117 Rúnar.**

### Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin

Röska menn vantar. Uppl. í s. 553 1055 eða á staðnum, Gúmmívinnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

Hár skart kynningar, starfskraftur óskast í kynningar á hárskarti, skarti og skyldum vörum (kvöld) aðallega helgarstarf, framfærin og snyrtilegur, hár eða snyrtifagmaður tungumál íslenska eða enska uppl. í síma 862 4747.

Gríðarlega spennandi, nýtt viðskiptatækifæri hefur verið að skapast hér á landi. Hoppaðu inn á, www.internet.is/martas

### Múrarar, byggingaverkamenn

Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari.

## ÞJÓNUSTA

**JÁRNABINDINGAR**
**Tökum að okkur járnalagnir í stærri og smærri verk. Hafðu samband og fáðu tilboð í efni og vinnu.**
**Á.B.H. Járnabindingar ehf. Flugumýri 32, Mosfellsbæ. Sími 517 7790 / 820 0190.**

## TIL SÖLU



Starfsmaður óskast í 100% vinnu í leikskólanum Gullborg v/Rekagranda. Upplýsingar veitir Rannveig J. Bjarnadóttir leikskólastjóri í síma 562 2455 & 562 2414.

Óskum eftir trésmiðum, verkamönnum, verktökum og járnsmiðum til vinnu strax, góð laun í boði fyrir rétta menn, fjölbreytt og skemmtileg vinna. Uppl. í síma 660 1704.

Maður vanur pípulögnum eða pípulagningarnemi óskast til starfa. Uppl. í s. 896 2908 eða umsókn sendist á landslagnir@simnet.is

Rizzo Pizzeria, Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til afgreiðslu. Aldurstakmark 15 ára. Nánari uppl. í s. 840 6670.

**JC Mokstur**
Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Uppl. í s. 693 2607.

Loftræstihreinsun ehf. óskar eftir starfskrafti í 50% vinnu, getur orðið meira, óreglulegur vinnutími. Uppl. í s. 895 6884.

Íbúð -atvinna ! Óskum eftir 1-2 starfsmönnum. 2ja-3ja herbergja íbúð getur fylgt. Quiznos Sub, Suðurlandsbraut 32 s. 577 5775.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 13-18.30 virka daga. Möguleiki er á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

Óskum eftir 17-20 ára starfskrafti með bílpróf í stálsmiðju. Fjölbreytt vinna og mikil vinna framundan. Það að geta byrjað sem fyrst. Upplýsingar gefa Kári í s. 820 4497 og Freyr í s. 694 8858.

**Aðstoðarmaður í Blikksmiðju!**
Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

## Atvinna óskast

Kona fra Lettlandi óskar eftir vinnu á Íslandi. Talar ensku. S. 845 7158.

Tek að mér þrif í heimahúsinum. Uppl. í síma 894 1312.

30 karlmaður óskar eftir vinnu, er vanur t.d. verslunarrekstri en margt kemur til greina. Einungis góð laun koma til greina. Uppl. í s. 897 1352. Pálmi.

Trailerbílstjóri óskar eftir atvinnu. Uppl. í s. 699 7999.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Nýlegt DBS reiðhjól fannst í Seláshverfi RVK. Uppl. í s. 865 6935 eða 557 1328.

## Tilkynningar

Landsins mesta úrval af lífrænum matvælum Maður lifandi

Heilsukostur -matreiðslunámskeið í Maður lifandi fullbókað. Næsta námskeið 11. október. Maður Lifandi Hæðarsmára og Borgartúni.

Candida sýking í líkamanum Hallgrímur Magnússon læknir í Maður lifandi kl. 17.30

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál





















Dömurnar á Rauða Torginu vilja heyra í þér! Yndislegt spjall við yndislegar dömur! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (kr. 299,90 mín) og 535-9999 (ódýrara, kr. 199,90 mín)

„Kvöldsögurnar" á Rauða Torginu eru góð afþreying fyrir karlmenn! Símar 905-2002 (kr. 99,90 mín) og 535-9930 (ódýrara, kr. 19,90 mín)

**Símaspjall 908 2020**
Ég er komin til baka hress og kát eftir gott frí langar til að vera vinkona þín í kvöld og í nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Tilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Tilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali




HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

# Eskivellir - Hafnarf. - 4ra herb





Hraunhamar hefur fengið í einkasölu glæsilegar 4ra herbergja íbúðir á annari og fjórðu hæð í lyftuhúsi. Íbúðirnar afhendast í dag fullbúnar án gólfefna. Eignirnar skiptast í forstofu, gang, stofu, 3 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Tvennar svalir. Gott skipulag, traustir verktakar. Upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars. Íbúð 201, **verð 20,9 millj.** Íbúð 401 með bílageymslu, **verð 22,7 millj.**

**Möguleiki á allt að 90% lánum.**
**Til afhendingar strax.**



# Smiðir og verkamenn

**Óskum eftir smiðum í mælingu eða tímavinnu, sem og almennum verkamönnum - næg verkefni framundan**

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefa Kári Bessason í síma 693-7004 og Krisján Yngvason í síma 639-7005.

Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



Strandgötu 29 Akureyri
Símar: **464 9955** • Fax: 464 9956

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
Traust fasteignasala!

Einstakt tækifæri í Ólafsfirði
# Pálsbergsgata 1





Nú er til sölu fasteignin Pálsbergsgata 1 Ólafsfirði. Fasteignin er að hluta til á tveimur hæðum og hýsti áður fiskverkun.
Fasteignamat er kr. 33.110.000 og brunabótamat kr. 89.550.000
Mögulegt er að skipta eigninni í fleiri en einn séreignahluta. Eign með mikla möguleika og er áhugasömum bent á að hafa samband við Björn á fasteignasölunni Byggð í síma 464-9955

**Tilboð óskast í eignina fyrir 10. október 2006.**
**Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.**

www.byggd.is



HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



*Guðmundur St. Ragnarsson*
*Löggiltur fasteignasali*

## Búðavegur - 750 Fáskrúðsfirði

**181,2 m2 • Einbýli**



**Húseign kynnir 181,2 fermetra einbýlishús á besta stað á landinu, í kyrrð og fegurð sveitarinnar, en þó aðeins spölkorn frá einum af stærstu vinnustöðum á landinu, nýja álverinu á Reyðarfirði. Barnvænn staður fyrir fjölskylduna, sjón er sögu ríkari.**



*Skúli Þór,*
*sölumaður*

*Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109*



Það er gott að búa á austurlandi



# Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU











## 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2 herb. verð frá KR. 12.850.000* TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

3 herb. verð frá KR. 16.450.000* TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

| ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS | FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. | domus |
|---|---|---|
| 567 3400 | 580 7905 | 545 0555 |

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# KAUPVENJUR
## *Pæli mikið í hlutunum*

Íris Eggertsdóttir, annar eiganda verslunarinnar KVK, heldur ekki í innkaupahefðir.

Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?
„Efni til að sauma úr fallegar flíkur og skó. Ég verð að nefna skó líka. Næstskemmtilegast finnst mér að kaupa góðan mat, ég er mikil matkona.“

Verslar þú mikið erlendis?
„Nei, ég get ekki sagt það. Ekki markvisst. Við Kolbrún sem á KVK með mér eigum eflaust eftir að gera það, en þá er það fyrir búðina en ekki okkur sjálfar.“

Hefur þú einhverjar hefðir eða venjur þegar þú verslar?
„Nei, ég get ekki sagt það. Ég er mjög opinn þegar það kemur að því að versla. Ég fer ekkert endilega á útsölur eða geri ákveðna hluti þegar ég er að kaupa mér föt.“

Tekurðu skyndiákvarðanir í fatainnkaupum?
„Það hefur gerst, en það er yfirleitt ekki reglan. Ég er meira að segja talin óþolandi vegna þess hversu mikið ég pæli í hlutunum.

Áttu þér uppáhaldsverslunin?
„Já, ég held að fallegustu búðirnar í bænum séu án efa Trilogia og KronKron. Ef ég væri efnuð þá væri ég eflaust alltaf þar og viðurkenni að stundum fer ég þangað sérstaklega bara til að gleðja augað.“


Íris hefur gaman af að kaupa efni, mat og skó.

allt matur
Alla föstudaga

## VISSIR ÞÚ ...

...að tæplega 110.000 kílómetrar af símalínum eru í Pentagon-byggingunni í Arlington í Virginíuríki í Bandaríkjunum?

...að fyrsta hlustunarpípan, sem var fundin upp árið 1816, var búin til úr pappírsrúllu?

...að rétt nafn töframannsins Harrys Houdini var Ehrich Weiss?

...að pýramídarnir í Egyptalandi eru gerðir úr það miklu magni af steinum að hægt væri að hlaða úr þeim vegg sem væri rúmlega þriggja metra hár og tæplega tveggja metra þykkur og næði frá New York til Los Angeles?

...að klósett endast að meðaltali í fimmtíu ár?

...að það að strjúka einhverjum um kinn þýðir að hann sé aðlaðandi í Grikklandi, á Ítalíu og Spáni en í Króatíu og Bosníu þýðir það að sá hinn sami nýtur velgengni?

...að engir tveir kóngulóarvefir eru eins?

...að bráðnandi ís þarf næstum því eins mikla orku í að breytast í vökva eins og þarf til að fá frosið vatn til að sjóða?

...að þegar orka er notuð hverfur hún ekki heldur fer hún einfaldlega eitthvað annað eða er breytt í annað form?

...að eina starfrækta demantanáman í Bandaríkjunum er í Arkansas?

...að 97 prósent af koffíni verður að fjarlægja úr kaffi svo það geti talist koffínlaust?

...að William Henry Harrison þjónaði embætti forseta Bandaríkjanna styst allra, eða í aðeins 32 daga?

...að O.J. Simpson átti upprunalega að leika drápsvélmennið, hlutverk sem Arnold Schwarzenegger er hvað best þekktur fyrir, í kvikmyndunum um Tortímandann?

...að aðeins einn maður bar kistu Mozarts frá kirkjunni í kirkjugarðinn?

...að í seinni heimsstyrjöldinni jókst sala á gosdrykknum 7-up gríðarlega þar sem sykur var skammtaður og 7-up þurfti minna af sykri í framleiðslu en aðrir gosdrykkir?

...að fyrsti bandaríski forsetinn til að nota síma var James Garfield?

...að í Japan er til bardagalist sem heitir tessenjutsu og er eingöngu byggð á notkun á viftu?

...að í Tíbet þykja það góðir mannasiðir að reka út úr sér tunguna framan í gesti?

...að brjóstin á kántrísöngkonunni Dolly Parton eru tryggð fyrir tæplega 44 milljónir króna?

...að snemma á ferlinum brenndi Picasso teikningar sínar til að halda á sér hita?

Geggt kúl, marr ;-)
Allt næstum því ókeypis!
- Nánast á kostnaðarverði!


AMERICAN


LINEA CLEAN


ANTARES
(Hinn sívinsæli Framsóknarsófi á kosningatilboði)

40-70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU


Ódýrasta fellihýsið á markaðnum!

BOX COM BAÚ
Fullkomin lausn!
Nýttu plássið. Frábærar lausnir í unglingaherbergið, sumarbústaðinn eða hvar sem er.

BUONO
Mjög vandað rúm með Bonnel sjálfstæðu gormakerfi. Sérstyrkt á hliðum og miðju. Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Sérstakt tilboð fyrir „unga“ eldri borgara á rúmum.



Með hverju keyptu sófasetti eða rúmi fylgir „sexy“ stóll á meðan birgðir endast…

DUPLO BOX
Nýttu plássið. Frábær lausn í unglingaherbergið


Unglingavandamálin leyst í eitt skipti fyrir öll!

RÚM&SÓFI
húsgagnaverslun
Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833
www.rumogsofi.is

Opnunartími 12–18, um helgar 11–17

# Bylting í blaðalestri á Netinu!

**vísir.is**
**NÝJUNG!**

## 50 heppnir gestir á visir.is vinna utanlandsferð!

Kíktu strax á vefblöð á **visir.is** því 50 gestir í september fá **utanlandsferð** með Iceland Express.

Iceland Express




VEF BLÖÐ

**Fréttablaðið hefur aldrei verið aðgengilegra!**
Lestu blöðin á visir.is. Ný tækni gerir þér kleift að finna efni á auðveldan og fljótlegan hátt, stækka letur og velja stakar greinar.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

# Tölum íslensku á vinnustöðum

**Umræðan**
Vika símenntunar


SÓLBORG JÓNSDÓTTIR


ÞORBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR

Mímir-símenntun býður upp á starfstengd íslenskunámskeið á vinnustöðum og eftirspurnin eftir slíkum námskeiðum hefur farið vaxandi. Fræðslusjóðir stéttarfélaga og menntamálaráðuneytið styrkja slík námskeið. Vinnustaðir sem bjóða starfsmönnum sínum að fara á íslenskunámskeið á vinnutíma sýna þar í verki að þeir hafa vilja til að þess að koma til móts við þarfir starfsmanna sinna, vinnustaðarins og samfélagsins alls.

Á starfstengdum námskeiðum er nauðsynlegt að samvinna kennara og vinnustaðarins sé náin á flestum stigum fræðsluferlisins. Þarfagreining felur í sér mat á íslenskukunnáttu og þörfum starfsmanna með viðtölum við þá, heimsóknum á vinnustaðinn þar sem kennarinn kynnir sér starfið og safnar orðaforða tengdu því og yfirmenn væntanlegra þátttakenda og kennarinn fara yfir þarfir, vonir og væntingar vinnustaðarins til námskeiðsins. Í framhaldi eru markmið námskeiðsins sett, gerð kennsluáætlun, kennsla fer fram og í lokin er gert mat á námskeiðinu.

Á starfstengdum námskeiðum er gert ráð fyrir samvinnu við annað starfsfólk vinnustaðarins varðandi vinnuverkefni sem eru samskiptamiðuð og nemendur leysa í vinnutímanum. Námsefnið sem er notað á námskeiðunum byggir á uppbyggingu orðaforða og þjálfun í bæði starfstengdu og daglegu töluðu máli auk menningarfærni.

Reynslan af námskeiðunum hefur verið góð. Íslenska starfsfólkið hefur fundið mun á því erlenda einkum í auknu sjálfstrausti í að tjá sig á íslensku. Fyrir erlenda starfsfólkið er þetta oft eina tækifærið til að læra íslensku en margir vinna langan vinnudag auk þess að sinna fjölskyldu og komast því ekki í nám á kvöldin. Flestir eru þakklátir fyrir þetta tækifæri og nýta sér það vel.

Ólæsi á latneskt letur er vandamál sem kemur í ljós á mörgum vinnustöðum. Þarfir ólæsra eru ólíkar þeirra sem geta lesið og mikilvægt er að kennarinn og viðkomandi vinnustaður komi til móts við þá með sérúrræðum. Margir útlendingar eiga einnig í miklum framburðarerfiðleikum þótt skilningur þeirra á málinu sé góður, orðaforði mikill og jafnvel málfræðikunnátta orðin ágæt. Öflug þjálfun í skýrum framburði er mikilvæg strax frá upphafi íslenskunámsins.

Að læra tungumál tekur tíma og árangurinn verður tvímælalaust meiri og næst fyrr ef námið fer fram með skipulegum hætti. Þess vegna eru íslenskunámskeið á vinnustöðum góður kostur.

*Höfundar eru verkefnastjórar og kennarar í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími-símenntun.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN í Þýskalandi W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR



MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 164.000 | kr. 114.800 |
| Þvottavél W3241 1400sn/mín/6 kg. | kr. 168.000 | kr. 126.075 |
| Þvottavél W3245 1600sn/mín/6 kg. | kr. 191.300 | kr. 143.475 |
| Þurrkari T233 m rakaskynjara og útblæstri/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C m rakaskynjara og þétti/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |
| Þurrkari T4163 m rakaskynjara og útblæstri/6 kg. | kr. 119.800 | kr. 107.820 |
| Þurrkari T4263C m rakaskynjara og þétti/6 kg. | kr. 141.200 | kr. 127.080 |

Íslenskt stjórnborð

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

# Skiptir samvera foreldra og barna máli?

**Umræðan**
Forvarnardagur


STEFANÍA SÖRHELLER

Samvera skiptir máli. Rannsóknir hafa leitt í ljós að því meiri tíma sem foreldrar verja með sínu barni, því ólíklegra er að það leiðist út í neyslu fíkniefna.

Mikill meirihluti barna og ungmenna býr við ágætis aðstæður, er í góðum málum, stundar sitt nám, tekur þátt í tómstundum og stefnir hátt. En þá má ekki sofna á verðinum. Hætta er á að hraðinn í þjóðfélaginu geri kröfur um þátttöku í hinu og þessu, kröfur um framlag til vinnu, til náms o.fl. verði óhjákvæmilega á kostnað einhvers. Foreldrar almennt eru miðað við aðstæður að gera sitt besta og allir foreldrar vilja börnunum sínum vel. Þeir eru oftar en ekki að vinna fjölskyldunni í hag og sjá henni farborða, eru oft úrvinda þegar heim er komið og þá eru aðrar kröfur sem þarf að standa undir, s.s. að sinna börnum og heimili. Þá verður ekki hjá því komist að forgangsraða og á grundvelli þeirrar vitneskju um mikilvægi samveru foreldra og barna er nokkuð ljóst hvernig sú forgangsröðun ætti að vera. Það er dýrmætur tími sem glatast ef börnin verða alltaf að bíða þar til tími gefst. Tíminn er núna – hann verður ekki settur á bið. Enginn er óhultur, en þar sem nú er vitað að samvera foreldra og barna hefur áhrif á að þau séu ólíklegri til að leiðast út í neyslu fíkniefna er það punktur sem vert er að taka alvarlega. Samveran er þannig raunveruleg forvörn. Hún getur verið með ýmsu móti, að taka þátt í lífi barnsins og leyfa því að taka þátt, horfa saman á sjónvarp eða fara í frí, allt þetta er samvera og skapar tengsl. Foreldrar eru mikilvægastir í forvörnum, þeir þekkja börnin sín best, þeir elska þau mest og þeir eru í aðstöðu til að hafa raunveruleg áhrif. Það eru svo margir áhrifavaldar í lífi barna og ungmenna í dag og þau lifa líka í miklum hraða. Þau þurfa að höndla margt sem foreldrar jafnvel hafa enga hugmynd um og eru að takast á við hluti sem ekki voru til þegar þeir voru ungir. Þess vegna er svo mikilvægt að byggja um sterka einstaklinga með góða sjálfsmynd, svo þau hafi forsendur til að taka skynsamlegar ákvarðanir, hafna vondum hlutum en næra þá góðu og uppbyggilegu.

> Foreldrar eru mikilvægastir í forvörnum, þeir þekkja börnin sín best, þeir elska þau mest og þeir eru í aðstöðu til að hafa raunveruleg áhrif.

ForvarnarstefnaReykjavíkurborgar hefur það að leiðarljósi að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.

Forvarnastefnan tekur til allra barna og ungmenna frá fæðingu til tvítugs, foreldra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Áhersla er lögð á að forvarnir hefjist strax í barnæsku, séu heildstæðar og víðtækar og sameini krafta og störf borgarbúa og borgarstarfsmanna. Stefnan er byggð á traustum rannsóknum, hefur mælanleg markmið sem verða metin og endurskoðuð reglulega.

Í markmiðum er gert ráð fyrir, annars vegar almennum forvörnum sem ná til allra barna og ungmenna og hins vegar sértækum forvörnum sem ná einstaklinga og hópa sem eru í áhættu.

*Almennar forvarnir*: Að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd, svo merkja megi mælanlegan árangur 2010.

*Sérstækar forvarnir*: Að koma í veg fyrir og draga úr neikvæðri frávikshegðun barna og ungmenna, s.s. vímuefnaneyslu, reykingum, ofbeldi, afbrotum og öðru sem bregðast þarf sérstaklega við hverju sinni.

Gert er ráð fyrir víðtæku samstarfi margra ólíkra aðila til að ná árangri. Samstarf og samvinna eru lykilatriði, samvinna við foreldra, samstarf opinberra aðila, stofnana og frjálsra félagasamtaka. Að niðurstöður rannsókna séu ávallt fyrirliggjandi svo hægt sé bregðast við aðstæðum t.d. í hverfum eða sveitarfélögum. Það er mikilvægt að þeir sem standa höllum fæti og þurfa sérstakan stuðning tímabundið eða til lengri tíma fái hann svo hægt sé að koma í veg fyrir frekari vanda svo öll börn og ungmenni fái tækifæri til að alast upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd. Til að svo megi verða þurfa bæði foreldrar og samfélagið að axla sína ábyrgð.

Víða er gott og öflugt starf unnið, en það þarf alltaf að skoða hvort verið sé á réttri leið. Uppalendur og ráðamenn þurfa að spyrja sig þeirra spurninga: erum við á réttri leið, hvað hefur verið gert vel og hvernig getum við gert betur.

Frumkvæði forseta Íslands að sérstökum forvarnardegi um land allt er mikilvægt framlag til þess starfs sem þegar er unnið og liður í að skapa þá umræðu sem þarf að fara fram.

*Höfundur er verkefnisstjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.*



Á hvað ert þú að hlusta?
TUGIR ÞÚSUNDA HAFA
SMAKKAÐ!
FRÍTT Í 14 DAGA!
ERT ÞÚ BÚINN AÐ PRÓFA?
Þú færð aðgang að yfir 50.000 lögum
og 1.000 myndböndum!
TONLIST.IS

## Kjarni málsins

Árið 1999 störfuðu **70** karlar á leikskólum á landinu.

Árið 2002 störfuðu **149** karlar á leikskólum á landinu.

Árið 2005 störfuðu **159** karlar á leikskólum á landinu.

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** GÍSLI PÁLSSON MANNFRÆÐINGUR

## Það gustar af mannfræði



„Ég útskrifaðist af stærðfræðideild úr menntaskóla. Ástæðurnar fyrir því að ég hverf frá raunvísindum og yfir í mannfræði kann ég nú ekki alveg skil á en líklega hefur aukin áhugi á þjóðmálum og pólitík leitt mig fyrstu skrefinn. Mannfræðin þótti mér líka meira ögrandi en aðrar greinar. Fólk af minni kynslóð ferðaðist ekki mikið og gluggar út í heim oft birgðir eða lokaðir. Mannfræðin veitti manni innsýn inn í framandi heima og því fannst mér gusta af náminu,“ segir Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði um fyrstu skref sín inn í fræðin. Þau nam hann við Háskóla Íslands og Manchesterháskóla. Hann lauk doktorsprófi árið 1982 og hefur síðan þá starfað við Háskóla Íslands auk Oslóarháskóla. Rannsóknir Gísla hafa meðal annars snúist um sjávarútvegsmál, líftækni, umhverfismál, sögu inúíta og líf of störf Vilhjálms Stefánssonar landkönnuðs en um hann ritaði hann bókina Frægð og firnindi: Ævi Vilhjálms Stefánssonar.

„Áhugi minn á norðurslóðum kviknaði líklega í tengslum við skrif mín um Vilhjálm og gaman að segja frá því að ég verð með námskeið um þessi mál í fjarnámi á næstunni,“ segir Gísli sem virðist láta sér fátt óviðkomandi. Von er á bók eftir hann á næstunni á vegum því einnig er von á bók frá útgáfufélaginu Cambridge University Press þar sem Gísli ritar um áhrif líftækninnar á nútímasamfélag. „Ég held að sá þáttur hafi ekki verið nægilega rannsakaður og vondi verða einhverrir sem hafa áhuga á því að kynna sér efni hennar,“ segir Gísli og notar svo tækifærið til að benda einhverjum efnilegum mannfræðinema á að kanna þróun nafngifta á Íslandi.

**Skólinn:**

## Elsti tónlistarskóli landsins



Tónlistarskólinn í Reykjavík er elsti starfandi tónlistarskólinn á landinu. Hann var stofnaður árið 1930 og fór kennslan fyrstu átta árin fram í hljómskálanum við Reykjavíkurtjörn. Því næst flutti hann yfir í Þrúðvang við Laufásveg en árið 1962 flutti hann í Skipholt 33 og er þar enn auk þess sem einnig er kennsluaðstaða við Laugaveg.
Fyrsti skólastjórinn var dr. Páll Ísólfsson en auk hans störfuðu við skólann þrír erlendir kennarar. Um fjörutíu nemendur voru við skólann fyrsta árið en nú eru þeir um 220 talsins. Skólinn veitir tónlistarmenntun á miðstigi, framhaldsstigi og háskólastigi. Lokapróf frá skólanum eru burtfararpróf í hljóðfæraleik og söng og burtfararpróf úr tónsmíðadeild.

**Auðæfi smáríkja**

## Fátækt og auðæfi smáríkja

Hver er uppspretta auðæfa smáríkja? Þetta ætlar Háskóli Íslands að kanna og hefur fengið veglega stuðning frá Landsbankanum til að leita svara við þessari spurningu en fyrr í þessari viku undirrituðu þessar stofnanir samning um styrk til ráðstefnuhalds. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, sem er er rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun um smáríki, stefnir að því að halda árlega ráðstefnu um stöðu Íslands í alþjóðakerfinu. Fyrsta ráðstefnan verður haldin að ári og ber heitið „Uppspretta auðæfa: Á hverju byggir útrás smáríkja?“ Fjallað verður um hvernig smáríki í Evrópu hafa breyst úr fátækum kotríkjum yfir í auðug borgríki. Áhersla verður lögð á að skýra hvernig smáríkjum eins og Íslandi, Lúxemborg og Írlandi hefur tekist byggja upp auð og hefja útrás yfir til stærri og voldugri ríkja. Sérstök áhersla verður lögð á stöðu Íslands og hvaða þættir hafi stuðlað að íslensku útrásinni.







**FORSTÖÐUMAÐURINN** Vésteinn Ólason lauk mag. art. prófi í íslenskum fræðum frá heimspekideild Háskóla Íslands 1968 og varð doktor frá heimspekideild Háskóla Íslands 1983. Hann hefur verið prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands síðan 1991 eftir störf víða erlendis. Vésteinn er afkastamikill fræðimaður og auk nokkurra bóka liggur eftir hann mikill fjöldi greina í tímaritum bæði hér heima og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stofnun sem hlúir að menningararfinum

**Það er Íslendingum kannski ekki efst í huga frá degi til dags að hópur fræðimanna vinnur frá morgni til kvölds við að hlúa að menningararfi þjóðarinnar. Til þessa hefur mikilvægur hluti af því starfi farið fram innan fimm ólíkra en tengdra stofnana í íslenskum fræðum, sem nú hafa verið sameinaðar til nýrrar sóknar.**

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er ný háskólastofnun byggð á gömlum merg. Hún er samansett úr Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenskri málstöð, Orðabók háskólans, Stofnun Sigurðar Nordal og Örnefnastofnun Íslands. Dr. Vésteinn Ólason er forstöðumaður hennar en hann hefur veitt Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi forstöðu frá árinu 1999 auk þess að vera afkastamikill fræðimaður á sínu sviði.

### Fjársjóðir íslenskrar þjóðar

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sækir styrk sinn í þrjá ólíka fjársjóði, segir Vésteinn. „Í fyrsta lagi eru það söfnin; handritasafn, hljóðritasafn, orðasöfn og örnefnasafn. Þetta er ekki fjársjóður sem við eigum heldur höfum við hann til varðveislu, því að menningarverðmæti eru í raun eign mannkynsins alls sem við Íslendingar varðveitum.“

Í öðru lagi segir Vésteinn að starfsfólk stofnunarinnar sé fjársjóður í sjálfu sér, því þar liggur fjölbreytileg sérfræðiþekking og reynsla. Þar kemur saman mikil þekking á sviði sögu og menningarsögu, handritafræði, bókmenntasögu og á vissum tegundum málvísinda, einkanlega því sem tengist orðfræði, orðum og nöfnum, en í raun öllum þáttum málvísinda.

Í þriðja lagi felst fjársjóðurinn í velvild og viðurkenningu íslensks samfélags og alþjóðasamfélagsins að mati Vésteins. „Þessi viðurkenning hefur náðst með starfinu í heild í tengslum við þau söfn sem við varðveitum, með útgáfum og kynningum hér og erlendis.

### Undir einu þaki

Samþykkt hefur verið á alþingi að byggja yfir starfsemina en í dag er hún dreifð á fimm staði og af því er óhagræði. „Sumir spurðu þegar þessi vinna var í gangi hvort ekki væri betra að bíða og byggja fyrst hús yfir stofnunina. Það má vera að það hefði verið æskilegt en ég held þó að í því felist styrkur, þegar farið verður að hanna og byggja húsið, að frá upphafi komi til heildarsýn. Fyrst í stað verður samstarf okkar erfiðara en það gefur okkur kost á því að móta heildstæða hugmynd um nýtt hús með samstarfi okkar og annarra sem hlut eiga að máli.“ Eitt af mikilvægustu verkefnum nú í upphafi verður að efla samstarf við þá sem sinna íslenskum fræðum í Háskóla Íslands. Kennslan þar og rannsóknir kennaranna er mikilvæg undirstaða undir öllu starfi á þessu sviði.

> Við vonum að stofnunin geti aukið áhuga á íslenskri tungu og fræðum almennt
>
> **VÉSTEINN ÓLASON**
> FORSTÖÐUMAÐUR

Með sameiningunni vonast Vésteinn eftir því að rannsókna- og þjónustustustarf stofnunarinnar eflist og verði sýnilegra almenningi. Hann veit að það tekur tíma og þolinmæði þarf til að styrkja starfsemina. „Ég sé til dæmis fyrir mér að í nýrri byggingu verði betri sýningaraðstaða. Við höfum fallega sýningaraðstöðu í Þjóðmenningarhúsinu en við gerum ráð fyrir að í nýju húsi verði aðstaða fyrir varanlega sýningu en einnig breytilegar sýningar með möguleikum til fjölbreytni.“

### Netið er næsta skref

Vésteinn nefnir að efld kynning í gegnum netið verði mikið nýjunga á dagskrá nýrrar stofnunar. Eins og er hafa allar stofnanirnar sína heimasíðu sem veitir aðgang að stórum gagnasöfnum. „Með því að tengja þetta allt saman í eina gátt er ég viss um að við getum náð miklum árangri hér á Íslandi en líka erlendis með því að kynna efni okkar og starfsemi á þennan hátt“, segir Vésteinn. „Við vonum að stofnunin geti aukið áhuga á íslenskri tungu og fræðum almennt. Menningarefni hvers konar á í sífellt meiri samkeppni og því þarf stöðugt að finna nýjar leiðir til að halda í horfinu. Við viljum að þessi gamli stofn sé í lifandi víxlverkun við það sem er nýtt og skapandi í menningunni og gjarnan undir erlendum áhrifum, því íslensk menning hefur alltaf þrifist í samspili erlendra áhrifa og innlends hugvits og hugmyndaflugs, og við viljum leggja okkar af mörkum til þess.“

Vésteinn vill minna þjóðina á að það er hún sem á þá fjársjóði sem stofnunin varðveitir og að hún hafi alltaf aðgang að þeim. „Stundum munum við kannski ekki nægilega vel eftir því að láta vita af okkur en við viljum að fólk viti að það er þjóðin sem á þessa stofnun.“

svavar@frettabladid.is

# allt að verða vitlaust í nettó

## skemmtilegri innkaup



þú sparar 748 kr/kg

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.122 kr/kg
Verð áður 1.870 kr/kg
Lambalæri hvítlauksmarinerað




þú sparar 195 kr/kg

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 454 kr/kg
Verð áður 649 kr/kg
Ísfugl kjúklingalæri með legg



þú sparar 350 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.049 kr/kg
Verð áður 1.398 kr/kg
Goða lambaofnsteik




þú sparar 589 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.766 kr/kg
Verð áður 2.355 kr/kg
Holta álegg kjúklingabringa

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta




þú sparar 140 kr/stk

**20%** afsláttur við kassa
Verð nú 559 kr/stk
Verð áður 699 kr/stk
Almondy Daimterta 400 gr.



fyrir alla skólakrakka

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 28. september til 1. október eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

BRIGITTE BARDOT ER 72 ÁRA Í DAG

*Í upphafi var ég léleg leikkona og hef verið það allar götur síðan.*

***Franska leikkonan hefur einbeitt sér að hagsmunum dýra undanfarin ár.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. SEPTEMBER 1066

## *Vilhjálmur sigursæli ræðst inn í England*



Á þessum degi árið 1066 réðst Vilhjálmur hertogi af Normandí inn í England og gerði tilkall til ensku krúnunnar. Þótt óskilgetinn væri varð Vilhjálmur hertogi Normandí aðeins sjö ára gamall, þegar faðir hans féll frá árið 1035.

Árið 1051 er talið að hann hafi heimsótt Játvarð Englandskonung sem var barnlaus. Normanskir sagnfræðingar segja Játvarð hafa lofað að gera Vilhjálm að erfingja sínum en á banabeði snerist honum hugur og lofaði Haraldi Guðinasyni, voldugasta manni Englands, krúnunni. Í janúar 1066 var hann krýndur Haraldur II Englandskonungur og mótmælti Vilhjálmur harðlega.

Síðar um árið veitti Haraldur harðráði Noregskonungur Vilhjálmi liðsinni sitt. Hann réðst inn í England frá Skotlandi sem gerði að verkum að landið var óvarið frá Ermarsundi. Vilhjálmur kom á land í Pevensey og skundaði þaðan til Hastings þar sem hann mætti Haraldi II í orrustu í október. Vilhjálmur felldi Harald og sigraði her hans.

Frá Hastings þusti Vilhjálmur til Lundúna og vann borgina umsvifalaust á sitt vald. Á jóladag 1066 var Vilhjálmur sigursæli krýndur Englandskonungur, fyrstur Normanna og lauk þar með valdatíð Engilsaxa á Englandi. Franska varð opinber tunga hirðarinnar en blandaðist smám saman engilsaxnesku og lagði grunninn að nútímaensku. Vilhjálmur lést árið 1087.

## MERKISATBURÐIR

1542 Portúgalski landkönnuðurinn Juan Rodríguez Cabrillo kemur til Kaliforníu fyrstur Evrópumanna.

1914 Þorsteinn Erlingsson skáld deyr.

1928 Bandaríkin viðurkenna ríkisstjórn Shjang Kaí-shek í Kína.

1930 Hús elliheimilisins Grundar við Hringbraut er vígt.

1958 Frakkar samþykkja nýja stjórnarskrá.

1988 Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sú önnur undir hans forsæti, tekur við völdum.

1989 Ferdinand Marcos, fyrrverandi forseti Filippseyja, deyr í útlegð.

---

⊕

*Útför föður okkar og tengdaföður*

**Bjarna Valdimarssonar**

fyrrum bónda, Leirubakka, Landssveit,

verður gerð frá Leirubakka laugardaginn 30. september kl. 14.00. Jarðsett verður í Skarðskirkjugarði.

**Jón Bjarnason**
**Kristín Bjarnadóttir** **Ævar Sigurjónsson**
**Þórunn Bjarnadóttir** **Carsten B. Möller**

---



✝

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærar dóttur okkar, systur og barnabarns,*

**Rósu Bjargar Guðmundsdóttur**

Vallarási 1, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Ína Dóra Jónsdóttir** **Guðmundur Jónasson**
**Margrét D. Guðmundsdóttir**
**Rósa Jónsdóttir og Björg Árnadóttir.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Rannveig Eiðsdóttir**

Borgarhóli, Svalbarðseyri,

verður jarðsungin frá Svalbarðskirkju laugardaginn 30. september, kl. 11. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri njóta þess.

**Karl Á. Gunnlaugsson** **Oktavía Jóhannesdóttir**
**Birna Gunnlaugsdóttir** **Stefán Einarsson**
**Hreinn Gunnlaugsson** **Elsa Valdimarsdóttir**
**Eiður Gunnlaugsson** **Sigríður Sigtryggsdóttir**
**Hildur Eiðsdóttir**
**Eiður Eiðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

S. HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



**GISSUR PÁLL GISSURARSON, KRISTJÁN JÓHANNSSON OG HLÖÐVER SIGURÐSSON** Tenórarnir tveir komust í sex manna úrslit í virtri söngkeppni og skutu um hundrað manns þannig ref fyrir rass.

ÍSLENSKIR ÓPERUSÖNGVARAR: Í ÚRSLITUM Í SÖNGKEPPNI Á ÍTALÍU

# Lærðu öll hjá Kristjáni

Íslensku tenórarnir Gissur Páll Gissurarson og Hlöðver Sigurðsson komust í úrslit í alþjóðlegri söngkeppni, Concorso Internazionale di Canto Lyrico di Brescia, sem haldin var á Ítalíu á sunnudag.

Íslenskir þátttakendur í keppninni voru þrír talsins, því sópransöngkonan Þórunn Marinósdóttir komst í undanúrslit. Þátttakendur voru um hundrað og komust um þrjátíu áfram í undanúrslit, en úrslitahópurinn samanstóð af sex söngvurum. Gissur Páll hlaut þriðja sætið í keppninni og var að vonum ánægður með árangurinn þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Ítölsk sópransöngkona hlaut annað sætið, en fyrstu verðlaun voru ekki veitt í ár,“ sagði Gissur. „Dómnefnd skipuð tónlistargagnrýnendum frá hinum ýmsu fjölmiðlum á Ítalíu úthlutaði líka sérstökum verðlaunum. Ég hlaut þau verðlaun og er eiginlega ánægðastur yfir því,“ sagði Gissur og bætti við, „söngvarar eru oft svo berskjaldaðir gagnvart gagnrýnendum. Það var því virkilega mikill sigur að fá þessi verðlaun.“

Hlöðver Sigurðsson sagði það hafa þótt eftirtektarvert að í sex manna úrslitahópnum væru tveir Íslendingar. „Þetta voru þrír Ítalir, tveir Íslendingar og einn Rússi. Við úthlutun verðlaunanna hrósaði dómnefndin Íslendingunum líka sérstaklega, þeim þótti þetta svolítið merkilegt,“ sagði hann.

Gissur, Hlöðver og Þórunn hafa öll sótt tíma hjá Kristjáni Jóhannssyni, en Hlöðver og Þórunn búa saman í Salzburg í Austurríki þar sem þau nema söng. „Við Þórunn fórum í nokkra tíma til Kristjáns og hann vildi endilega senda okkur í þessa keppni,“ sagði Hlöðver. „Kristján átti reyndar að vera yfirdómari í keppninni, en sagði af sér þegar þrír.“ Hlöðver sagði þau Þórunni ekki hafa tekið þátt í svipaðri keppni áður. „Við renndum algjörlega blint í sjóinn. Þetta var frábær reynsla og ótrúlega mikið af góðum söngvurum – ég heyrði ekki feilnótu sungna. Ég átti alls ekki von á því að komast svona langt,“ bætti Hlöðver við.

**sunna@frettabladid.is**

# Arfur Bríetar

Í tilefni af 150 ára afmæli Bríetar Bjarnhéðinsdóttur fer fram málþing henni til heiðurs í Hátíðarsal Háskóla Íslands á morgun. Málþingið hefur yfirskriftina Arfur Bríetar 150 árum síðar og er haldið af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Kvennasögusafni Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands.

Ávörp flytja Kristín Ingólfsdóttir rektor og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra. Erindi flytja Sigríður Th. Erlendsdóttir sagnfræðingur, Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögfræðingur og formaður KRFÍ, Þorgerður Einarsdóttir dósent í kynjafræði, Auður Styrkársdóttir stjórnmálafræðingur og Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur. Lesið verður úr skrifum Bríetar og lög sungin frá tímum kvenréttindabaráttunnar.

Málþingið hefst klukkan 13.30 og stendur til 16. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.



**BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR** Meðal þeirra sem flytja erindi eru Kristín Ingólfsdóttir rektor og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra.

## AFMÆLI



**Indriði Haukur Þorláksson** ríkisskattstjóri er 66 ára.



**Erling Ólafsson** skordýrafræðingur er 57 ára.



**Páll Baldvin Baldvinsson,** ritstjóri og listrýnir er 53 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1856** Kate Smith Wiggin barnabókahöfundur.



**1902** Ed Sullivan sjónvarpsþáttastjórnandi.



**1916** Peter Finch leikari




Láttu sjá þig á Citroën C4 Saloon. Flott útlit, öryggi og þægindi er munaður. C4 Saloon dúxaði örugglega á prófi árekstraröryggisstofnunarinnar EuroNCAP. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

# Vertu í flottu formi. Veldu C4

Veldu aðeins það besta. Citroën C4 er öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4. Fáðu að reynsluaka C4 og þú kynnist eiginleikum sem ekki er að finna hjá öðrum. Sjáðu Citroën C4. Þú sérð að mikið af því góða er best.

Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg Bíldshöfða 8. Taktu uppskerutilboði Citroën.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



Uppskerutilboð
**1.869.000 kr.**
**Citroën C4 SALOON SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö***
Bílasamningur 22.928 kr. Rekstrarleiga 34.900 kr.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- ESP stöðugleikastýring
- ASR spólvörn
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

**Komdu núna. Uppskerutilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

UPPSKERU-TILBOÐ

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Skoðaðu Citroën á uppskerutilboði í nýjum sýningarsal

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**






**Citroën C3 SX 1,4i 5 dyra 5 gíra 75 hö***
Uppskerutilboð 1.599.000 kr.
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án tilboðs 1.629.000 kr.



**Citroën C4 SALOON SX Comfort 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö***
Uppskerutilboð 1.959.000 kr.
Bílasamningur 23.797 kr.
Rekstrarleiga 36.800 kr.
Verð án tilboðs 2.039.000 kr.



**Citroën C5 X 1,8i 5 dyra 5 gíra 117 hö***
Uppskerutilboð 2.149.000 kr.
Bílasamningur 26.294 kr.
Rekstrarleiga 42.168 kr.
Verð tilboðs 2.219.000 kr.



Uppskeruhátíð í Brimborg




Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




Miðaverð:
A-stúka kr.11.900
B-stúka kr. 9.900
Stæði kr. 5.900

Miðasala er á midi.is
Skífan Laugavegi 26,
Kringlunni, Smáralind

Einnig BT Akureyri,
BT Egilsstöðum
og BT Selfossi

WWW.ICELANDAIR.IS LÉTT BYLGJAN 96,7 – RÉTTU LOGIN... ALLTAF! ICELANDAIR HOTELS midi.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Þjakandi rifrildisfælni

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR VILL LÁTA TEXTA PÓLITÍSKAR UMRÆÐUR.



Mér er meinilla við rifrildi. Þá á ég ekki bara við ýkt amerísk sjónvarpsrifrildi, þar sem þátttakendur fleygja diskum, slá um sig með niðrandi orðum og draga upp eggvopn. Mér duga venjuleg íslensk rifrildi, eins og þau sem eiga sér stað í fjölskylduboði þegar afturhaldssegg fjölskyldunnar og frjálslyndu frænkunni lendir óvart saman í sófanum. Um leið og hitna fer í kolunum, slaufur eða hálsmen taka að skekkjast og þátttakendur fara að frussa kökumylsnu heltekur ónotatilfinningin mig. Í raun dugar að fólk hækki róminn og læði dálitlum broddi í hann til þess að ég láti mig hverfa. Og ef ég á að vera alveg hreinskilin þarf ég ekki einu sinni að vera viðstödd „rifrildið" til þess að finna fyrir ónotum.

Ég nota gæsalappir, því með árunum hef ég áttað mig á því að það sem ég kalla rifrildi myndu aðrir nefna rökræður. Þetta hefur það í för með sér að ég hef sjaldan séð meira en fimm mínútur af pólitískum umræðum, hversu mikilvæg sem málefnin kunna að vera. Eins þekki ég Gunnar í Krossinum eiginlega bara af afspurn, því mér er algerlega fyrirmunað að hlusta á fleiri en fimm setningar sem berast úr munni hans. Á þessu er sá augljósi galli að ég stend á gati hvað varðar hitamál hvers tíma, sem mér, sem hluta af upplýsingasamfélaginu, þykir alls ekki gaman. Um daginn las ég pistil þar sem mælst var til þess að meira yrði um textun á íslensku sjónvarpsefni fyrir heyrnarskerta. Ég styð þá hugmynd heilshugar, og vonast bara til að í framtíðinni verði tekið tillit til rifrildisfælinna líka. Með textun gæti ég fengið samantekt á aðalatriðunum beint í æð, á meðan ég gæti lækkað í botn og slyppi þannig við hárbeitta rifrildisbroddana. Þetta framtak þyrfti ekki einu sinni að verða sérstaklega dýrt, þar sem aðalatriði pólitískra umræða á Íslandi kæmust í flestum tilfellum fyrir í um fjórum línum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





LEIKARAR LOST-SERÍUNNAR Verða nú að hætta að synda naktir á tökustað vegna reglna frá framleiðendum.

# Nektarsund bannað

Framleiðendur Lost-sjónvarpsþáttanna hafa nú bannað leikurum þáttanna að synda naktir á tökustað. Þetta hafa leikararnir gert að vana sínum vegna mikils hita á tökustaðnum, sem er við strönd Hawaii og því freistandi að hoppa út í sjó til að kæla sig. Nú hafa framleiðendur hins vegar tekið fyrir þennan vana vegna þess að þeir eru hræddir um að paparazzi-ljósmyndarar nái myndum af leikurunum nöktum og birti, en það myndi eyðileggja ímynd spennuþáttanna vinsælu.

# Sigur Rós á póstkortum

Aðdáendur hljómsveitarinnar Sigur Rósar geta nú minnst nýliðinnar tónleikaferðar um Ísland með kaupum á fallegum minjagripum. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá verður veglegur DVD-diskur gefinn út í byrjun næsta árs en þangað til geta áhugasamir keypt sér póstkort til minningar um ferðina. Um er að ræða sjö póstkort með myndum frá öllum tónleikastöðunum sem Sigur Rós lék á hérlendis. Á bakhlið póstkortanna er svo listi yfir tónleikana sem haldnir voru. Það voru söngvari sveitarinnar, Jón Þór Birgisson, og Alex kærasti hans sem teiknuðu myndirnar á póstkortunum. Póstkortin eru til sölu á heimasíðunni Shop.sandbag.uk.com. Þegar þangað er komið er valið Sigur Rós og síðan Other bits. Póstkortin kosta fimm pund auk sendingarkostnaðar.

Liðsmenn Sigur Rósar eru þessa dagana staddir í Svasílandi þar sem þeir kynna sér og aðstoða fórnarlömb alnæmis í félagi við Unicef. Gerð verður heimildarmynd um ferð Sigur Rósar sem sýnd verður á Stöð 21. desember.



JÓNSI Hannaði myndirnar á póstkortunum í félagi við kærasta sinn.



MINNINGAR TIL SÖLU Sjö Sigur Rósar póstkort eru fáanleg, með sjö mismunandi myndum frá tónleikastöðum sveitarinnar hér á landi í sumar.



KATE MOSS Sýndi leynda hæfileika þegar hún tróð upp ásamt hljómsveit unnusta síns, Babyshambles, í Lundúnum á dögunum.

# Söng með kærastanum

Aðdáendur hljómsveitar ólátabelgsins Petes Doherty, Babyshambles, urðu fyrir óvæntri ánægju á fyrstu tónleikum sveitarinnar síðan Doherty kom úr meðferð. Ofurfyrirsætan og unnusta Dohertys, Kate Moss, kom fram á tónleikunum og söng eitt lag með hljómsveitinni. Áhorfendur trylltust þegar Moss kom fram á sviðið og að sögn The Sun var söngrödd Moss ekki sem verst. Pete Doherty og Kate Moss hafa verið mikið í fréttum undanfarið vegna trúlofunar sinnar og búist er við því að þau munu ganga í það heilaga á næstunni.



EDWARD FURLONG Eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum með eiginkonu sinni Rachel Bella.

# Faðir í fyrsta sinn

Leikarinn Edward Furlong eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum með eiginkonu sinni, leikkonunni Rachel Bella. Strákur var það og ber nafnið Ethan Page Furlong. Parið gifti sig fyrr á þessu ári en þau kynntust við tökur á kvikmyndinni Jimmy and Judy. „Hann er yndislegur og þetta er ótrúleg tilfinning,“ segir hinn nýbakaði faðir í skýjunum. Edward skaust upp á stjörnuhimininn með leik sínum í „Terminator 2: Judgment Day“ árið 1991.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




**!** **Kl. 14.00**

*Menningarhátíðin Krakkar úti í mýri stendur yfir í Norræna húsinu. Rithöfundarnir Böðvar Guðmundsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Thorstein Thomsen lesa úr verkum sínum og ræða um þau kl. 14. Að upplestrinum loknum ræða norrænir fræðimenn um rím, þulur og söng í tengslum við barnamenningu. Síðar um kvöldið kl. 19 verður upplestur ætlaður eldri lesendum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Frelsið og niðurlægingin*

Skapandi rými nefnist sýning Kjartans Þorbjörnssonar – Golla – sem verður opnuð í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Á henni má sjá myndir sem teknar eru af vistarverum í fangelsum og heimavistarskólum.

„Fyrir tveimur árum datt mér í hug að mynda fangelsin á Íslandi og skoða aðbúnaðinn þar," segir Golli. „Ég fór því í öll fangelsin og tók myndir af tveimur klefum í hverju þeirra. Það fylgir því ónotatilfinning að fara inn í fangelsi og heyra dyrum lokað á eftir manni með látum en þessi tilfinning skilar sér merkilegt nokk ekki í myndunum. Margir sem ég talaði við héldu nefnilega að þessar myndir væru teknar á einhverri heimavist."



**KJARTAN ÞORBJÖRNSSON** Hugmyndin kviknaði þegar hann kynnti sér aðbúnað í fangelsum fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Golli ákvað því að heimsækja fimm heimavistir og taka myndir af híbýlunum þar. „Þetta er eins og hvor sín hliðin á sama peningnum. Þetta eru bæði stofnanir sem fólk á að koma betra út af, sem ég er ekki viss um að sé raunin. Heimavistin er toppurinn á frelsinu; unglingar eru að flytja að heiman og sleppa frá foreldrunum. Fangelsið er hins vegar hámark niðurlægingarinnar, þar sem fólk er lokað frá samfélaginu og læst inni. Mér fannst áhugavert að bera þetta tvennt saman."

Sýning Golla í Skotinu stendur til 22. nóvember.



**> Dustaðu rykið af...**

verkum **Ians Fleming**. Breski rithöfundurinn og blaðamaðurinn er þekktur fyrir sögur sínar um njósnara hennar hátignar en færri vita að hann samdi líka barnasöguna **Chitty Chitty Bang Bang**. Fyrsta Bond-bókin, **Casino Royal**, sem út kom árið 1953, er nú á leið á hvíta tjaldið en hún hefur áður verið kvikmynduð en í henni léku Peter Sellers, Woody Allen og Orson Welles.



**GÓÐIR GESTIR Á DJASSHÁTÍÐ** Han Bennink og Tobias Delius leika á als oddi í kvöld ásamt Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni og Davíð Þór Jónssyni.

## Trommugoðsögn

Um svipað leyti og ljósin verða slökkt í borginni í tilefni af alþjóðlegri kvikmyndahátíð hefjast tónleikar í Víkingasal Hótel Loftleiða þar sem trommugoðsögnin Han Bennink leikur listir sínar. Bennink kemur fram í kvöld ásamt tenórsaxófón- og klarinettuleikaranum Tobiasi Delius, píanóleikaranum Davíð Þór Jónsssyni og Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni, Valda Kolla, kontrabassaleikara. Tónleikarnir eru liður í djasshátíð í Reykjavík sem hófst í gær en stendur til 1. október.

„Ég var á tónleikaferðalagi með þeim félögum um Bandaríkin og Kanada í fyrra og þá kviknaði þessi hugmynd að koma þeim á klakann," útskýrir Valdimar Kolbeinn og áréttar að nú sé einstakt tækifæri til að sjá þessa snillinga hér á landi.

Á efnisskránni verður ný og frumsamin djasstónlist eftir félagana og nokkuð víst að þeir verða í essinu sínu fram undir miðnætti.

Tónleikarnir hefjast kl. 22. Nánari upplýsingar má finna á www.jazz.is.


Til bókaútgefenda:

BÓKATÍÐINDI 2006

Skilafrestur vegna kynningar og auglýsinga í Bókatíðindum 2006 er til 12. október nk.

Ritinu verður sem fyrr dreift á öll heimili á Íslandi

Allar upplýsingar á skrifstofu Félags íslenskra bókaútgefenda, Barónsstíg 5, sími 511 8020. Netfang: baekur@simnet.is

———————— ◆◆◆ ————————

Frestur til að leggja fram bækur vegna Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2006 er til 13. október nk.

Nánari upplýsingar á skrifstofunni.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA


# Sjómannslífið og bernskan

**Sögur Guðrúnar Helgadóttur eru hjartfólgnar lesendum, en hugarsmíðar hennar hafa glatt og frætt lesendur og áhorfendur á öllum aldri. Á morgun stígur söguleg stórfjölskylda á svið Þjóðleikhússins.**



**ÚR UPPSETNINGU ÞJÓÐLEIKHÚSSINS Á LEIKRITINU SITJI GUÐS ENGLAR** Leikgerð Illuga Jökulssonar á sögum Guðrúnar Helgadóttur verður frumsýnd á föstudagskvöld. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Leikritið Sitji guðs englar er byggt á sagnaþrenningu Guðrúnar og er samnefnt fyrstu bókinni sem kom út árið 1983. Hinar tvær, Saman í hring og Sænginni yfir minni, komu út 1986-1987 en þær hafa allar þrjár verið endurútgefnar enda með eindæmum vinsælar. Illugi Jökulsson gerir leikgerðina en Sigurður Sigurjónsson leikstýrir. Hann stýrði einnig verki byggðu á sögum Guðrúnar um Jón Odd og Jón Bjarna á síðasta leikári Þjóðleikhússins.

Guðrún kveðst ánægð með framtakið og segir alltaf gaman þegar sögur hennar fái viðlíka endurnýjun lífdaga. „Enda er þetta í góðum höndum. Ég átti meiri þátt í Jóni Oddi og Jóni Bjarna ég skrifaði svolítið inn í það verk en ég hef ekkert skipt mér af þessari uppfærslu," segir hún sposk og áréttar að hún treysti þeim Illuga og Sigurði vel fyrir verkinu.

Stórfjölskyldan í verkinu býr í sjávarþorpi úti á landi en sögutíminn er stríðsárin. Guðrún útskýrir að upprunalega hafi tvennt orðið til þess að hún skrifaði sögurnar þrjár. „Ég undraðist hversu lítið hafði verið skrifað af bókum fyrir börn um sjómenn og þeirra heimili, einkum vegna þess að þjóðin lifði mestan part á sjávarútvegi á sínum tíma. Ég ákvað að gera það þar sem ég er sjómannsbarn. Síðan ákvað ég einnig að slá tvær flugur í einu höggi og fara aftur til stríðsáranna, þessa undarlegu tíma sem breyttu Íslandi svo það varð aldrei sama landið aftur," segir Guðrún og útskýrir að sögurnar vitni um tímann eins og hún man hann.

Guðrún skrifaði sögurnar um stórfjölskyldu, en hún kannast vel við þær fjölskylduaðstæður, enda elst tíu systkina. Sögurnar fanga stemningu og umhverfi bernskunnar og vitanlega er mikill hamagangur á stóru heimili. Fjórtán ungir leikarar, á aldrinum 6-13 ára, skipta með sér hlutverkum systkinanna sjö en auk þeirra taka ellefu leikarar þátt í sýningunni. Aðalhlutverkin eru í höndum Brynhildar Guðjónsdóttur og Baldurs Trausta Hreinssonar en leikarinn Sigurður Skúlason fer einnig með stóra rullu.

Guðrún hefur oft látið þess getið að sögur hennar eigi sér ekki markhóp og að hún hugsi lítt um aldursskiptingu lesenda sinna enda eru þær lesnar af fólki á öllum aldri og á það einnig við um leikritið. Von er á nýrri bók frá henni í nóvember en þá kemur Öðruvísi saga út og fullkomnar „Öðruvísi" þrenninguna en þess má geta að önnur bók hennar, Öðruvísi fjölskylda, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004. kristrun@frettabladid.is

# Barnabækur verðlaunaðar

Íslensku barnabókaverðlaunin 2006 voru afhent við hátíðlega athöfn í Ingunnarskóla í gær en höfundarnir eru þrír að þessu sinni. Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka sem veitir Íslensku barnabókaverðlaunin en markmið hans er að stuðla að auknu framboði á vönduðu íslensku lesefni fyrir æsku landsins. Í ár bárust henni á áttunda tug handrita til lestrar. Dómnefndin hampaði tveimur stórskemmtilegum sögum að þessu sinni og koma þær út hjá Vöku-Helgafelli.

Bækurnar tvær heita Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar eftir Margréti Tryggvadóttur og Halldór Baldursson og Háski og hundakjöt eftir Héðin Svarfdal Björnsson. Dómnefnd Íslensku barnabókaverðlaunanna var sammála um að handritin bæru af öðrum sem send voru inn í keppnina, hin fyrrgreinda væri „nýstárleg bók þar sem brugðið er á leik með ævintýraminni í skemmtilegur samspili mynda og texta" en hin síðari væri „trúverðug samtímasaga" þar sem upplifun íslensks unglings væri lýst á raunsæjan og skemmtilegan máta.



**HALLDÓR BALDURSSON OG MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR** Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar fékk viðurkenningu dómnefndarinnar í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Myndir Halldórs Baldurssonar hafa prýtt fjölmargar bækur en hann er einnig þekktur fyrir skopmyndir sínar. Margrét Tryggvadóttir hefur áður sent frá sér bókina Skoðum myndlist en Háski og hundakjöt er fyrsta bók Héðins Svarfdals Björnssonar.

- khh

# Við óskum IÐUNNI fræðslusetri

## til hamingju með námsvísi símenntunar í iðnaði haustið 2006




Samtök iðnaðarins

S A F

félag bókagerðar-manna

MATVÍS

IÐAN fræðslusetur, Hallveigarstígur 1, 101 Reykjavík, s: 5906400 www.idan.is

*Mynd á forsíðu bæklingsins er gerð eftir frummynd Ásmundar  Sveinssonar íLaugarnesskóla og er birt með leyfi eiganda.*

ODDI_VO_B9526

# Stjarna á heimsmælikvarða

**Í tilefni af Pólskum menningardögum sem hefjast í dag heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónleika í Háskólabíó en að þessu sinni stýrir hið heimsþekkta tónskáld Krzysztof Penderecki sveitinni.**



TÓNSKÁLDIÐ OG STJÓRNANDINN KRZYSZOF PENDERECKI Stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í tilefni af Pólskum menningardögum.

Tónleikarnir opna formlega fyrstu opinberu pólsku menningarhátíðina hér á landi. Rúmlega 3.500 Pólverjar séu nú búsettir hér á landi en í þessum stærsta innflytjendahópi hérlendis eru fjölmargir listamenn, þar á meðal tónlistarmenn sem um árabil hafa auðgað íslenskt menningarlíf og menntað ófáa nemendur. Á hátíðinni gefst íslenskum listunnendum fjölmörg tækifæri til þess að kynnast framlagi listafólksins bæði með fyrirlestrum og tónleikum.

**Tónlistarjöfur**

Einn listamannanna sem fagna komu Pendereckis er samlandi hans, fiðluleikarinn Zbigniew Dubik sem hefur verið búsettur hér á landi síðan 1988. Hann útskýrir að Penderecki hafi fyrst vakið heimsathygli þegar hann samdi stórt tónverk til minningar um fórnarlömb kjarnorkuárásarinnar i Hiroshima á sjötta áratugnum en síðan þá hefur hann fest sig í sessi sem mikilsvert tónskáld á heimsmælikvarða. „Hann er stjarna – ekki aðeins í Póllandi heldur í öllum heiminum og þetta eru gífurlega falleg verk sem verða flutt á tónleikunum,“ útskýrir Dubik.

Penderecki er eitt merkasta tónskáld samtímans en þessi fjölhæfi listamaður hefur unnið til fjölda viðurkenninga fyrir störf sín. Hann kemur reglulega fram með helstu sinfóníuhljómsveitum beggja vegna Atlantshafsins. Penderecki sótti Íslendinga heim á Listahátíð 1988 en snýr nú aftur með nýlegan píanókonsert í farteskinu, „Upprisukonsertinn“ sem var saminn 2001 og hefur farið sigurför um heiminn. Auk þess stjórnar hann stuttu en áhrifamiklu verki sem hann samdi 2005 í minningu Jóhannesar Páls páfa II og sinfóníu nr. 4 eftir Beethoven. Einleikari á tónleikunum er þýski píanistinn Florian Uhlig.

**Áhrif og innblástur**

Fjölmargir pólskir listamenn koma fram á hátíðinni sem stendur til 2. október og fá allar listgreinar að njóta sín en þess skal getið að næstkomandi sunnudag verður haldin sérstök tónlistarkeppni í Þjóðmenningarhúsinu þar sem sextán íslenskir tónlistarnemendur keppa sín á milli um bestu útfærslu á pólsku tónverki. Eins og fyrr er getið hafa fjölmargir nemendur notið leiðsagnar pólskra tónlistarkennara hér á landi og er efnt til keppninnar í tilefni þess. Sigurvegarinn fær að launum ferð fyrir tvo til Krakár í Póllandi.

Dubik útskýrir að undir lok keppninnar muni pólsk-íslenskur kvintett, sem hann leikur með, einnig flytja verk eftir þekkt pólskt tónskáld, Grazyna Bacewicz, en þetta er í fyrsta sinn sem verkið er flutt utan Póllands.

**Til fróðleiks**

Þess skal einnig getið að Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur kynningarfund um tónskáldið Penderecki í Ársal Hótels Sögu kl. 18 í dag en þar mun Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur fjalla um verk hans. Kynningin er öllum opin en aðgangseyrir er 1.200 kr. og er súpa, brauð og kaffi innifalið.

Nánari upplýsingar um dagskrá Pólskra menningardaga má nálgast á heimasíðunni www.polska.is.

kristrun@frettabladid.is

Brottnámið úr kvennabúrinu W. A. Mozart
BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20 - UPPSELT
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20 - 5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20
6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Ath. takmarkaður sýningafjöldi!!!
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
5. sýning laugardaginn 30. sept.
6. sýning sunnudaginn 1. okt.
7. sýning fimmtudaginn 5. okt. UPPSELT
8. sýning föstudaginn 6. okt.
9. sýning laugardaginn 14. okt.
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Allra síðustu sýningar!
FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.
Sun. 1/10 kl. 21:00, sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. Allra síðustu sýningar!
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER
Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, fös. 6/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 7/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.
LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Frumsýning lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10, lau. 14/10, sun. 15/10.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, mið. 11/10 uppselt, fim. 12/10 uppselt, fös. 13/10 örfá sæti laus, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10, fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 örfá sæti laus, sun. 22/10 kl. 17:00.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Í kvöld fim. 28/9, sun. 8/10 kl. 17:00.
ONE MIME THEATRE, látbragðsleikarinn Ireneusz Krosny frá Póllandi
Fös. 29/9, lau. 30/9, sun. 1/10
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu: www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14
Sun 8/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 30/9 kl. 20 Fös 6/10 kl. 20
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20 Fös 29/9 kl. 20 UPPS.
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20
HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn
Í kvöld kl. 20 Fös 29/9 kl. 20
Lau 30/9 kl. 20 Sun 1/10 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.
FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum*
*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
MEIN KAMPF
Fös 29/9 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20
Lau 21/10 kl. 20
ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
5 sýningar á 9.900 kr.
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Manntafl e. Stefan Zweig
Alveg brilljant skilnaður e. Geraldine Aron
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

AUSTURBÆR
afgangar

AFGANGAR
Fim. 28. sept. kl. 21.00
Fim. 5. okt. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA
Sun. 8. okt. kl. 13.30 uppselt
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

MR SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýningar í Landnámssetri í september og október
Fimmtudagur 28. september kl.20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Örfá sæti laus
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 14. október kl. 20 Örfá sæti laus
Sunnudagur 15. október kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 20. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 21. október kl. 20 Laus sæti
Sunnudagur 22. október kl. 20 Laus sæti
LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

# Föðurleg heilræði




Útgáfufyrirtækið Dimma gefur út ljóðabókina Sagði pabbi eftir bandaríska skáldið Hal Sirowitz í þýðingu Aðalsteins Ásbergs Sigurðsson. Sagði pabbi er safn frumlegra og fyndinna ljóða, þar sem kallast á bernskuminningar, föðurleg heilræði og kaldhæðnislegar hugleiðingar um lífið og tilveruna.

Ljóðabók þessi hefur víða slegið í gegn, þar á meðal í Noregi, þar sem hún er mest selda þýdda ljóðabókin en þýðing norska rithöfundarins Erlend Loe hefur selst í liðlega þrjátíu þúsund eintökum.

Önnur bók Sirowitz, Sagði mamma, kom út árið 2001 en Dimma gefur hana nú út í kilju enda hefur bókin verið uppseld lengi.

Hal Sirowitz er einn þeirra höfunda sem sækja Ísland heim í tilefni menningarhátíðarinnar Krakkar úti í mýri sem nú stendur yfir og mun lesa úr báðum bókunum við það tilefni. Sirowitz hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir verk sín, þar á meðal verið útnefndur lárviðarskáld Queens-hverfisins í New York.

Hönnuður bókakápanna er Hlynur Helgason. - khh

# Skart landsins

Í sýningarrými gullsmíðastofunnar hún og hún við Skólavörðustíg sýna hönnuðurinn Þuríður Helga Jónasdóttir og Sif Ægisdóttir gullsmiður verk sín. Á sýningunni eru ljósmyndir sem Helga hefur tekið á undanförnum árum í náttúru Íslands og unnið áfram í myndvinnsluforriti þannig að úr verða mynstur. Sif notar síðan formin sem birtast til að smíða ýmiss konar hluti og skart úr silfri. Myndirnar eru framkallaðar og prentaðar á hágæða ljósmyndapappír. Leitast er síðan við að láta myndir og skart mynda heild í framsetningu sýningarinnar.

Sýningin var opnuð 3. september síðastliðinn en hún stendur til loka septembermánaðar. Sýningin er opin á þjónustutíma gullsmíðastofunnar. - khh



**ÚRVINNSLA ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU** Sýning Þuríðar Helgu og Sifjar Ægisdóttur í galleríi hún og hún.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

25 26 27 **28** 29 30 1

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** leikur undir stjórn pólska tónskáldins **Krzysztof Penderecki** í **Háskólabíói**.

☐ 20.00 **Jazzhátíð í Reykjavík**. Hljómsveitin **Gammar** leikur í **Víkingasalnum**, Hótel Loftleiðum. Að þeim tónleikum lokum leika **Tobias Delius, Han Bennink** og **Valdi Kolli** frumsamda tónlist. Sænski kvartettinn **Laser** leikur á **Q-bar** kl. 22.30.

☐ 20.00 **Trommuleikarann Zoro** mun halda einleikstónleika í **Brekkuskóla** á **Akureyri**.

☐ 22.00 Djassdíva Íslands, **Kristjana Stefánsdóttir** heldur tónleika ásamt **Jordi Grind** á **Café Oliver** í kvöld. Dagskrá kvöldsins er samsett af sígrænum djassperlum, sveittri blústónlist og sjóðheitu fönki. Tónleikarnir standa til kl. 01.

### OPNANIR

☐ 16.00 Í tilefni af **Pólskum menningardögum** verður opnuð sýning á verkum **Ireneusza Marian Jankowski** á **Kaffi Kúltúr** við Hverfisgötu.

### FUNDIR

☐ 19.30 **Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Akureyri - AkureyrarAkademían** boðar til almenns félagsfundar í gamla **Húsmæðraskólanum** við **Þórunnarstræti**. Rætt verður um dagskrá haustsins og horfur til framtíðar. Allir eru velkomnir, sér í lagi nýir félagsmenn.

### SÝNINGAR

☐ 20.00 Sýning á heildarsafnkosti **Nýlistasafnins** stendur yfir í húsakynnum safnsins við Laugaveg. **Daníel Magnússon** leiðir gesti um sýninguna kl. 20 en henni lýkur 1. október.

☐ **Guðmundur Karl Ásbjörnsson** sýnir landslagsmálverk í sal **Orkuveitu Reykjavíkur** við Bæjarháls 1. Sýningin er opin milli 8.30-16 og milli 13-17 á laugardögum.

### UPPÁKOMUR

☐ 12.00 Söngkonan **Fabúla** fagnar útkomu plötu sinanr, **Dusk**, ásamt hljómsveit sinni á efri hæð **Sólon.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


*Menningarhátíð fyrir börn og unglinga í Norræna húsinu*
*Fimmtudagur 28. September.*

**10:00 og 11:30 "Ást, Ást". Leiksýning fyrir börn 7 -12 ára**
Carl-Gustaf Wentzel og Teater Tamine. Leikritið byggir á látbragði og er mjög auðvelt að skilja.
ÓKEYPIS ADGANGUR
**14:00 14:50 Rithöfundaspjall**
Böðvar Guðmundsson, Davíð Þór Jónsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Hal Sirowitz, Leelo Tungal og Thorstein Thomsen. Fer fram á ensku og skandinavísku.
**15:00 17:00 Málþing: Rím, þulur og söngur**
Ulla Berglindh: Rim och ramsor från nonsensvers till rapping. En genreexposé.
Guðrún Hannesdóttir: Hver var að hlæja ...?
Leena Kirstinä: Modernism in the children´s poetry of Kirsi Kunnas.
Una Margreth Jónsdóttir: Singing games and the language.
ÓKEYPIS ADGANGUR
Fyrirlestrarsalur Norræna hússins. Fer fram á íslensku, skandinavísku og ensku.
**19:00 21:30 Rithöfundar lesa úr verkum sínum**
Mårten Melin, Hal Sirowitz, Kirsi Kunnas, Brian Moses, Leelo Tungal, Gillian Johnson, Thorstein Thomsen og Bárður Óskarsson.
NORRÆNA HÚSIÐ



**VERKSMIÐJUÚTSALA Á POTTUM OG PÖNNUM**

Vegna flutnings verður rýmingarsala á pottum og pönnum í verksmiðju okkar að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Opið alla daga vikunnar frá kl. 13.00 – 19.00 til 15. oktober.

**Ótrúleg verð – allt að 50% afsláttur** á öllum pottum og pönnum.

**Alpan hf.**





## GOTT GLÁP

**Crank**: Jason Statham er hin nýja hasarhetja í kvikmynd sem reynir ekki um of á heilasellurnar.

**Börn:** Loksins tókst að búa til almennilega, vel leikna, íslenska kvikmynd án nokkurs rembings.

**The Proposition:** Nick Cave tekst ágætlega upp með frumraun sinni sem handritshöfundur. Leikurinn er til fyrirmyndar.

**RIFF:** Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefst annað kvöld með miklu stjörnuskini þegar slökkt verður á borgarljósunum.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN: ANDRI FREYR, ÚTVARPSMAÐUR Á X-FM

# William Foster er mesta hetjan á hvíta tjaldinu



**Eftirlætiskvikmynd:**
Þarna verð ég að segja Bad Boys, ekki með Big Will og félögum heldur hin frábæra unglingafangelsismynd með Sean Penn í aðalhlutverki. Horfði á þessa mynd sirka einu sinni á dag í nokkur ár og varð betri maður við hvert áhorf.

**Eftirlætisatriði:**
Það er án nokkurs vafa aðal atriði Bad Boys. Þar sem Michael O´Brien (Sean Penn) lemur tvo aðalfangana til óbóta með koddaveri fullu af RC Cola dósum

**Uppáhaldsleikstjóri:**
Þeir sem koma fyrst upp í hugann eru Martin Scorsese, Coen - bræðurnir, Nick Broomfield, Sean Penn og Nicolas Winding Refn.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
William „D-Fens“ Foster, karekterinn sem Michael Douglas leikur í Falling down.

**Versti skúrkurinn:**
Án nokkurs vafa hinn djöfullegi karekter Bob úr Twin Peaks: Fire walk with me. Bob gerði það að verkum að ég þorði ekki að bera út blöðin á Reyðarfirði í myrkri á sínum tíma

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?**
Í fljótu bragði þá dettur mér fyrst í hug Eddie Bunker úr 16 Blocks.

**Ef þú fengir að velja þér mynd, leikstjóra og mótleikara, um hvað yrði hún og hverjir væru hinir heppnu?**
Það væri frábært að fá að leika í mynd undir stjórn hins magnaða Sam Peckinpah heitins. Myndin yrði um The Jonestown Massacre þar sem 913 tóku sitt eigið líf í svokölluðu fjöldasjálfsmorði árið 1978. Myndin myndi lýsa atburðarrásinni í Jonestown og allri geðveikinni sem henni fylgdi. Ekki veit ég af hverju en ég sé Pál Banine fyrir mér sem Jim Jones og ég myndi leika hans hægri hönd.

# Drottning setur hátíð

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík verður sett í dag og í kjölfarið verður boðið upp á 220 kvikmyndasýningar á ellefu dögum. Veislan hefst í kvöld með frumsýningu myndarinnar The Queen eftir Stephen Frears en þar þykir Helen Mirren fara á kostum í hlutverki Elísabetar Englandsdrottningar.

Myndin fjallar um núninginn sem varð á milli drottningarinnar og Tonys Blair, forsætisráðherra, í kjölfar dauða Díönu prinsessu en þau greindi nokkuð á um hvernig þjóðin fengi að syrgja prinsessuna ástsælu.

Upphaf hátíðarinnar mun vart fara fram hjá höfuðborgarbúum þar sem öll opinber lýsing í borginni verður slökkt klukkan tíu og aðstandendur hátíðarinnar vonast til að almenningur slökkvi einnig sín ljós þannig að borgin myrkvist og fólk geti beint sjónum sínum að stjörnunum á himninum.

Dalvíkurbyggð, Akranes, Borgarbyggð, Fljótsdalshérað og Suðurnesin eins og þau leggja sig munu einnig taka þátt í myrkvanum þannig að ef veður leyfir verður um tilkomumikinn gjörning að ræða.

Miðasala á allar sýningar er á filmfest.is og midi.is en einnig í upplýsingamiðstöð hátíðarinnar á Thorvaldsen bar við Austurvöll. Auk þess eru aðgöngumiðar vitaskuld seldir í viðkomandi bíóhúsum, Háskólabíói, Tjarnarbíói og Iðnó.



**HELEN MIRREN** Er glettilega lík Elísabetu Englandsdrottningu í The Queen, opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar.



**BAISE-MOI** Ómerkilegir karlpungar fengu heldur betur að kenna á því í þessari klámfengnu kynlífsmynd þar sem tvær stallsystur myrtu rekkjunauta sína af miklum móð.

# Klámfengin upphafning kynlífsins

**Gróf kynlífsatriði hafa á undanförnum árum rutt sér til rúms í kvikmyndum sem fara í almenna dreifingu. Klámfengnar ofbeldismyndir ruddu brautina en nú kveður við nýjan tón.**

Af öllum þeim aragrúa kvikmynda sem eru á dagskrá Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík er bandaríska myndin Shortbus líkleg til þess að vekja einna mesta athygli og umtal. Myndin fjallar um kynlíf og gerir það á svo opinskáan hátt að fá dæmi eru til um annað eins í kvikmynd sem fer í almenna dreifingu.

**Kynlífsgleðileikur**

Shortbus vakti feykilega athygli á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor þó hún sé síður en svo fyrsta meginstraumsmyndin sem er beinlínis klámfengin í matreiðslu kynlífsatriða. Hún sker sig hins vegar úr hópi þeirra mynda sem hvað lengst hafa gengið lengst á undanförnum árum þar sem groddalegt kynlífið hefur oftast verið tengt ofbeldi og glæpum. Shortbus setur kynmökin þvert á móti í jákvætt og fallegt samhengi og myndin er í raun óður til kynlífs og frjálsra ásta þannig að það hefur ekki hvarflað að gagnrýnendum að setja klámstimpil á myndina þó hún toppi allt sem á undan er gengið í bersöglinni.

Leikstjóri Shortbus, John Cameron Mitchell, sem hefur áður gert garðinn frægan með kvikmyndaútgáfunni af söngleiknum um Hedwig segir sjálfur að Shortbus sé ekki söngleikur heldur kynlífsleikur. Tónlistin skipar samt veigamikinn þátt í Shortbus en hún er leikinn af jaðarhljómsveitinni Yo La Tengo.

**Kynlíf kynlífsins vegna**

Opinskátt kynlífið þjónar tilgangi sögunnar í Shortbus og ætti því ekki að stuða nema þá allra viðkvæmustu, ekki síst þar sem mikil gleði svífur yfir vötnum í kynlífsbrölti persónanna. Framsetningin gengur því upp í þessu tilfelli.

Breski leikstjórinn Michael Winterbottom daðraði við klámið í 9 Songs árið 2004 í samhengislausri mynd um par sem stundaði tónleika á milli þess sem það hafði samfarir undir vökulu auga myndavélarinnar. Myndin var frekar niðurdrepandi og virtist einungis gerð kynlífsins vegna og varð því hvorki fugl né fiskur.

**Franska ofbeldisklámið**

Frakkar hafa hingað til verið iðnastir við þennan blautlega kola og nægir í því sambandi að nefna myndirnar Romance X og Baise-moi (Ríddu mér). Baise-moi gekk mun lengra en Romance X og er hrá, ljót, ofbeldisfull og í meira lagi klámfengin en hún greindi frá örlögum tveggja kvenna sem á rennur morðæði eftir að annarri þeirra er nauðgað. Þær eru einhvers konar vondu systur Thelmu og Louise og á ferðalagi sínu um Frakkland tæla þær karlmenn til lags við sig en slátra þeim svo jafn óðum.

Baise-moi vakti hvarvetna hörð viðbrögð og var bönnuð víða þó hún fengi að ganga fyrir fullum sal í Regnboganum. Ofbeldi myndarinnar er í sjálfu sér ekkert grófara en hjá settlegum leikstjórum eins og Oliver Stone, Quentin Tarantino og Martin Scorsese en kynlífið var þess eðlis að Bandaríkjamenn supu hveljur.

Þrátt fyrir það má verja það að klámið hafi þjónað tilgangi sögunnar þó myndin dansi vissulega á mörkum þess að vera hreinræktuð klámmynd.

Opinskátt kynlíf í bíómyndum sem fara í almenna dreifingu laumaði sér inn í bíósalina í skjóli ofbeldis enda er hún römm sú taug sem tengir saman klám og ofbeldi en með mislukkaðri tilraun Winterbottoms og hinni vel heppnuðu Shortbus lítur út fyrir að kynlíf geti farið að njóta sín í allri sinni dýrð í bíó enda hefur það sig upp fyrir klámið þegar það þjónar tilgangi frásagnarinnar og er sýnt sem eitthvað jákvætt og fallegt.

thorarinn@frettabladid.is





10 daga
afmælistilboð
20.-30. september
Á meðan birgðir endast



Ifö Samba
Sturtuhorn úr hertu öryggisgleri með stálbotni.
TILBOÐ: 14.900 kr.
ótrúlegt verð



Ifö Kreta m/nuddi
Falleg hönnun sem skapar vellíðan fyrir alla fjölskylduna.
TILBOÐ: 99.000 kr.



Mora Marena
Hitastillt sturtutæki með ömmustöng, sturtuhaus og tilheyrandi búnaði.
TILBOÐ: 28.000 kr.

Í tilefni af 25 ára afmæli Tengis bjóðum við afslátt af völdum vörum, þar á meðal 25% afslátt af sturtuhurðum. Hjá okkur getur þú skapað baðherbergi drauma þinna en við erum með fjölmörg frábær vörumerki sem bjóða upp á glæsilega hönnun á baðkerum, hreinlætistækjum og eldhúsvöskum. Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 76.

HANNAÐU HEIMILIÐ MEÐ TENGI

Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

VISA
MasterCard Nú getur þú greitt með léttgreiðslum Euro og Visa – vaxtalaust í 3 mánuði.

Smiðjuvegur 76 200 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is

1981 25 2006 TENGI

H:N markaðssamskipti / SÍA

# Flóastríð á götum LA

Christian Bale (American Psycho, Batman Begins) fer mikinn í hlutverki hins ofsafengna Jim David sem er ringlaður eftir herþjónustu í Persaflóastríðinu og á erfitt með að ná áttum í Los Angeles.

Hann á í mesta basli með að gera greinarmun á daglegu lífi heima fyrir og á vígvellinum þar sem morð er leikur einn. Heiftin og skapofsinn koma honum í bölvuð vandræði og verður til þess að það slær í brýni milli hans og góðvinar hans Mike, sem Freddie Rodriguez úr Six Feet Under leikur, þegar eiturlyfjaneysla þeirra og almennt rugl fer úr böndunum.

Harsh Times er frumraun Davids Ayer sem leikstjóra en hann skrifaði handritin að Training Day og Dark Blue og það er því ljóst að hann heldur sig á kunnuglegum slóðum í þessari mynd.



**CHRISTIAN BALE** Þykir ákaflega sannfærandi í hlutverki uppgjafahermannsins Jim sem tekur Persaflóastríðið með sér heim til Los Angeles.

# Kappakstursshetja fer af sporinu

Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby, með Will Ferrell, stefnir óðfluga í að verða vinsælasta gamanmynd ársins í Bandaríkjunum.

Myndin verður frumsýnd á Íslandi á morgun en í henni leikur Ferrell NASCAR kappakstursshetjuna Ricky Bobby.

Ricky stendur í skugga föður síns sem yfirgaf fjölskylduna til þess að öðlast frægð og frama á kappakstursbrautinni. Fyrir tilviljun fær Ricky tækifæri til þess að sanna sig á sama vettvangi. Ótrúlegir hæfileikar hans undir stýri koma þá í ljós og hann verður meistari meistaranna.

Bílslys bindur enda á ferilinn en eftir harkalega veltu og sjúkrahúsvist fer kempan á taugum og þorir ekki að setjast undir stýri á ný. Hann þráir það samt heitast að endurheimta stöðu sína á toppnum. Þá dugir ekkert minna en að kalla pabba gamla til leiks en hann gæti hjálpað syninum að yfirvinna óttann og halda aftur af stað.



**WILL FERRELL OG JOHN C. REILLY** Leika æskuvinina Ricky og Cal sem eru samherjar á kappakstursbrautinni þangað til Ricky missir móðinn og Cal reynir að fylla skarð hans í einkalífinu.

## ÚR VERINU

**Crowe reiður**
Stórleikarinn Russell Crowe er æfur út í slúðurpressuna fyrir að birta fréttir þess efnis að hann ætli að leika krókódílafangarann Steve Irwin í kvikmynd um ævi ævintýramannsins. „Líkið af góðum vini mínum er ekki einu sinni kólnað í gröfinni þegar fjölmiðlar halda því fram að ég ætli að nýta mér dauða hans til frekari frægðar. Mér býður við svona fréttum,“ sagði Crowe í samtali við Come On.



**Myndir úr Potter 5**
Warner Bros hefur ákveðið að bregðast við óskum aðdáenda Harrys Potter og birti á dögunum fyrstu myndirnar úr fimmtu kvikmyndinni um galdrastrákinn. Myndin heitir Harry Potter and the Order of the Phoenix og sýnir meðal annars Imelda Staunton sem Dolores Umbridge á skrifstofu sinni í Hogwarts. Þá má einnig sjá myndir af því þegar hópur dementora ræðst á Harry Potter í skuggasundi og hópmynd af hinum fræknu hetjum þremur, en þar má glöggt sjá Hermione halda í hönd Harry Potter.



**Sydow í gamanmynd**
Sænski stórleikarinn Max von Sydow hefur tekið að sér hlutverk í kvikmynd sem fæstir kvikmyndaáhugamenn hefðu getað spáð fyrir um. Sydow mun nefnilega leika yfirmann Alþjóðadómstólsins í Haag í fjórðu Rush Hour-myndinni þar sem vélbyssukjaftiurinn Chris Tucker og Jackie Chan hafa ráðið ríkjum. Brett Ratner hefur verið ráðinn leikstjóri myndarinnar en hann gerði síðast X-



## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



Talladega Nights
Internet Movie Database 6.6 af 10
Rottentomatoes.com 72% = Fersk
Metacritic.com 66/100



Harsh Times
Internet Movie Database 7.7/10
Rottentomatoes.com 75% = Fersk


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7132



Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur. **Vetrardekk fylgja öllum nýjum Polo-bílum í september og október.**

**Kostar aðeins 15.535 kr. á mánuði**

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða. Verð frá 1.490.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, La av i 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



> Prófaðu...

**...að nota ýmiss konar ristuð fræ og hnetur í matseldina. Ristaðar furuhnetur eru góðar í salöt, heslihnetur fara vel með önd og möndlur eru afbragð með steiktum fiski.**

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN LEIKKONA

## *Finnst nýru viðbjóðslega vond*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég hefði áður sagt fiskur, en sonur minn er með ofnæmi fyrir honum svo ég hef þurft að vera án fisks í nokkra mánuði. Nú held ég að ég geti komist af án hvers sem er.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Þær eru nú margar. Ég fékk ofsalega góða máltíð á Sjávarkjallaranum um daginn. Ég fékk hjartarkjöt og dúfubringu og ægilega góðan lax í bananalaufum eða einhverju í aðalrétt.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég komst að því um daginn að mér finnst nýru alveg viðbjóðslega vond. Ég ætlaði á danska kúrinn en þurfti að taka pásu út af nýrunum, maður verður víst að geta borðað þau á kúrnum. Þó mig hafi langað til að vera mjóna gat ég bara ekki lagt það á mig. En það má nú reyna hann án nýrnanna...
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Beikonvafðar döðlur. Það er æðislegt að setja þær á grillið eða grilla bara í ofni, þetta er besti forréttur sem er til og líka gott sem meðlæti.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég vildi óska að ég gæti sagt að ég borðaði aldrei til að láta mér líða betur. En, jú, súkkulaði...
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Mjólk og ost. Og kannski skyr.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég myndi taka með mér virkilega blóðuga nautafillet steik og nóg af henni.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Dúfan var svolítið skrítin. Froskalappir og hvalkjöt, en þetta er eiginlega allt hætt að vera skrítið í dag. Það sem þótti mjög exótískt fæst núna á öðrum hverjum veitingastað.





ÞRÚGUR GLEÐINNAR
Einar Logi Vignisson

## *Þrúgudagar og munkabjórar*

Októbermánuður er handan við hornið og sjálfsagt verður slegið upp Októberfest að þýskri fyrirmynd á veitingastöðum. Í vínbúðum er ekki bjórþema þetta haustið heldur verður áherslan lögð á fjórar gæðaþrúgur; hvítvínsþrúgurnar riesling og sauvignon blanc og rauðvínsþrúgurnar syrah og grenache.

Þegar kólna fer í veðri taka öl og sterkari bjórar við af hefðbundnum lagerbjór. Í Heiðrúnu og Kringlunni er gott úrval öls frá Englandi og Belgíu. Í öðrum vínbúðum er úrvalið fátæklegra en þó hafa gæðabjórar verið að sækja í sig veðrið og fæst t.d. hinn belgíski Leffe víða. Sömuleiðis fæst belgíski hveitibjórinn Hoegaarden í stærstu vínbúðunum en vinsældir hveitibjórs hafa aukist mikið undanfarið og leiðir hinn þýski Erdinger þá bylgju.

En það er í Heiðrúnu og Kringluna sem þeir verða að fara sem vilja kíkja á sæmilegt úrval belgískra gæðabjóra. Fulltrúar sterku hefðarinnar eru Delerium Tremens og hinn ljúfi Duvel sem er einn albesti sterki bjór á markaðnum og ber það ekki með sér að vera 8,5%. Tveir munkabjórar eru fáanlegir, Westmalle og Orval en sá síðarnefndi er sá drykkur sem mér hefur þótt passa best með hamborgarhryggi. Trappist-munkarnir voru hraktir frá Frakklandi í kjölfar frönsku byltingarinnar og settust að í Belgíu. Þeir höfðu bruggað líkjöra en þar sem engin vínber voru í Belgíu urðu þeir að brugga úr korni og þannig varð til einn merkilegasti bjórstíll heims.

Ég mun gera þrúgudögunum skil næstu fjórar vikurnar í þessum pistlum, taka fyrir eina þrúgu í hverri viku. Ég hafði hugsað mér að hita upp í dag með ýtarlegri umfjöllun en er vandi á höndum því markaðsdeild Vínbúðanna neitaði Fréttablaðinu um upplýsingar. Hún vildi ekki að neitt birtist um þrúgudagana áður en þeir hæfust af ótta við að neytendur streymdu í búðirnar að biðja um vín sem ekki væru komin á tilboð! Sérkennileg vinnubrögð hjá einkasölunni og slæm þjónusta við fjölmiðla og neytendur.




Prófið að kaupa eina flösku af hverri tegund belgísku bjóranna og gerið samanburð. Þeir eru krefjandi og flestir Íslendingar vilja drekka þá heldur kaldari en gefið er upp á flöskunum. En komist menn á bragðið vilja þeir engan annan bjór sjá.




# Matarboð í miðri viku

**Elísabet Ólafsdóttir er skrifstofustjóri Ríkissáttasemjara og fyrirmyndar gestgjafi. Hún segir mataráhuga sinn ágerast með árunum, ef eitthvað sé.**

„Ég hef voðalega gaman af að elda og finnst frábært að sameina það og að fá góða vini í heimsókn,“ segir Elísabet, en hún er dugleg í að bjóða fólki í mat á virkum kvöldum. „Fólk er oft svo upptekið um helgar og náttúrlega sérstaklega mikið á sumrin þegar allir eru að ferðast. Mér finnst alveg tilvalið að hittast eftir vinnu og borða saman. Það er góð leið til að halda sambandi við vinina,“ segir Elísabet, sem finnst skemmtilegra að halda matarboð en að fara út að borða. „Ég geri lítið af því að fara út að borða hérna heima, það er helst í útlöndum,“ segir hún.

Uppskriftina sem Elísabet deilir með lesendum Fréttablaðsins segir hún vera í uppáhaldi hjá sér um þessar mundir, og henta vel í matarboð á virkum degi. „Þessi réttur er mjög góður, hollur, einfaldur og fljótlegur, sem hentar mjög vel í annríki dagsins,“ segir hún. „Svo er haustið líka að koma og þá fara allir vinaklúbbarnir að byrja aftur. Þessi uppskrift er alveg tilvalin fyrir saumaklúbbana.“ Elísabet mælir með pestóinu frá Filippo Berio. „Ég hef prófað margar tegundir og finnst þessi langbest. Svo er rosalega gott að nota klettasalatblöndu í salatið. Ég set stundum avókadó út í salöt, eða einhverja ávexti eins og jarðarber eða ferskjur,“ segir Elísabet.

sunna@frettabladid.is



**MIKIÐ FYRIR MATARBOÐ** Elísabet Ólafsdóttir heldur sambandi við vinina með tíðum matarboðum. Henni finnst skemmtilegra að bjóða fólki í mat en að fara út að borða.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**KJÚKLINGABRINGUR MEÐ PESTÓI**
**1 kg kjúklingabringur**
**2 krukkur rautt pestó frá Filippo Berio**
**svartur pipar**
**100 g ristaðar furuhnetur**
**100 g nýrifinn parmesanostur**

Skerið kjúklingabringurnar í tvennt, kryddið með svörtum pipar og setjið í eldfast mót. Smyrjið pestóinu á bringurnar. Steikið bringurnar í ofni í um það bil 20-30 mínútur við 180 gráður, eða þangað til kjúklingurinn er steiktur í gegn. Stráið ristuðu furuhnetunum og parmesanostinum yfir þegar steikingu er lokið. Berið fram með hrísgrjónum og góðu salati.

# Fólk er hrætt við baunir

Vinsældir heilsurétta og grænmetisfæðis virðast aukast dag frá degi, en þó veigra margir sér við að matreiða grænmetisrétti heima hjá sér. Flestir vita að baunir og linsur eru meinhollar en færri þora að setja þær á heimilismatseðilinn.

„Baunir og linsur eru mjög vítamín- og steinefnaríkar og skemmtileg viðbót í matargerð fólks,“ sagði Helga Mogensen hjá Manni lifandi þegar Fréttablaðið falaðist eftir ábendingum um notkun bauna í matseld. „Ef fólk sleppir kjöti eru baunir líka alveg nauðsynlegar,“ sagði Helga. Hún staðfesti að fólk veigraði sér við að nota baunir á heimavelli. „Á námskeiðunum sem við höldum spyr fólk mikið út í baunir. Það langar að nota þær en hræðist þær af einhverjum ástæðum. Þetta er ekkert mál, maður þarf bara að drífa sig af stað.“

„Baunir þarf að leggja í bleyti í allt að tólf tíma. Áður en þær eru soðnar ber að skipta um vatn. Suðutími getur verið allt frá fimmtán mínútum og upp í þrjú korter, en hann fer eftir þykkt baunanna,“ útskýrði Helga. „Svo mæli ég með að fólk setji engifer og sjávarþang út í suðuvatnið. Það brýtur niður prótínið sem getur valdið vindgangi.“

Baunirnar segir Helga mega nota í ýmislegt. „Það má búa til baunasalat sem er gott með kjöti, setja þær út í pottrétti og súpur og blanda saman korni og baunum.“ Hún segir lífrænar baunir í dósum vera góðan valkost ef fólk vill stytta sér leið. „Nema ef það á að búa til hummus, þá verða þær að vera ferskar. Það er langsniðugast að sjóða mikið af baunum, skipta þeim í litla skammta og frysta. Þá er ekkert mál að grípa í þær.“ - sun



**HELGA MOGENSEN** Aðstoðarframkvæmdastjóri Manns lifandi segir fólk hræðast baunir.



**VÍTAMÍN- OG STEINEFNABOMBUR** Engifer og sjávarþang í suðuvatnið útrýmir vindgangi.


www.ora.is
Ora tómatsósa
...seiðandi, rjóð og full af ástríðu
ora
680g
ora
Tómatsósa
alvöru amerískt bragð
ora
Ástríða í matargerð
Ora tómatsósa - alvöru amerískt bragð - eins og við viljum hafa hana!

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Fer fyrir dóm í dag



Paris Hilton var tekin fyrr í þessum mánuði ölvuð undir stýri og mun mál hennar verða tekið fyrir í réttarsal í dag. Dómurinn verður kveðinn upp í dag og þarf Paris Hilton sjálf ekki að vera viðstödd. Líkleg refsing fyrir brot af þessu tagi er 70.000 króna sekt eða 6 mánaða fangelsisdvöl. Paris var handtekin í Los Angeles á leið sinni frá skemmtistað. Hún var mæld með 0,8% áfengi í blóðinu en segist sjálf ekki hafa drukkið meira en einn drykk um kvöldið.






# Íslensk hönnun í Hagkaupum


**SUNNA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR** Ungur fatahönnuður á uppleið sem vann fatahönnunarsamkeppni Hagkaupa og hannaði þar af leiðandi heila línu sem væntanleg er í verslanir í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fatahönnuðurinn ungi Sunna Dögg Ásgeirsdóttir vann fatahönnunarkeppni á vegum Hagkaupa fyrr á árinu og fékk því að hanna heila línu fyrir verslunina sem er væntanleg þangað í dag. Þetta er mikil upphefð fyrir ungan hönnuð en ekki er vitað til þess að áður hafi íslensk hönnun verið seld í Hagkaupum.

„Þetta hefur verið skemmtilegur tími og er ég búin að læra mjög mikið af þessu," segir Sunna en hún útskrifaðist úr vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2005 en hefur alla sína tíð haft áhuga á fatahönnun. „Ég fór eiginlega í vöruhönnun til að fá þrívíddina í fatnaðinn. Vöruhönnun er svo vítt svið." Línan hennar sem seld er í Hagkaupum ber nafnið Sunna Dögg og er þar að finna allt frá nærbuxum upp í jakka fyrir stelpur en herralínan er bara bolir til að byrja með. „Meginþráðurinn í fötunum er þægindi og gæði. Þægileg hverdagsföt sem endalaust er hægt að henda í þvott. Ég er sérstaklega ánægð með efnin í fötunum en þau endast mjög vel."

Sunna Dögg rakst á auglýsingu í Hagkaupum fyrir þessari keppni og fór strax heim og skissaði eitthvað upp eins og hún orðar það. „Það kom mér skemmtilega á óvart að vinna keppnina og þar með fékk ég frábært tækifæri til að koma fötunum mínum í framleiðslu og fá að selja þau á viðráðanlegu verði," segir Sunna en fötin hennar verða á hinu hagstæða Hagkaupsverði. „Það er ekki auðvelt að vera fatahönnuður á Íslandi. Hér er öll vinna svo dýr og erfitt að framleiða fatnaðinn hérna heima og því verður íslensk hönnun alltaf svona dýr. Þetta er mjög gott framtak hjá Hagkaupum og gefur íslenskum hönnuðum alvöru tækifæri til að gera stóra línu og koma fötum sínum á framfæri," segir Sunna en fatnaðurinn hennar er framleiddur í Tyrklandi og á Indlandi.

Sunna segir að samstarfið við Hagkaup hafi gengið mjög vel og fékk hún mikið frelsi í hönnuninni. „Þetta verkefni er gott fyrir báða aðila. Hagkaup fær vonandi nýjan markhóp með línunni minni og ég fæ að koma fötunum mínum á framfæri," segir Sunna en ef vel gengur fer hún ekki alveg tómhent út úr þessu verkefni. Hönnunina hennar Sunnu Daggar er hægt að nálgast í öllum Hagkaupsbúðum frá og með deginum í dag.

alfrun@frettabladid.is


**HVERSDAGS** Síðerma bolur í skemmtilegu efni og pils.


**STUTTUR JAKKI** Jakki sem hægt er að snúa við við kjól. MYND/GUYAROCH


**NÁTTFÖT** Þægilegar náttbuxur og hlýrabolur með skemmtilegu munstri úr smiðju Sunnu.


**ÞÆGINDI** Hettupeysa með þægilegu sniði.






# Ekki enn búin að fyrirgefa Justin

Söngkonan geðþekka Janet Jackson var í viðtali hjá spjallþáttadrottningunni Opruh Winfrey á dögunum í tilefni af útgáfu plötu hennar 20 Y.O. Þar talaði hún í fyrsta sinn út um atvikið sem átti sér á tónleikum fyrir úrslitaleik „Superbowl"-keppninnar þar sem hún tróð upp ásamt Justin Timberlake og brjóstið hennar datt út í beinni útsendingu. Þetta vakti gífurleg viðbrögð og fékk Janet harða gagnrýni hjá bandarísku þjóðinni þar sem hún var talin hafa skipulagt uppákomuna.

Janet segir að þetta hafi verið Justin að kenna þar sem hann reif of harkalega í búning hennar með ofangreindum afleiðingum. „Ég hef ekki ennþá talað við Justin síðan atvikið átti sér stað en ég álít hann samt sem áður vin minn. Atvikið var honum að kenna en ég þurfti að sæta allri gagnrýni og hann tók ekki upp hanskann fyrir mig í fjölmiðlum. Það tel ég ekki vera mjög vinalega gert af honum," segir Janet og bætir því við að hún sé ennþá að jafna sig eftir atvikið, sem átti sér stað í febrúar 2004. Janet segir einnig að það hafi komið henni á óvart hversu mikla athygli brjóstið fékk þegar heimurinn er fullur af mikilvægari hlutum til að hafa áhyggjur af.


**JANET JACKSON** Segist ekki vera búin að fyrirgefa Justin Timberlake.


**ATVIKIÐ** Þetta fór mjög fyrir brjóstið á Bandaríkjamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**LINDSAY LOHAN** Er mikið samkvæmisljón.

# Lohan flutt

Ungstirnið Lindsay Lohan er loksins flutt af hinu fræga hóteli Chateau Marmont í Los Angeles og í sitt eigið húsnæði neðar í sömu götu. Lohan keypti fokdýra íbúð í grennd við Sunset Strip fyrir meira en ári.

Stjarnan flutti á hótelið á meðan íbúðin var tekin í gegn en þótt nýju híbýlin hafi verið tekin í gegn fyrir mörgum mánuðum sýndi Lohan ekki á sér neitt fararsnið, starfsfólki hótelsins til mikillar armæðu því Lohan hefur verið iðin við að halda villt partí og gert ófáum nágrönnum sínum rúmrusk. Hún kemur til með að búa á hótelinu í og með næsta mánuðinn, þangað til hún flytur fyrir fullt og allt.



**NICOLE RICHIE** Hraust og hress að eigin sögn.

# Richie svarar fyrir sig

Iðjuleysinginn sívinsæli Nicole Richie þverneitar fréttum um að hún hafi skráð sig inn á meðferðarstofnun til að takast á við átröskun, eins og fjölmiðlar greindu frá á mánudag.

Richie gerði hreint fyrir sínum dyrum á MySpace-heimasíðu sinni. „Það er ekkert til í þeim fréttum CNN að ég hafi skráð mig í meðferð. Ég er heima hjá mér í Los Angeles og hin hressasta. Ég veit ekki hvernig þessi fiskisaga flaug af stað en það er ekki flugufótur fyrir henni. Sá sem ber út svona róg er ekki fallega innrættur.“


ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Sæktu þér þekkingu
## sæktu þér aukinn styrk

### STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

// Excel fyrir viðskiptafræðinga
hefst 16. okt.

// Gerð markaðsáætlana
hefst 16. okt.

// Skráning þekkingarverðmæta og gerð þekkingarskýrslna
hefst 17. okt.

// Nýir stjórnendur
hefst 24. okt.

// Rafræn fræðsla: Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur og fundir á Netinu
hefst 25. okt.

// Forysta: Lærðu að nýta krafta þína
hefst 30. okt.

// Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 31. okt.

### FÉLAGSSVIÐ OG HEILBRIGÐISSVIÐ

// Hvatningaraðferðir í samtalstækni
hefst 10. okt.

// Að vinna með innflytjendum
hefst 23. okt.

// Mannauður í öldrunarþjónustu
hefst 2. nóv.

// Námskeið um heilablóðfall
hefst 6. nóv.

// Sameindamyndgreining - tímamót í læknisfræði
hefst 10. nóv.

Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is eða í síma 525 4444



H:N markaðssamskipti / SIA

// AÐ VAXA OG DAFNA
Endurmenntun sinnir sí- og endurmenntun á háskólastigi og uppfyllir þarfir fólks hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnumarkaði, styrkja sig í starfi, svala forvitninni eða einfaldlega skemmta sér konunglega. Í boði eru u.þ.b. 200 styttri námskeið á fjölmörgum fræðasviðum ásamt fjölbreyttu framboði á námi samhliða starfi.

sími 525 4444
www.endurmenntun.is

REYKJAVÍK JAZZ
27. sept. - 1. okt.

# Dagskrá fimmtudaginn 28.september

## Gammar
Björn Thoroddsen - gítar, Stefán S. Stefánson - saxófónn
Þórir Baldursson - píanó, Bjarni Sveinbjörnsson - bassi
Scott McLemore - trommur. Víkingasalur Hótel Loftleiðir kl. 20.00

## DBK
Tobias Delius - saxófónn, Han Bennink - trommur
Davíð Þór Jónsson - píanó, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson - bassi
Víkingasalur - Hótel Loftleiðir kl. 22.00

## LASER
Sigurður Rögnvaldsson - gítar, Pauli Lyytinen - saxófónn
Jo Berger Myhre - bassi, Andreas Werliin - trommur
Q-bar - Ingólfsstræti 3 kl. 22.30

Allar nánari upplýsingar um tónleikana og aðra viðburði er að finna á www.jazz.is

GLITNIR olís VISA







# Og þá hefst partíið

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Eftir velgengni síðustu plötu hefur The Rapture greinilega ákveðið að fagna aukinni athygli með opnum örmum. Drengirnir urðu óvænt ein af heitari indísveitum Bandaríkjanna eftir útgáfu Echoes fyrir þremur árum síðan og þessi nýja plata er svo aðgengileg að ég sé ekki annað en að þeir neyðist til þess að teygja verulega úr höndunum ætli þeir sér að ná utan um þann skara fólks sem á eftir að laðast að þeim núna.

Þetta er vel heppnuð skífa á allan hátt. Þeir ná að þróa diskóindírokk sitt á næsta stig og leggja meiri áherslu en fyrr að fá fólk til þess að hrista á sér beinagrindina. Lagasmíðar eru töluvert poppaðri, en útsetningar þó ekki of fjarri því sem aðdáendur þekkja fyrir. Það er heldur ekki eitt slappt lag að finna hérna. Þetta verður án efa vinsælasta plata The Rapture til þessa.

Strax á fyrsta lagi, Don Gon Do It, er stefnan sett. Sveitin greinilega búin að uppgötva galdur viðlagsins, og önglarnir vel slípaðir. Önnur frábær lög eru partíslagararnir Get Myself Into It, The Devil og Whoo! Alright-Yeah... Uh Huh.

Það sem The Rapture hefur fram yfir margar nýjar sveitir í dag er skýr stefna. Þeir vita nákvæmlega hvert þeir vilja fara, eru ófeimnir við áhrif frá eldri sveitum og ná því að skapa eitthvað nýtt og spennandi úr þeim. Söngvarinn syngur ennþá örlítið eins og Robert Smith á yngri árum, og þá má enn heyra brot af Public Image Ltd. og Happy Mondays. Samt er einhvern veginn ekki hægt að kalla þennan hljóm neitt annað en þeirra eigin. Við eigum bókað eftir að heyra nokkrar eftirhermur á næstu árum.

Birgir Örn Steinarsson




**THE RAPTURE:**

PIECES OF THE PEOPLE WE LOVE

**Niðustaða:** Með þessari plötu gæti The Rapture hæglega komið sér fyrir í fremstu röð bandarískra indísveita. Pieces... er sköpuð til þess að skemmta hlustandanum og nær að uppfylla allar væntingar.

# Ásgeir Páll til Austurríkis

Ásgeir Páll Ágústsson úr örvhenta þríeykinu í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni er á leið til Austurríkis í einn og hálfan mánuð í einkanám í óperusöng. „Ég lauk burtfararprófi í söng í vor og stunda nú söngkennaranám við Söngskólann í Reykjavík,“ segir Ásgeir Páll en hann heldur utan hinn 3. október. „Kennarinn sem ég ætla að fara til heitir Anton Steingruber og var söngvari sjálfur. Hann er ástfanginn af Íslandi og hefur komið hingað fjórum sinnum á þessu ári, bæði til að kenna söng og skoða landið. Það hefur tekist með okkur ágætis vinskapur og hann bauð mér að koma til sín í raddþjálfun.“

Ásgeir mun búa á heimili kennarans og taka sextíu söngtíma á þrjátíu dögum, þannig að búast má við að hann verði í topp söngformi þegar hann kemur heim í lok nóvember. Útvarpsmaðurinn Bragi Guðmundsson mun fylla skarð Ásgeirs í Reykjavík síðdegis á meðan Ásgeir menntar sig frekar í söngnum. - sig



**ÓPERUSÖNGVARI** Ásgeir Páll hefur numið söng í mörg ár og hefur lokið burtfararprófi í óperusöng en er nú á leið til Austurríkis í einkanám.

# Kynlífshneyksli í Big Brother

Big Brother-æðið hefur teygt sig til Norðurlanda og nýtur mikilla vinsælda hjá frændum vorum í austri. Finnska útgáfan gæti þó verið í uppnámi eftir að karlkyns þátttakandi gerðist ansi nærgöngull við stúlku í þættinum og er atvikið orðið að lögreglumáli, að því er fram kemur á vef Ekstra blaðsins.

Forsagan er sú að fólkið hafði setið að sumbli um kvöldið og ratað upp í rúm seinna um nóttina. Þegar stúlkan var komin í fastasvefn gerði karlmaðurinn sig líklegan til að klæða hana úr fötunum, beint fyrir framan myndavélarnar og þar af leiðandi nokkra tugi þúsunda áhorfenda. Hann var hins vegar stöðvaður af stjórnendum þáttarins, sem kölluðu hann upp í svokallað „aðgerðarherbergi“ og héldu honum þar uns lögreglan kom á svæðið og handtók manninn.

Kynlíf hefur leikið stórt hlutverk í þáttunum og er skemmst að minnast frjálslegrar hegðunar sænskra þátttakenda í þættinum sem fór mjög fyrir brjóstið á siðapostulum þar í landi. Þá varð ástralska útgáfan fyrir miklum álitshnekki þegar tveir karlmenn reyndu að nauðga stúlku í þættinum.



**BIG BROTHER Í SVÍPJÓÐ** Þættirnir verða sífellt svæsnari með hverri þáttaröðinni og hefur hvert kynlífshneykslið á fætur öðru komið upp.






Reykjavík International Film Festival Sept 28 Oct 8 2006

HÁSKÓLABÍÓ 28. SEPT.

| | |
|---|---|
| MEZCAL | 18:00 |
| RÚSSNESKA ÖRKIN | 18:00 |
| PÚÐURTUNNAN | 18:00 |
| SUMARHÖLLIN | 20:00 |
| DRAUMUR Á ÞORLÁKSMESSUNÓTT | 20:00 |
| SKJALDBÖKUR GETA FLOGIÐ | 20:10 |
| TJÓN | 20:15 |
| UMSÁTUR | 22:30 |
| NORÐURKJÁLKINN | 22:30 |
| PRINSESSA | 23:00 |




| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 7 | STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7 |
| NACHO LIBRE VIP | kl. 6 - 8 - 10:10 | | THE PROPOSITION | kl. 8 | B.i. 16 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl. | kl. 4 - 6 | Leyfð | PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | kl. 10 | B.i.12 |
| THE WILD M/- ensku tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 8 - 10:10 | B.i.16 | OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 | | | |

www.sambioin.is 575 8900

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 10:15 | B.i.14. |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 5:50 - 8 | B.i. 7 |
| UNITED 93 | kl. 10:15 | B.i.14 |

www.sambioin.is

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 | B.i.14 |
| UNITED 93 | kl. 10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10 | |
| UNITED 93 Síð. Sýn | kl. 8 - 10 | Leyfð |

Munið afsláttinn

# Gekk vel að vinna með von Trier

**Benedikt Erlingsson leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Direktøren for det hele, sem er fyrsta gamanmyndin úr smiðju Lars von Trier.**



LEIKUR HANN JÓN ÁSGEIR? Friðrik Þór Friðriksson þykir sýna lipra takta fyrir framan myndavélina en hann er öllu vanari að vera fyrir aftan hana.

Myndin segir frá auðjöfrinum Ravn sem farið hefur huldu höfði innan fyrirtækis síns IT. Þegar hann ákveður að selja fyrirtækið íslenskum kaupsýslumönnum heimta þeir að fá að hitta þennan huldumann og Ravn grípur til þess bragðs að ráða atvinnulausan leikara að nafni Kristoffer til að leika sjálfan sig með kostulegum afleiðingum. Þeir Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson leika hina áköfu íslensku viðskiptamenn en auk þeirra fer sjálfur Örninn, Jens Albinus, með aðalhlutverkið.

Benedikt Erlingsson var búsettur í Danmörku þegar farið var á leit við leikarann að taka að sér hlutverk í kvikmyndinni. Benedikt var hvergi smeykur við að leika undir stjórn von Triers, sem eins og kunnugt er leikstýrði söngkonunni Björk Guðmundsdóttur við gerð myndarinnar Dancer in the Dark og kostaði það mikil átök. „Björk hefur greinilega tekist að temja von Trier því hann sýndi okkur mikla virðingu og vinsemd og vitnaði meira að segja í Fóstbræðrasögu," sagði Benedikt en vildi þó ekki meina að leikstjórinn danski hefði verið hreinlegur smeykur um að styggja Íslendingana.



KAMPAKÁT Á FRUMSÝNINGU Leikhópurinn allur saman kominn og augljóst að Friðrik Þór hefur ákaflega gaman af öllu saman. MYND/CARLOS S. ALVAREZ

„Hann glímir auðvitað bara við sinn mannlega breyskleika eins og við hin," bætti Benedikt við.

Íslensku persónurnar í myndinni eru málpípur Triers í myndinni og leikstjórinn notar þær óspart til að tala illa um landa sína. „Danir hafa verið í mikilli naflaskoðun að undanförnu og reynt að skilja af hverju Íslendingar eru svona gráðugir í útrás sinni," sagði Benedikt en von Trier lýsti því yfir í nýlegu viðtali að hann teldi íslensku þjóðina hreinlega elska að hata Dani. „Þeir halda að við höfum einhverja ægilega minnimáttarkennd gagnvart þeim og maður verður bara að leika það fyrir þá," segir Benedikt og hlær.



AÐSTOÐARMAÐUR ÍSLENSKS AUÐKÝFINGS Benedikt Erlingsson er hér í hlutverki sínu sem aðstoðarmaður Friðriks Þórs.



Í GÓÐRA VINA HÓPI Friðrik Þór Friðriksson er hér ásamt Jens Albinus, aðalleikara myndarinnar, og Vibeke Windelov, kvikmyndaframleiðanda. MYND/ROBIN JØRGENSEN

Benedikt segir Lars von Trier vera ákaflega skemmtilegan náunga og urðu þeir félagar hinir mestu mátar við gerð myndarinnar, von Trier var meðal annars uppnefndur Lars vinur Benna. Leikarinn varð þess heiðurs aðnjótandi að fá að fara með Trier í lyftu, eitthvað sem leikstjórinn hafði ekki gert í háa herrans tíð. „Hann var bleikur af hræðslu á leiðinni upp en heimtaði að fara einn niður með lyftunni," segir Benedikt, og bætir því síðan við að von Trier hafi lofað að koma til Íslands enda verið boðið í veiði af Friðrik Þór. „Hann þarf bara að yfirvinna hræðslu sína við skip og flugvélar."

freyrgigja@frettabladid.is



CYNTHIA NIXON Ekkert mál að verða skotin í konu.

# Kom aldrei út úr skápnum

Cynthia Nixon, sem fór með eitt af aðalhlutverkunum í sjónvarpsþáttunum Beðmál í borginni, segist aldrei hafa bælt niður kynhneigð sína, þrátt fyrir að hafa yfirgefið kærasta sinn fyrir konu árið 2003.

Leikkonan varð ástfangin að konu að nafni Christine Marinoni og segir að þótt það hafi snúið veröld sinni á hvolf hafi það ekki haft neitt með kynhneigð að gera. „Mér leið aldrei eins og eitthvað í undirmeðvitundinni hefði vaknað upp við þetta og kom því aldrei úr skápnum. Mér fannst þetta ekkert erfitt. Ég hitti konu og varð ástfangin. Svo einfalt er það."



## > Hlynur og Anton dæma hjá Börsungum



Þar sem Stefán Arnaldsson og Gunnar Viðarsson hafa lagt flautuna á hilluna má gera ráð fyrir að mikið muni mæða á þeim Antoni Gylfa Pálssyni og Hlyni Leifssyni, sem eru eina dómaraparið hér á landi sem hefur alþjóðleg réttindi. Þeir félagar fá væntanlega nóg að gera erlendis í vetur og fyrsta verkefni vetrarins er ekki ónýtt en þeir félagar munu dæma leik Barcelona og Hammarby í Meistaradeildinni hinn 7. október næstkomandi. Barcelona er eitt besta félagslið heims og spænskur meistari en hjá Hammarby eru kunnir kappar og fer þar fremstur þjálfari liðsins og Íslandsvinurinn Staffan „Faxi“ Olsson.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÁRMANN SMÁRI BJÖRNSSON: VAR SAGT AÐ TAKA ÞVÍ RÓLEGA Í GÆR

# Fékk gubbupest og var einangraður



Hornfirðingurinn Ármann Smári Björnsson varð fyrir því óláni að næla sér í gubbupest í fyrrinótt og ákváðu þjálfarar Brann í kjölfarið að einangra hann frá liðinu, til að forðast smithættu. Sjálfur segir hann reyndar að um smávægilegt atvik hafi verið að ræða og býst hann við því að jafna sig fljótt og geta jafnvel byrjað hefðbundnar æfingar aftur í dag.

„Mér var sagt að vera heima og taka því rólega í dag,“ sagði Ármann Smári er Fréttablaðið sló á þráðinn til hans. „Þetta eru nú ekki stórvægileg veikindi,“ bætti hann við í léttum dúr.

Félagi hans hjá Brann, Kristján Örn Sigurðsson, tekur út leikbann í næsta leik liðsins, sem verður á mánudaginn gegn Odd Grenland á heimavelli. Búist er við að Ármann Smári fylli skarðið hans og býst hann ekki við að veikindin setji strik í reikninginn. „Ég verð örugglega orðinn ferskur á morgun. Það er reyndar ekkert búið að stilla upp liðinu fyrir þann leik og því veit ég ekki hvort ég spila í stað Kristjáns eða ekki.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær var Ármann Smári í liði ársins í Landsbankadeild karla og í þriðja sæti í einkunnagjöf blaðamanna fyrir tímabilið allt. Hann lék stærstan hluta tímabilsins með FH áður en hann hélt utan og stóð sig einkar vel.

Fimm umferðir eru eftir í norsku úrvalsdeildinni og er spennan mikil við toppinn. Brann er í efsta sæti en Rosenborg kemur næst, stigi á eftir, og á einn leik til góða - gegn Tromsö í kvöld. Liðin mætast innbyrðis í næstsíðustu umferðinni hinn 22. október og ef fer sem horfir má búast við að það verði úrslitaleikur um titilinn.

Mikið fótboltafár hefur gripið Björgvinjarbæ og er allt útlit fyrir að aðsóknarmet á heimaleiki liðsins verði slegið en það var sett árið 1963 - síðast þegar Brann varð meistari.



DAVID BECKHAM Fagnar marki Ruud van Nistelrooy. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýr samningur Beckhams:

## Viðræður hefjast í vikunni

**FÓTBOLTI Fulltrúar Davids Beckham munu í vikunni hefja viðræður við forráðamenn Real Madrid um að framlengja samning Beckhams við félagið um þrjú ár. Sjálf hefur enska stórstjarnan sagst vilja þriggja ára samning og leggja skóna svo á hilluna að honum loknum. Núverandi samningur hans rennur út í lok tímabilsins.**

**Beckham hefur ekki átt sæti í byrjunarliðinu undir stjórn Fabio Capello en engu að síður er talið að stjórinn ítalski vilji halda honum. Þá er forseti Real, Roman Calderon, einnig afar áhugasamur um að halda Beckham innan raða félagsins.** - esá

# Sterk liðsheild skóp sigurinn

**Íslandsmeistarar Fram hófu titilvörn sína með glæsibrag í gær er þeir fóru á erfiðan útivöll í Garðabæ og innbyrtu öruggan og sanngjarnan fjögurra marka sigur, 26-30, á Stjörnunni sem átti ekki góðan dag.**

HANDBOLTI Þessi sömu lið mættust í meistarakeppni HSÍ á dögunum og þá vann Stjarnan frekar óvæntan stórsigur. Minnugir þess sem illa fór í þeim leik mættu Framarar mjög grimmir til leiks. Þeir tóku mjög fast á leikmönnum Stjörnunnar, keyrðu góð hraðaupphlaup og ef ekki hefði verið fyrir frábæra markvörslu Rolands Eradze hefðu Framarar stungið af mjög snemma í leiknum.

Varnarleikur Fram var til fyrirmyndar allan hálfleikinn og svo öflug var hún að Björgvin þurfti lengi vel ekki að hjálpa til í markinu. Á sama tíma var sóknarleikur Stjörnunnar ráðleysislegur, tilviljanakenndur og byggðist alfarið upp á einstaklingsframtaki. Þegar allt þraut var Tite Kalandadze sendur inn á en hann virtist ekki hafa leikið handbolta í mörg ár og er víðs fjarri því formi sem hann var í hjá ÍBV á sínum tíma.

Framarar byggðu um miðjan hálfleikinn upp ágætt forskot og þegar blásið var til leikhlés voru gestirnir í fínum málum með fjögurra marka forystu, 12-16.

Stjörnumenn mættu mun grimmari til síðari hálfleiksins og þökk sé markvörslu Rolands og hraðaupphlaupsmörkum Elías Más komust þeir fljótt inn í leikinn aftur. Þegar 11 mínútur voru liðnar af síðari hálfleiknum jafnaði Stjarnan leikinn, 19-19, og það var vel við hæfi að Elías Már gerði það en hann var þá að skora áttunda mark sitt í leiknum.



STEFÁN STERKUR Framarinn Stefán Baldvin Stefánsson átti mjög góðan leik í gær og skoraði úr öllum sex skotum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Framarar rönkuðu þá við sér og héldu eins til tveggja marka forskoti. Þegar átta mínútur lifðu leiks voru þeir síðan í mjög góðum málum með fimm marka forystu, 22-27. Það bil náði Stjarnan aldrei að brúa og Fram vann því öruggan og sanngjarnan sigur, 26-30.

Það er óhætt að segja að þetta haf verið sigur liðsheildarinnar enda stóð enginn sérstakur upp úr hjá Fram. Leikmenn spiluðu vel hver fyrir annan, voru ósérhlífnir og spiluðu flottan varnarleik. Að sama skapi var einstaklingsframtakið algjört hjá Stjörnunni. Roland, Elías og Patrekur voru góðir en flestir aðrir voru mjög slakir hreint út sagt.

„Ef ég hefði mátt velja fyrir fram þá hefði ég frekar viljað vinna þennan leik en meistarakeppnina þannig að ég er sáttur,“ sagði brosmildur þjálfari Fram, Guðmundur Guðmundsson.

„Liðið spilaði mun betur núna en síðast og þetta byggist á liðsheild hjá okkur enda engin stjarna í liðinu frekar en í fyrra. Við þurfum að hafa fyrir hlutunum og ég held að við höfum komið þeim á óvart með 6/0-vörninni sem við spiluðum. Þetta er frábær byrjun og sterkt að koma hingað og taka tvö stig.“

henry@frettabladid.is


filmfest.is

BAUGUR GROUP



Drottningin

Tjarnarbíó 20:00

The Queen

*Helen Mirren fékk nýverið gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir túlkun sína á Elísabetu Englandsdrottningu í þessari ótrúlegu mynd sem segir frá því hvernig konungsfjölskyldan brást raunverulega við dauða Díönu prinsessu.*

Himinninn
22:00 | Slokkni ljós - kvikni stjörnur

Tjarnarbíó
14:00 | Uppstoppun
16:00 | Sæluvíma
20:00 | Drottningin
22:30 | Shortbus

Iðnó
14:00 | Óhlekkjaðir
16:00 | Dæmdir heim
18:00 | Florence afhjúpuð
20:00 | Brosað á stríðssvæði
22:30 | Eins og Rollingarnir

Háskólabíó
18:00 | Mescal
18:00 | Rússneska örkin
18:00 | Púðurtunnan
20:00 | Sumarhöllin
20:00 | Draumur á Þorláksm...
20:10 | Skjaldbökur geta flogið
20:15 | Tjón
22:30 | Umsátur
22:30 | Norðurkjálkinn
23:00 | Prinsessa

Reykjavík International Film Festival
Sept 28 Okt 8 2006




Það var boðið upp á frábæra skemmtun í meistaradeild Evrópu í gær:

# Didier Drogba skoraði þrennu

FÓTBOLTI Átta hörku leikir voru háðir í meistaradeild Evrópu í gær og í þeim voru skoruð tuttugu og þrjú mörk. Það var sannkölluð flugeldasýning á Anfield þar sem að Liverpool og Galatasaray mættust. Chelsea gerði góða ferð til Búlgaríu og sigraðiu Levski 3-1 þar sem Didier Drogba skoraði þrennu. Eiður Smári fékk að reyna sig síðustu 25 mínúturnar í leik Barcelona og Werder Bremen þar sem Evrópumeistararnir urðu að sætta sig við 1-1 jafntefli.

Liverpool og Galatasaray buðu áhorfendum upp á frábæra skemmtun í gær og þeir ensku byrjuðu leikinn með miklum látum. Eftir fjórtán mínútur höfðu þeir Peter Crouch og Luis Garcia komið Liverpool í 2-0 og allt stefndi í stórsigur heimamanna.

Ekki var fjörið minna í síðari hálfleik og Peter Crouch var aftur á ferðinni í upphafi hálfleiksins þegar hann skoraði þriðja mark Liverpool með glæsilegri bakfalls spyrnu. Eftir þetta virtust leikmenn Liverpool slaka mikið á og leikmenn Galatasaray gengu á lagið. Ümit Karan skoraði tvö mörk og á 65. mínútu var staðan orðin 3-2 og allt opið í báða enda. Lengra komust leikmenn Galatasaray þó ekki og lokatölur því 3-2, Liverpool í vil.



ÞESSI SMALL Í ÞVERSLÁNNI Didier Drogba átti mjög góðan leik fyrir Chelsea og skoraði þrennu í gær. Þetta skot hans hafnaði hins vegar í þverslánni á marki Levski. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Evrópumeistarar Barcelona fóru til Þýskalands og mættu þar Werder Bremen. Eiður Smári byrjaði leikinn á bekknum en kom inn á fyrir Samuel Eto‘o á 65. mínútu. Leikurinn endaði með jafntefli, 1-1, en það voru samt sem áður leikmenn Barcelona sem skoruðu bæði mörkin í leiknum því Carles Puyol varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark áður en Lionel Messi jafnaði metin mínútu fyrir leikslok.

Chelsea heimsótti Levski í Sofiu og fyrirfram var búist við auðveldum sigri hjá ensku meisturunum. Didier Drogba gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu fyrir Chelsea í leiknum sem endaði með 3-1 sigri Chelsea og ljóst er að liðið er til alls líklegt í vetur.

Inter tók á móti Bayern München í gær og varð að sætta sig við 2-0 tap. Zlatan Ibrahimovic og Fabio Grosso fengu báðir að líta rauða spjaldið í leiknum og leikmenn Inter hafa því fengið þrjú rauð spjöld í tveimur fyrstu leikjunum. - dsd

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *DHL-deild karla*

STJARNAN-FRAM 26-30 (12-16)

**Mörk Stjörnunnar (skot)**: Elías Már Halldórsson 11 (14), Patrekur Jóhannesson 6 (14), Volodymir Kybil 3 (4), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (4), Guðmundur Guðmundsson 1 (2/1), Björn Óli Guðmundsson 1 (3), Tite Kalandadze 1 (4).
**Varin skot**: Roland Valur Eradze 20.
**Hraðaupphlaup**: 6 (Elías 4, Patrekur, Guðmundur).
**Fiskuð víti**: 1 (Patrekur).
**Mörk Fram (skot)**: Stefán Baldvin Stefánsson 6 (6), Jóhann Gunnar Einarsson 6/4 (9/4), Sigfús Sigfússon 5 (7), Hjörtur Hinriksson 4 (8), Rúnar Kárason 3 (5), Þorri Gunnarsson 2 (2), Haraldur Þorvarðarson 2 (4), Andri Berg Haraldsson 2 (10)
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 13/1, Björn Friðþjófsson 2.
**Hraðaupphlaup**: 5 (Hjörtur 2, Jóhann, Stefán, Þorri).
**Fiskuð víti**: 4 (Sigfús 2, Hjörtur, Haraldur).

ÍR-HAUKAR 36-30 (18-12)

**Mörk ÍR (skot)**: Björgvin Hólmgeirsson 12/2 (16/2), Davíð Georgsson 11/6 (12/6), Ólafur Sigurgeirsson 3 (3), Jón Heiðar Gunnarsson 3 (3), Ragnar Helgason 3 (3), Ivan Jovanovic 3 (5), Egill Björgvinsson 1 (1).
**Varin skot**: Lárus Ólafsson 8/1, Þorgils Jónsson 6.
**Hraðaupphlaup**: 2 (Björgvin, Ragnar).
**Fiskuð víti**: 8 (Björgvin 3, Jón Heiðar 3, Ragnar, Ivan).
**Mörk Hauka (skot)**: Guðmundur Pedersen 7/6 (10/7), Samúel Ívar Árnason 5 (6), Árni Þór Sigtryggsson 5 (5), Freyr Brynjarsson 4 (5), Kári Kristjánsson 2 (2), Andri Stefan 2 (2), Gísli Þórisson 2 (7), Sigurbergur Sveinsson 1 (1), Jón Karl Björnsson 1 (2).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 6.
**Hraðaupphlaup**: 2 (Samúel 2).
**Fiskuð víti**: 7 (Guðmundur 4, Kári 2, Samúel).

### *DHL-deild kvenna*

HAUKAR-AKUREYRI 39-23

**Mörk Hauka:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8, Ramune Pekarskyte 8, Harpa Melsted 6, Sandra Stojkovic 6, Erna Þráinsdóttir 4, Erna Halldórsdóttir 2, Nína Björnsdóttir 2, Ingibjörg Karlsdóttir 1, Herdís Hallsdóttir 1, Tinna Ósk Þorvaldsdóttir1.
**Mörk Akureyrar:** Guðrún Helga Tryggvadóttir 6, Þorsteina Sigurbjörnsdóttir 5, Ester Vilhelmsdóttir 4, Jóhanna Tryggvadóttir 3, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Erla Tryggvadóttir 2, Auður Ómarsdóttir 1.

### *Meistaradeild Evrópu*

**A-RIÐILL**

WERDER BREMEN-BARCELONA 1-1

1-0 Carles Puyol, sjálfsmark (56.), 1-1 Lionel Messi (89.).

LEVSKI SOFIA-CHELSEA 1-3

0-1 Didier Drogba (39.), 0-2 Didier Drogba (52.), 0-3 Didier Drogba (68.), 1-3 Mariyan Ognyanov (89.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 CHELSEA** | **2** | **2** | **0** | **0** | **6-3** | **6** |
| 2 BARCELONA | 2 | 1 | 1 | 0 | 6-1 | 4 |
| **3 W. BREMEN** | **2** | **0** | **1** | **1** | **3-4** | **1** |
| 4 LEVSKI SOFIA | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-8 | 0 |

**B-RIÐILL**

SPARTAK MOSKVA-SPORTING LISSABON 1-1

1-0 Denis Boyarinstev (5.), 1-1 Nani (59.).

INTER-BAYERN MÜNCHEN 0-2

0-1 Claudio Pizarro (81.), 0-2 Lukas Podolsky (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 BAYERN M.** | **2** | **2** | **0** | **0** | **6-0** | **6** |
| 2 SPORTING | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-1 | 4 |
| **3 SP. MOSKVA** | **2** | **0** | **1** | **1** | **1-5** | **1** |
| 4 INTER | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-3 | 0 |

**C-RIÐILL**

BORDEAUX-PSV EINDHOVEN 0-1

0-1 Mika Väyrynen (65.).

LIVERPOOL-GALATASARAY 3-2

1-0 Peter Crouch (9.), 2-0 Luis Garcia (14.), 3-0 Peter Crouch (52.), 3-1 Ümit Karan (59.), 3-2 Ümit Karan (65.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 LIVERPOOL** | **2** | **1** | **1** | **0** | **3-2** | **4** |
| 2 PSV | 2 | 1 | 1 | 0 | 1-0 | 4 |
| **3 GALATAS.** | **2** | **0** | **1** | **1** | **2-3** | **1** |
| 4 BORDEAUX | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-1 | 1 |

**D-RIÐILL**

SHAKHTAR DONETSK-OLYMPIAKOS 2-2

0-1 Michalis Konstantinou (24.), 1-1 Tomas Hübschman (34.), 1-2 Nery Castillo (68.), 2-2 Ciprian Marica (70.).

VALENCIA-AS ROMA 2-1

1-0 Miguel Angulo (12.), 1-1 Francesco Totti, víti (19.), 2-1 David Villa (29.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 VALENCIA** | **2** | **2** | **0** | **0** | **6-3** | **6** |
| 2 ROMA | 2 | 1 | 0 | 1 | 5-2 | 3 |
| **3 OLYMPIAKOS** | **2** | **0** | **1** | **1** | **4-6** | **1** |
| 4 SHAKHTAR D. | 2 | 0 | 1 | 1 | 2-6 | 1 |

### *Danmörk - úrvalsd. karla*

FC KAUPMANNAHÖFN-TMS RINGSTED 36-25

Arnór Atlason skoraði 6 mörk og Gísli Kristjánsson skoraði 3 mörk fyrir FC Kaupmannahöfn.

SKJERN-BJERRINGBRO/SILKEBORG 32-25

Vignir Svavarsson skoraði 3 mörk fyrir Skjern.

### *Spánn - úrvalsdeild karla*

CIUDAD REAL-CANTABRIA SANTANDER 38-28

Hið unga og óreynda lið ÍR kom skemmtilega á óvart gegn sterku liði Hauka í gær og vann 36-30:

# ÍR-ingar kjöldrógu Hauka í Austurbergi

**HANDBOLTI** ÍR-ingar gerðu sér lítið fyrir og lögðu Hauka nokkuð óvænt í Austurberginu í gær. ÍR-ingar voru skrefinu á undan í upphafi leiks en um miðjan fyrri hálfleik keyrðu þeir yfir Hauka og náðu öryggri forystu. Á lokakafla hálfleiksins skoruðu ÍR-ingar fimm mörk gegn einu marki gestanna og höfðu 18-12 forskot þegar haldið var í hálfleikinn.

Í seinni hálfleik náðu Haukamenn aldrei að saxa forskotið almennilega niður og ÍR var algjörlega með yfirhöndina. Liðið stjórnaði leiknum og gaf ekkert eftir. Á endanum vann liðið mjög svo öruggan og glæsilegan sigur 36-30. ÍR-ingar spiluðu mjög góða vörn og greinilegt að koma Jóns Heiðars Gunnarssonar frá HK hefur þar mikið að segja en Jón Heiðar átti fantagóðan leik í gær.

Í sókninni voru Björgvin Hólmgeirsson og Davíð Georgsson í aðalhlutverki en báðir eru þeir aðeins nítján ára og gríðarlega efnilegir. Þeir skoruðu vel yfir helming marka ÍR, Björgvin með tólf og Davíð Georgsson ellefu. ÍR-ingum var spáð neðsta sæti fyrir tímabilið, en þeir sýndu það í gær að þeir ætla að afspanna þær spár. Enginn má vanmeta þetta lið þrátt fyrir miklar breytingar frá því í fyrra, þeir hafa ungt og samhent lið sem getur vel halað inn stig í vetur.

**Stórglæsilegur sigur**

Svo virðist sem barátta ÍR-inga hafi komið Haukum í opna skjöldu og lykilmenn liðsins voru langt frá sínu besta. Ekki stóð steinn yfir steini í varnarleiknum og í seinni hálfleik var gangur leiksins farinn að fara í taugarnar á leikmönnum. Ekki sú byrjun sem Haukar óskuðu sér og greinilegt að Páll Ólafsson þarf að laga margt fyrir næsta leik liðsins sem er í Evrópukeppninni á Ítalíu um helgina. **- egm**



**STOPPA HÉR** Andri Stefan og félagar í Haukum komust ekkert áleiðis í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





INNKAUPAKORT VISA




- **Innkaupakort VISA** er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil **Innkaupakorts** er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.
Nánari upplýsingar í síma 525-2280

Nýr dagur – ný tækifæri VISA





Sverrir Garðarsson hefur ekki mætt á æfingar hjá FH síðustu vikur:

# Sáttafundur hjá Sverri og framkvæmdastjóranum

**FÓTBOLTI** Hinn efnilegi miðvörður Íslandsmeistara FH, Sverrir Garðarsson, er hugsanlega búinn að leika sinn síðasta leik fyrir félagið. Ágreiningur kom upp á milli Sverris og Ólafs Jóhannessonar, þjálfara FH, fyrir leik FH og ÍBV hinn 10. september síðastliðinn.

Sá ágreiningur leiddi til þess að Sverrir hefur ekkert mætt á æfingar hjá Ólafi síðan og hefur haldið sér í formi með því að æfa einn síns liðs og einnig hefur hann rekið inn nefið á æfingum hjá handboltaliði félagsins. Sverrir mun hitta Pétur Stephensen, framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar FH, á fundi í dag þar sem þeir munu fara yfir stöðuna og ef vel gengur mun hann hitta Ólaf þjálfara á fundi í kjölfarið.


**SVERRIR GARÐARSSON** Efnilegur miðvörður sem myndu nýtast flestum liðum vel.

Sverrir vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær. Samningur Sverris við FH klárast fljótlega og hann er frjáls ferða sinna í kjölfarið og getur samið við hvaða lið sem hann kýs.

**- hbg**

# Ólafur ræður sig ekki til vinnu á miðvikudögum

**Á heimasíðu Fram birtist frétt um að búið væri að ráða Ólaf Þórðarson til að þjálfa meistaraflokk liðsins næstu þrjú árin. Sjálfur vildi Ólafur ekkert segja um stöðu mála og sagði að hann byrjaði ekki á nýjum hlutum á miðvikudögum.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Þórðarson verður næsti þjálfari Fram, eftir því sem fram kom á heimasíðu félagsins síðari part dags í gær. Ólafur hefur átt í viðræðum við liðið frá því í síðustu viku en um tíma leit út fyrir að Heimir Guðjónsson tæki við starfinu. Hann ákvað svo að framlengja frekar samning sinn við Íslandsmeistara FH þar sem hann hefur starfað sem aðstoðarþjálfari.

Ólafur vildi hins vegar ekki staðfesta sjálfur að málið væri í höfn, enda ekki enn búið að undirrita samninginn. „Það er bara ekki alveg rétt sem kemur fram á heimasíðunni," sagði Ólafur við Fréttablaðið. „Það er þó mjög nálægt því að allt verði klappað og klárt í þessu máli en þangað til er best að þegja."

Ástæðu þessa segir hann vera hjátrú. „Ég mun ekki ganga frá þessu máli í dag," sagði hann í gær. „Ég skrifa aldrei undir nýja samninga á miðvikudögum. Ég er hrifnari af því að gera samning á fimmtudögum, föstudögum, laugardögum eða sunnudögum. Þetta er ákveðin hjátrú að byrja almennt aldrei á nýjum hlutum nema á þessum dögum."

Þeir sem þekkja Ólaf vita að hann er hjátrúarfullur maður að eðlisfari og játar hann því sjálfur. „Og þar af leiðandi get ég ekkert tjáð mig frekar um þetta mál."

Eins og alkunna er var Ólafur þjálfari ÍA þar til nú í sumar þegar hann sagði starfi sínu lausu. Þá voru liðin tæp sjö ár síðan hann tók við Skagamönnum, þar sem hann lék lengst af sem leikmaður. Þjálfaraferli hans lauk á sama stað og leikmannaferli hans, hjá Fylki í Árbænum. Hann kom liðinu upp í efstu deild sumarið 1999 en hætti undir lok tímabilsins til að taka við ÍA.


**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Ekki búinn að skrifa undir samning en verður sennilega næsti þjálfari Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á Skipaskaga varð hann einu sinni Íslandsmeistari sem þjálfari, árið 2001, og vann tvo bikarmeistaratitla, árin 2000 og 2003. Sem leikmaður varð hann sexfaldur Íslandsmeistari með ÍA og þrefaldur bikarmeistari.

Fram féll úr Landsbankadeildinni í fyrra þegar Ólafur Helgi Kristjánsson stýrði liðinu en hann lét af störfum um haustið. Hinn gamalreyndi Ásgeir Elíasson tók þá við Fram og undir hans stjórn vann liðið sigur í 1. deildinni í haust en stjórn knattspyrnudeildar var óánægð með spilamennsku liðsins í sumar og ákvað því að framlengja samning Ásgeirs ekki.

Staða þjálfaramála í Safamýrinni hefur verið í nokkurri óvissu síðan þá en nú er allt útlit fyrir að það verði verkefni Ólafs að festa liðið aftur í sessi í hópi sterkustu liða landsins.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

Atli Viðar Björnsson, sóknarmaður hjá FH:

## Framtíðin óráðin hjá Atla Viðari

**FÓTBOLTI** Framtíð framherjans skemmtilega frá Dalvík, Atla Viðars Björnssonar, er óráðin en hann er að klára samning sinn við FH og hefur ekki fengið nýtt samningstilboð frá félaginu.

„Mest af minni orku fer í að ná mér góðum af meiðslunum þessa dagana en svo þarf maður sjálfsagt að skoða sín mál í náinustu framtíð," sagði Atli Viðar í gær en hann sleit krossbönd í sumar og það í annað sinn á sama hnénu.

„Batinn er ágætur og ég ætti að geta byrjað að sparka í kringum jólin. Hnéð lítur ekkert svo illa út og að öllu óbreyttu stefni ég á að spila fótbolta næsta sumar en hvort það verður með FH eða einhverju öðru liði verður að koma í ljós," sagði Atli Viðar.


**ATLI VIÐAR** Stóð sig vel framan af sumri en meiddist síðan illa.

**- hbg**

Óskar Örn Hauksson:

## Líklega á leið frá Grindavík

**FÓTBOLTI** Grindvíkingurinn Óskar Örn Hauksson staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að hann yrði væntanlega ekki áfram í herbúðum Grindavíkur næsta sumar. „Ég á ekkert sérstaklega von á því þó það sé hálffúlt að skilja við liðið í 1. deild og maður á sök á því að liðið sé komið þangað. Mig langar að leika í efstu deild en ætla samt ekki að útiloka neitt," sagði Óskar Örn en hann er að klára samning sinn við Grindavík.

Óskar sagðist hafa heyrt af áhuga nokkurra liða en vildi ekkert segja hvaða lið væru þar á ferðinni.

**- hbg**



9
HVER VINNUR!
MOBILE
Sony Ericsson
WALKMAN
SMS
LEIKUR
FRUMSÝND 29//09//06
WILL FERRELL
TALLADEGA NIGHTS
THE BALLAD OF RICKY BOBBY
SENDU SMS SKEYTIÐ JA TNV
Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ
GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!
BÍÓMIÐI
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
BÍÓ.IS
– allt á einum stað
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
BÍÓ
Borgarbíó

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I have a problem with pussy. I always have, and I'm always gonna.“**

**Svar: James Smith (Glenn Plummer) úr Showgirls frá 1995.**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON HORFÐI Á 6 TIL SJÖ

# Steiktar þjóðhetjur



Á mánudag sá ég þáttinn 6 til sjö í umsjón Felix Bergssonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur í fyrsta sinn. Einhverra hluta vegna hefur þessi þáttur farið algjörlega framhjá mér hingað til. Mínar einu hugmyndir um þáttinn voru auglýsingarnar fyrir hann sem ganga reyndar ekki út á annað en að Felix og Guðrún háma í sig mat og skella upp úr.

Svo gróft var það nú ekki. En ég verð að segja að eins gaman og mér finnst að horfa á matreiðslu í sjónvarpi er vart til meira fráhrindandi sjónvarpsefni en fólk að borða. Og gert að segja eitthvað skemmtilegt í leiðinni. Á mánudag var sjónvarpsmaðurinn Gísli Einarsson fenginn til að malla ofan í spyrla og gesti og gerði það bara með glæsibrag. Á meðan Gísli muldi, skar og marði grænmeti og kjöt mættu Andri Snær Magnason og Ómar Ragnarsson í settið og ræddu sín hjartans mál. Kárahnjúka nánar tiltekið.

Á meðan þeir létu dæluna ganga heyrðist í bakgrunninum hvar Gísli steikti og spældi sem aldrei fyrr, með tilheyrandi snarki og hvissi. Reyndar voru lætin í pönnunni svo mikil að ég gat ekki varist þeirri hugsun að það væri verið að steikja Ómar og Andra, þar sem þeir vörðu góðan en að því er virðist glataðan málstað. Svona geta hljóð og mynd skapað skrýtin hugrenningartengsl.



▶ 23.20 *Gaman*

AÐÞRENGDAR EIGINKONUR



▶ 21.10 *Drama*

BIG LOVE



▶ 20.00 *Dægurmál*

ENTERTAINMENT TONIGHT



▶ 21.30 *Gaman*

SIGTIÐ



▶ 21.15 *Veruleiki*

KF NÖRD

### SJÓNVARPIÐ

**16.20** Íþróttakvöld **16.35** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Lína (1:7) **18.10** Veiðisaga

**18.30** **Upp í sveit (3:4)** Stuttir fræðsluþættir um íslenskan landbúnað.
**18.40** **Konungur vindanna** Leikin þýsk barnamynd. e.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.15** **Sjónvarpið 40 ára (20:21)**
**20.25** **Á ókunnri strönd (8:12)** (Distant Shores II)
**21.15** **Launráð (96)** (Alias V) Jennifer Garner er í aðalhlutverkinu og leikur Sydney Bristow, háskólastúlku sem hefur verið valin og þjálfuð til njósnastarfa á vegum leyniþjónustunnar.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Soprano-fjölskyldan (1:20)** (The Sopranos VI) Ný þáttaröð um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans.

▶ **23.20** Aðþrengdar eiginkonur (34:47) **0.05** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (101:145) **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock from the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** Fresh Prince of Bel Air

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.40** Two and a Half Men (22:24) **15.05** Related (13:18) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Búbbarnir (6:21)**
**20.05** **Í sjöunda himni**
▶ **21.10** **Big Love (5:12)** (Margföld ást) Nicky grunar Bill um að halda framhjá sér og hinum eiginkonum hans tveimur og hún veltir fyrir sér hvort besta mótspilið sé að finna fyrir hann fjórðu eiginkonuna.
**22.05** **Inspector Linley Mysteries**
**22.50** **Grey's Anatomy (13:36)** (Læknalíf) Christina er á batavegi en reynist erfið-ur sjúklingur. Móðir Meredith er að gera starfsfólkið á spítalanum gráhært og horfur eru á að Dr. Addison Shepherd muni ílengjast.

**23.35** The Frighteners (Stranglega bönnuð börnum) **1.20** Hustle (4:6) **2.15** Frailty (Stranglega bönnuð börnum) **3.50** Inspector Linley Mysteries (4:8) **4.35** Big Love (5:12) (Bönnuð börnum) **5.30** Fréttir og Ísland í dag

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Seinfeld** (The Diplomats Club)
▶ **20.00** **Entertainment Tonight**
**20.30** **The War at Home** (Looney Tunes)
**21.00** **Hell's Kitchen** Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsey er kominn aftur með aðra seríuna af Hell/s Kitchen.
**22.00** **Chappelle/s Show** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum.
**22.30** **X-Files** (Ráðgátur)

**23.15** Insider **23.40** Ghost Whisperer (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Krókaleiðir í Kína (3/4) (e)

**15.35** Krókaleiðir í Kína (3/4) (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Game tíví**
**19.45** **Ungfrú heimur 2006: Ameríka** Nú kynnumst við stúlkunum sem berjast um titilinn Ungfrú Ameríka.
**20.10** **The Office**
**20.35** **Everybody Hates Chris**
**21.00** **The King of Queens** Þegar Doug og Carrie fá óvart handrit af einu af rifrildum sínum ákveða þau að leita til hjónabandsráðgjafa. Þegar Arthur kemst yfir plaggið þá verða hjónakornin aðhlátursefni fyrir hóp eldri borgara.
▶ **21.30** **Sigtið (e)**
**22.00** **C.S.I: Miami** Hrottalegt morð er framið á næturklúbbi þar sem ungir menn fá kennslu í að „veiða“ stúlkur.
**22.55** **Jay Leno**

**23.40** America's Next Top Model VI (e) **0.35** 2006 World Pool Masters (e) **1.25** Beverly Hills 90210 (e) **2.10** Melrose Place (e) **2.55** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **9.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**16.45** Meistaradeild Evrópu – endurs **18.25** Evrópukeppni félagsliða (Newcastle – Levadia)

**20.25** **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA tour
**20.50** **Kraftasport** (Íslandsmót Hálandaleikar 2006)
▶ **21.15** **KF Nörd (5:16)** (Alvöru undirbúningur á Hrauninu) Það er kominn tími til að byggja up skap í Nördunum. Logi leggur sig allan fram til að fá blóðið á hreyfingu hjá strákunum og notar ýmsar aðferðir sér til hjálpar. Svo ker komið að þeirra erfiðasta leik til þessa en þeir mæta skuggalegasta knattspyrnuliði landsins, föngum á Litla Hrauni.
**22.00** **Sterkasti maður í heimi 1982**

**23.00** Ameríski fótboltinn **23.30** Evrópukeppni félagsliða **1.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs

### SKJÁR SPORT

**14.00** Wigan – Watford (e) Frá 23.09 **16.00** Middlesbrough – Blackburn (e) Frá 23.09 **18.00** Liverpool – Tottenham (e) Frá 23.09

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (b)**
**21.00** **Fulham Chelsea (e) Frá 23.09**

**23.00** Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (e) **0.00** Dagskrárlok

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir

**19.00** **Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00** **Nýtt í vikunni**
**21.00** **Einbýlishús**
**22.00** **Fjölbýli og hæðir**

**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Special Mary-Kate & Ashley **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** New York Fashion Week Special **20.00** 25 Notorious Fashion Week Moments **21.00** Sexiest Celebrity Hook-Ups **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** New York Fashion Week Special **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Í sjöunda himni



Í kvöld hefur nýr skemmtiþáttur göngu sína er nefnist Í sjöunda himni. Það er enginn annar en Hemmi Gunn sem er stjórnandi þáttanna, sem sýndir eru í beinni útsendingu frá NASA við Austurvöll. Meðal gesta í fyrsta þætti vetrarins verða rokkstjörnurnar Magni og Dilana. Hún kemur til landsins á morgun til að heimsækja Magna en mikill vinskapur tókst með þeim á meðan tökum á Rockstar fór fram. Meðal annarra gesta í þættinum eru markahrókurinn og Íslandsmeistarinn Margrét Lára Viðarsdóttir, heitasta fótboltakona landsins.
Hemmi Gunn er löngu orðin þjóðkunnur fyrir þáttastjórnun sína en lengi vel var Á tali einn allra vinsælasti þáttur landsins. Nú síðast átti Hemmi endurkomu í Það var lagið og sýndi hann og sannaði að hann hefur engu gleymt.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | | | 3 | | |
| 5 | | 6 | | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | | 2 |
| | | | | | 9 | 6 | 7 | |
| | | | 3 | | 8 | | | |
| | 5 | 8 | 2 | | | | | |
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | | 5 | 1 | | 2 | | 4 |
| | | 2 | | | | 9 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 3 | 2 | 5 | 4 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 6 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 |
| 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 9 | 6 | 2 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 7 | 2 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 |



**20.00**

*Spenna*

K-19: THE WIDOWMAKER

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** K-19: The Widowmaker (Bönnuð börnum) **8.15** Good Advice **10.00** Duplex

**12.00** Í takt við tímann **14.00** Good Advice **16.00** Duplex **18.00** Í takt við tímann

**20.00** **K-19: The Widowmaker** Magnþrungin spennumynd, byggð á sannsögulegum atburðum. Bönnuð börnum.

**22.15** **The Fourth Angel** (Fjórði engillinn) Spennumynd þar sem kveikjan eru óhugnanlegir atburðir. Stranglega bönnuð börnum.

**0.00** Real Cancun (Bönnuð börnum) **2.00** Reign of Fire (Bönnuð börnum) **4.00** The Fourth Angel (Stranglega bönnuð börnum)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Leikhúsrottan **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið **23.10** Hlaupanótan **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **2.03** Næturtónar **3.00** Samfélagið í nærmynd **4.00** Næturtónar **5.05** Litla flugan **5.45** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bitið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðþjóður



**HRÓSIÐ ...**



*...fær Ómar Ragnarsson fyrir að fá fimmtán þúsund manns í gönguna sína gegn framkvæmdum við Kárahnjúka.*

# Klárar Mýrina uppi á fjalli fyrir vestan

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, er að leggja lokahöndina á tónlistina við kvikmyndina Mýrina sem frumsýnd verður í október. „Ég er staddur hérna í skíðaskála uppi á fjalli á Ísafirði,“ segir Mugison. „Sauðféð kemur niður og ég upp,“ bætir hann við og segist jafnframt vera sáttur við þann frið sem hann fær uppi á fjallinu. „Hérna er ég látinn í friði og læt líka aðra í friði,“ útskýrir Mugison sem var í mikilli tímaþröng, sagðist hafa ætlað að skila verkinu fyrir tveimur dögum en vonaðist til að geta sent herlegheitin með fimm-flugvélinni í gær. „Annars verð ég örugglega bara laminn,“ segir hann og hlær.

Tónlistin í Mýrinni verður að mestu leyti byggð á kórum, harmónikkum og slagverki auk þess sem Mugison var að spá í hvort hann ætti að syngja sjálfur. Samnefnt lag kvikmyndarinnar A little Trip to Heaven gerði góða hluti á útvarpsstöðvunum í fyrra en tónlistarmaðurinn hafði ekki ákveðið hvort hann myndi gefa titillag vegna Mýrinnar. „Þetta gæti orðið svona James Bond-lag.“

Vegna tónlistarinnar við Mýrina hefur ný plata Mugison frestast um óákveðinn tíma en hann sagðist æfa með strákunum í hljómsveitinni af og til og lýsir lagasmíðunum sem svita, greddu og húmor. „Ég held að þetta hlé geri plötunni bara gott enda orðinn þroskaðri maður,“ segir hann. **-fgg**



**MUGISON** Er að leggja lokahönd á tónlistina við Mýrina sem byggist að mestu leyti uppá kórum, harmónikk-



**MÝRIN** Verður frumsýnd í október en hún er byggð á samnefndri sögu Arnaldar Indriðasonr um Erlend rannsóknarlögreglumann.



**LÁRÉTT**
**2** margskonar **6** hvort **8** andi **9** angan **11** tveir eins **12** blóm **14** óróleg **16** tveir eins **17** frjó **18** for **20** belti **21** gefa frá sér reiðihljóð.
**LÓÐRÉTT**
**1** afgangur **3** sjúkdómur **4** hugarró **5** hár **7** skjótur **10** blundur **13** meðal **15** dans **16** efni **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** ýmsu, **6** ef, **8** sál, **9** ilm, **11** ll, **12** fjóla, **14** ókyrr, **16** tt, **17** fræ, **18** aur, **20** ól, **21** urra.
**LÓÐRÉTT: 1** leif, **3** ms, **4** sálarró, **5** ull, **7** fljótur, **10** mók, **13** lyf, **15** ræll, **16** tau, **19** rr.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Vigdís Finnbogadóttir
2. Jeff Who?
3. Bjarni Guðjónsson





allt
bílar
Alla laugardaga


## INGA JÓHANNSDÓTTIR: HEFUR HAFT ÓVENJULEGT ÁHUGAMÁL Í 29 ÁR:

# Keypti fíl á afborgunum

Fílar í öllum stærðum og gerðum sem prýða glugga Bergstaðastrætis 24 hafa vakið eftirtekt vegfarenda. „Þeir eru eitthvað í kringum þrjú hundruð,“ sagði Inga Jóhannsdóttir, fílasafnari, þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. Inga segir það vera algera tilviljun að söfnunarárátta hennar hafi beinst að fílum. „Fyrsti fíllinn, sem ég keypti á Mallorca fyrir tuttugu og níu árum, er ekki einu sinni fallegur,“ segir Inga og bætir því við að söfnunin hafi fljótt orðið að ástríðu. „Í langan tíma var það fyrsta sem ég gerði eftir útborgun að kaupa fíl.“ Einn fílanna fann hún í blómabúð á Laugaveginum. „Hann var alveg rándýr og ég hafði engan veginn efni á honum. Ég gat samt ekki sleppt því að kaupa hann, svo ég fór bara nokkrar ferðir í búðina og borgaði inn á hann. Það tók mig tvo, þrjá mánuði að eignast fílinn.“ Inga segir fjölskyldu sína reyna að halda aftur af henni í fílainnkaupum. „Við ætlum til Taílands og Indlands á næsta ári, ætli þau verði ekki á bremsunni þar,“ segir hún.

Inga hefur orðið vör við það að ferðamenn staðnæmist við húsið til að skoða safnið. „Ég heyri líka oft í krökkunum í hverfinu telja fílana. Mér skilst að þau kalli þetta Fílahúsið,“ segir Inga og hlær við. Aðspurð hvort hún gangi þá undir nafninu Fílakonan skellir Inga upp úr. „Ég veit það nú bara ekki. Ég er kannski ekki mjög sjáanleg þarna inni í húsinu.“ Hún segist þó ekkert hafa hugsað um að sýna safnið almenningi enn sem komið er. „Ég geng kannski í það þegar ég er komin á eftirlaun,“ segir Inga.

Inga segist nú vera orðin alveg heilluð af fílum, en hún fór til Afríku á síðasta ári. „Að sjá fílana með eigin augum kynti enn frekar undir áhuganum. Þetta eru mikilfengleg dýr.“ Inga segist hafa heyrt það frá afgreiðslufólki í gegnum tíðina að fílar séu til heilla. „Ef höfuðið snýr í átt að útidyrum á fíllinn að vernda húsið og íbúa þess,“ útskýrir hún. Aðspurð hvort hún hafi fundið fyrir heppni eða góðum straumum frá fílunum segir Inga að svo hafi kannski ekki verið í upphafi. „En með allan þennan fjölda líður mér að minnsta kosti mjög vel.“ **sunna@frettabladid.is**



**INGA OG FÍLARNIR** Inga segir ekkert mál að halda fílunum hreinum, hún hafi „baðdaga“ en þá dýfir hún þeim í sápuvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Myndast hefur all sérstætt skjallbandalag á Netinu meðal bloggara. Sem kalla má Skjallbandalag skósveinanna. Þar fara menn sem eru handgengnir stjórnvöldum og eru eindregnir í gagnrýni sinni á þá sem gagnrýna valdhafa. Þeir vitna í og lofa blogg hvers annars. Tala þá gjarnan um gæðablogg. Þetta eru þeir **Pétur Gunnarsson**, **Steingrímur Ólafsson** og **Guðmundur Magnússon** auk nokkurra fylgitungla. Þeir þessir hafa verið lengi að og eru afkastastamiklir við bloggið þegar þeir eru á milli starfa, tala þá frjálslega, en fella jafnan niður netskrif þegar þeir lenda fastri stöðu.



**Egill Helgason** er snúinn aftur á klakann eftir sumardvöl í Grikklandi. Egill er hinn hressasti eftir gott sumar, þykir einstaklega brúnn og sællegur og segist tilbúinn í átakavetur í pólitíkinni. Þvert á hrakspár ýmissa verður Egill aftur á dagskrá Stöðvar 2 í vetur með Silfur Egils. Leikar hefjast hjá Agli um aðra helgi.



Strákarnir í hljómsveitinni Sigur Rós eru staddir í Swasilandi þessa dagana. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá dveljast þeir þar í nokkra daga á vegum Unicef og aðstoða fórnarlömb alnæmis. Á dögunum þótti líklegt að leikstjórinn **Reynir Lyngdal** yrði með í för og myndi festa för gulldrengjanna á filmu fyrir sjónvarpsþátt. Reynir fór á endanum ekki með og mun ástæðan helst vera talin sú að hann er önnum kafinn við gerð áramótaskaupsins. Í staðinn var send **Silja Hauksdóttir** sem þekktust er fyrir að leikstýra kvikmyndinni Dís eftir samnefndri bók sem hún skrifaði í félagi við **Birnu Önnu Björnsdóttur** og **Oddnýju Sturludóttur**. **-jbg/hdm**



# Hættulegir breskum ungmennum

„Mér skilst að við höfum þótt of aðlaðandi fyrir unglinga og myndum hvetja þá til ofdrykkju,“ segir rapparinn og listneminn Ómar Örn Hauksson, en auglýsing fyrir Smirnoff Ice sem hann leikur í hefur verið bönnuð í Bretlandi. Frétt þessa efnis birtist á vef BBC í gær. Þar kom fram að auglýsingar frá Smirnoff Ice og WKD hafa verið bannaðar með vísun til laga sem sett voru þar í landi í fyrra til að sporna við aukinni unglingadrykkju.

Í auglýsingunum leika Ómar og Hannes Friðbjarnarson, trommari úr Buff, þá Uri og Gorb sem eru austurevrópskir hundasleðamenn. Það var Árni Þór Jónsson sem leikstýrði auglýsingunum sem hafa verið sýndar á stórum sjónvarpsstöðvum um allan heim.

Ómar segir að þeir félagar hafi ekki heyrt neitt sjálfir að utan, þeir hafi einungis séð fréttina á vef BBC. Hann segir það reyndar óvænt að auglýsingin skuli hafa verið bönnuð í Bretlandi. „Það er frekar skrítið, maður hefði alla vega frekar búist við þessu í Ameríku,“ segir Ómar og bætir við að þeim finnist frekar fyndið að talið sé að þeir muni hafa svo mikil áhrif á ungt fólk. „Það stóð í þessari frétt að við hefðum alla möguleika á því að verða „költ“ fígúrur, að krakkarnir myndu bara apa allt eftir okkur. Það er hálf leiðinlegt að missa sénsinn á því.“ **-hdm**



**URI** Ekki góð fyrirmynd.



**HANNES OG ÓMAR** Mennirnir sem yfirvöld í Bretlandi telja hættulega æsku landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

LEGACY SUBARU




FRUMSÝNUM NÝJAN LEGACY

SYMMETRICAL AWD

2007 árgerðin af Legacy markar tímamót. Ný hönnun leiðir saman öryggi, þægindi og magnaða akstursseiginleika. Kraftmikil vélin situr lárétt og lágt í vélarrúminu sem margfaldar eiginleika sídrifsins og gerir allan akstur stöðugari. Nýr og aukinn staðalbúnaður eykur þægindin á meðan ekið er. Það eina sem hefur ekki verið bætt við er verðið.

**STAÐALBÚNAÐUR:** 2.0 LÍTRAR - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TVÍSKIPT TÖLVUTÝRÐ LOFTKÆLING, 6 DISKA GEISLASPILARI MEÐ MP3 OG MARGT FLEIRA.

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | | Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00. | |
|---|---|---|---|---|
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464 7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

## EINSTAKT VERÐ Á NÝJUM LEGACY

| SPORT SEDAN | VERÐ |
|---|---|
| Beinskiptur | 2.490.000 |
| Sjálfskiptur | 2.620.000 |

| SPORT WAGON | VERÐ |
|---|---|
| Beinskiptur | 2.640.000 |
| Sjálfskiptur | 2.770.000 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**





EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR FAXE BESTI VINURINN




**BAKÞANKAR**


JÓNS GNARR


## Pirringur

Eftir frelsun mína undan ægivaldi efnisheimsins hefur þeim hlutum fækkað mjög sem ergja mig. Hér áður var ég heltekinn af gremju og öfund út í allt og alla. Ég þoldi ekki að sjá hvernig fólk keyrði en keyrði þó allra manna verst sjálfur. Ég hafði allt á hornum mér í taugaveiklaðri leit að minni eigin efnislegu heimahöfn.

**Í DAG** er ég nokkuð laus. Umferðin fer ekki í taugarnar á mér. Mér finnst fólk ekki heimskingjar og mig langar ekki að verða ráðherra til að hafa vit fyrir neinum. Mér finnst allt í lagi að benda á eitthvað en mér er sama hvernig fólk tekur því. Ég hef enga þörf fyrir að fólk sé sammála mér bara svo framarlega sem það ógnar mér ekki. Ég er búinn að sleppa takinu og hlutirnir hafa bara sinn gang. (Þetta er stór hluti af minni guðstrú).

**EN** það eru samt nokkrir hlutir sem pirra mig enn. Mér leiðist óréttlæti. Frekja finnst mér líka jafn óþolandi og áður þó ég reyni samt meira að passa upp á mína eigin en annarra. Heimska finnst mér vera þegar einhverjum ranglindum er haldið fram af frekju. Það pirrar mig ennþá að horfa upp á slíkt. Mest fer þó ofbeldi í taugarnar á mér. Það er nokkuð sem gerir mig reiðan; að fólk láti það eftir sér að meiða annað fólk. Mér finnst heimska líka nokkuð landlægt fyrirbæri og margir sem vaða áfram, blindaðir af eigin sjálfsgirnd og án tillits til annarra.

**UM** daginn var ég að keyra út úr bænum á litlum fjólubláum Hyundai með litla drenginn minn í aftursætinu. Það var mikil umferð enda ferðamannahelgi. Allt í einu var kominn fyrir aftan mig risastór Toyota Landcruiser jeppi fullur af körlum. Hann keyrði ógnandi rétt fyrir aftan mig í smá stund áður en hann tók fram úr. Svo fylgdist ég með honum sikksakka glannalega innan um barnafólk og aðra. Og ég varð reiður, ekki af öfund yfir að eiga ekki svona jeppa og vera á leiðinni í veiði með vinum mínum, heldur vegna þess að þetta var óréttlátt, frekt og yfirgengilega heimskt og algengt.

**ÞETTA** hræðir mig. Þetta er birtingarform ákveðinnar hugsunar sem er hættuleg. Tilveran gengur út á fólk en ekki drasl. Það er ofbeldi að hræða fólk og ógna því. Og eitt mannslíf er dýrmætara en allt drasl heimsins.


# 20.000

## heimili spara tugþúsundir króna!



Nína og Valdimar skráðu sig í Og1 og spara þannig tugþúsundir króna á ári í símakostnað. Þau hjónin njóta þess meðal annars að hringja í alla heimasíma og eitt heimasímanúmer í útlöndum fyrir 0 kr. Þau hringja líka í GSM vini sína fyrir 0 kr., fá meiri hraða á Netinu fyrir lægra verð og afslátt af Sýn.

Og1 er fyrir heimili sem hafa allt hjá Og Vodafone: GSM, heimasíma og ADSL.
Þú getur líka byrjað að spara með því að ganga frá málinu strax í dag.

Komdu í næstu verslun Og Vodafone eða til umboðsmanns, hringdu í þjónustuver 1414 eða smelltu þér á www.ogvodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

Og1

og vodafone

Heyrumst!



ZEPTO® the notebook company

✻ TM Tölvukaupalán til 36 mánaða ✻✻ 9 mánaða vaxtalaus raðgreiðslusamningur



**ZEPTO 4015SE**
***Fjölhæf og þolgóð***
15" XGA skjár
1,5Ghz Intel Celeron 1MB örgjörvi
512MB DDR2 vinnsluminni
80GB harður diskur
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort o.fl.
Allt að 5 klst. rafhlöðuending

Tölvukaupalán: Kr. 3.723,- | Vaxtalaust: Kr. 11.598,- | Kynningarverð: Kr. 99.900,-



**ZEPTO 2425W**
***Öflug og skemmtileg***
15,4" Crystal Clear breiðtjaldsskjár
Intel Core Duo 1,83Ghz örgjörvi
Geforce Go 7600 256MB skjákort
100GB harður diskur
1024MB DDR2 vinnsluminni
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort, vefmyndavél, fingrafaralesari o.fl.
Allt að 4 klst. rafhlöðuending

Tölvukaupalán: Kr. 6.139,- | Vaxtalaust: Kr. 19.609,- | Kynningarverð: Kr. 169.900,-



**ZEPTO 6615WD**
***Sú öflugasta***
15,4" WSXGA 1680x1050 skjár
Intel Core Duo 2,0Ghz örgjörvi
Geforce Go 7600 512MB skjákort
1024MB DDR2 vinnsluminni
100GB 7200rpm harður diskur
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort, vefmyndavél o.fl

Tölvukaupalán: Kr. 7.175,- | Vaxtalaust: Kr. 23.042,- | Kynningarverð: Kr. 199.900,-

Gerðu verð- og gæðasamanburð áður en þú fjárfestir í fartölvu.

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2900
AKUREYRI · Sími 461 5000
KEFLAVÍK · Sími 421 1535
SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800

www.ormsson.is